



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. ágúst 2005 - 216. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

LAUGARDAGUR

Ætla sér sigur á HM

Íslenska landsliðið í handknattleik karla, skipað leikmönnum 21 árs og yngri, stefnir á sigur á HM í Ungverjalandi sem hefst á þriðjudaginn. Þjálfarar og leikmenn liðsins segja liðinu allir vegir færir og að liðið hafi klárlega getu til þess að standa uppi sem sigurvegari á mótinu.



ÍPRÓTTIR 34

Með kennaraprik á lofti

Gamli barnaskólakennarinn Benedikt Sigurðsson er sagður heidarlegur, stefnufastur og fylginn sér en fylgist kannski full vel með undirmönnum sínum.



MAÐUR VIKUNNAR 16


Persónuleikaraskanir Njálu

Jon Geir Høyersten hefur rannsakað geðheilsu Íslendinga fyrr á tímum og komist að ýmsu fróðlegu um persónur Njálu og persónuleikaraskanir þeirra.



ÍSLENDINGASÖGUR 28

VEÐRIÐ Í DAG



HÆGLÆTISVEÐUR Í DAG OG BJART SYÐRA

en bætir í vind í nótt og fer að rigna í fyrramálið, með strekkingsvindi vestanlands en heldur hægari eystra.

VEÐUR 4

LANDIÐ ALLT
Lestur á laugardögum 20-40 ára*

65%

Fréttablaðið

35%

Mbl.

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í júní 2005. Lestur á laugardögum.

Segja ekkert hlustað á skýringar sakborninga

Fréttablaðið birtir í dag ákæru í Baugsmálinu í 40 liðum ásamt athugasemdum sakborninga. Jón Ásgeir Jóhannesson og Jóhannes Jónsson segja að málalíbúnaðurinn eigi sér pólitískar rætur eins og fram kemur í ítarlegum viðtölum við þá báða.

BAUGSMÁLIÐ Sakborningum í Baugsmálinu, einkum Jóni Ásgeir Jóhannessyni, Jóhannesi Jónssyni og Tryggva Jónssyni, er gefið að sök fjárdráttur og umboðssvik auk þess sem þeir eru taldir brotlegir við lög um hlutafélög, bókhald, tolla og skatta. Brotin sem tengjast viðskiptum við Jón Gerald Sullenberger og félagið Nordica teljast fjárdráttur í ákærunum en alvarleg brot af slíkum toga ásamt alvarlegum umboðssvikum geta varðað allt að sex ára fangelsi.

Jóni Ásgeiri, Jóhannesi og Tryggva er einnig gefið að sök að

hafa misnotað aðstöðu sína hjá Baugi. Stærstu kærurnar um slík umboðssvik lúta að viðskiptum milli annars vegar Baugs og Gaums með Vöruveltuna – sem átti 10-11 búðirnar – og hins vegar með hlutabréf í bresku verslunarköjuni Arcadia.

Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, segir öll viðskipti milli Gaums, eignarhaldsfélags fjölskyldunnar, og Baugs hafa verið þannig að Baugur hafi alltaf hagnast. „Við erum ekki að tala um hundruð milljóna, við erum að tala um milljarða. Enda hefur hvorki

stjórn Baugs, endurskoðendur né hluthafar kvartað né gert athugasemdir við viðskiptin.“

Fjómargir ákæruliðir tengjast viðskiptum, viðskiptareikningum og lánnum milli Baugs og Jóns Ásgeirs auk persónulegra útgjalda hans og Tryggva Jónssonar. Jón Ásgeir segist saklaus og staðan á viðskiptareikningum hans gagnvart félaginu ævinlega verið Baugi í hag. Engu hafi verið stolið og enginn orðið fyrir tjóni af hans völdum.

Jón Ásgeir og faðir hans Jóhannes Jónsson telja Ríkislögreglustjóra hafa farið offari í rannsókn málsins

og ekki tekið neitt tillit til skýringa sakborninga í málinu. Skoðanir Davíðs Oddssonar, fyrrverandi forsætisráðherra, á forsvarsmönnum fyrirtækisins hafi skapað andrúm sem hafi ráðið miklu um hvornig að rannsókn var staðið.

Fréttablaðið birtir í dag ákæru í Baugsmálinu ásamt athugasemdum sakborninga. Jafnframt eru í blaðinu ítarleg viðtöl við Jón Ásgeir og Jóhannes þar sem þeir greina frá sjónarmiðum sínum í Baugsmálinu.

- jh / hh

Sjá miðu blaðsins



BÆNAHALD Í ÁRMÚLA Rúmlega þrjátíu trúbræður leggjast á bæn í bænahúsi múslima í Ármúla. „Við erum ekki í neinu trúboði,“ segir Salmann Tamimi. „Reyndar lítum við á það sem hlutverk okkar að upplýsa Íslendinga um íslam en hver og einn verður svo að gera það sem hugur og hjarta segir honum. Um það bil hundrað Íslendingar hafa gerst múslimar og þeim fer fjölgandi.“

Félag múslima:

Fjölmenni við bænahald

FJÖLMENNING Öflugt félag múslima er starfrækt hér á landi með um það bil 350 skráða meðlimi. Formaður þess Salmann Tamimi telur að tæplega þúsund múslimar séu búsettir hér á landi og þeim fari fjölgandi. Þeim Íslendingum fer einnig fjölgandi sem láta af kristinni trú og taka við þeirri íslömsku í staðinn.

Á hverjum föstudegi koma trúbræður saman í bænahúsi félagsins í Ármúlanum þar sem þeir leggjast á bæn og skrafa saman.

Þótt víða um Evrópu hafi komið til togstreitu og átaka vegna sambylís kristinna og múslima bera múslimar sem hér búa Íslendingum vel söguna og segja þá ekki fordómfulla í sinn garð.

- jse/ sjá síðu 22

Hætta á nýju borgarastríði eykst á Srí Lanka:

Utanríkisráðherrann ráðinn af dögum

SRÍ LANKA, AP Friðarhorfur á Srí Lanka versnuðu enn þegar Laksman Kadirgamar utanríkisráðherra var ráðinn af dögum í gær. Kadirgamar var skotinn til bana af leyniskyttum skömmu eftir að hann steig upp úr sundlaug við heimili sitt. Tvö skot hæfðu hann, annað í höfuðið og hitt í hjartað.

Kadirgamar sem var náinn samstarfsmaður Chandrika Kumaratunga var mjög gagnrýnn á TAMIL-TÍGRA og barðist fyrir því að samtökin yrðu bönnuð á heimsvísu sem hryðjuverkasamtök, sjálfur var Kadirgamar Tamilí. Talsmenn hersins telja TAMIL-TÍGRA hafa staðið að morðinu.

Hagrup Haukland, sem hefur unnið að friðarmálum á Srí Lanka fyrir norsk stjórnvöld, sagði morðið mikið áfall fyrir



MIKIL ÖRYGGISGÆSLA Fjöldi hermanna tók sér stöðu við sjúkrahúsið sem Kadirgamar var fluttur á. Kumaratunga forseti vitjaði hans þar.

fríðarferlið í landinu óháð því hver stæði á bak við það. Hann sagði of snemmt að spá því að borgarastríði brytist út á ný. Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, fordæmdi morðið það glæpsamlegt athæfi.

Friðarhlé komst á í landinu árið 2002 fyrir milligöngu Norðmanna. Síðasta árið hefur ofbeldisverkum fjölgað eftir klofning í röðum TAMIL-TÍGRA. 65 þúsund manns létu lífið í tveggja áratuga löngu borgarastríði.

- bpg

SKÓLA DAGAR

Nýtt kortatímabil
Ópið 10-18 í dag





SPURNING DAGSINS

Guðni, ætlaðu að svæfa dýralæknamálið?

„Neil ég ætla að vekja þessa menn.“

Dýralæknar hafa gagnrýnt Guðna Ágústsson landbúnaðarráðherra fyrir ráðningu forstjóra Landbúnaðarstofnunar.

Össur Skarphéðinsson segir útvegsmenn ekki hafa eignarrétt yfir kvótanum:

Fáheyrð ósvífní útvegsmanna

BYGGÐAKVÓTI „Útgerðarmenn sýna fáheyrða ósvífní með því að krefjast þess að dómsúrskurður færi þeim beinan eignarrétt yfir fiskinum í sjónum,“ segir Óssur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingar.

Magnús Kristinsson, útgerðarmaður í Vestmannaeyjum, íhugar að höfða mál gegn sjávarútvegsráðherra vegna úthlutunar byggðakvóta í síðustu viku, en Vestmannaeyingar fengu engan kvóta. Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LIÚ, segir einnig vilja innan sambandsins til þess að kanna fyrir dómstólum hvort úthlutun byggðakvóta

stent eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

Óssur segir útvegsmenn með þessu að kasta stríðshaskanum. „Ef farið verður fyrir dómstóla eru þeir að ganga þeir lengra en áður að halda því fram að þeir hafi beint eignarhald yfir kvótanum,“ segir Óssur. „Lögin segja hins vegar fortakslaut að svo sé ekki.“

Óssur segir lagabreytingar þurfi með ef niðurstaðan verði önnur. „Þetta færir mér enn frekar heim sanninn um nauðsyn þess að fest verði rækilega í stjórnarskrá að auðlindin í hafinu sé sameiginleg þjóðareign,“ segir Óssur. - ht



ÓSSUR SKARPHÉÐINSSON Óssur segir nauðsynlegt að festa í stjórnarskrá að auðlindin í hafinu sé sameiginleg þjóðareign.

Brotthvarf landnema:

Gætu lokað fleiri byggðum

JERÚSALEM, AP Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, útilokar ekki að landnemabyggðum á Vesturbakkanum verði lokað, þó ekki þeim stærstu. Ísraelsher flytur í næstu viku landnema af Gaza-ströndinni með valdi.

Margir hafa skoðað áætlanir Ariels Sharon um afnám landnema-byggða á Gaza-ströndinni sem lið í því að styrkja slíkar byggðir á Vesturbakka Jórdanar. Forsætisráðherrann ræddi þessi mál við Yediot Ahronot-dagblaðið í gær en þar kom fram að fleiri byggðir myndu hugsanlega bætast í hóp þeirra fjögurra á Vesturbakkanum sem þegar væri búið að ákveða að leggja niður.

Eastwood-myndin:

Varðskip notuð við tókur

LANDHELGISGÆSLAN Varðskip verða notuð sem leikmyndir við tókur á Flags of our fathers, mynd Clints Eastwood, næstu daga. Landhelgisgæslan fær milljón króna á dag fyrir leigu skipanna.

Framleiðendur myndarinnar óskuðu eftir aðkomu tveggja varðskipa. Stjórnendur Landhelgisgæslunnar samþykktu að leigja Öðinn, sem ekki er notaður nema þegar Ægir og Týr eru í viðgerð, og leggja annað varðskip til þegar önnur verkefni Landhelgisgæslunnar koma ekki í veg fyrir það.

Einn yfirmaður hjá Landhelgisgæslunni er á launaskrá sem ráðgjafi við gerð myndarinnar - bþg

Löngu tímabært að stokka ráðuneytin upp

Árni Magnússon og Björn Bjarnason leiða vinnu við endurskoðun stjórnáskránnar. Fækkun ráðuneyta og tilkoma aðstoðarráðherra hefur verið rædd. Forsætisráðherra segir löngu tímabært að hefja vinnu við uppstokkun ráðuneyta.

STJÓRNÁSKRÁ „Við erum fyrst og fremst að vinna að því að gera stjórnáskrá markvissari og meira í takt við tímann,“ segir Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra.

Á fundi ríkisstjórnarinnar í gær var samþykkt að fela Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra og Árna Magnússyni félagsmálaráðherra að leiða verkefni um endurskoðun á skipulagi stjórnáskránnar. Verkefnið verður undir forystu forsætisráðuneytisins en Halldór Ásgrímsson viðraði upphaflega hugmyndir þessa efnis í hátíðaræðu sinni 17. júní síðastliðinn.

„Það hafa orðið gífurlegar breytingar á okkar þjóðfélagi frá því að breytingar af þessu tagi voru gerðar síðast árið 1969 en reyndar hefur umhverfisráðuneytið verið stofnað síðan þá. Það hafa verið í gangi mjög margar hugmyndir um breytingar, þar á meðal að færa verkefni milli ráðuneyta, hugsan-



STJÓRNARRÁÐIÐ Búast má við talsverðum breytingum á skipulagi stjórnarráðsins á næstunni. Árna Magnússyni og Birni Bjarnasyni hefur verið falið að vinna að tillögum undir forystu forsætisráðuneytisins.

lega sameina einhver ráðuneyti og koma á starfi aðstoðarráðherra. Það er í það minnsta orðið löngu tímabært að fara í vinnu af þessu tagi,“ segir Halldór.

Árni Magnússon félagsmálaráðherra segist binda miklar vonir við þá vinnu sem er fram undan. „Við höfum lýst því yfir að það er tímabært að endurskipuleggja stjórnarráðið og hafa aðra og skýrari verkaskiptingu milli ráðuneyta með talsverðri fækkun þeirra líka. Ég held að það verði töluverð upp-

stokkun enda hefur lítil sem engin breyting orðið á þessu skipulagi frá árinu 1969,“ segir Árni.

Hann segir of snemma að segja til um hversu mikið ráðuneytum geti fækkað en búast megi við talsverðri fækkun. „Ég hef sjálfur sagt það að mér finnst að hægt sé að fækka umtalsvert. En það verður að koma í ljós þegar vinnan er hafin,“ segir Árni.

Ekki náðist í Björn Bjarnason dómsmálaráðherra.

hjalmar@frettabladid.is

BAUGSMÁLIÐ
- Ákætur birtar

Baugur bregst hart við húsléit

Baugsmálið:

Ákætur og viðbrögð

DÓMSMÁL Átta síðna umfjöllun um Baugsmálið er að finna í miðju Fréttablaðsins í dag. Þar eru færurnar birtar og rætt er við Jón Ásgeir Jóhannesson og Jóhannes Jónsson.



HALLDÓR ÁSGRÍMSSON Forsætisráðherra segir koma til greina að fækka ráðuneytum og færa verkefni milli ráðuneyta.



ÁRNI MAGNÚSSON Félagsmálaráðherra segist binda miklar vonir við vinnuna framundan.

Mótmælandi krotaði á styttuna af Jóni Sigurðssyni:

Handtekinn fyrir veggjakrot

MÓTMÆLI Mótmælandi var handtekinn í miðborg Reykjavíkur í gær grunaður um veggjakrot á styttuna af Jóni Sigurðssyni, Alþingishúsið, Ráðhúsið og fleiri byggingar í miðborg Reykjavíkur í fyrri nótt. Manninum var sleppt að loknum yfirheyrslum síðdegis í gær.

Áð sögn Óskars Þórs Sigurðssonar, lögreglufulltrúa á rannsóknardeild, hélt maðurinn á málningarbrúsa er hann var handtekinn en annar maður sem einnig var á staðnum komst undan á hlaupum.

Maðurinn sem handtekinn var er af erlendu bergi brottinn og tilheyrir hópi fólks sem mótmælt hafa Kárahnjúkavirkjun og álveri á Reyðarfirði. Birgitta Jónsdóttir, talsmaður þeirra, segir manninn saklausan af veggjakrotinu. Málningarbrúsi

sem maðurinn hélt á hafi ekki verið notaður.

Útlendingastofnun hefur gefið út að 21 erlendum ríkisborgara sem mótmælt hafa framkvæmdum fyrir austan verði hugsanlega vísað úr landi. Þeir hafi eina viku til andmæla og verður ákvörðun um brottvísun tekin í framhaldi af því að sögn Ragnheiðar Böðvarsdóttur, forstöðumanns á Útlendingastofnun. - ht

VEGGJAKROT

Kárahnjúkavirkjun og álveri við Reyðarfjörð var mótmælt með veggjakroti á styttuna af Jóni Sigurðssyni á Austurvelli og fleiri mannvirki í miðborg Reykjavíkur í fyrri nótt.



RÁNSBÍLLINN Jafnvirði 27 milljóna króna voru í Mitsubishi-pallbílum sem fannst í fyrradag.

Hluti fengsins fundinn:

Gæti verið klækjabragð

SAO PAULO, AP Lögregla hefur fundið örlítinn hluta ránsfengsins sem stolið var úr Banco Central í borginni Fortaleza fyrr í vikunni.

Peningarnir, að jafnvirði 27 milljóna króna, fundust í pallbíl í bænum Belo Horizonte en hann er 1.500 kílómetra frá Fortaleza. Þótt lögreglan fagni fundinum útlökar hún ekki að verið sé að leiða hana á villigötur því enn eru 4,5 milljarðar króna ófundnir. Þá hafa rannsóknarlögreglunnar skýrt frá því að þeim hafi tekist að bera kennsl á nokkra þjófana af myndum úr eftirlitsmyndavélum. Þeir eru taldir tengjast PCC, alræmdum glæpasamtökum frá Sao Paulo. ■

BRASÍLÍA

LULA Í VONDUM MÁLUM Forseti Brasilíu, Lula da Silva, berst fyrir pólitísku lífi sínu eftir að fyrrum kosningastjóri hans upplýsti í vikunni að kosningabaráttan hefði verið fjármögnuð með leynilegum sjóðum. Skoðanakannar sýna að minnihluti kjósenda styður hann.

BANDARÍKIN

DÓ VIÐ GÆLUDÝRABJÖRGUN Kona dó í eldsvoða á heimili sínu í smábæ í Oldham-sýslu í Kentucky á dögnum, hún hafði farið inn í logandi húsið til þess að bjarga heimiliskettinum. Eiginmaður hennar reyndi að koma henni til hjálpar en varð frá að hverfa vegna reyks. Hann horfði svo á húsið hrynja með konunni innandyra.

afsláttur -1kr

Viðskiptakort einstaklinga

Nánari upplýsingar í síma:

591 3100

ATLANTSOLIA Atlantsolia - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur - Sími 591-3100 - atlantsolia@atlantsolia.is



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



Ertu á góðum aldri... ?

...og tilbúin(n) að leggja okkur lið?

Við hjá **Húsasmiðjunni** erum að leita að fólki með reynslu, sem hefur dregið sig í hlé af almennum vinnumarkaði eða vill minnka við sig vinnu. Fólki sem gæti hugsað sér að vinna nokkrar stundir á viku, leggja okkur lið og miðla af áralangri reynslu sinni. Sveigjanlegur vinnutími í boði.

Starfið felst í því að taka á móti viðskiptavinum, hlusta á óskir þeirra og leiðbeina þeim. Við erum að leita að fólki úr öllum greinum atvinnulífsins, þannig að allir koma til greina, jafnt konur, sem karlar. Vinnutími er eftir samkomulagi. Öllum umsóknum verður svarað.

Umsóknir berist fyrir **2. sept n.k.**, til starfsmannastjóra Húsasmiðjunnar, Guðrúnar Kristinsdóttur, gudrunk@husa.is, Holtagörðum við Holtaveg, 104 Reykjavík. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Húsasmiðjunnar, www.husa.is

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingavara á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverslanirnar eru átján talsins um land allt. Í verslunum okkar höfum við á boðstólum yfir 80 þúsund vörutegundir.

Hjá Húsasmiðjunni hf. starfa að jafnaði um 700 manns. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi. Í því skyni rekum við Húsasmiðjuskólann þar sem starfsmenn geta valið úr yfir 100 námskeiðum á ári hverju. Einnig er starfandi hjá Húsasmiðjunni öflugt starfsmannafélag sem annast m.a. skemmtanahald, rekstur sumarhúsa og eflingu heilsuræktar starfsmanna.

Velkomin í hópinn!



HÚSASMIDJAN
...ekkert mál

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 12.08.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	63,3	63,6
Sterlingspund GBP	114,93	115,49
Evra EUR	78,89	79,33
Dönsk króna DKK	10,571	10,633
Norsk króna NOK	9,944	10,052
Sænsk króna SEK	8,481	8,531
Japanskt jen JPY	0,5781	0,5815
SDR	XDR	93,55 94,11

Gengisvísitala krónunnar
109,8528

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ný flugbraut í Grímsey:

Vígslu flugbrautar frestað

SAMGÖNGUR Til stóð að Sturla Böðvarsson samgönguráðherra vígði nýja flugbraut og vélageymslu í Grímsey í gær. Fresta varð hins vegar athöfninni vegna slæms skyggis en mikil þoka var í eyjunni. Að sögn Heimis Más Péturssonar, upplýsingafulltrúa Flugmálastjórnar Íslands, hefur ekki verið tekin ákvörðun um það hvenær vígslan fari fram en það verður þó sennilegast einhvern tímann í næstu viku.

Nýja flugbrautin er rúmur kílómetri að lengd og leysir hún af hólm malarbraut sem oft var ófær þegar þiðna tók á vorin. - jse



SÆBRAUT Lögregla veitti hópi bifhjólamanna sem óku of hratt eftirför.

Stungu lögreglu af:

Á tvöföldum hámarkshraða

LÖGREGLUMÁL Lögregla veitti fjórum bifhjólamönnum eftirför frá Sæbraut og þaðan austur Suðurlandsbraut í kringum miðnætti í fyrrkvöld. Að sögn lögreglu mældust okumenn bifhjóllanna á um 120 kílómetra hraða á Sæbraut við Höfðatún þar sem hámarkshraði er sextíu.

Á Suðurlandsbraut missti lögregla hins vegar af mönnum þegar þeir tvístruðu sér í allar áttir, en lögregla segir þá hafa ekið á móti rauðu ljósi.

Grunaðir menn voru síðan stöðvaðir tuttugu mínútum síðar á Kringlumýrarbraut og var þá tekin af þeim skýrsla. Málið er í rannsókn að sögn lögreglu sem segir ekki liggja fyrir hvort mennirnir verði ákærðir. - ht

Bresk stjórnvöld herða aðgerðir gegn öfgamönnum:

Múslimaklerki meinað að snúa aftur

LONDON, AP Múslimaklerkurinn Omar Bakri fær ekki aftur að koma til Bretlands þar sem breska ríkisstjórnin telur veru hans í landinu ekki vera lengur „til almannaheilla“.

Bakri, sem er með líbanskan og sýrlenskan ríkisborgararétt, hefur búið í Bretlandi síðustu tuttugu árin. Hann hefur lengi sætt ámæli fyrir öfgafull viðhorf sín og eftir sprengjuárásirnar í Lundúnum í síðasta mánuði hvatti hann trúbræður sína til þess að gefa ekki upplýsingar sem gagnast gætu lögreglu.

Í kjölfarið sá hann sér þann kost vænstan að halda til

Líbanon en nú hefur breska innríkisráðuneytið hins vegar tilkynnt honum að hann fái ekki að snúa aftur. Afar fátítt er að erlendum ríkisborgara sem hefur búið svo lengi í Bretlandi sé meinað að koma aftur inn í landið eftir dvöl erlendis.

Anjem Choudary, félagi Bakri, segir hann hlíta ákvörðuninni en eftir sem áður myndi hann láta rödd sína heyrast í Bretlandi sem annars staðar.

Talsmenn hófsamari múslima í Bretlandi lýstu yfir ánægju sinni með að Bakri fengi ekki að snúa aftur og sögðu hann hafa svert ímynd þeirra.



ÓVELKOMINN Omar Bakri fær ekki að snúa aftur til Bretlands frá Líbanon þó hann hafi búið þar í tvo áratugi.

Í fyrradag handtók breska lögreglan annan klerk, Jórdanann Abu Qatada, við níunda mann en þeir eru taldir ógna öryggi landsins. ■

Flokksfundir eftir helgi ráða úrslitum

Talið er að félagsfundur Vinstri grænna í Reykjavík á mánudag ráði úrslitum um hvort R-lista samstarfið haldi velli. Dagur B. Eggertsson kveðst hvorki ætla að bjóða fram óháðan lista né ganga til liðs við Samfylkinguna.

BORGARSTJÓRNARKOSNINGAR Borgarstjórnarflokkur R-listans kom saman til fundar í gær, en margt bendir til þess að hann þurfi næstu mánuðina að starfa við ný skilyrði þar sem dagar R-listans kunna að vera taldir. Félagsfundur Reykjavíkurfélags Vinstri grænna hefur verið boðaður á mánudag. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er talið að niðurstaða þess fundar ráði úrslitum um hvaða stefnu málið tekur innan flokkanna þriggja og hvort samstaf innan R-listans haldi lífi.

Stefán Jón Hafstein, Samfylkingunni og borgarfulltrúi R-listans, segir að fulltrúaráð Samfylkingarinnar í Reykjavík komi saman til fundar á miðvikudaginn kemur. „Það er enn líf í þessu, að minnsta kosti fram yfir helgina,“ segir Stefán Jón.

Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi óháðra á R-listanum, segir að það standi óhaggað að hann ætli ekki að bjóða sig fram fyrir næstu borgarstjórnarkosningar verði ekkert af frekara R-lista samstarfi. „Mér finnst ekki koma til greina að fara fram með óháðan lista. Reykjavíkurlistinn snýst um það að koma til valda hugsunum félagshyggjunnar og breyta borginni í þeirri mynd. Hann hefur hrundið af stað lífsgæðabyggingu sem ég held að allir í Reykjavíkurlistanum megi vera stoltir af. Þetta snýst ekki um sérstöðu einhverra innan listans eða mína sérstöðu heldur einmitt hugsjónirnar sem þessir flokkar og utan-



DAGUR B. EGGERTSSON Vill R-listann áfram og er hvorki á leið í Samfylkinguna né í framboð fyrir óháðan lista.

flokkafólk innan R-listans hefur staðið fyrir. Þess vegna er ekki á dagskrá af minni hálfu að fara fram með óháðan lista. Ég var vongóður og rólegur og það voru líklega mistök. Eftir árangurslausar viðræður er ég nú svart-sýnn. Menn hafa sökkt sér ofan í öfugan enda og hugsað um hagsmuni flokkanna en ekki hagsmuni kjósenda sinna.“

Dagur neitar því enn fremur að hann hyggist ganga til liðs við Samfylkinguna. „Ég er bara einn af fjölmörgum í borginni sem hef átt erfitt með að finna mér farveg innan tiltekins flokks. Þess vegna er Reykjavíkurlistinn mikilvægur farvegur fyrir alls konar fólk sem vill hafa jákvæð áhrif á umhverfið í kring um sig,“ segir Dagur. johannah@frettabladid.is

LÖGREGLUFRETTIR

AUKALEIKARI MEIDDIST

Aukaleikari í kvikmynd Clint Eastwoods *Flags of our father* meiddist við myndatökur á landpramma í Sandvík um klukkuna þrjú í gær. Að sögn lögreglunar í Reykjanesbæ var í fyrstu talið að maðurinn væri lærbrotinn en svo alvarleg reyndust meiðsl hans ekki vera. Að sögn lögreglu datt maðurinn af pramma með fyrrgreindum afleiðingum.

RÓÐUR

RÓÐ AÐ STOKKSEYRI Kjartan Jakob Hauksson, sem rær umhverfis landið, ýtti úr við Hvarleifshöfða í gær klukkan eitt. Honum gekk ágætlega að komast úr fjörubriminu en hann stefnir nú á það að ná landi á Stokkseyri milli klukkan tólf og þrjú í dag.



FÖGUR SJÓN Geimskotið heppnaðist fullkomlega og voru starfsmenn Bandarísku geimferðastofnunarinnar, NASA, í sjöunda himni með hvernig til tókst.

Geimfar á leið til Mars:

Leitar að ummerkjum lífs

FLÓRÍDA, AP Ómönnuðu könnunargeimfari var á föstudagsmorgun skotið út í geiminn frá Canaveralhöfða í Flórída í Bandaríkjunum. Förlinn er heitið til Mars.

Það mun taka geimfarið sjö mánuði að fljúga til Mars en næstu fjögur árin sveimar svo farið á sporbaug um plánetuna og safnar meiri upplýsingum en fengist hafa úr öllum fyrri leiðingrum samanlagt. Farið mun einkum beina sjónum sínum að íshellum sem eru á skautum reikisstjörnurnar en talið er að raki hafi þar verið mun meiri í fyrndinni og því meiri líkur á lífi.

Kostnaður við leiðangurinn er 46 milljarðar króna. ■

LÖGREGLUFRETTIR

FJÖLMENNI Á DÖNSKUM DÖGUM

Tjaldstæði við aðalgötu Stykkishólms voru öll orðin full síðdegis í gær að sögn lögreglu en þar fara danskir dagar fram um helgina. Allur undirbúningur hefur gengið vel að sögn lögreglu en búist er við að fjöldi fólks leggi leið sína á danska daga.

Alltaf skynsamlegt




Ódýrt bensín

14 stöðvar!
www.ob.is


VEÐRIÐ Í DAG

Norðaustanátt Það má búast við hæglaesveðri í dag með bjartviðri sunnan- og vestanlands en skjúðu veðri, jafnvel súld, fyrir norðan og austan. Í nótt fer svo að bæta í vind, fyrst vestanlands og má reikna með strekkingsvindi sunnan- og vestanlands á morgun. Það eru að ganga skil yfir landið með vatnsveðri og byrjar að rigna í fyrarmálið vestanlands en svo færast úrkomusveðið til austurs og má reikna með einhverri rigningu norðan- og austanlands með kvöldinu, en þá dregur úr úrkomu og vindi vestra.


Í dag



Á morgun



Mánudagur




Fremur hæg vestlæg átt og súld eða rigning sunnan- og vestanlands.

Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	15°C skýjað	Algarve	29°C heiðskirt	Róm	27°C heiðskirt
Oslo	20°C sk.m.köflum	Mallorca	26°C heiðskirt	Alicante	31°C heiðskirt
London	20°C sk.m.köflum	Krit/Chania	34°C heiðskirt	Kýpur	34°C heiðskirt
Paris	23°C heiðskirt	Barcelona	29°C sk.m.köflum	Rimini	24°C sk.m.köflum

Kveðja, Guðrún Arnardóttir náttúrufræðingur.

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



**NÝTT
KORTATÍMABIL!**

11.-21. ágúst

Skóladagar

í Smáralind

FRÁBÆR TILBOÐ FYRIR ALLT SKÓLAFÓLK



Verslanir opnar 11-19 virka daga, 11-18 laugardaga og 13-18 sunnudaga / smaralind.is / 528 8000



KJÖRKASSINN

Ætlaðu að fylgjast með enska fótbolnanum í vetur?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	28,5%
Nei	71,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Var rétt hjá landbúnaðarráðherra að hafna innflutningi nautakjöts frá Argentínu?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Danir hyggjast rýmka eftirlaunalög til að fjölga fólki á vinnumarkaði:

Hvetur til aukavinnu eftirlaunaþega

DANMÖRK Aukinn meirihluti danska þingsins hyggst greiða atkvæði með því að lögum um eftirlaun verði breytt svo eftirlaunaþegum verði gert kleift að stunda hlutastarf án þess að það hafi of mikil áhrif á eftirlaun þeirra.

Vonast er til þess að laga-breytingin muni verða til þess að þúsundir bættist við á vinnumarkaðinum. Tillaga ríkisstjórnarinnar felur í sér að í stað þess fyrirkomulags sem nú er við lýði, þar sem föst upphæð er dregin af eftirlaunum fyrir hvern tíma sem eftirlaunaþeginn vinnur, verði frádrátturinn ákveðin prósentutala af þeim

launum sem eftirlaunaþeginn þenar.

Það leiðir til þess að það borgi sig frekar fyrir eftirlaunaþega að vinna í lágt laun-udum störfum, en langflestir eftirlaunaþegar eru í láglau-na-störfum. Eftirlaunaþegar í Danmörku vinna að meðaltali tvær klukkustundir á viku, en vonast er til þess að lagabreytingin verði til þess að vinnustundum þeirra fjölgi.

EFTIRLAUNAÞEGAR Fyrirhuguð breyting á eftirlaunalögum í Danmörku mun gera það mun hagstæðara en áður fyrir eftirlaunaþega að vinna láglau-na-störf.



Nýjasta tækni:

Rækta kjöt án dýrahalds

BALTIMORE, AP Hægt verður innan tíðar að rækta kjöt án þess að dýr komi þar við sögu, að sögn breska líffræðingsins Brians J. Ford. Hann segi tækni sem gerir kleift að rækta kjöt úr dýrafrumum þegar fyrir hendi. Slíkt verður þó ekki hægt að kaupa í verslunum á næstunni því ár gætu enn liðið þar til kjöt framleitt á þennan hátt kemur á markaði.

Ford telur að ræktun kjöts án dýra hafi þau áhrif að halda þurfi færri dýrum föngnum, oft við ófullnægjandi aðstæður. Þá komi ræktunin til móts við aukna prótínþörf vaxandi íbúafjölda jarðar. ■

Árangur fer eftir gæðum Hvaða Spirulina ert þú að taka?

29 vítamín og steinefni · 18 aminosýrur · Blaðgræna · Omega · GLA fitusýrur · SOD eitt öflugasta andoxunarensím líkamans

Eingöngu lífræn næringarefni tryggja betri upptöku og nýtingu í líkamanum.

LifeStream

Greinilegur árangur eftir nokkra daga inntöku

Aukið úthald, þrek og betri líðan

Súrefnistæmdar umbúðir vernda næringarefni.

LifeStream þörungarnir eru ómengaðir, ræktaðir í ferskvatni eftir ströngum gæðastaðli. ISO9001 · ISO14001



Votid 100% lífrænt



Fæst í öllum apótekum. Yggdrasill · Gulli Betri www.celsus.is

www.icelandair.is/frankfurt

Frankfurt



Flug og gisting í tvær nætur Verð frá 39.900 kr.

Verð á mann í tvíbýli á Maritim Hotel Frankfurt 18.-20. nóv., 20.-22. jan. og 3.-5. mars.

Innifalið: Flug, gisting, morgunverður, flugvallarskattar og þjónustugjöld.

Hafið samband við söluskrifstofur Icelandair eða við Fjarsölu Icelandair í síma 50 50 100 (svarað mánud. - föstud. kl. 9-17, laugard. kl. 9-17 og á sunnudögum kl. 10-16).

Nú geta handhafar Vildarkorts Visa og Icelandair notað 10.000 Vildarpunkta sem 5.500 kr. greiðslu upp í fargjaldid.



út í heim

ICELANDAIR www.icelandair.is

Líkur aukast á að Írak verði sambandsríki

Á mánudaginn rennur út fresturinn sem Írakar tóku sér til að semja stjórnarskrá. Sjáir virðast vera að snúast á sveif með Kúrdum um stofnun sambandsríkis en súnníar eru því mjög andsnúnir.

ÍRAK Íraskir sjáir virðast óðum að komast á þá skoðun að skipta beri landinu upp í sambandsríki og bætast þar með í hóp Kúrda, sem eru mjög áhugasamir um slíka stjórnskipan. Súnníar eru þessu aftur á móti mjög mótfallnir.

Fresturinn sem Írakar tóku sér til að semja texta framtíðarstjórnarskrár sinnar rennur út á mánudaginn en landsmenn greiða svo atkvæði um plaggið í október. Fulltrúum sjá, súnníar og Kúrdar hefur hins vegar gengið afleitlega að koma sér saman um innihald þess og er vandséð að þeim takist að ljúka vinnunni áður en fresturinn rennur út. Það er ekki síst spurningin um hvort Írak skuli verða sameinað og miðstýrt ríki eða lauslegt sambandsríki sem hefur verið ásteytingarsteinn. Kúrdar hafa barist fyrir síðar-nefndu útfærslunni en súnníar hafa með oddi og egg varið núverandi fyrirkomulag.

Í gær lýsti Abdul-Aziz al-Hakim, einn áhrifamesti stjórnmálamaður heittrúaðra sjá, þeirri skoðun sinni á fundi í hinni helgu borg Najaf að stefna bæri að því að suðurhluti landsins fengi sjálfstjórn í sem flestum málaflokkum svo að pólitísku jafnvægi verði náð í Írak.

Ummæli al-Hakim eru merkileg þar sem heittrúaðir sjáir hafa hingað til heldur hallast að miðstýrðri stjórnskipan. Dagblaðið New York Times hermir að fyrir fundinn hafi al-Hakim rætt við Ali Sistani erkiklerk, en hann er af mörgum talinn áhrifamesti maður Íraks. Sé Sistani sammála hugmyndum um sambandsríki er mjög líklegt að stjórnarskráin muni kveða á um slíkt fyrirkomu-



FRÁ NAJAF Heittrúaðir sjáir minnstust dauða stjórnmálaleiðtogans Mohammed Baqir al-Hakim í Najaf í gær en hann dó í bílsprengjuárás í borginni fyrir tveimur árum. Abdul Aziz al-Hakim, bróðir hans, kvaðst við það tækifæri telja að sjáir ættu að fá sjálfstjórn í suðurhluta Íraks.

lag.

Súnníar hafa þegar harðlega gagnrýnt þetta útspil al-Hakim og segja það draga úr líkum á að stjórnarskrárnefndin nái samkomulagi fyrir mánudaginn.

Þorri íbúa Suður-Íraks er sjáir, Kúrdar byggja norðrið en súnníar eru fjölmennir í miðhluta

landsins. Skipting landsins í sjálfstjórnarhéruð myndi taka mið af því. 80-90 prósent af olíulindum Íraks og eina höfn þess eru í suðurhlutanum og því er ekki að undra að margir sjáanna hugsu sér gott til glóðarinnar á sama tíma og súnníar hrylli við.

sveinng@frettabladid.is

Neytendasamtökin skoða lokun SKY á íslensk greiðslukort:

Efast um lögmæti aðgerðanna

NEYTENDUR Neytendasamtökin hafa falið lögmætti að kanna lögmæti þess að sjónvarpsstöðin SKY taki ekki við íslenskum greiðslukortum.

Smáis, sem eru samtök myndrétthafa á Íslandi, náðu samkomulagi um það við stöðina á dögunum en strangt til tekið eiga innlendir aðilar rétt hér á landi á efni sem SKY sýnir. Neytendasamtökin líta þetta alvarlegum augum þar sem heimili þurfi nú að kaupa þjónustu, þar á meðal enska boltann, á hærra verði en áður og telja með þessu sé dregið úr samkeppni og þjónustu við íslenska neytendur.

„Fjöldamörg heimili hafa keypt gervihnattadisk til þess að taka við efni og það er verið að

skerða rétt þeirra til að nýta fjárfestinguna,“ segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna. „Útsjónarsamir neytendur hafa ýmis ráð og til dæmis geta menn fengið vini erlendis til að kaupa áskriftina fyrir sig. Ég efast um að aðgerðin skili þeim árangri sem til er ætlast, en mun gera mörgum heimilum erfitt fyrir.“

- grs

GERVIHNATTADISKUR Formaður Neytendasamtakanna segir aðgerðirnar skerði rétt þeirra sem hafi keypt sér gervihnattadisk til að nýta þá fjárfestingu.



30% afsláttur

af sumarleikföngum



BOLTAR

SANDSETT

FLUGDÓT

SUNDDÓT

HLAUPAHJÓL

HJÓLABRETTI

LÍNUSKAUTAR

FLUGDREKAR

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

Lekavandamál?

Pétting að utanverðu



Pétting innan frá



HEYDI þéttiefni er lausnin!

HEYDI raka- og vatnsþéttiefnin eru þekkt þýsk hágæðavara, sem notuð er um allan heim. Komdu og fáðu ráðleggingar hjá múrarmeisturum í Múrbúðinni.

HEYDI
ABDICHTUNGSTECHNIK

MÚRBÚÐIN

Byggingavöruslunin í Árbænum

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

Síðustu sætin í sólina



Haustsólin

Lengdu sumarið - Njóttu sólar í haust!

Portúgal

22. og 29. ágúst.
5., 12., 19. og 26. sept.

Verð frá:

42.900 kr.*

á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð m/1 svefnherbergi eða stúdíó á Brisa Sol í 7 nætur 29. ágúst.

2 fyrir 1
á Brisa Sol
22. og 29. ágúst.

Mallorca

17., 24. og 31. ágúst.
7. og 14. sept.

Verð frá:

41.300 kr.*

á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð m/1 svefnherbergi eða stúdíó á Club Royal Beach í 7 nætur 24. ágúst.

2 fyrir 1
á Club
Royal Beach
24. ágúst.

Krít

15., 22. og 29. ágúst.
5., 12., 19. og 26. sept.

Verð frá:

44.200 kr.*

á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð m/1 svefnherbergi eða stúdíó á Helios í 7 nætur 22. ágúst.

2 fyrir 1
á Helios
15. og 22. ágúst.

Costa del Sol

25. ágúst.
1., 8., 15. og 22. sept.

Verð frá:

43.500 kr.*

á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð m/1 svefnherbergi eða stúdíó á Aguamarina í 7 nætur 25. ágúst.

2 fyrir 1
á Aguamarina
25. ágúst.

Finndu verð á þinni ferð á www.urvalutsyn.is

*Innihaldi: Flug, flugvallarskattar, gisting, ferðir til og frá flugvelli erlendis og íslensks fararstjórn.



Fáðu ferðatilhögun, nánari upplýsingar um gistingu og reiknaðu út ferðakostnaðinn á netinu!

www.urvalutsyn.is

FRÉTTABLAÐIÐ/VA



UNNIÐ Á VETTvangi Talið er að tildrög slyssins hafi verið þau að sendiferðabíllinn hafi ekið í veg fyrir bifhjólíð.

Ökumaður bifhjóls fluttur á sjúkrahús:

Rakst á sendiferðabíl

SLYS Maður á fimmtugsaldri var fluttur á slysaeyld eftir að bifhjól sem hann ók rakst á sendiferðabíl við Laugaveg 166 skömmu fyrir hádegi í gær. Maðurinn hlaut beinbrot við slysið en var ekki talinn alvarlega slasaður. Ökumaður

sendiferðabílsins slapp ómeiddur. Talsverðar skemmdir urðu á báðum ökutækjum og voru bæði dregin af vettvangi. Loka þurfti hluta Laugavegar í um klukkustund meðan unnið var á vettvangi. - ht



NAUTAKJÖTIÐ Nautakjötsframleiðendur hér anna ekki eftirspurn, segir framkvæmdastjóri Kjötframleiðenda ehf. Kjötíðnaðarmennirnir Helgi Víkingsson og Halldór Jónsson halda hér á safaríkum nautasteikum.

Innflutningur ekki hættulaus

Innflutningur nautakjöts frá Argentínu er ekki hættulaus, segir dýralæknir sauðfjár- og nautgripasjúkdóma. Hann vísar í nákvæmt hættumat.

INNFLUTNINGUR „Ég hef verið fylgjandi fyllstu varúð þegar um er að ræða innflutning hingað til lands, hvort sem um er að ræða dýr, afurðir, fósturvísa eða notuð landbúnaðartæki,“ segir Sigurður Sigurðarson, dýralæknir sauðfjár- og nautgripasjúkdóma á Keldum.

Agreiningur er uppi milli Halldórs Runólfssonar yfirdýralæknis og Guðna Ágústssonar landbúnaðarráðherra um hvort leyfa eigi innflutning nautakjöts frá Argentínu. Yfirdýralæknir vill heimila innflutninginn en landbúnaðarráðherra hefur bannað hann þar sem gin- og klaufaveiki hafi greinst í gripum í Argentínu fyrir tveimur árum.

Sigurður kveðst ekki vilja tjá sig um ágreininginn sem slíkan enda sé það ekki í sínum verkahring.

„Ég veit að það hefur verið unnið nákvæmt hættumat á þessum umbeðna innflutningi og þar kemur fram að hann er ekki hættulaus,“ segir Sigurður. „Hins vegar stafar engin hættu af neyslu íslensks nautakjöts og mér finnst að menn ættu að halda sig við það, í

stað þess að taka þessa áhættu.“

Hann kveðst ekki hafa sett sig nákvæmlega inn í stöðu gin- og klaufaveikimála í Argentínu.

„Mér skilst þó að ekki sé bólu sett við veikinni á því svæði sem er verið að ræða um innflutning frá. Það þýðir væntanlega að hættan sé þar minni heldur en þar sem bólu sett er, því veikin myndi koma fljótlega fram ef hún væri til staðar. Á öðrum svæðum hafa nautgripirnir verið bólusettir af því að gin- og klaufaveikin hefur komið þar upp. Þar getur hún verið mallandi og blossað upp ef bólusetningu væri hætt.“

Fyrirtækið Kjötframleiðendur ehf. sótti um leyfi til innflutnings nautakjötsins frá Argentínu. Fyrirtækið er í eigu Landssamtaka sauðfjára, Landssambands kúabænda, Félags hrossabænda og starfsmanna.

„Ég skil ekki þetta tal um að landbúnaðarráðherra sé að gæta hagsmuna bænda með því að synja fyrirtæki í þeirra eigu um kjötinnflutning,“ segir Erlendur H. Garðarsson framkvæmdastjóri. „Það er kvótaleyfi á innflutningi á 95 tonn- um af nautakjöti. Við framleiðum ekki nógu mikið fyrir landið og því verður að flytja inn kjöt frá útlöndum. Þetta er spurning um hvers vegna verið er að hafna einu landi en ekki öðru.“

jjss@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Endurnærandi

HVITA HÚSÍÐ / SÍA

Dekraðu við þig og þína með heimsókn í Bláa Lónið – heilsulind þar sem spa-meðferðir, nudd, eimböð, sauna, tígulegur foss og freistandi veitingar eru meðal þess sem bíður gesta.

www.bluelagoon.com • 420 8800

 **Upplifðu**
ÍSLAND - SKNJUM ÞAD HEIM


BLUE LAGOON
ICELAND

Vinstriflokkarnir gætu fengið meirihluta á þingi samkvæmt könnunum:

Norsku stjórnarflokkarnir tapa fylgi

NOREGUR Ríkisstjórnarflokkarnir í Noregi, undir stjórn Kjell Magne Bondevik, tapa verulegu fylgi í þingkosningum sem fara fram eftir mánuð, ef marka má skoðanakönnun norska dagblaðsins Aftenposten.

Ríkisstjórnarflokkarnir þrír, Íhaldsflokkurinn, Kristilegir demókratar og Frjálslyndir, fengu aðeins 44 þingsæti, eða 27,4 prósent atkvæða. Í þingkosningunum 2001 fengu flokkarnir þrír samtals 30,7 prósent atkvæða.

Vinstri flokkarnir þrír, sem líklegastir þykja til þess að mynda saman vinstristjórn, Verkamannaflokkurinn, Sósíalistaflokkurinn og Miðflokkurinn, fá meirihluta

þingsæta samkvæmt könnuninni, eða 93 þingmenn af 169. Samkvæmt könnuninni fengu þeir 51,6 prósent atkvæða.

Verkamannaflokkurinn nýtur mests fylgis samkvæmt könnuninni, eða 26,9 prósent. Næststærstur er Sósíalistaflokkurinn með um 18 prósentu fylgi og Framfaraflokkurinn, flokkur öfgasinnaðra hægrianna, er þriðji stærsti flokkur Noregs samkvæmt könnuninni með 17,4 prósentu fylgi. Formaður Framfaraflokksins Carl I. Hagen hefur nýverið sagt að hann myndi ekki ganga til ríkisstjórnarsamstarfs við Kjell Magne Bondevik, núverandi forsætisráðherra.



KJELL MAGNE BONDEVIK Litlar líkur eru á að Bondevik tækist að mynda fjögurra flokka hægri stjórn eftir kosningar.

Orkumálaráðherrar funda:

Hyggjast auka samkeppni

NORÐURLÖND Orkumálaráðherrar Norðurlanda samþykktu að vinna að því að auka samkeppni, skilvirkni og öryggi á raforkumarkaði á fundi sem þeir sátu á Grænlandi. Samþykktin er hluti af samstarfsáætlun á sviðið orkumála. Þar er einnig kveðið á um að hlutur endurnýjanlegra orkulinda í orkunotkun verður aukinn enn frekar.

Valgerður Sverrisdóttir sat fundinn fyrir Íslands hönd. Hún átti samhlíða honum tvíhliða fund með Johan Lund Olsen, orkumálaráðherra Grænlands, sem þakkaði stuðning Íslenskra stjórnvalda við jarðhitarannsóknir á Disco-eyju.

- bþg



ÁR FRÁ ÓLYMPIULEIKUM Rölegt var um að litast við Ólympiuleikvanginn í Aþenu í gær. Fyrir nákvæmlega ári var þar hins vegar handgangur í óskjunni því þá voru sumarleikarnir 2004 settir.

ECCOES OF THE WORLD



SKÓLADAGAR



Kringlan (553 8050) - Laugavegi 38 (551 0766)

ECCO

Flugvöllurinn lamaðist

70.000 manns urðu strandaglópar þegar flugvallarstarfsmenn British Airways á Heathrow lögðu niður störf í gær til að mótmæla uppsögn 800 starfsmanna. Talið er að verkfallið kosti fyrirtækið rúman milljarð króna.

BRETLAND Ófremdarástand skapaðist á Heathrow-flugvelli í Lundúnum í gær og í fyrrakvöld þegar flugvallarstarfsmenn fóru í skyndilegt samúðarverkfall. Tugþúsundir farþega komust hvorki lönd né strönd.

Yfir þúsund starfsmenn British Airways á Heathrow ákváðu að leggja niður störf á fimmtudagskvöld eftir að 800 starfsmönnum Gate Gourmet-veitingaþjónustunnar var sagt upp í sparnaðarskyni, en þeir eru í sama verkalyðsfélagi. Í kjölfarið varð British Airways að aflýsa öllum ferðum til og frá flugvelli-um næsta sólarhringinn, svo og flugfélögin Quantas, Finnair, British Mediterranean og Sri Lankan Airlines sem öll kaupa þjónustu af British Airways. Farþegar Icelandair lentu hins vegar ekki í vandræðum þar sem aðrir annast vélar þeirra og farþega.

Fella þurfti niður 550 ferðir frá flugvelli-um í gær og voru 70.000 manns strandaglópar víða um heim af völdum verkfallsins. Talið er að British Airways hafi tapað 1,15 milljarði króna vegna þess.

Um það bil þúsund farþegar urðu að eyða aðfaranótt föstudagsins á Heathrow og þeir voru



ERFIÐ BIÐ Flugfarþegar á Heathrow-flugvelli voru afar gramir yfir verkfallinu enda komust þeir hvorki lönd né strönd.

að vonum afar óhressir með það. „Ég er of kurteis kona til þess að færa í orð hvað mér finnst um British Airways,“ sagði Daphne Morley, frá Ástralíu, en hún hafði ætlað að ná tengiflugi í Lundúnum til Pétursborgar í Rússlandi. „Farangurinn okkar er einhvers

staðar, við getum ekki einu sinni skipt um fót.“

Síðdegis í gær sneru starfsmennirnir svo aftur til sinna starfa og um kvöldmatarleytið tóku svo fyrstu flugvélarnar að fara í loftið frá flugvelli-um.

sveinng@frettabladid.is

Fundað um sjávarútvegsmál:

Schmidt hreifst af fiskveiðistjórnuninni

SJÁVARÚTVEGSMÁL Árni M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra og Hans Christian Schmidt, matvælaráðherra Danmerkur sem fer með sjávarútvegsmál, hafa fundað síðustu daga um sjávarútvegsmál, en Schmidt er nú í vinnuheimsókn hér á landi.

Þeir ræddu meðal annars ástand fiskistofna, ólöglegar veiðar, stefnumótun ESB um málefni hafnsins, veiðar á Norsku-Íslensku síldinni og loðnuveiði í Íslensku lögsögunni. Þá gerði Árni honum grein fyrir afstöðu Íslendinga í Svalbarðamálinu.

Viðræðurnar voru almennt á jákvæðum nótum. Hvalveiðimál báru lítilla á góma, en þau heyra ekki undir ráðuneyti Schmidt.

Fiskveiðistjórnunarkerfið var kynnt fyrir Schmidt og sagði hann að sér þætti mikið til þess koma, ekki síst vegna þess hve margir kæmu að ákvarðanatöku og stefnumótun.

Auk fleiri vinnufunda mun ráðherrann ferðast um landið og til dæmis skoða Síldarminjasafnið á Siglufirði og heimsækja Gullfoss og Geysi.

- grs



HANS CHRISTIAN SCHMIDT OG ÁRNI M. MATHIESEN Matvælaráðherra Danmerkur þótti mikið til Íslenska fiskveiðistjórnunarkerfisins koma.

Algjörarar perlar

Fimmta bókin hennar Madonnu er fyrir börn á öllum aldri og eins og fyrri bækur hennar með fallegan boðskap og frábærlega myndskreytt. Allar bækurnar nú á einstöku tilboði!

„Nýja bókin hennar Madonnu; náið ykkur í hana!“

Oprah Winfrey

★★★★★
Amazon.com

★★★★★
Barnes&Noble.com

50% afsláttur
aðeins 995 kr.

50% afsláttur
aðeins 995 kr.

Tilboðsbók
mánaðarins
30%
afsláttur

Algjör Milli

Madonna

YAKOV og MÓFARNIR SÍO

EPILN HANS PEABODYS

Chokku rósinarnar

ABDÍ

Mál og menning
edda.is

Laugardagsgleði B&L



Í DAG FRÁ KL. 12 TIL 16.

FULLUR SÝNINGARSALUR AF GLÆSILEGUM BÍLUM FRÁ HYUNDAI, RENAULT, BMW OG LAND ROVER.

KOMDU Í REYNSLUAKSTUR OG FÁÐU ÞÉR PYLSU OG PEPSI Á EFTIR!



RENAULT



Blöðrufólkið mætir í sumarskapi með blöðrur handa öllum kátum krökkum

SS pylsur og Pepsi handa öllum



BEIN ÚTSENDING ÚR SÝNINGARSAL B&L FRÁ KL 13-16



SS fremstir fyrir bragðið



GETRAUN

HVERSU STÓRT ER SKOTTIÐ Á RENAULT MEGANE SALOON?

TAKTU ÞÁTT Í LÉTTUM RENAULT LEIK. ÞAÐ EINA SEM ÞÚ ÞARFT AÐ GERA ER AÐ MÆTA Á LAUGARDAGINN Í SÝNINGARSALINN OKKAR AÐ GRJÓTHÁLSI 1 OG MERKJA VIÐ ÞAÐ SVAR SEM ÞÚ TELUR RÉTT UM SKOTTSTÆRÐINA. DREGIÐ VERÐUR ÚR RÉTTUM SVÖRUM OG FÆR VINNINGSHAFI UTANLANDSFERÐ FYRIR TVO TIL PARÍSAR.

KOMDU OG TAKTU ÞÁTT.



BMW M5, HRAÐSKREIÐASTI SPORTBÍLLINN Í ÚRVALSFLOKKI, VERÐUR Í SÝNINGARSALNUM. ÞESSI BIFREIÐ ER Í SÉRFLOKKI HVAÐ VARÐAR TÆKNI OG AFL, EN M5 KEMUR FRÁ FRAMLEIÐANDA MEÐ 507 HESTAFLA V10 VÉL. **EKKI MISSA AF ÞESSUM.**



GO BEYOND™



ALVEG NÝ UPPLIFUN

LAND ROVER DISCOVERY 3 - VERÐLAUNAÐSTI LÚXUSJEPPINN Á MARKAÐNUM. KOMDU Í REYNSLUAKSTUR OG PRÓFAÐU NÝJA TERRAIN RESPONSE™ KEFRIÐ. **FARÐU ALLA LEIÐ Á LAND ROVER DISCOVERY 3.**



VETRADEKK Í KAUPAUKA MEÐ HYUNDAI 4X4



HYUNDAI hefur gæðin

HYUNDAI SANTA FE OG HYUNDAI TUCSON ERU MEST SELDU SPORTJEPPARNIR Á MARKAÐNUM.

NÝ VETRADEKK MEÐ ÖLLUM HYUNDAI 4X4 AÐEINS Á LAUGARDAGINN.



skoðun

SJÓNARMÍÐ
SIGURJÓN M. EGILSSON

Í miðopnu Fréttablaðsins eru ákærurnar í Baugsmálinu og viðbrögð við einstaka ákæruliðum.

Birting ákæru í Fréttablaðinu

Fréttablaðið birtir í dag ákærurnar í Baugsmálinu, skýringar lögmanna sakborninga við einstaka ákæruliðum og viðtöl við Jóhannes Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson. Umfjöllunin birtist á átta blaðsíðum í miðopnu Fréttablaðsins. Fréttablaðið hefur ekki fengið útskrift af notkun kreditkorta, sem er hluti ákærurnar. Efnistöð sem þessi hafa ekki áður verið unnin af Fréttablaðinu en þekkjast í öðrum fjölmiðlum.

Áður en ákvörðun var tekin um birtingu varð ritstjórn Fréttablaðsins að svara nokkrum spurningum.

Áður en ákvörðun var tekin um birtingu varð ritstjórn Fréttablaðsins að svara nokkrum spurningum. Sú sem var erfiðast að svara lýtur að Siðaskrá Fréttablaðsins, en í henni segir meðal annars: „Enginn fær send afrit af óbirtu efni. Ef viðmælendur óska, eru lesnar upp fyrir þá þeir kaflar, þar sem vitnað er í þá sjálfa í beinni eða óbeinni ræðu. Ekki er aflað viðtals með því að gefa kost á ritskoðun viðtalsins.“

Frá þessari annars ófrávikjanlegu reglu var vikið vegna viðtalanna við Jón Ásgeir Jóhannesson og Jóhannes Jónsson. Viðtölin voru send lögmönnum þeirra til yfirlestrar án þess að samþykkt væri ritskoðun eða vikið yrði frá upphaflegum texta með þeim hætti að innihald upphaflega textans breyttist í meginatriðum. Allt sem þeir sögðu í viðtölunum við blaðamenn og mikla þýðingu hefur er því í viðtölunum eins og þau birtast lesendum Fréttablaðsins. Til að gera svo veigamikla breytingum á vinnureglum þarf margt að koma til. Í ljósi þess að viðmælendurnir eru ákærðir menn í umfangsmiklu sakamáli og staða þeirra þess vegna viðkvæm var fallist á að lögmenn læsu viðtölin fyrir birtingu.

Eflaust er óþarft að taka fram að Jóhannes Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson eru meðal helstu eigenda útgáfufélags Fréttablaðsins. Staða Fréttablaðsins við birtingu þessa efnis kann því að vera gagnrýni verð. Það er mat ritstjórnar Fréttablaðsins að láta eignarhaldið ekki hafa óæskileg áhrif, ekki nú frekar en áður, og birta allt það sem Fréttablaðið hefur um málið og viðtölin við feðgana Jóhannes og Jón Ásgeir.

Með þeirri ákvörðun er lesendum Fréttablaðsins gert kleift að lesa ákærurnar, fyrstu viðbrögð við henni og viðtöl við þá tvo menn sem sæta einna alvarlegustu ákærurnum. Það er mat ritstjórnar að það sé skylda Fréttablaðsins að birta efni sem þetta, en eins og lesendur vita hefur Fréttablaðið mun meiri útbreiðslu en aðrir fjölmiðlar og þess vegna er ábyrgð þess mikil. Henni er sinnt með því að leggja mál á borð lesenda. Vissulega vantar rökstuðning ákærvaldsins en hann mun koma fram innan skamms, þegar málið fær lögbundna meðferð fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. ■



Íslandslýsing

Ekkert skáld hefur lýst náttúru og sögu Íslands á jafn tilþrifamikinn hátt og Jónas Hallgrímsson í ljóðum sínum, en Jónas var sem kunnugt er einnig náttúrufræðingur að mennt og áhugamaður um sögulegan fróðleik. Ljóðin voru í hans huga engan veginn fullnægjandi lýsing á landi og þjóð. Árið 1838, sama árið og Fjölnir birti Gunnarshólma, bar Jónas upp þá tillögu í Hafnardeild Bókmenntafélagsins að kosin yrði nefnd manna sem falið yrði „að safna öllum fánægum skýrslum, fornum og nýjum, er lýsi Íslandi eður einstökum héröðum þess og undirbúa svo til prentunar nýja

og nákvæma lýsing á Íslandi“ eins og hann komst að orði.

Sýslumenn og prestar

Jónas segir í tillögunni að umfram allt ætti nefndin að láta sér annað um að fá greinilegar „lýsingar á hverri einstakri sveit, er best mundi heppnast með því að skrifast á við alla presta og aðra fróða og skynsama menn um allt landið og biðja hvern fyrir það sem honum væri kunnugast“. Tillagan fékk góðar undirtektir og var hafist handa um Íslandslýsingu þessa vorið 1839, þegar send voru fyrirspurnarbréf til sýslumanna, sóknarpresta og prófesta um land allt. Þetta var fyrir daga tölvupóstsins, og það tók allnokkurn tíma að innheimta svör-

in. Þau bárust flest á árunum 1839-1842, og eftir ítrekanir komu hin síðustu árið 1873.

Merkileg heimild

Svarbréfin eru merkileg heimild um sögu og landafræði Íslands. En það hefur því miður tekið enn lengri tíma að prenta þau en innheimta. Þau hafa verið að koma út í áföngum á löngu árabili, og nú í vikunni kom út lokabindið á vegum Sögufélags og Örnefnastofnunar. Fjallar það um Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. Umsjón með útgáfunni höfðu þær Guðrún Ása Grímsdóttir og Björk Ingimundardóttir. Ætti enginn áhugamaður um sögu og landafræði Íslands að verða svikinn af lestrinum.

gm@frettabladid.is

Fóstruríkið Ísland

Íslendingar mega eiga það að ríkið passar vel upp á þá. Ríkið segir sjálfráða fólki að biðja með áfengiskaup til tvítugs (án þess að geta sagt því að biðja með áfengisdrykkju). Ríkið segir sjálfráða fólki að ef það setur ákveðin efni í sinn eigin líkama megi það búast við fésektum og fangelsisvist. Ríkið vill ekki að tóbak sjáist í verslunum því einhver opinber starfsmaðurinn heldur að sýnileikinn hafi áhrif á tóbaksnotkun sjálfráða einstaklinga eða freisti þeirra yngri upp að því marki að þeir ákveði að hefja tóbaksneyslu. Ríkið er allt í kring og alltaf tilbúið að taka ákvarðanir fyrir okkur ef við lendum í sálarstríði við eigin skynsemi og rökhugsun.

Margir hvatar liggja bak við forræðishyggju stjórnvalda. Einn af þeim stærri er fjárhagslegur. Á Íslandi ríkir einokun ríkisins víða. Ríkið er svo gott sem einrátt í rekstri skóla, sjúkrahúsanna og vega og hefur þar af leiðandi hag af því að sem flestir reynist rekstrinum dýr baggi. Ökumenn þurfa ekki að velja á milli þess að spenna beltin eða ekki því örkuðla ökumenn eru dýr baggi á heilbrigðisferfinu. Reykingamenn taka enga ábyrgð á afleiðingum neyslu sinnar þegar allir borga reikninga heilbrigðisferfisins í sameiningu og því þarf að herða sem mest að þeim í von um að þeir einfaldlega gefist upp og hætti að reykja. Þótt drykkja sér ekkert sérstakt útgjalda-vandamál fyrir ríkið, og líklega þvert á móti, þarf samt að herða að fólki sem nýtur þess að fá sér í glas í mismiklum mæli. Annað væri hreint ábyrgðarleysi af hálfu stjórnmalamanna, ekki satt?

Hver er svo árangurinn af allri þessari forræðishyggju? Íslendingar drekka enn eins og

UMRÆÐAN
FORSJÁRHYGGJA



GEIR ÁGÚSTSSON
VERKFRÆÐINGUR

Frelsið tapast jafnan í smáum skrefum og ef ekki er hafður varinn á er hætt við að lítið verði eftir af því þegar upp er staðið. Heilbrigð tortryggni gagnvart ríkisvaldinu og þeim ákvörðunum sem það tekur fyrir sjálfráða einstaklinga er því ætíð holl.

svín enda ekki von til annars þegar áfengissopinn kostar hærra hlutfall af heildarútgjöldum landsmanna en dæmi eru um í hinum vestræna heimi, og því um að gera að nota tækifærið og detta rækilega í það. Reykingar eru litlu minni á Íslandi en til dæmis í Danmörku þar sem tóbaksverð er helmingur þess á Íslandi og sýnileiki með eindæmum mikill í öllum verslunum. Danir virðast einnig þola stanslaust flóð áfengisauklýsinga fyrir bæði sterkt og létt vín án þess að falla um flöskuna í hverri búðarheimsókn. Þó má kaupa hvaða áfengi í hvaða búð sem er í Danmörku og unglingar allt niður í 16 ár geta keypt sér bjór án þess að þurfa búast við því að lögreglan dragi athyglina frá ofbeldisglæpum til að geta hellið niður hinum löglega neysluvarningi.

Annað sem Danir virðast einnig þola en ekki Íslendingar eru fjárhættuspil í ætt við póker og kotru. Annar hver þáttur í dönsku sjónvarpi er kostaður af

einhverri heimasíðunni sem býður fólki að leggja fé undir í hinum ýmsu spilum og vegna hinna ýmsu íþróttakappleikja. Undirritaður sér ljóslifandi fyrir sér hvernig íslenskir forræðishyggjumenn myndu demba sér á netið til þess að leggja fjölskyldusparnaðinn undir á fullt hús eftir að hafa horft á tvær þáttaraddir með Simpsons-fjölskyldunni í boði veðmál punktur is. Meira þarf jú ekki til.

Fyrir skömmu spurði 17 ára frænka undirritaðs góðrar spurningar: „Ef maður er 18 ára, býr einn, vill búa til sósu og vantar vín í sósunu þá þarf maður að láta einhvern eldri kaupa vínflöskuna. Er ólöglegt að búa sósu?“ Okkar ágætu fóstrur á Austurvelli gætu kannski svarað þessari spurningu betur en undirritaður, en svarið hlýtur að vera já: Sósugerð er ekki ætluð þeim sem hafa ekki náð tvítugsaldri nema þeir búi með einhverjum eldri, eða hafi greiðvikna fóstru á heimilinu.

Nú er vitað mál að margir gætu ekki hugsað sér að rýmka íslenska löggjöf of mikið þegar kemur að málefnum vímuefna, bílbelta og sósugerðar. Hættan er er hins vegar sú að þegar ríkið byrjar á annað borð að ganga gegn rétti frjálsra og fullorðinna einstaklinga til að ráðstafa líkama sínum og eigum eftir eigin geðþótta er líklegt að mörkin verði aldrei dregin. Frelsið tapast jafnan í smáum skrefum og ef ekki er hafður varinn á er hætt við að lítið verði eftir af því þegar upp er staðið. Heilbrigð tortryggni gagnvart ríkisvaldinu og þeim ákvörðunum sem það tekur fyrir sjálfráða einstaklinga er því ætíð holl. Ella er hætt við að fóstruríkið færast enn lengra í öfuga átt við þær hugsjónir sem liggja bak við frelsisákvæðum stjórnarskrár okkar. ■

Landbúnaðarráðherra hafnar innflutningi nautakjöts

Valdið eða fræðin?

Guðni úrskurðaði þvert á ráð yfirdýralæknis

LESTU GREININA Á VISIR.IS OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

visir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefánsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórný Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSIÐI: 550 5000 SÍMBRÉF: Á FRÉTTAELD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrennu formi og í gagnabankum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Stjórn málin og fólkioð

UMRÆÐAN

REYKJAVÍKUR-LISTINN



SKÚLI HELGASON
STJÓRN MÁLAFRÆÐINGUR

Stjórn málin snúast um fólk segir klisjan og hittir býsna nærri. Spurningin er bara hvaða fólk. Á Íslandi snúast stjórn málin aðallega um það fólk sem starfar í stjórn máli. Það fólk hefur verið í aðalhlutverki síðustu mánuði við að þrasa um framtíð Reykjavíkurlistans. Flokkarnir hafa bitist um

hve margir borgarfulltrúa eigi að koma í hlut hvers flokks, hvaða flokkur eigi að „fá“ borgarstjórnann o.s.frv. Almennur, sem ætti að vera uppspretta þessa valds sem um er deilt, stendur á hliðarlínunni og trúir vart eigin augum. Eða það sem verra er, lætur sér fátt um finnst af því þetta er allt svo kunnugt úr heimi stjórn mála. En þá er rétt að halda því til haga að svona eiga menn ekki að nota það umboð sem kjósendur hafa gefið þeim.

Reykjavíkurlistinn var stofnaður til höfuðs klíkuskap og valdabreytu. Það er rétt að hann hefði ekki orðið til nema fyrir tilstilli flokkanna sem gerðu bandalag 1994 og hafa haldið hópinn þar

til nú. Hitt er jafnklárt að stærsti kjósendahópur Reykjavíkurlistans hefur alltaf verið óháð félagshyggjufólk í borginni, eins og Steingrímur J. Sigfússon benti réttilega á í Kastljósi 11. ágúst. Það fór ekki hátt á sínum tíma en skömmu eftir kosningasigurinn 1994 var stofnaður félagsskapurinn Regnboginn, sem átti að vera fjölskrúðugt bakland Reykjavíkurlistans. Það bakland fæddist andvana því flokkarnir kröfðust þess að fá að skipta á milli sín stjórnarsætum í þessu valdalausla batterí og öðrum var haldið úti. Þetta eru ein afdrifaríkustu mistökkin í sögu Reykjavíkurlistans, sem á sínum tíma leysti úr læðingi vonir um nýtt lýðræði og

breytt vinnubrögð við stjórn borgarinnar. Auðvitað hefur margt verið vel gert í tíð listans en borgarstjórnarflokkurinn hefur ætíð starfað einangraður frá stuðningsmönnum sínum, sem hafa setið óvirkir meðan flokkarnir hafa ráðið ráðum sínum.

Þó allir flokkar eigi þar einhvern hlut að máli hefur Sjálfstæðisflokkurinn verið helsti vettvangur þeirra sem líta á stjórn máli sem persónulega framabraut. Stundum heyrir kvartað undan því að hæfileikafólk gefi sig ekki að stjórn máli, vegna þess að launin séu of lág. Launametnaður er bara ekki gild ástæða til að helga sig stjórn máli. Hégómagirnd ekki heldur. Á stundum sem þessum

þurfa allir kjórnir fulltrúar Reykjavíkurlistans og þeir flokksmenn sem bera hita og þunga af yfirstandandi viðræðum að spyrja sig hvort þeir séu að vinna í þágu borgarbúa eða fyrst og fremst að bjarga eigin skinni. Stjórn máli eru ekkert ómerkileg í sjálfu sér. Þvert á móti. En þeir sem gefa sig að stjórn máli takast á hendur mikla ábyrgð, að setja hagsmuni samfélagsins ofar eigin hagsmunum. Það er rammgöldrótt verkefni og ekki öllum gefið að leysa. Það breytir því ekki að þeim er engin vorkunn sem falla á því prófi. Samfélagið á betra skilið og það er tími til kominn að almenningur geri eðlilegar kröfur til sinna stjórn mála. ■

AF NETINU

Að stjórna umræðunni

Guardian birtir í morgun frásögn af ákærunum í Baugsmálinu. Blaðið virðist hafa fengið þær í hendur n og náð að þýða þær. Spurning er: Hver lak? Eftir því sem fjölmiðlamenn á Íslandi best vita er Gestur Jónsson, lögmaður Baugs, enn uppi í sumarbutastað.

Böndin hljóta þó að beinast að Baugi sjálfum. Kunningi minn sem starfar við almannatengsl spáði því að ákærunum yrði komið í fjölmiðla í Bretlandi þremur til fjórum dögum áður en þær birtast hér eftir réttarhlé. Þannig myndu Baugsmenn freista þess að stjórna umræðunni eins og þeir hafa gert hingað til. Það er ljóst að mikið áróðursstríð er í gangi. Manni skilst að Baugur hafi almannatengslafyrirtæki að störfum fyrir sig í Bretlandi. Það er ennþá mikilvægara fyrir fyrirtækið að halda andlitinu þar en hér á Íslandi. Þar eru stærri fjárhæðir í húfi. Fréttir sem birtast í Bretlandi hafa líka tilhneigingu til að berast hingað heim á örskömmum tíma.

Egill Helgason á visir.is

Megi hann hvíla í friði

Það er nú æði hjákátlegt að fylgjast með veseninu í kringum Reykjavíkurlistann í fjölmiðlum þessa dagana. Það vill hann enginn lengur. Fylgismennirnir eru löngu farnir og aðeins einhverjir embættismenn flokkakerfisins sem enn rembast við að tjasla honum saman fyrir næstu kosningar eða þykjast það í það minnsta – því enginn þeirra vill taka opinbera ábyrgð á að enda samstarfið. Menn ættu auðvitað að hafa dug í sér að segja það sem allir eru að hugsa; Rlistinn var gagnlegt töl á sínum tíma en hefur nú skilað hlutverki sínu, megi hann hvíla í friði.

Eiríkur Bergmann Einarsson á eirikurbergmann.hexia.net

Skattar sem frelsisvopting

Ég er einn af þeim sem telja núverandi skattkerfi vera fátt annað en skattniðslu og hef undanfarið tamið mér að taka mér það hugtak til munns. Skattar eru að vissu leyti frelsisvopting. Persónulega tel ég þó eðlilegt að leggja til samneyslu og finn ekki til frelsisvoptingar þegar skattur er innheimtur. Ég leyfi mér samt að fullyrða að það skattkerfi sem núverandi ríkisstjórnarflokkar frelsisins hafa komið á er raunverulega frelsisvoptandi. Umræða um flatan skatt hefur verið mikil undanfarið og þess má geta að mörg fyrur Sovétríki hafa í dag tekið upp slíkt skattkerfi. Flatur skattur hefur þá kosti að einfalda skattkerfið nokkuð auk þess sem allir greiða jafnt og því ekki ástæða til að fela einkaneyslu í fyrirtækjum, eða nota önnur undanbrögð frá skattgreiðslum. Ég tel hinsvegar flatan skatt ekki vera þá draumalausn sem margir vilja meina að hann sé. Gallinn er sá að skatttökunni fylgir áfram mikil umsýsla. Enn er óleyst vandamálið með greiðslur „undir borðið“ og enn þarf stjórnsýslan að fara yfir laun og tekjur einstaklinga. Þeim einstaklingum sem vinna mikið og fá vel greitt er enn refsað og enn fær einstaklingurinn ekki alla launa greiðsluna í hendurnar.

Atli Þór Fanndal á politik.is

***SKÓLABÍLL*
í heilt ár!**

Taktu þátt í leiknum – þú gætir unnið afnot af splunkunýjum VW Fox í eitt ár! Þú kemst í pottinn ef þú verslar fyrir 10.000 kr. eða meira og heftar kassavittunina þína við útfylltan þátttökuseðil.

3 stk.

HEKLA

komdu með útprentaðan lista af www.skiptibok.is og þú færð óvæntan glaðning eða tilboð á vöru

Allar skiptibækurnar á Netinu!
www.skiptibok.is

Vinkona mín heitir Edda Snorra, en bókin í ÍSL 303 Snorra-Edda!
Anna Svava Sverrisdóttir, FB



50% ódýrari!

Það getur margborgað sig að skoða lagerinn af skólabókum á www.skiptibok.is. Ef þú kemur í Pennann með útprentaðan óskalista af www.skiptibok.is færðu skólabækurnar helmingi ódýrari en nýjar bækur kosta.* Þar að auki fá þeir sem koma með óskalista í Pennann, óvæntan glaðning eða gott tilboð á bráðnaðsýnlegri skólavöru. Allir sem versla fyrir 10.000 kr. eða meira í verslunum Pennans eiga þess síðan kost að vinna afnot af VW Fox í heilt ár.



*Tilboðið gildir til og með miðvikudagsins 17. ágúst

Penninn Skiptibókamarkaður, Hallarmúla, sími 540 2070

40% 30% 20%

**ÚTSA
ER Í FULLU**

40% 30% 20%

 **INTER**

0%

50%

60%

ALAN

MM GANGI!

Nýtt kortatímabil

0%

50%

60%

SPORT®

Húsgagnahöllin
s. 585 7220

Opið: Mán - föstud. 10 - 19
Laugard. 10 - 18 og sunnud. 12 - 18

Smáralind

s. 585 7240

Opið: Mán - föstud. 11 - 19
Laugard. 11 - 18 og sunnud. 13 - 18

Selfossi


s. 480 7009

Opið: Mán - föstud. 9 - 21
Laugard. 9 - 21 og sunnud. 10 - 21

DV Helgarblað

Skilnaður skekur Sautján veldið

Starfs- fólkið vill kaupa



Hefur þú séð DV í dag

MAÐUR VIKUNNAR

Með kennaraprik á lofti

BENEDIKT SIGURÐARSON
STJÓRNARFORMAÐUR KEA

„Blessuð sértu sveitin mín“ hljómar nú á ólíklegustu stöðum á Akureyri. Hvarvetna þar sem Benedikt Sigurðarson, stjórnarformaður KEA, sést á ferð má heyra þetta þekta lag. Ástæðan er sú að nefndur Benedikt er með lagið sem hringitón í gemsanum sínum, og þessa dagana eiga margir erindi við hann og farsíminn hringir ótt og títt. Sennilega aldrei verið fleiri, og það er líka ástæðan fyrir því að Benedikt er „maður vikunnar“ að þessu sinni.

Benedikt komst í fréttirnar, þegar hann greindi frá því að Andri Teitsson, framkvæmdastjóri KEA, hefði fallist á að láta af störfum hjá félaginu (NB:KEA er ekki kaupfélag eins og í gamla daga heldur fjárfestingarfélag) í stað þess að taka ný mánaða fæðingarorlof eins og hann á rétt á lögum samkvæmt, en Andri og kona hans eignuðust nýlega tvíbura. Þetta vakti mikið uppnam og hneykslan, því gagnvart fæðingarorlofi eiga vist allir að vera jafnir, og skiptir þá engu máli þótt forstjóri með milljón á mánuði eða tvær eigi í hlut og almennasjóðir þurfi að greiða laun hans að stórum hluta í orlofinu. Svo liðu nokkrir dagar með reiðum álitsgjöfum, og þá kom allt í einu sú frétt að í rauninni hefði framkvæmdastjórnin ekki verið sagt upp vegna fæðingarorlofsins heldur af því að hann hefði ekki staðið sig nógu vel og ruglað saman eigin hagsmunum og KEA í einhverjum fjárfestingum. Þessu hefur svo aftur verið mótmælt og vita menn nú ekki lengur hvað er rétt og hvað er rangt í þessu einkennilega máli.

Eftir stendur að Benedikt þykir hafa haldið klaufalega á sínum hlut og KEA fengið vonða pressu. En klaufaskapur er þó engan veginn einkenni hans að

sögn Akureyringa sem til hans þekka. Um Benedikt, sem yfirleitt er bara kallaður Bensi, er það að segja að hann er gamall barnakennari. Eftir kennaranám og framhaldsnám í Kanada var hann



nokkur ár skólustjóri Barnaskóla Akureyrar, en er núna adjunkt við kennaradeild og viðskiptadeild Háskólans á Akureyri. Hann er sveitapiltur að upplagi, ættaður frá Grænavatni í Mývatnssveit,

bróðir annars nafnkunnns manns á Akureyri, Erlings Sigurðarsonar. Benedikt fær þá umsögn hjá bæjarbúum sem þekka til að hann sé heiðarlegur, stefnufastur, fylginn sér. Sem stjórnandi þykir hann fylgja vel eftir þeim málum sem hann tekur að sér, jafnvel svo að heyrst hefur kvörtun um að hann sé farinn að anda ofan í háls málið á undirmönnum sínum. Barnakennarinn er ríkur í honum. Kennaraprikkið aldrei langt undan. Hann þykir snöggur upp á lagið og sagt er að það geti stormað í kringum hann, en kosturinn sé sá að hann taki yfirleitt vel rökum og reiðin renni fljótt af honum. Hann er sagður stjórnsamur, en sækist ekki eftir völdum. Hann vilji frekar koma málum fram, heldur en að drottna yfir rekstri og framkvæmdum.

Benedikt er formaður Sundsambands Íslands, en hefur þó ekki sjálfur safnað verðlaunagripum, heldur eru það kona hans, Helga Sigurðardóttir, og dæturnar, Þorgerður líffræðingur og Sigrún menntaskólanemi, sem allar hafa staðið sig vel í þeirri íþrótt. Sigrún er í unglingslandsliðinu. Benedikt stendur frekar á laugarbakkanum og hrópar hvatningarorðin. Hann stundar hestamennsku og á nokkra hesta. Heyrist hann gjarnan taka lagið þegar riðið er um nærsveitir Akureyrar, enda góður söngmaður og fyrrum félagi í Kirkjukór Akureyrarkirkju.

Ekki er líklegt að Andramálið hafi áhrif á stöðu Benedikts hjá KEA. Fleiri en hann í stjórn félagsins voru ósáttir við framkvæmdastjórnin fyrrverandi. Þegar fjölmiðlafárinu út af fæðingarorlofinu linnir snúa KEA-menn sér að því aftur að efla norðenska byggð, enda kjörorð þeirra „Blessuð sértu sveitin mín“.

Lóðaúthlutanir í Kópavogi

ÓLAFUR ÞÓR GUNNARSSON
SKRIFA UM LÓÐAMÁL

Kópavogsbær hefur nýverið úthlutað um 200 lóðum í Þinga-hverfi, en það er hluti af svæðinu á Vatnsenda, uppi við Elliðavatn. Þessar úthlutanir hafa verið nokkuð til umræðu, og meðal annars verið bent á að margir „áberandi“ og „vel megandi“ einstaklingar hafi fengið þar lóðir, en einnig að fólk með góð tengsl inn í bæjarkerfið hafi fengið þarna lóðir, umfram aðra. Eins og gefur að skilja verja forráðamenn bæjarins þessa úthlutun, og vísa í að farið hafi verið eftir þeim reglum sem bærinn hafi sett sér. Þetta kann að vera rétt svo langt sem það nær, en gallinn er sá að reglurnar sem farið er eftir eru engan veginn nógu gagnsæjar. Í rauninni er hægt að lesa út úr reglunum að það sé algerlega undir geðþótta bæjarráðsmanna komið hverjir fá lóðir á hverjum tíma. Hvort sem það er þannig eða ekki að bæjarráðsmenn hafi hjálpað einhverjum að fá lóðir eða „togað í spotta“ þá er það algerlega óásættanlegt að reglurnar séu svo loðnar og auðsveigjanlegar að slíkur kvittur komi upp. Því miður er þetta ekki í fyrsta sinn sem slíkt gerist, og ekki það síðasta, verði reglunum ekki breytt. Bæjarbúar og aðrir umsækjendur

verða að geta trúað því að allir sitji við sama borð þegar að úthlutun kemur. Það er algerlega óþolandi að gæðum eins og lóðum, sé úthlutað eftir fyrirkomulagi sem er jafn loðið og raun ber

Það er algerlega óþolandi að gæðum eins og lóðum, sé úthlutað eftir fyrirkomulagi sem er jafn loðið og raun ber vitni. Það er jafnframt algerlega óviðunandi að þeir einstaklingar sem fá úthlutað lóðum þurfi í kjölfarið að sitja undir ásökunum um að hafa notið einhvers forgangs.

vitni. Það er jafnframt algerlega óviðunandi að þeir einstaklingar sem fá úthlutað lóðum þurfi í kjölfarið að sitja undir ásökunum í fjölmiðlum um að hafa notið einhvers forgangs. Til lengdar er slíkt orðspor slæmt til afspurnar fyrir bæinn og getur jafnvel fælt umsækjendur frá því að sækja um.

Nokkrar leiðir hafa verið reyndar í sveitarfélögunum í næsta nágrenni Kópavogs. Happdrætti sem allir geta tekið þátt í er ein leið til jafnræðis, en verð lóðanna verður þá að vera sem næst markaðsverði á svæðinu, að öðrum kosti aukast líkur á

því að fólk sækji um til þess eins að leysa inn hagnað við sölu lóðarinnar. Uppboð hafa verið reynd, en eru ósanngjörn að því leyti að þau útiloka í raun aðra en þá sem hafa tekjur í hærri kantinum eða aðgang að fjármagni. Á móti má segja að sveitarfélagið getur þá notað það fé sem fæst umfram útlagðann kostnað til þess að bæta félagslega þjónustu og bæta aðstöðu þeirra sem ekki geta boðið í lóðir. Einnig hefur verið notað punktakerfi þar sem fyrir fram er ákveðið að menn fái punkta fyrir ákveðna þætti, s.s. búsetu, fyrri umsóknir, fjölskyldustærð o.s.frv. Enn ein leið væri fær, en hún væri sambland af einföldu punktakerfi (t.a.m. kerfi sem tæki tillit til 3ja til 4ra þátta), og útdrætti. Þannig mætti nota punktakerfið til þess að minnka þann hóp sem eftir væri til útdráttar þegar fleiri sækja um heldur en lóðir eru í boði.

Hvaða kerfi sem er valið, verður að vera hægt að treysta því að menn fái ekki úthlutað gæðum á vegum bæjarins í krafti nafns síns eða stöðu, og þeir sem fá úthlutun að geta treyst því að úthlutun þeim til handa verði ekki gerð tortryggileg vegna óvandaðra vinnubragða bæjaryfirvalda.

Höfundur er formaður bæjar-málaráðs Vinstri grænna í Kópavogi.

SPRENGJUA

SPRENGJU OPNUNARTÍMAR

13. ágúst
14. ágúst

10-18
13-17

HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR • AÐEINS 2 DAGAR EFTIR

www.tolvulistinn.is

Nú fer hver að verða síðastur!
Aðeins 2 dagar eftir af sprengjunni. Geggjuð sprengjutilboð á tölvum og tölvubúnaði

Tilboð gilda dagana 11. ágúst til 14. ágúst eða meðan birgdir endast • Birt með fyrirvara um breytingar, prentvillur og myndbreytingu.



Vaxtalaust tilboð er miðað við mánaðalegar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 3,5% stimpil og lántökugjald bæst við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann

TÖLVULISTINN

SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 11 ÁR

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

H.G. WELLS (1866-1946)
lést þennan dag.



„Vandræði dagsins í dag eru efniviður
brandara morgundagsins.“

- Breski rithöfundurinn H.G. Wells var þekktur fyrir frjótt myndunarfærni sem birtist í sögum á borð við *Innrásina frá Mars* og *Tímavélina*.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST

Menningarbyltingin hefst í Kína

Á þessum degi árið 1966 tilkynntu Kínverjar áform sín um menningarbyltingu öreiganna. Miðstjórn kínverska kommúnistaflokksins fundaði í fyrsta sinn í fjögur ár og taldi að þörf væri á að útbreiða boðskap Maó Zedong og hreinsa þá burt sem þóttu vilhallir undir kapitalisma. Árið 1958 hafði Maó reynt að rétta efnahag landsins við með áætlun sem kölluð var Stóra stökkið. Lítil samyrkjubú voru sameinuð í gríðarstórar kommúnur og allt kapp lagt á þungaiðnað. Áætlunin misheppnaðist og leiddi til hörmulegar hungursneyðar. Nú þóttu vera komin skilyrði fyrir

öðru stóru stökki; menningarbyltingin átti að auka matvælaframleiðslu, þróa kjarnorkuiðnað og blása lífi í glæður byltingarinnar. Háttsettir embættismenn sem voru ekki í náðinni hjá flokknum voru sviptir stöðum og tilmælum var beint til annarra sem þóttu óhlýðnir að myndu þeir iðrast og sýna einlæga sjálfsganrýni gætu þeir öðlast nýtt líf. 35 milljón einstök af bókinni Valin verk eftir Maó Zedong voru prentuð fólk til fræðslu og innblásturs. Maó hreinsaði rækilega til í röðum andstæðinga sinna, háskólum var lokað svo stúdentar gætu einbeitt sér að byltingunni og rauð-



liðar réðust á nánast hvern þann utan flokksins sem gat talist í valdastöðu, til dæmis kennara. Tugir þúsunda létu lífið í fangelsi og um þrjár milljónir manna voru fordæmdar í menningarbyltingunni sem stóð til dauðadags Maós árið 1976.

MERKISATBURÐIR

- 1521 Hernán Cortés leggur undir sig Tenochtitlán, höfuðborg Asteka.
- 1776 Gefin er út konungleg tilskipun um póstferðir á Íslandi. Fyrsta ferðin er farin sex árum seinna.
- 1792 Byltingarmenn í Frakklandi fangelsa aðalsfólk, þar á meðal Marie Antoinette.
- 1899 Alfred Hitchcock fæðist.
- 1926 Fidel Castro fæðist.
- 1940 Orrustan um Bretland hefst.
- 1948 Aldrei meiri annir í loftbrúnni til Berlínar.
- 1966 Ríkið kaupir Skaftafell í Örefum undir þjóðgarð.
- 1998 Jeppi fellur 200 metra fram af Grímsfjalli í Vatnajökli. Tvennt var í bílnum og komust bæði lífs af.



Okkar ástkæra eiginkona og móðir,

Amalía Rut Gunnarsdóttir

Björtusölum 23, Kópavogi,

andaðist 11. ágúst.

Jónas Yamak
Edda Falak Yamak
Ómar Yamak



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýðug við andlát

Helgu Guðrúnar Þorsteinsdóttur

Hraunbæ 80, Reykjavík.

Helga Margrét Söbech
Þórður Freyr Söbech
Guðmundur Örn Gunnarsson
Helgi Valur Gunnarsson
Jódís Þorsteinsdóttir

Gunnar Örn Guðmundsson
Jón Niésson



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýðug vegna andláts og útfarar elskulegs eiginnmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Ingimars Kr. Skjöldals

Skálateigi 1, Akureyri.

Elsa Óskarsdóttir
Dýrleif Skjöldal
Hafðís Skjöldal
Kristján Skjöldal
Eygló Jensdóttir
afa og langafabörn

Rúnar Arason
Nanna Björg Hafliðadóttir
Björn Austfjörð



Elskuleg eiginkona mín, móðir, dóttir, systir, mágkona og frænka,

Gréta Mjöll Storm Jakobsen

Ærtebjerggárdveji 62, Odense, Danmörku,

lést hinn 15. júlí á Odense Sygehus, var jarðsett 22. júlí í Broby Kirke, Odense. Minningarathöfn verður hinn 20. ágúst í Grundarkirkju, Eyjafjarðarsveit, kl. 14.00.

Henning Storm Jakobsen
Patrick Storm Jakobsen
Alexander Storm Jakobsen
Steinþór Oddsson
Harpa Jónsdóttir
Hallur Reykdal
Oddur Steinþórsson
Guðvarður Steinþórsson
Heiðbrá Steinþórsdóttir
og systkinabörn

Gréta Guðvarðardóttir
Guðjón Eiríksson
Kirsten Reykdal
Medha Sector
Saichon Khlaiput
Rúnar Eiríksson



ÓSKAR GUÐNASON Segir bílasöluna hafa eignast marga tryggja viðskiptavinum gegnum tíðina og margir kaupir af þeim bíla vegna þess að foreldrar þeirra gerðu það.

AÐALBÍLASALAN: HÁLFRAR ALDRAR GÖMUL

Erum enn þá aðal bílasalan

„Við vorum að flytja og erum undirbúa dálitla opunarhátíð með tilboðum og fleiru,“ segir Óskar Guðnason sölustjóri Aðalbílasalunar sem á hálftrar aldar afmæli um þessar mundir.

Aðalbílasalan er elsta starfandi bílasalan á landinu en hana stofnaði Halldór Snorrason við Aðalstræti árið 1955. „Halldór var veraldarvanur og stórhuga, enda þurfti maður að vera það til að stofna bílasölu þegar haftastefnan stóð sem hæst og bílar á landinu voru ekki margir,“ segir Óskar. Halldór átti Aðalbílasöluna í 45 ár en fyrir fimm árum keypti Bernhard ehf., innflytjandi Honda og Peugeot bifreiða, hana. Bílasalan er

nú flutt í Eirhöfða 11 en var áður í Skeifunni og Óskar kann breytingunni vel. „Það er mikið rými hérna og við getum verið með fleiri bíla en áður og aðstæðan í nýja húsinu er glæsileg.“

Óskar segir erfitt að áætla hversu marga bíla Aðalbílasalan hefur selt í gegnum tíðina en þeir skipti örugglega tugþúsundum. „Á síðastliðnum fimm árum höfum við selt fimm þúsund bíla þannig að ég held að það sé alls ekki ofmat.“ Að hans sögn hefur bílasalan eignast heimilarga tryggja viðskiptavinum í gegnum árin. „Sumir sem kaupa bíla hjá okkur gera það vegna þess að pabbi þeirra og jafnvel afi gerðu það líka og vilja halda

í hefðina.“

Óskar hefur starfað hjá Aðalbílasöluinni í sjö ár. Eins og gefur að skilja hefur hann mikinn áhuga á bílum, þótt bíladelphann sé ekki á jafn háu stigi og hjá mörgum kollegum hans. „Ég skipti ekki um bíla í sífellu eins og margir,“ segir hann og hlær. „Þetta er fyrst og fremst vinnan mín. Undanfarið hef ég ekið á Honda Accord og ég er mjög hrifinn þeim bíl.“

Óskar telur það ekki vera nokkra spurningu að Aðalbílasalan sé enn þá aðal bílasalan. „Við viljum meina það, enda er kjörorð okkar að við erum ekki aðeins fyrstir, heldur líka fremstir.“ ■

JARÐARFARIR

- 14.00 **Kristbjörn Benjaminsson**, frá Katastöðum, Núpasveit, verður jarðsungiinn frá Snartarstaðakirkju.
- 14.00 **Héðinn Kristinsson**, bifreiðastjóri, Heiðarbraut 2, Hnífsdal, verður jarðsungiinn frá Hnífsdalskapellu.
- 14.00 **Ester Friðjónsdóttir**, Illugagötu 69, Vestmannaeyjum, verður jarðsungiinn frá Landakirkju í Vestmannaeyjum.

ANDLÁT

- Magnús G. Helgason**, frá Lambastöðum, Seltjarnarnesi, lést á hjartadeild Háskólasjúkrahúsins í Lundi, Svíþjóð, þriðjudaginn 2. ágúst.
- Andri Ísaksson**, fyrrverandi prófessor, Hjallabrekku 14, Kópavogi, andaðist á heimili sínu 6. ágúst síðastliðinn.
- Björn Sigurðsson**, húsmasíðameistari, til heimilis á Hrafnistu í Hafnarfirði, áður Sólheimum 23, Reykjavík, lést þriðjudaginn 9. ágúst.
- Margrét Sighvatsdóttir**, Hraunvangi 1, lést miðvikudaginn 10. ágúst.
- Kristján G. Jónsson**, Álfaskeiði 64b, Hafnarfirði, andaðist á Sólvangi fimmtudaginn 4. ágúst.

AFMÆLI

- Páll Bergþórsson** verður fræðingur er 82 ára.
- Sigríður Dúna Kristmundsdóttir** prófessor er 53 ára.
- Sigurður Gísli Pálmason** athafnamaður er 51 árs.
- Einar Ágúst Viðisson** tónlistarmaður er 32 ára.
- Agnar Jón Egilsson** er 32 ára.

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Nýr staður Mögnuð tilboð

- á bílum og fjármögnun

Nýja og stórglæsilega húsnæðið okkar í Bílakjarnanum Eirhöfða er stúfult af mögnuðum tilboðum í tilefni opunarinnar. Úrvalið af bílum hefur sjaldan verið girnilegra og punkturinn yfir i-ið er tilboðskjör á fjármögnun frá Lýsingu. **Allt að 100% fjármögnun.** Komdu og tryggðu þér mögnuðustu tilboðin.

ÚTSÖLUHORNID

MÖGNUMUSTU TILBOÐIN



Skoda Fabia Comfort Combi
árg 3/02, ek 73 þús,
beinsk.
Verð 950 þús.
Tilboð 690 þús.



Toyota RAV4 VVT-i
árg 2/03, ek 53 þús,
beinsk.
Verð 2.100 þús.
Tilboð 1.850 þús.



BMW 316 Touring E-46
árg 8/03, ek 18 þús,
sjálfskiptur, TV og flr.
Verð 2.790 þús.
Tilboð 2.350 þús.



Renault Laguna II 1,6 Stw
árg 7/02, ek 52 þús,
beinsk.
Verð 1.390 þús.
Tilboð 990 þús.



Peugeot 206 XR
árg 6/03, ek 32 þús,
beinsk.
Verð 1.220 þús.
Tilboð 950 þús.



VW Golf GTI 20V
árg 4/03, ek 78 þús,
beinsk, 150 hö.
Verð 1.750 þús.
Tilboð 1.550 þús.



Honda HR-V Smart
árg 6/04, ek 30 þús,
beinsk.
Verð 1.750 þús.
Tilboð 1.550 þús.



Honda Stream 2.0 Esi Vtec
árg 7/03, ek 33 þús,
sjálfskiptur, 7 manna.
Verð 1.790 þús.
Tilboð 1.590 þús.



Honda Civic 1,4 SI
árg 9/98, ek 71 þús,
sjálfsk.
Verð 720 þús.
Tilboð 595 þús.



Hyundai Matrix Gls
árg 3/03, ek 33 þús,
sjálfskiptur.
Verð 1.390 þús.
Tilboð 990 þús.




Toyota Corolla Touring 4wd,
árg 6/99, ek 120 þús,
beinsk.
Verð 880 þús.
Tilboð 650 þús.



Opel Zafira 1,8 Comfort
árg 6/01, ek 64 þús,
beinsk.
Verð 1.350 þús.
Tilboð 1.050 þús.

HÉR & NU / SÍA



LÝSING

AÐALBÍLASALAN
STOFNUM 1955
SÍMI 551 7171 • www.abs.is

Aðalbílasalan • Eirhöfða 11 • 110 Reykjavík • Sími 551 7171
LAU 10-16 • SUN 13-17



RÁÐSTÖFUNARFÉ RÁÐHERRANNA

Polfimikennarar og einkapjálfarar

Einstakt tækifæri!

Hinn heimspekti
Patrick Goudeau
kennir á
námskeiði
4 sept.



Spennandi leiðbeinendanámskeið 4. sept.
Margt nýtt, fróðlegt og gagnlegt á dagskrá:

- 09.30 Pallafjör - frábærar nýjar samsetningar - Patrick Goudeau
- 10.30 Hjólþjálfun - allar nýjustu áherslurnar - Ágústa Johnson
- 11.30 Skorpuþjálfun - frábærar hugmyndir að fjölbreyttum tíma þar sem reynir bæði á þol og styrk - Guðbjörg Finnsdóttir, íþróttakennari
- 12.30 Hádegishlé
- 13.00 Hvernig nærðu enn betri árangri í þínu starfi? - Vítamínsprautu frá Helga Rúnari Óskarsyni, frkv.stj. Dale Carnegie
- 13.40 BOSU - Frábærar æfingar sem gefa toppárangur á stórsniðugu BOSU bólunni sem er að slá í gegn um allan heim. Áhersla á kjarnavöðvana - Carolyn Parker, Stott-Pilates leiðb. og ACE þjálfari
- 14.45 Fjölbreytni í æfingavali og fagmennska gerir þig að framúrskarandi leiðbeinanda - Ótal góðar hugmyndir og gagnlegar upplýsingar - Eyrún Ragnarsdóttir, íþróttakennari
- 15.50 ABC - (Amazing Ball Choreography) Mjög skemmtilegt nýtt æfingakerfi með stóru jafnvægisboltunum. Patrick Goudeau hefur kynnt ABC kerfið út um allan heim við miklar vinsældir.

Misstu ekki af þessu einstaka tækifæri
Láttu skrá þig á námskeiðið strax í síma
568 9915 eða sendu póst á
hreyfing@hreyfing.is Nánari upplýsingar
fást einnig á www.hreyfing.is

HREYFING

Faxafeni 14 568 9915 www.hreyfing.is

Á hverju ári úthluta ráðherrar tugum milljóna í einstök verkefni sem þeir telja fjárför til. Þeir hafa mismiklar fjárhæðir til ráðstöfunar en samkvæmt fjárlögum síðasta árs höfðu þeir um áttatíu og fimm milljónir til þess að veita til þeirra sem óska eftir styrkjum úr höndum þeirra og ríkisins. **Hjálmar Blöndal** skoðaði í hvað peningarnir fara.

Ráðherrar ríkisstjórnar Íslands höfðu áttatíu og fimm milljónir til eigin ráðstöfunar samkvæmt sérstökum lið á fjárlögum síðasta fjárlagaárs.

Fréttablaðið óskaði eftir upplýsingum frá ráðuneytum um hvernig þeirri heimild sem ráðherrarnir hafa hefði verið varið á síðasta fjárlagaári og sérstaklega sundurliðað eftir hverri ráðstöfun fyrir sig.

Þrátt fyrir ítrekuð erindi til utanríkisráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins fengust engin svör.

Fyrst árið 1990

Ráðstöfunarfé kom fyrst fyrir í fjárlögum árið 1990 en í skýringum með fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1990 kom fram að ákveðið hefði verið að bæta við nýjum lið í fjárlagakafli hvers ráðuneytis. Þar sagði: „Eins og reynslan sýnir koma óhjákvæmilega upp á árinu ný tilefni og verkefni sem talið er nauðsynlegt að sinna og til ráðuneytanna sækja ýmsir aðilar, félagsamtök og stofnanir, eftir stuðningi við einstök mál eða verkefni, sem viðkomandi ráðherra vill sinna, enda oft um að ræða hliðstæðu þess sem hlotið hefur atbeina í fjárlögum. Enn fremur er oft brýn nauðsyn á at-hugun, úttekt eða undirbúningsvinnu við málefni sem ráðuneytinu ber að sinna en ekki var fyrir-séð.“

Liðurinn er enn í fjárlögum og samkvæmt upphaflegum skýringum er honum ætlað að styrkja verkefni sem nauðsynlegt er að sinna.

Misháar upphæðir

Ráðherrar fá misháar upphæðir til ráðstöfunar samkvæmt málaflokkum og engar reglur eru til um með hvaða hætti þeir eiga að fara með þá fjármuni, að undanskildum þeim skilaboðum sem koma fram í skýringum með fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1990. Þannig fær menntamálaráðherra mest allra, átján milljónir til úthlutunar, en minnstu upphæðina fær sjávarútvegsráðherra, þrjár milljónir. Í gegnum árin hefur oft heyrst gagnrýni á það hvernig ráðherrar verja því fé sem um ræðir en sú staðreynd virðist minna gagnrýnd að ráðherrar hafa áttatíu og fimm milljónir sem þeir úthluta að eigin vilja.

Fjöldi úthlutana

Í meðfylgjandi yfirliti um ráðstöfun á ráðstöfunarfé ráðherra á síðasta fjárlagaári er reynt að draga fram þau verkefni sem hvað hæstu úthlutunina fengu. Einstök ráðuneyti virðast leggja áherslu á að úthluta til sem flestra. Þannig hefur landbúnaðarráðherra úthlutað fjórutíu og fjórum styrkjum á meðan félagsmálaráðherra úthlutar aðeins ellefu styrkjum. Munar þó aðeins um fimm hundruð þúsund krónur á úthlutaðri fjárhæð þar sem félagsmálaráðuneytið úthlutar fimm milljónum og landbúnaðarráðuneytið hálfri milljón meira.

Einn ráðherra fram úr áætlun

Flestir ráðherrar halda sig þó við áætlun. Aðeins einn ráðherra fer fram úr áætlun, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra. Hún fer tæpri milljón fram úr fjárlögum á þessum tiltekna lið fjárlaganna.

Þá má geta þess að einn ráðherra notaði ráðstöfunarfé til að sinna erindi einstaklings sem hafði lent í fjárhagsörðugleikum vegna veikinda en sú upphæð er ekki metin í þeim tölum sem hér eru birtar.

Handbolti og ungir framsóknarmenn

Ráðstöfunarfé ráðherranna fellur ekki alltaf innan þess málaflokks sem ráðherra starfar við. Til dæmis virðist landbúnaðarráðherra sjá ástæðu til að styrkja þriðja flokk karla í handbolta á Selfossi um hundruð og þrjátíu þúsund krónur, sjávarútvegsráðuneytið styrkir Æskulýðsdag með hestinum um hundruð og fimmtíu þúsund krónur og fyrrverandi umhverfisráðherra, Siv Friðleifs-dóttir, styrkir Samband ungra framsóknarmanna um þrjátíu þúsund krónur.

Ekkí endanlegur listi

Hér er ekkí birtur endanlegur listi yfir þá sem fengu úthlutað af ráðstöfunarfé ráðherra. Listinn með áttatíu og fimm milljónum er einfaldlega of langur til þess að hægt sé að birta alla styrkina á þessum stað en margt þykir eflaust áhugaverðara en annað.

hjalmar@frettabladid.is

Hér má sjá hluta þeirra fjárhæða sem hver ráðherra hefur úthlutað samkvæmt sérstökum lið á fjárlögum síðasta árs. Listinn er ekkí tæmandi heldur aðeins sýnishorn af hæstu upphæðum hvers ráðherra. Þá má sjá heimild í fjárlögum fyrir árið og hversu mikið ráðherra hefur nýtt. Skipti urðu í nokkrum ráðuneytum á síðasta ári og er ekkí tekið sérstaklega tillit til þess nema í umhverfisráðuneytinu.

HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐHERRA

Vímulaus æska, foreldrahús. 500.000 kr.
MND-félagið, útg. fræðslubæklinga 300.000 kr.
Ný leið ráðgjöf, forvarnarverkefnið Lífs-listin. 300.000 kr.
Ungmennafélag Íslands, styrkur til forvarnarstarfs. 200.000 kr.
SÁS – samtök um spilafíkn, útgáfa fræðslubæklinga. 200.000 kr.
Lind – félag um meðf. ónæmisgalla, útgáfa fræðslubæklinga. 200.000 kr.
Angi/Krabbameinsfélagið, samvera fjölskyldna barna með krabbamein. 200.000 kr.
Félag sérfræðinga í klínískri sálfræði, fræðslufundur um þunglyndi. 200.000 kr.
Forvarnarstarf læknaema, kynsjúkdómar og ótímabær þungun. 200.000 kr.
Heimild samkvæmt fjárlögum: 8.000.000 kr.
Nýtt heimild: 4.375.000 kr.
Ráðherra: Jón Kristjánsson



MENNTAMÁLARÁÐHERRA

Hrókurinn, útbreiðsla skákar í grunnskólum 2004-2005. 2.500.000 kr.
ÍSí, Ólympíuleikar 2004 1.500.000 kr.
Óperan Grettir 1.200.000 kr.
Presence í París 800.000 kr.
Kópavogsbær, Spænskir dagar. 550.000 kr.
Tónskáldafélag Íslands, Myrkir músíkdagar 2004. 500.000 kr.
Karlakórinn Prestir, alþjóðleg kórakeppni í Wales og Carnegie Hall í New York. 400.000 kr.

Þjóðleikhúsið, vegna aldarafmælis Ragnars í Smára. 350.000 kr.
Heimild samkvæmt fjárlögum: 18.000.000 kr.
Nýtt heimild: 18.968.249 kr.
Ráðherra: Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

FORSÆTISRÁÐHERRA

Hagstofa Íslands, millifærð fjárhæimild vegna verkefnis um birgðaskýrslur. 2.700.000 kr.
Nefnd um 100 ára afmæli Heimastjórnar á Íslandi, millifærð fjárhæimild vegna kostnaðarhlutdeildar við menningardagskrá á slóðum Vestur-Island-inga, sem haldin var 17. júní 2004 í Kanada. 750.000 kr.

Franz Gíslason, framlag til þýðingar á bókinni Þvert yfir Grænland 1912-1913, eftir Vigfús Sigurðsson, Grænlandsfara. 350.000 kr.

Kvenréttindafélag Íslands, framlag til að félagið geti sent fulltrúa á aðalþing Alþjóðasamtaka kvenna og kvenréttindafélaga sem haldið var í Berlín 11.-14. september 2004. 150.000 kr.

Margrét Sigfúsdóttir, framlag til að auðvelda flutning á málverkum frá Frakklandi til Íslands og útgáfu á kynningarefni vegna mál-

verkasýningar í Hafnaborg í Hafnafirði. 150.000 kr.
Heimild samkvæmt fjárlögum: 5.000.000 kr.
Nýtt heimild: 4.925.000 kr.
Ráðherra: Davíð Oddsson og Hall- dór Ásgrímsson.



UMHVERFISRÁÐHERRA

(1. janúar til 14. september)
Björn Hróarsson, styrkur til hellarannsóknar. 500.000 kr.
Steyppustöðin ehf., styrkur vegna endurvinnslubúnaðar fyrir Steypustöðina og hlutdeildarfélög. 300.000 kr.



ferðapjónustu með aðild að Green Globe 21. 200.000 kr.

(15. september til 31. desember)
Sturla Friðriksson, styrkur til útgáfu Surtseyjarbókar á ensku og þýsku. 500.000 kr.

Ferðafélag Fljótsdalsheða, styrkur vegna átaks gegn akstri utan vega. 200.000 kr.

Heimild samkvæmt fjárlögum:

5.000.000 kr.

Nýtt heimild:

4.500.000 kr.

Ráðherra: **Siv Friðleifsdóttir**

(fyrra tímabil) og **Sigríður Anna Þórðardóttir**

(síðara tímabil).



DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐHERRA

ÓB ráðgjöf ehf., „Uppeldisfræðsla í öllum skólum“. 360.000 kr.

Mímír-símenntun, námskeið fyrir fanga á Litla-Hrauni. 300.000 kr.

Samband íslenskra kristniboðsfélaga, styrkur til starfsemi. 250.000 kr.

UMFÍ, forvarna- og fræðsluverkefni tengt kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum.

250.000 kr.

Danmerkurferð hóps yfirmanna í lögreglunni.

250.000 kr.

Heimild samkvæmt fjárlögum:

8.000.000 kr.

Nýtt heimild:

6.465.000 kr.

Ráðherra: **Björn Bjarnason**.



FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA

Samtökin '78, rekstrarstyrkur. 1.000.000 kr. V-dagsamtökin, starfsmaður vegna V-dags 2004. 1.000.000 kr.

Kvennasögusafn Íslands. Ráðstefna á Íslandi: Kvennahreyfingaráttur Norðurlöndunum. 700.000 kr.

Ungmennafélag Íslands, forvarna- og fræðsluverkefni varðandi kynferðisofbeldi gegn börnum. 500.000 kr.

Ný leið ráðgjöf, verkefnið Lífs-listin.

300.000 kr.

Heimild samkvæmt fjárlögum:

5.000.000 kr.

Nýtt heimild:

5.000.000 kr.

Ráðherra: **Árni Magnússon**.



SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA

Sero Ltd., Stefán Jónsson, Skagaströnd, þróun bragðefnis til manndæis. 400.000 kr.

Jónas Bjarnason, ferðastyrkur á ráðstefnu í Færeyjum. 250.000 kr.

Jakob F. Ásgeirsson, endurútgáfa bókar um upphaf togveiða. 200.000 kr.



Æskan og hesturinn, æskulýðsdagur með hestinum.

150.000 kr.

Heimild samkvæmt fjárlögum:

3.000.000 kr.

Nýtt heimild:

2.710.000 kr.

Ráðherra: **Árni M. Mathiesen**.

SAMGÖNGURÁÐHERRA

Styrkur vegna **Þróunarverkefnis** á sviði ferðapjónustu í **Sauðanesi**. 300.000 kr.

Styrkur vegna **útgáfu ferðablaðs Bæjarins bestu**. 300.000 kr.

Styrkur vegna **Food and Fun hádegisverðar** í Hótel- og matvæðaskóla Íslands. 250.000 kr.

Styrkur vegna **uppgerðar Sandsýttunnar International TD 14**. 250.000 kr.

Heimild samkvæmt fjárlögum:

5.000.000 kr.

Nýtt heimild:

3.995.000 kr.

Ráðherra: **Sturla Böðvarsson**.



IDNADAR- OG VÍDSKIPTARÁÐHERRA

Tilraunaverkefni um **rafrænt samfélag**. 5.000.000 kr.

Vetnismál 3.000.000 kr.

Neytendasamtökin 1.500.000 kr.

Styrkur til **íslensku tónlistarverðlaunanna**



500.000 kr.

Útflutningsráð

vegna tiskuviku í París 500.000 kr.

Heimild samkvæmt fjárlögum:

11.000.000 kr.

Nýtt heimild:

11.000.000 kr.

Ráðherra: **Valgerður Sverrisdóttir**.

FJÁRMÁLARÁÐHERRA

Svarar ekki.

Heimild samkvæmt fjárlögum:

6.000.000 kr.

Ráðherra: **Geir H. Haarde**



UTANRÍKISRÁÐHERRA



Svarar ekki.

Heimild samkvæmt fjárlögum: 5.000.000 kr.

Ráðherra: **Davíð Oddsson** og **Halldór Ásgrímsson**.

LANDBÚNAÐARRÁÐHERRA

Skógrækt ríkisins 300.000 kr.

Hrossræktarstöð Suðurlands 200.000 kr.

Júðósambandið 200.000 kr.

Ræðismaður Mongólíu 200.000 kr.

Beisik

200.000 kr.

Hrókurinn

200.000 kr.

Heimild samkvæmt fjárlögum:

6.000.000 kr.

Nýtt heimild:

5.580.000 kr.

Ráðherra: **Guðni Ágústsson**.



ego dekor

BÆJARLIND 12 - S: 544 4420
201 KÓPAVOGUR

Opíð: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00 - sun 13:00-16:00

Útsalan í fullum gangi
20-70% afsláttur



ego dekor

20-40% afsláttur
Af öllum sófum og sófasettum



4ra sæta sófi m/óhreinindavörðu microfíber áklæði

Auðvelt að taka af og hreinsa

Verð áður: 149.000.-

Verð nú: 89.400.-

ego dekor

Vandað leðursófasett - ítalskt leður

3+1+1

Verð áður: 256.000.-

Verð nú: 179.200.-

3+2

Verð áður: 242.000.-

Verð nú: 169.400.-

Romantique sófaborð

(120cm x 70cm)

Verð áður: 32.000.-

Verð nú: 19.200.-

ego dekor

Romantique hnotulína (30-40% afsláttur)

Borð (180cm x 100cm) og sex stólar

Skenkur (180cm)

Spegill (130cm)

Verð áður: 127.000.-

Verð áður: 79.000.-

Verð áður: 17.000.-

Verð nú: 88.900.-

Verð nú: 55.300.-

Verð nú: 10.200.-

Borð, sex stólar, skenkur og spegill (sjá mynd)

Allt settið: 154.400.-





BÆNAHALD Í ÁRMÚLA
Ungur drengur fylgist með bænahaldinu. Salmann er fremstur en hann fór fyrir bænahópnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM GUINNAÐSSON

Íslam og Ísland lofsungið í Ármúlanum

Fjölmenningsafmælingar Ísland á sér ýmsa kima sem eiga fátt skylt við bláeygðu og skolhærðu ímynd þessarar þjóðar sem oft vill láta í veðri vaka að hún sé alin á súrmeti og fiski. Félag múslima á Íslandi skýtur skökku við þessa ímynd en bænastundirnar sem það stendur fyrir á hverjum föstudegi eru yfirleitt fjölmennari en flestar kirkjusamkomur landsins á venjulegum sunnudegi.

Eins og þú sérð þá erum við ekki að smíða kjarnorkuvopn hérna," segir Salmann Tamimi, formaður Félags múslima á Íslandi, hlæjandi meðan hann leiðir blaðamann um aðsetur félagsins í Ármúla, þar sem staðið er fyrir bænastundum á hverjum föstudegi. Hann segist ekki merkja neina fordóma í Íslendingum í garð múslima eftir 11. september en hann segir þó fjölmiðla, innlenda sem erlenda, oft lenda í þeirri gildru að dæma alla múslima eftir verkum örfárra einstaklinga.

Salmann telur að múslimar á Íslandi séu á bilinu sjö hundruð til þúsund talsins og fari sífellt fjölgaandi. „Við erum ekki í neinu trúboði," segir hann. „Reyndar lítum við á það sem hlutverk okkar að upplýsa Íslendinga um íslam en

hver og einn verður svo að gera það sem hugur og hjarta segir honum. Um það bil hundrað Íslendingar hafa gerst múslimar og þeim fer fjölgandi.“

Hann segir að allnokkrir hafi lesið sig til sjálfir um Íslam og tekið trú í framhaldi af því. Aðrir hafi tekið trú maka síns þegar þeir hafi giftist múslima og enn aðrir hafi lagt krossinum fyrir hálfmánan eftir að hafa kynnst trúnni í gegnum vini erlendis.

„Í rauninni er meirihluti félagsmanna Íslendingar," segir Salmann, „en þá teljum við líka með þá araba sem hafa tekið íslenskan ríkisborgararétt.“

Formaðurinn segir félagið verða að bregðast við þessari þróun og nú liggur á borði framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar umsókn þess um lóð þar sem

moska félagsins mætti standa og leysa bænahúsið í Ármúlanum af. Hann vonast til þess að moskan verði risin innan þriggja ára.

Bóndinn fær ekki að giftast annarri

Drjástu og fjórir tilbiðjendur voru við bænahaldið þegar blaðamann bar að garði. Þar á meðal voru fjórar konur og ein þeirra var Sigrún Valsdóttir en hún gerðist múslimi fyrir sex árum og þylur nú heilu kaflana úr kóráninum á arabísku án þess að vefjast tunga um tönn.

„Ég kynntist íslam í gegnum vini þegar ég var að læra í Bandaríkjunum," segir hún. „Svo fór ég að lesa mér til og þá fannst mér sem ég hefði fundið það sem ég hafði alltaf verið að leita að. Það kom mér afskaplega mikið á óvart hvað íslam er falleg trú og hvað mikill friðorð er í henni.“

Sigrún býr í Kafró ásamt egyptskum eiginmanni sínum en er nú í faðmi fósturlandsins í frí. Blaðamanni lék forvitni á að vita hvort ekki kæmi til togstreitu hjá þeim þar sem íslenskar og svo íslamskar hefðir tækjust á. Hvað um til dæmis ef hann giftist nú annarri konu sem trúin heimilur honum að gera? „Þótt fjölkvæni sé til í íslam er það frekar sjaldgæft orðið, enda að mörgu leyti vandasamt nú á tímum. Ég gerði hins vegar samkomulag við minn mann um að ég myndi ekki líða að hann giftist annarri og þar með var það afgreitt," segir hún.

Klökknar við manggæsku fólksins hér á landi

Aziz Naíli er Íslendingur af al-sírskum uppruna en hann er hinn ánægðasti með þessa norrænu landa sína sem hann telur ekki svo ólíka Alsíringum.

„Það er mjög mikil samheldni hérna, allir eru tilbúnir að hjálpa náunganum með öllum mögulegum hætti; ég er alinn upp við slík-



SALMANN TAMIMI Salmann sagði í ræðu sinni að íslam væri trú friðar og umburðarlyndis. Hann segir Íslendinga ekki fordómfulla í garð múslima.



SIGRÚN VALSDÓTTIR Sigrún þylur kóráninn á arabísku utanbókar og virðist ekki eiga í miklum vanda með að samtvinna íslenska innrætið og íslömsku trúna.



AZIZ NAÍLI Aziz lýkur við bænir sínar. Hann mætir miklum skilningi vinnufélaga sinna sem stundum þurfa að hafa hann afsakaðan meðan hann leggst á bæn.

an hugsunarhátt eins og flestir múslimar svo þetta kemur sér vel. Í gegnum íslenska bændur hef ég svo kynnst því að virðing manna hér fyrir náttúrunni og gjöfum hennar eru nær samtvinnuð innræti þeirra, eitthvað sem ég þekki frá mínum bernskuslóðum. Hér borða menn einnig nær allt sem af sauðkindinni kemur og þar er eitt dæmið enn um hve margt er sameiginlegt með þessum þjóðum. Kannski er þetta ekki svo skrítið í ljósi þess að fjölmargar konur voru teknar hér á landi í Tyrkjaráinu svokallaða og þær hafa lagt sitt að mörkum í Alsír svo kannski eru þjóðirnar ekki svo óskyldar," segir Aziz hlæjandi.

„Ég ber mikla virðingu fyrir fólkinu hér. Ég er til dæmis að vinna á leikskóla með svo dásamlegu fólki að ég er fullur þakklætis að hafa kynnst því. Það kemur mér sífellt á óvart með gæsku sinni, til dæmis passar það sérlega upp á að trufla mig ekki meðan ég býtt í bakherbergi til að fara með bænirnar. Þau skilja í rauninni ekki hvað ég er að gera en virða það samt og við slíkri manggæsku klökkna ég bara en þetta er reynsla mín af fólkinu hér og ég þakka Allah fyrir það.“

Ísland og íslam

Allt virtist renna saman í þessari bænastund. Ut um gluggann sáu stórir og fólk á ferli í önnum íslenska hversdagsins. Arabíska hljómaði sungin og sögð frá einbeittum biðjendum af fjölmörgum þjóðernum. Inni á milli voru svo krakkar, múslimar sem og kristnir sem horfðu forvitnir á en voru fljótir að bregða á leik þegar bænahaldi var lokið.

Blaðamaður ætlaði sér að spyrja frekar um togstreitu íslenskra og íslamskra síða og hefði en svo rann allt í fjölmenningarlega heild.

jse@frettabladid.is

2 fyrir 1
til Alicante

17. eða 24. ágúst frá kr. 19.990

Síðustu sætin

19.990

Flugsæti með sköttum báðar leiðir. Netverð á mann.

Nú getur þú tryggt þér síðustu sætin í sólinu við Alicante á hreint ótrúlegum kjörum. Þú bókar 2 sæti en greiðir bara fyrir 1. Úrval gistingualeika á Benidorm í boði.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri
sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Helgarsprengja

Öll raftæki fást í Hagkaupum Smáralind. Takmarkað úrval í öðrum verslunum.



9.990

fullt verð 14.990.

**Exido
Espressóvél**
15bar espressóvél
úr burstuðu stáli.
Frábær kaup.



3.990

fullt verð 4.990.

Exido Blandari
Vinsæli stálblandarinn með glerkönnu.
- mylur ís eins og ekkert sé. 450w með
2 hraðastillingum og púls möguleika.



990

fullt verð 2.990.

United Samlokugrill
Hvitt samlokugrill.



990

fullt verð 1.990.

United Brauðrist
Hvít einföld brauðrist.



5.990

fullt verð 8.990.

Melissa Matvinnsluvél
Vönduð 500w matvinnsluvél með 1,5 lítra skál,
1,2 ltr. blandara og aukahlutum.
2 hraðastillingar og púls möguleiki.



2.490

fullt verð 2.990.

Melissa vöflujárn
Vandað 1000w vöflujárn með vandaðri
viðloðunarfrírri húð og lætur vita þegar
járníð er orðið heitt.



9.990

fullt verð 12.990.

Ideline örbylgjuofn
Vandaður stál örbylgjuofn 17 lítra, 700w.
Grill með combi möguleika, digital skjár.
Einfaldur en fullkominn.



6.990

Ideline örbylgjuofn
17 lítra og 700w einfaldur en góður
örbylgjuofn með affrystimöguleika.



9.990

fullt verð 16.990.

AEG ryksuga
Mjög kraftmikil 2000w AEG
ryksuga með stillanlegu röri.
PUMA fótbolti fylgir í
kaupbæti.

United Ryksuga
Vönduð 1600w ryksuga með
HEPA síu, stillanlegu skafti
og styrkstíli.



4.990

fullt verð 7.990.

United Ryksuga
Einföld og góð 1400w
ryksuga.



3.990

fullt verð 4.990.

Gildir til 18. ágúst eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Sæskrímsli gleðja grænlenk börn

„Ég laumaði því að Hrafni Jökulssyni með mikilli lævísni að það væri mjög mikilvægt að ég væri með sýningu í Tasiilaq á meðan skákhátíð Hróksins stæði yfir,“ segir myndlistarkonan Hulda Hákon, sem sýnir verk sín í samkomuhúsinu í Tasiilaq á Grænlandi þar sem Hrókurinn heldur nú áfram landnámi skákarinnar á Austur-Grænlandi. „Hrafni beit sem betur fer á agnið,“ segir Hulda en hana hefur lengi langað til þess að sækja Grænlandi heim. „Mér þykir mjög vænt um að fá þetta tækifæri og sem Íslendingur finnst mér það eiginlega skammarlegt að ég hafi ekki komið hingað miklu fyrr. Þetta eru nú einu sinni okkar næstu nágrannar og þótt ég segi sjálf frá finnst mér þessar myndir passa mjög vel inn í þetta íslensk-grænlenka samhengi.“

Verkin sem Hulda kys á að sýna á Grænlandi eru myndir af sæskrímslum sem eiga sér fyrirmyndir í gömlu Íslandskorti. „Ég hef sýnt þessi skrímsli víða áður og margir kannast sjálf-sagt við þau. Þau eru til dæmis sýnd á Akureyri um þessar mundir. Myndirnar eru gerðar eftir teikningum á korti eftir hollenskan listamann sem myndskreytti landakort á 17. öld. Þetta gamla kort sem ég studdist við er eignað Guðbrandi Þorlákssyni og þetta eru nákvæmar eftirmyndir af teikningunum á því.“

Hulda gerði myndirnar árið 2000 og segir þær hafa verið persónulega gjöf til sjálfrar sín. „Við eigum svo lítið af gamalli íslenskrí myndlist og með því að gera nákvæmar eftirlíkingar af gömlum fyrirmyndum fannst mér ég vera að draga eitthvað sem mér þykir vænt um úr menningu okkar í fortíðinni inn í nútímann. Það eru líka fleiri skrímsli á þessu gamla Íslandskorti en gengur og gerist á öðrum kortum frá sama tíma

þannig að sennilega hafa norðurhöfin verið dularfull og hættuleg í augum Evrópubúa.“

Hulda er ánægð með athyglina sem verkin hafa fengið hjá heimamönnum. „Þar sem sýningin er haldin að mínu frumkvæði gleður það mig að þau skuli falla í góðan jarðveg hérna. Grænlenku krakkarnir eru mikið að skoða þetta og kannski eigum við þarna einhvern sameiginlegan bakgrunn þar sem þetta eru fyrirbæri sem búa í sjónum.“ Krakkarnir eru mjög upprifnir yfir myndunum og horfa andaktug á skrímslin og stelast stundum til að snerta þau. „Ég er nú ekki mikið fyrir það að fullorðin fólk í Reykjavík sé að pota í verkin mín en þau þola alveg snertingu og það er allt annað þegar lítil börn á Grænlandi eru að pota. Mér þykir bara vænt um það.“

thorarin@frettabladid.is



HULDA HÁKON Myndlistarkonan hefur sérstaklega gaman að því hversu mikinn áhuga grænlenku börnin sýna myndlist hennar.



BJÖRGVIN FRANZ GÍSLASON Björgvin segir að þeir tónleikahaldarar sem hljómsveitin hafi unnið með séu til mikils sóma og hafi hlúð vel að hljómsveitinni. „Sigurður Hólm og félagar á Gauknum eru búnir að vera alveg frábærir og fólk sem sér um Sjallann líka. Þau eiga öll heiður skilinn því svona gott samstarf er ekki sjálfgefið.“

Lágmark að vera í leðurbuxum

Björgvin Franz Gíslason og félagar hans í The Doors tribute band ætla að halda tvenna tónleika á Gauki á stöng dagana 17. og 18. ágúst. Mikil stemning hefur myndast í kringum hljómsveitina og engin lát virðast vera á vinsældum hennar. „Já, þetta verður bara vinsælla og vinsælla,“ segir Björgvin. „Við erum auðvitað öðruvísi en hin hefðbundnu bönd því við erum ekki að kynna nýtt efni heldur flytja gamla og góða klassikera. Það er bara stappfullt á öllum tónleikum hjá okkur og frábær stemning.“

Niðþröngar leðurbuxur

The Doors tribute band kom fram á Akureyri um verslunarmannahelgina og nú er komið að borgarbúum að fá að njóta tónlistarinnar. „Við stefnum alltaf að því að skipta út lögum og koma með eitthvað „nýtt“ sem við höfum ekki spilað áður. Við tökum líka tillit til þess sem fólk biður um og höldum öllu opnu því það er af svo mörgum góðum lögum að taka.“

Björgvin Franz þykir gletti-

lega líkur Jim Morrison á sviðinu en hann segist ekki vera að reyna að leika hann. „Ég er bara Björgvin að sýna tónlistinni og flytjandnum virðingavott. En alveg eins og prestur fer í hempu þegar hann messar, þá fer maður í leðurbuxur og er með sítt hár þegar maður syngur Jim Morrison. Við erum ekki viljandi að klæða okkur eins og þeir heldur erum við bara að fylgja stemningunni og fyrst og fremst að gera músikinni hátt undir höfði.“

Leðurbuxurnar sem Björgvin klæðist á tónleikumunum hafa vakið þónokkra athygli en hann er nýbúinn að láta þrængja þær. „Þegar ég byrjaði í bandinu var ég að lyfta eins og brjálæðingur og borðaði bæði skyr og fæðubótarefni. Ég var með alveg ótrúlega góðan einkabjálfa og hef aldrei þungst jafn mikið. Svo hætti ég að vera í svona miklu líkamsræktarstúdi og þá fór ég að greinast. Ég vildi ómögulega að buxurnar yrðu hólkvíðar svo ég fór og lét þrængja þær um daginn. Nú eru þær alveg niðþröngar, svipaðar

þeim sem Bubbi var í á sínum tíma í Utangarðsmönnum eða Egó.“

Úr Benedikt Búálfi í Jim Morrison Björgvin segir að ekki hafi allir haft trú á því að Doors-upptæki myndi heppnast og margir efast um að „Benedikt Búálfi“ gæti passað í þetta hlutverk. „Mér finnst mjög ánægjulegt að heyra frá þessu fólki núna þegar það segir mér að tónleikarnir hafi komið því skemmtilega óvart og hvað þetta hefur almennt gengið vel,“ segir hann. „Strákarnir í hljómsveitinni flytja lögina alveg ógeðslega vel því þeir eru algjörir snillingar. Þeir ganga svo sannarlega alla leið. Svo dugar auðvitað ekki að vera bara með gott band því áhorfendurnir hafa verið alveg frábærir og þegar við erum uppi á sviði líður okkur eins og við séum komnir í parti með öllum okkar bestu vinum,“ segir hinn geðþekki og orkumikli söngvari sem hvetur alla til þess að mæta á Gaukinn í næstu viku.

soleyk@frettabladid.is

Chevrolet gæði, frábært verð!

Fjölskyldubíllinn Chevrolet Lacetti er einstaklega vel búinn bíll á frábæru verði. Staðalbúnaður innifelur m.a.: 1,8 ltr. 122 hestafla vél, regnskynjara á framrúðu, TCS veggrips-stýringu, spólvörn, þokuljós, útvarp með 5 diska geislaspilara og kassettutæki, 8 hátalarar, rafknúnar rúðuvindur og útspeglar, leðurklætt velti- og aðdráttarstýri, hljómtækjastillir í stýrishjóli, aflstýri sem þyngst með auknum hraða, þrígga punkta bílbelti í öllum sætum og m.fl.

Allt þetta fyrir aðeins

kr. 1.699.000

beinskíptur

kr. 1.899.000 sjálfskíptur

Nýtið ykkur hagstætt gengi!



Aukahlutur á mynd: alfelgur.



Kalos SE
kr. 1.199.000,-



Lacetti Sport
kr. 1.499.000,-



Lacetti CDX
kr. 1.599.000,-



Lacetti CDX Station
kr. 1.699.000,-



Evanda Executive
kr. 2.399.000,-

Bilabúð
Benna

Bilabúð Benna • Vagnhöfða 23 • Sími 590 2000 • www.benni.is

Komdu, skoðuðu og reynsluaktu Chevrolet Lacetti.

Opið virka daga 09 - 18. Laugardaga 12 - 16.

Bílasalan Ós • Njarðarnes 1 • 603 Akureyri • Sími 462 1430

CHEVROLET



Sólarupprás Hádegi Sólarlag
 REYKJAVÍK 5.12 13.33 21.50
 AKUREYRI 4.45 13.17 21.47
 Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er laugardagurinn 13. ágúst, 225. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Pabbi, verður nýja sjónvarpið skemmtilegra en það gamla?



Smáauglýsingar

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

PÚ GETUR PANTAÐ SMÁUGLÝSINGAR Á visir.is



allt

bílar o.fl.
 Tveimur Ducati Monster reynsluekið
 BLS. 3



SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á visir.is



Sólrún Ásta Steinsdóttir hefur átt þann draum frá því að hún var lítil stelpa að eignast gamla Volkswagen-bjöllu.

Vildi helst hafa bílinn í stofunni

Gyllt og falleg Volkswagen-bjalla er í eigu Sólrúnar Ástu Steinsdóttur. Bílinn keypti hún til að nota við brúðkaup sitt.

„Vinkona mín var að setja upp nýja eld-húsinnréttingu, vantaði peninga og seldi mér þess vegna bjölluna með miklum trega,“ segir Sólrún Ásta Steinsdóttir, kjóla- og klæðsker. Umrædd bjalla er upprunalega útgáfan af Volkswagen-bjöllu sem notið hefur mikilla vinsælda. „Það hefur verið langbráður draumur að eignast svona bíl,“ segir Sólrún og bætir við að hún myndi jafnvel geyma hann inni í stofu ef það væri pláss. „Við maðurinn minn höfum verið að gera hana upp og sprautuðum hana og ætlum að skipta út stuðara og felgum. Reyndar hefur hann mest séð um bílinn, til dæmis hefur hann eflaust bónað hann jafnoft og ég hef sett á hann bensín,“ segir Sólrún og

hlær. Bílinn var sprautaður í fallega gylltum lit en þegar hún keypti hann var hann þó gylltur fyrir. „Hann var nú talsvert ryðgaður og það þurfti að taka hann í gegn. Það væri líka gaman í framtíðinni að setja í hann ný sæti.“

Sólrún segist lítið hafa keyrt bílinn þó að hann sé í góðu standi. „Hann þústar inn en það er lítið mál að laga það, bara ekki verið til þess tími,“ segir Sólrún. Bílinn keypti hún upprunalega til að nota við brúðkaup þeirra hjóna en bílinn var það lengi í sprautun að það náðist ekki. Sólrúnu virðist þó nokk sama því hún er alsæl að eiga bílinn jafnvel þó hún hafi ekki getað keyrt hann mikið eins og er. „Við eigum líka jeppa sem er á 38 tommu dekkjum en ég vil ekki keyra hann. Annars bý ég miðsvæðis og get nú labbað allt,“ segir Sólrún.

kristineva@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU í ferðum

Flugfélag Íslands býður upp á nettilboð á dagsferðum til Kulusuk á Grænlandi. Verð nú er 19.900 en var áður 47.700. Ákveðnar dagsetningar eru á tilboðunum og er takmarkað sætaframboð. Einnig er boðið upp á áætlunarflug til Kulusuk og má einnig panta miða í gegnum heimasíðu Flugfélagsins.



Erlendum ferðamönnum sem fara um Leifstöð hefur fjölgaði í júní og júlí miðað við sömu mánuði í fyrra, eftir því sem fram kemur á heimasíðu Ferðamálaráðs. Athygli vegur að Bandaríkjamönnum sem koma til landsins fjölga verulega þrátt fyrir óhagstætt gengi. Færri ferðamenn leggja hins vegar leið sína hingað frá

Þýskalandi og Norðurlöndunum en verið hefur undanfarin ár.

Örfá sæti eru eftir í ferð um slóðir Bandamanna í seinni heimstyrjöldinni. Ferðaskrifstofan Embla skipuleggur þessa ferð til Normandíheraðs í Frakklandi og er séra Þórhallur Heimisson fararstjóri. Flogið verður til London þann 2. október og ferð með ferju yfir til Frakklands. Ferðinni lýkur svo í París þann 7. október.

Úrval-Útsýn býður upp á tveir fyrir einn tilboð á völdum ferðum í sólna í lok mánaðarins. Um er að ræða fjórar ferðir til Portúgal, Krítar, Costa del Sol og Mallorca. Frekari upplýsingar fást á heimasíðu Úrval-Útsýnar.

ferdir@frettabladid.is

TOYOTA-þjónusta

- Nútíma verkstæði og fullkominn tækjabúnaður
- Gæðavottað verkstæði af Bilgreinasambandinu
- Bílaleigubíll á meðan viðgerð stendur
- Sérþjálfaðir starfsmenn
- Fljót og góð þjónusta

CABAS
 Verkstæði



BRA
 BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR
 AUÐUNNS
 Tjónaskoðun

Réttum og málum allar tegundir bíla

Nýbýlavegi 10 · Kópavogi · Sími 554 2510 · www.bilasprautun.is · bilasprautun@bilasprautun.is

Farsímar

Mikilvægt er að hafa slökkt á farsímunum við flugtak og landingu því farsímar og annar rafeindabúnaður geta auðveldlega truflað stjórnævi vélarinnar. Best er að hafa slökkt á símanum þar til komið er út úr vélinni.



Veiðikortið þakkar frábærar viðtökur í sumar og bætir um betur...



Nú geta Veiðikortshafar veitt í Þingvallavatni fyrir landi Þjóðgarðsins og Hraunfirði á Snæfellsnesi án aukagjalds. Fyrir eru í Veiðikortinu 20 veiðivötn víðs vegar um landið.

Óþarfi er að fara mörgum orðum um Þingvallavatn og veiðisvæðið fyrir landi Þjóðgarðsins. Þetta er einfaldlega eitt besta og skemmtilegasta silungsveiðisvæði landsins. Samið hefur verið um að Þjóðgarðssvæðið verði með í Veiðikortinu frá og með næsta ári en nú í ágúst mánuði og til loka veiðitímabilsins er þetta veiðisvæði hrein viðbót við Veiðikortið 2005.

Hraunsfjörður er minna þekkt veiðisvæði en það tekur yfir lönið inn af svokölluðum Hraunfirði á norðanverðu Snæfellsnesi. Þarna hefur verið gríðarmikil veiði og undanfarin sumur hafa um 5000 fiskar verið skráðir í veiðibækur. Þarna er staðbundin bleikja og sjóbleikja, urriði og sjóbirtingur og svo veiðist alltaf nokkuð af laxi. Mjög góð veiði hefur verið í Hraunfirði í sumar. Í nágrenninu eru tvö önnur vötn, sem eru innan Veiðikortsins 2005, Hraunsfjarðarvatn og Baulárvallavatn.

Búið er að semja um eftirfarandi 22 vatnasvæði fyrir árið 2005:

1. Baulárvallavatn á Snæfellsnesi.
2. Haukadalsvatn í Haukadal í landi Vatns.
3. Hítarvatn á Mýrum. (Ath. takmörkun í bæklingi - 30 stangir)
4. Hraunsfjarðarvatn á Snæfellsnesi
5. Kringluvatn í S-Þingeyjarsýslu
6. Langavatn í Borgarbyggð
7. Langavatn á Skaga (Hámark 7 daga fyrir hvern korthafa)
8. Sandvatn í S-Þingeyjarsýslu í landi Hamars.
9. Skorradalavatn í Skorradal fyrir landi Indriðastaða
10. Sléttuhlíðarvatn í Skagafirði í landi Hrauns
11. Syðradalsvatn við Bolungavík
12. Sænautavatn á Jökuldalsheiði
13. Torfdalsvatn á Skaga (Hámark 10 dagar fyrir hvern korthafa)
14. Urriðavatn í nágrenni Egilsstaða
15. Úlfjóttsvatn í landi Efri-Brúar
16. Vatnsdalsvatn í Vatnsfirði
17. Vífilsstaðavatn í Garðabæ
18. Víkurflóð við Kirkjubæjarklaustur
19. Þórisstaðavatn í Svinadal
20. Þveit í nágrenni Hafnar í Hornafirði fyrir landi Stóruhágar
21. Þingvallavatn fyrir landi Þjóðgarðsins. (frá 1. ágúst 2005)
22. Hraunsfjarðarvatn

Allt þetta fyrir aðeins 5000 krónur!

Náðu þér í kort á næstu Esso-stöð eða á netinu



www.veidikortid.is



Sigurpáll í kláfnu, ásamt Sæunni, 8 ára dóttur sinni, og öðrum ferðalangum.

Á kláfi í náttúruperluna Kringilsárrana

Nýlega var settur upp kláfur við Kringilsá, sem fellur í Jökulsá á Dal. Hann auðveldar aðgengi að hinum magnaða Kringilsárrana. Fyrirtækið Augnablik stendur fyrir fjögurra daga trússferðum þangað og Sigurpáll Ingibergsson fór í eina slíka.

„Þetta er eins og að taka að minnsta kosti tvær einingar í náttúrufæði á einu bretti því þarna mætist svo margt,“ segir Sigurpáll þegar hann er beðinn að lýsa í fáum orðum Kringilsárrana, sem er náttúruperla við norðanverðan Vatnajökul. Hann nefnir þrjú atriði sem hann segir einstök. Stefnumót við hreindýrahjarðir, Hraukana sem urðu til við framskrið Brúarjökuls um 1890 og setlögin sem sumir kalla handritin. „Svo hefur maður allan Vatnajökul í bakgrunni frá Grendli til Kverkfjalla og Snæfellið í nágrenninu,“ bendir hann á.

Sigurpáll var í 36 manna hópi fólks á öllum aldri og enginn



Töfrafoss í Kringilsá.



Fararstjórnir Ásta Arnardóttir og Ósk Vilhjálmsdóttir í viðtali í heimildarmynd sem tekin var í ferðinni. Hálsalón mun ná í hælana á þeim. Hluti af Hraukunum fer því í kaf, sem og Sethjallarnir sem eru í baksýn og sumir kalla handritin.

þurfti að bera annað en nesti og fót til dagsins. Fólk var vakið með ljúfum söng og Augnablik lagði til allan mat. „Fyrsta dag var gengið upp með Jökulsá í Fljótssdal en þar eru fimmtán fossar sem verða þurrkaðir upp að minnsta kosti part úr árinu þegar búið verður að virkja. „Dagurinn var svolítið stífur en það var frábært veður. Þegar við komum undir Snæfellið var þar þó hávaðarok því þar myndast oft staðbundnar lægðir,“ lýsir Sigurpáll og heldur áfram. „Á öðrum degi var gengið meðfram Jökulsá á Brú og upp með Kringilsá að Töfrafossi, þar sem tjaldað var til tveggja náttu. Þriðja daginn var farið yfir Kringilsá í þessum frábæra kláfi sem nýlega var settur upp af félagi um verndun hálendis Austur-

lands. Þetta er traust mannvirki og það höfðu allir voða gaman af þessu. Svóltið eins og að fara í rússibana því það er mikill kraftur í ánni. Í Kringilsárrana rákumst við á stóra hjörð hreindýra og gátum komist nærri þeim en síðan skokkuðu þau bak við hæð. Þó sáum við í hornin á þeim en þau áttuðu sig ekki á því.“ Sigurpáll tekur skýrt fram að fara verði um svæðið með gát enda sé það friðland hreindýra og heiðagæsa. „Fólk verður að vera í skipulögðum hópferðum og á ákveðnum tímum. En þarna er margt sem maður upplifir á tilföllum litlum punkti.“

Þess má geta að Augnablik er með aukaferð í Kringilsárrana 18.-21. ágúst og það er trússferð.

gun@frettabladid.is

Góður indverskur staður

Hason Raja er sérstaklega góður veitingastaður rétt við Russell Square í London.

Í London er aragrúi af indverskum veitingastöðum og nokkuð víst að maturinn þar er oftast góður. Einn þeirra er að finna á Southampton Row, rétt við Russell Square, og er einn þeirra sem skara fram úr. Hann heitir Hason Raja og sérhæfir sig í mat frá Banglades og Indlandi. Úrvalið er þar feikigott af góðum karrí- og tandoori-réttum og á matseðlinum eru meðal annars réttir sem sérstaklega er ætlað að kynna tandoori-rétti. Þjónustan er óaðfínanleg og umhverfið mjög huggulegt. Veitingastaðurinn er fjarri því að vera dýr og fær maður mikið fyrir peningana. Réttirnir eru hver öðrum girnilegri en sérstaklega er mælt með Garlic Mugh Tawa. Ýsem staðurinn sérhæfir sig í það er kjúklingur eld- aður með tómötum og grænni papriku ásamt hvítlauk og engifer.

Staðurinn er í nokkurra mínútna göngu frá King's Cross-lestarstöðinni, en nákvæma staðsetningu er hægt að sjá á www.hasonraja.co.uk. Þar er einnig hægt að skoða matseðilinn og panta borð. ■



Á veitingastaðnum Hason Raja í London er hægt að fá öðruvísi og góða indverska rétti.

Hvar sem við lendum...

Það getur skipt miklu máli að lenda á rétta flugvælinum þegar flogið er til Lundúna.

Frá og með 26. mars næstkomandi hyggst flugrisinn British Airways bjóða landsmönnum upp á ódýrt flug til heimaborgar sinnar og verða þá þrjú flugfélög í daglegum ferðum milli Íslands og Lundúna sem lenda vélum sínum hvert á sínum flugvælinum.

Það getur skipt heilmiklu máli hvaða flugvöllur verður fyrir valinu, ekki síður en hvaða flugfélag. Vælinir eru mislangt fyrir utan borgina og samgöngur til og frá þeim misþægilegar og -dýrar. Í sumum tilfellum liggur áfangastaður lestarinnar frá flugvælinum þannig við áfangastað ferðalangsins að það tekur langan tíma, miklar tilfæringar og mörg pund að komast leiðar sinnar. Þannig getur ferðin lengst um margar klukkustundir og verð hennar hækkað um nokkur þúsund krónur eftir því hver áfangastaðurinn er. Það borgar sig því að kynna sér málið áður en lagt er af stað.

Icelandair-vélar lenda á Heathrow

Heathrow-flugvöllur er næstur miðborg Lundúna af þessum þremur völlum. Hægt er að komast á fimmtán mínútum frá lestarstöð á flugvælinum á Paddington-lestarstöðina, sem er mjög hentugt ef stefnan er tekið á



vesturhluta Lundúna. Lestin gengur á fimmtán mínútna fresti frá klukkan fimm á morgnana og til hálf tólf á kvöldin og kostar 13 pund, um það bil 1.500 krónur, aðra leiðina.

British Airways-vélar lenda á Gatwick

Gatwick-völlur er suður af borginni og er því hentugt að ferðast þaðan til Suður-Englands. Ef stefnan er á miðborg Lundúna er um hálfra klukkustundar lestarferð á Victoria-lestarstöðina. Lestin gengur á



fimmtán mínútna fresti frá fimm á morgnana og til eitt á nóttunni og kostar ferðin 13 pund, um 1.500 krónur, aðra leiðina.

Iceland Express-vélar lenda á Stansted

Flugvöllurinn er norðan við



Best er að komast með lest frá flugvælinum þremur í Lundúnaborg en hvert skal haldið skiptir meginmáli.

Lundúnir og þaðan er hægt að taka lestir beint norður í land. Lestin fer á 45 mínútum á Liverpool Street-lestarstöðina í Lund-



únun en þaðan eru góðar samgöngur um alla borg. Lestin gengur á fimmtán mínútna fresti frá sex á morgnana og til miðnættis. Önnur leiðin kostar 14,50 pund eða 1.650 krónur.

Tekið skal fram að hægt er að taka leigubíla frá öllum þessum flugvöllum, sem gæti svarað kostnaði ef margir ferðast saman, og líka að neðanjarðarlestarstöðvar eru á öllum lestarstöðvunum svo hægt er að komast áfram leiðar sinnar með þeim ef þarf.



ÚTSALA SUMARSINS

20-70%

**AFSLÁTTUR AF
ÚTSÖLUVÖRUM**

OPÍD Í SUMAR:
laugardaga 10-17, sunnudaga 11-16, virka daga 9-19
Neyðarsími allan sólarhringinn 844 7000

ÚTIVIST og VEIÐI

Síðumúla 11 • 108 Reykjavík • Sími: 588 6500 • www.utivistogveidi.is


Ferða- og gistitilboð

Gildir mánudaga til föstudaga frá 15. ágúst til 16. september 2005

ÞÓRSMÖRK

SUMARFERDIR
FYRIR ÍSLENDINGA
Á EINN FALLEGASTA
STAÐ LANDSINS

2005



Bókanir og upplýsingar í síma 580 5400 eða á main@re.is
Upplýsingar um Húsadal: www.thorsmork.is

Frá Reykjavík

Tilboð 1

Rúta, REK-Þórsmörk-REK
Gisting í eina nótt

Verð
fullorðnir

Verð
börn 4-11 ára

6.750

3.375

Tilboð 2

Rúta, REK-Þórsmörk-REK
Gisting í tvær nætur

7.950

4.000

Tilboð 3

Rúta, REK-Þórsmörk-REK
Gisting í þrjár nætur

9.150

4.600

Frá Hvolsvelli

Tilboð 1

Rúta, Hvo-Þórsmörk-Hvo
Gisting í eina nótt

Verð
fullorðnir

Verð
börn 4-11 ára

4.350

2.150

Tilboð 2

Rúta, Hvo-Þórsmörk-Hvo
Gisting í tvær nætur

5.600

2.800

Tilboð 3

Rúta, Hvo-Þórsmörk-Hvo
Gisting í þrjár nætur

6.900

3.450



Olía Reglulega þarf að fylla á olíuna á bílvélinni og ágaett að venja sig á að athuga olína einu sinni í mánuði. Eftir því sem bíllinn er eldri, því oftar þarf að skipta. Auk þess þarf að huga að því að fara með bílinn í smurningu þegar við á og mun það lengja líftíma vélarinnar til muna.



**ÓDÝR, NOTUÐ OG NÝ
SUMARDEKK**

Uaka
Sími 567-6860

**BIFREIÐAVERKSTÆÐI
KÓPAVOGS**

TOYOTA viðgerðaraðili **Almennar bílaviðgerðir**

Skemmuvegí 16 (Blá gata) • 200 Kópavogur • Sími 587 1350

Bónarinn 554 1091
Eingiljng 663 5282

Mössun • Bón • Alþrif
Afhreinsun merkinga
Djúphreinsun

Skemmuvegí 28 - Bleik gata - Kópavogur

Bílar & SPORT 588 7888

askrift@bilarogsport.is

**Ný vörubíladekk
frá
GRANDYEAR**

Stærðir
295/80R 22,5
315/80R 22,5
1200R 22,5

Verð frá
26.490 kr
án vsk

Eigum einnig flestar stærðir af vörubílahjólþáðum frá **BRIDGESTONE** og **Firestone** á frábæru verði

Sendum hvert á land sem er samdægurs

GV Gúmmívinnslan hf
Réttarhvarfenni 1 - 603 Akureyri - Sími: 481 2600 - gv@gv.is



Klassískar línur Monster-hjólans njóta sín vel í rauðu og hvítu og með vélna loftkælda og bera.



Sams konar ál-einarmur heldur afturhjólínu bæði á S2R og S4R.



Annað einkenni er 2-f-1-1-2-pústið. Kútarnir liggja hátt og þétt upp að hjólinu.

Klæðningarlaust og klassískt

Ducati Monster-línan er hönnuð af Miguel Galluzzi. Nýjasta útfærsla Monster-hjólans heitir S2R og státar af ýmsum búnaði sem einkennir S4R-hjólíð, öflugasta Monster-hjólíð frá upphafi, en það kom fyrst á markað í fyrra.

Þegar Ducati kynnti fyrsta Monster-hjólíð árið 1993 hætti fyrirtækið sér á ný mið. Í stað mála-miðlunarlausu sporthjólanna, sem höfðu skapað orðstír Ducati öðru fremur og skilað mörgum knapanum til sigurs í kappakstri, var hér komið götuhjól þar sem öllu var sleppt nema því bráðnaðsýnlegasta. Eftir hönnuðinum Miguel Galluzzi er haft að hugsunin að baki Monster-hjólínu hafi verið: „Allt sem maður þarf er hnakkur, tankur, vél, tvö hjól og stýri.“

Með þessu meistarastykki, sem nú, rúmum áratug síðar, lítur jafn ferskt en samt klassískt út, skapaði Galluzzi sér orðstír sem einn færasti mótörhjólaflaklæðskeri heims. Beztu vitnisburðurinn um gæði þessarar hönnunar hans er hve margir mótörhjólaframleiðendur hafa reynt að herma eftir henni. Sú staðreynd, að enn í dag sé Monster-línan mest seldu Ducati-hjólin, er heldur ekki síðri vitnisburður um hve vel tókst til með hönnun þessa klæðningarlausu götuhjól. Alls hafa um 150.000 Monster-hjól runnið út úr smíðju Ducati á þessum rúma áratug.

Nýjasta útfærsla Monster-hjólans ber nafnbótina S2R, og státar af ýmsum búnaði sem annars einkennir S4R-hjólíð, öflugasta Monster-hjólíð frá upphafi, en það kom fyrst á markað í fyrra. Bláðamanni bauðst að reynsluaka báðum þessum hjólum á dögnum.

Í S2R-hjólínu eru hestöflin 77, en það eru líka mun betur „nýtanleg“ hestöfl, það sýndi reynsluaksturinn ótvírætt. Strax og sett er á S2R-hjólíð finnst hvað það er létt og meðfærilegt, og þegar tekið er af stað yfir karakter vélarinnar enn undir þessa tilfinningu. Sé snúningnum haldið yfir 3.000 er vinnslan í henni svo góð og svarar svo vel minnstu hreyfingu inngjafarinnar, að maður á bág með að ímynda sér að maður hafi við nokkuð meira að gera. Auk þess nýtur maður einkennandi tveggja strokka bassa-urrsins sem vélin gefur frá sér; vélarhljóðið er ótvírætt talsverður hluti akstursánægjunnar. Létt og nákvæm kúplingin og skiptingin og mátulega bitmiklar bremsurnar fullkomna síðan akstursánægj-



DUCATI MONSTER S2R
Vél: L-2, loftkæld, rúmtak 803 ccm.
Afl: 77 hð (57 kW) v. 8.250 sn./mín.
Tog: 73 Nm v. 6.500 sn./mín.
Drif: sex gíra kassi, keðja.
Stell: Stálrörgrindarrammí.
Fjöörun: Hvolfgaffall framan (43mm), einarmur og miðlæg fjöörunareining aftan.
Þyngd: 173 kg (þurrvigt)
Verð: 1.185.000 kr.
Umboð: www.ducati.is

DUCATI MONSTER S4R
Vél: L-2, vatnskæld, rúmtak 996 ccm.
Afl: 117 hð (86,1 kW) v. 8.750 sn./mín.
Tog: 99 Nm v. 7.000 sn./mín.
Þyngd: 193 kg.
Verð: 1.636.000 kr.



Stór kringlótt framluftin er mikilvægur hluti sigílds útlits.

„Stóri bróðir“ S4R. Útlitstruflandi vatnskassinn og tilheyrandi slönguskógur gefa sleggjuaflið til kynna.

una. Fyrsti gírin er reyndar áberandi há. Og lappalangir Monster-knappar verða að venjast því að keyra með hnén krepptari en þægilegast væri. Ásetan er annars tiltölulega afslöppuð-upprétt, þó maður halli talsvert fram á stýrið að sportlegum Ducati-hætti. Fjöörunin er líka að Ducati-hætti sportlega stíf. Á S2R-hjólínu er hún aðeins stillanleg að aftan. Eins og gefur að skilja er vindvörnin ekki mikil á klæðningarlausu hjóli, en það munar þó ótvírætt um litlu mæla-borðshlífinna.

Þegar skipt er beint af S2R-inu yfir á S4R-hjólíð er áberandi hvað það síðarnefnda er allt þyngra og „harðara“ n kúplingin er miklu stífari og bremsurnar taka fastar í. Og þegar gírað er niður á hjóli með svona miklum sleggjumótör saknar maður „anti-hopping“-kúplingarinnar, sem S2R-ið státar af. Mótörbrensan getur nefnilega tekið hressilega í keðjuna. Upptakið er slíkt að maður þarf að passa að vera ekki síprjónandi. Hjól fyrir lengra komna.

Verðið á hjólum í Monster-línunni byrjar í rétt tæpri milljón (M620 Dark). Toppurinn, S4R-ið, kostar 1.636.000 kr. Sem gerir verðið á S2R-hjólínu áhugavert, en það er um 450.000 kr. lægra en á „stóra bróður“.



Þegar þarf að komast milli tveggja staða er ómögulegt að verða bílveikir.

Nokkur góð ráð gegn bílveiki

Ógleði í bílferðum virðist stundum vera óyfirstíganlegt vandamál.

Bílveiki er leiðigjarnt vandamál sem allt of margir glíma við. Margar tröllasögur ganga um ástæður bílveiki en hið sanna í málinu er að misvísandi skilaboð hreyfingar okkar valda vanlíðan.

Þegar maður er á fleygiferð í bíl nema jafnvægisskynfærin inni í eyrunum að líkaminn hreyfist. Þegar þau boð koma saman við boð frá augunum sem segja að ekkert hreyfist í kringum okkur og boð frá þrýstinum í húð sem halda því fram að við sitjum kyrr fer allt í vitleysu í heilanum. Hann veit ekkert hvernig hann á að snúa sér í skynjuninni og úr því verður ógleði eða önnur óþægindi.

Hægt er að draga úr bílveiki með ýmsum ráðum.

1 Vertu í framsætinu. Ekki glápa á hluti sem þessa framhjá heldur horfðu beint út um framrúðuna á veginn eða

2 landslagið. Ekki lesa bækur inni í bílnum. Bæði er það bílveikihvetjandi og svo leggur þú bækurnar í hættu

3 á að verða fyrir gubbi.

Forðastu að borða mat sem sest eins og grjót í magann. Taktu eitthvað hollt og gott með þér að heiman og passaðu þig á vegasjoppumatnum!

4 Kaupu bílveikitöflur í næsta apóteki þar sem þær fást oft án lyfseðils. Neysla þeirra er þó ekki gallalaus því töflurnar þarf að bryðja klukkutíma fyrir brottför og geta valdið því að svefn og annar slappleiki svífi á mann.

5 Gömul húsrád virka líka vel. Engifer dregur úr ógleðitilfinningunni og hægt að

tyggja ferska engiferrot eða vera með engiferöl í bílnum. Piparmynta virkar líka vel og til dæmis hægt að vera með piparmyntute á brúsa og þamba alla leiðina.



6 Veldu frekar að keyra á malarvegum en malbikuðum vegum. Þá finnur þú meira fyrir hreyfingunni og líður þar af leiðandi betur.

7 Ef ógleðin svífur á þig er best að stoppa sem fyrst og ganga aðeins um. Með fast land undir fótum og ferskt loft í lungum jafnar ógleðin sig oftast á stuttum tíma.



BMW M5 er með sex mismunandi sportstillingar, sjö gíra og F1 gírskiptingu í stýrinu.

Hraðskreiðasti sportbíllinn á markaðnum

Á laugardagsgleði B&L í dag verður mikið um að vera og BMW M5, aflmesti sportbíllinn á markaðnum, meðal annars til sýnis.

Laugardagsgleði B&L verður haldin í dag, laugardag, á Grjót-hálsi 1 í tilefni þess að umboðið hefur verið opnað á nýjan leik á laugardögum eftir rúmlega sex vikna sumarhlé. Boðið verður upp á pylsur og kók og yngsta kynslóðin fær blöðrudýr. Hraðskreiðasti og jafnframt aflmesti sportbíllinn á markaðinum, BMW M5, verður til sýnis á laugardagsgleðinni. Hann er með V10 5000 cc vél sem skilar 507 hestöflum. Bíllinn er búinn framrúðuskjá, eða Head-

up Display, sem er sama tækni og nýjustu orrustuflugvélar eru með. Skjárinn varpar upplýsingum á borð við hraða og snúningshraða upp á framrúðu bílsins. Aðrir sýningarbílur á gleðinni eru Santa Fe, Tucson, Discovery og Megane-línan. Einnig verður getraun í tengslum við Megane Saloon og gengur hún út á að giska hversu stórt skottið í honum er. Í verðlaun er ferð fyrir tvo til Parísar en vinningshafinn verður dreginn út í næstu viku.

Réttingaverkstæði
Jóa ehf.
 Dalvegji 16a • 201 Kópavogur • Sími 564 5255
 Fax 564 5254 • rettinga@rettinga.is • www.rettinga.is
 BÍLAMÁLUN
 RÉTTINGAR

567 2277
NÝJA BÍLAHÖLLINN
 v/ Breiðhöfða • www.notadirbilar.is

Vegna flutnings í Bílajakjarnann við Breiðhöfða verðum við með glæsileg opnunartilboð á yfir 30 bílum á staðnum

Allt að **50%** afsláttur
 – aðeins um helgina!



100% bílalán



P.S. einnig mikið úrval annarra bíla.

VINNUM EFTIR CABAS-KERFINU

www.muli.is

MÚLI
Bílaráttir og smurur
Hinnarhlöðu 3 • 110 Reykjavík
Sími 567 2125 • Fax 567 2130
ab@smurur.is

CABAS
verkstæði

Smurstöðin KLÖPP
Þjónustumiðstöð við Vegmúla

Almenn smurþjónusta
Hjólbarðþjónusta
Sjálfskiptingþjónusta
Rafgeymþjónusta
Ísetning bremsuklossa
Dempara – ísetningar o.fl.

Vegmúli 4 • Sími 553 0440

TRIO
GOLFHJÓL

Partur-Spyrnan-Lyftarar
Eldshöfða 10
s. 585 2500 og 567 8757

AB-VARAHLUTIR ehf.

Varahlutir í Japanska og Evropska bíla

Bíldshöfða 18 • 110 Rvk
Sími 567 6020 • Fax 567 6012
opið mán. - fös. kl. 8.00 - 18.00
www.abvarahlutir.is • ab@abvarahlutir.is

Bein vara - Bein verð

SMS
Bílasprautun og réttingar

- Réttum og málum allar tegundir bíla
- Við vinnum fyrir öll váttryggingarfélagin
- Fíjót og góð þjónusta
- Útvegum bílaleigubíla
- Yfir 20 ára reynsla

CABAS tjónamat

Smiðshöfði 12
110 Reykjavík
bilasprautunama@simnet.is

Sími 567 1101
Gsm 868 8317
Fax 567 1182

Smurþjónusta fyrir allar gerðir bíla

Eigum olíusíur í flestar gerðir bíla
Komdu með bílinn til okkar!

Frábær verð og góð þjónusta!
Alltaf heitt á könnunni!

SMURSTÖÐIN
„Sá smurð gengur“
STÓRAHJALLA
S. 554 3430



Hrönn er ánægð með breytingar á ökunámi.

Akstursmatið jákvæð breyting

Ökunám er í stöðugri endurskoðun enda mjög mikilvægt að nýir ökumenn séu vel í stakk búnir að takast á við umferðina. Hrönn Bjargar Harðardóttir ökukennari er ánægð með breytingarnar undanfarin ár og finnst að upptaka akstursmats hafi verið stórt skref í rétta átt.

Þónokkrar breytingar hafa orðið á umgjörð ökunáms hér á landi undanfarin ár. Ökunámið sjálft hefur breyst sem og ökukennaranámið og miða breytingarnar að sjálfsgöðu að því að gera umferðina öruggari og búa nýja ökumenn betur undir þá ábyrgð sem felst í því að aka bíl.

Hrönn Bjargar Harðardóttir er ánægð með breytingarnar

sem nú er komin nokkur reynsla á. „Mér finnst ökukennslan vera mjög góð í dag og flestir af þessum krökkum aka bara mjög vel og huggulega,“ segir hún. Hrönn finnst sérstaklega mikil framför hafa falist í akstursmatinu sem ökumenn þurfa nú að ganga í gegnum eftir að hafa verið með bráðabirgðaskírteini í tvö ár eftir prófið. „Akstursmatið hamlar þeim sem eru með punkta að halda áfram á sömu braut. Ef þú ert með punkta á ökuferilsskránni þegar kemur að matinu þá færðu ekki fullnádarskírteini til sjötugs heldur aftur bráðabirgðaskírteini til tveggja ára,“ segir Hrönn. Matið er líka mjög gott til að búa til betri ökumenn með því að svara spurningum sem komið hafa upp á þessu tveggja ára tímabili. „Matstíminn byrjar á sjálfsmati og svo sitja ökumenn

með kennara sem hefur leyfi til að framkvæma svona mat sem leiðbeinir þeim eftir þörfum. Þau eru oft að spyrja um atriði sem þau vilja vita meira um eins og hægrirétt og að bakka í stæði. Matskennarinn skrifar síðan upp á hvort viðkomandi ökumaður sé hæfur fyrir fullnádarskírteini eður ei,“ segir hún.

Alltaf er verið að breyta og bæta ökunámið. „Ökukennslan er núna á mjög góðri leið þó að enn vanti kannski aðeins upp á æfingasvæði og fleira,“ segir Hrönn. Hún er þó mjög vongóð um að það sé allt á réttri leið og til dæmis hljóti æfingasvæði fyrir akstur í hálfu að vera rétt handan við hornið. „Mér finnst líka umræðan í þjóðfélaginu vera jákvæð og bæði Umferðarstofa og lögreglan vera viljug að gera eitthvað í því máli.“ ■

Nýr Toyota Hilux í október

Toyota-umboðið hefur sölu á nýja jeppanum í haust. Hann er tvið stærri en forverinn.

Nýr Toyota Hilux Double Cabjeppi verður fánlegur hjá Toyota-umboðinu á Íslandi í október. Jeppinn er talsvert stærri en forverinn og býður upp á meira pláss en áður, sérstaklega í farþegarými.

Nýi jeppinn býður upp á þægilegt rými fyrir fimm fullorðna einstaklinga í farþegarými og þægilegt rými fyrir tveimur börnum.



Toyota Hilux er mjög vinsæll á Íslandi.

indi í sætum hafa aukist talsvert. Sætispúðar eru lengri, hægt er að renna og halla sætum betur en áður og aftursætin má nú fella upp á við og skapa þannig meira farangursrými.

Geymslurýmið hefur verið aukið, viðbótarglasahöldurum komið fyrir, hurðarhólf víkkuð og auka geymsluhólfi komið fyrir.

Í fyrstu mun 2,5 lítra D-4D Toyota dísilvél knýja nýjan Hilux en hún skilar 102 hestöflum við 3.600 snúninga og allt að 260 Nm tog. Á næsta ári verður síðan boðið upp á Intercoolergerð þessarar sömu vélar. ■



M-Class jeppinn er afar glæsilegur.

Nýr M-Class jeppi

Askja hefur hafið sölu á nýjum M-Class jeppa sem leysir eldri gerð af hólmi.

Bíllinn er seldur með öflugum bensin- og dísilvélum. Hann fæst með tveim gerðum dísilvéla; 190 hestafla og 225 hestafla. Einnig verður hann boðinn með tveimur gerðum bensínvéla, ML350 sem er með 272 hestafla vél og ML500 með 306 hestafla átta strokka vél.

Bíllinn er með handstýrða girskiptingu í stýrishjóli, ESP-stöðugleikastýringu og spólvörn en grunnverð á nýjum M-Class hjá Öskju er 5.990.000 krónur.

FYLGSTU MEÐ!





mazda

í dag sýning

að Malarhöfða 2 frá kl. 10 -16
Opið sunnudag frá kl. 12-16

**Nýr MAZDA 6
með breyttu útliti
model 2006**



Ríkulega útbúinn MAZDA 6, rúmgóður fjölskyldubíll

**Nýr MAZDA 2
sparneytinn
fjölskyldubíll
Bensín eða diesel
Meðaleyðsla 4 L.**



Eigum til afhendingar strax nokkra bíla
á afar hagstæðu verði!

Ríkulega útbúnir MAZDA 2 árg. 2005
verðfrá **kr. 1.490.000.-**

Komdu sjáðu og prófaðu...



MAZDA 3
verðfrá kr.
1.790.000.-



MAZDA RX8
verðfrá kr.
3.550.000.-



MAZDA MPV
verðfrá kr.
2.990.000.-



MAZDA TRIBUTE
verðfrá kr.
2.550.000.-

Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500

2ja ára verksmiðjuábyrgð - Þjónustuaðili: Ræsir hf.



www.x4.is

BIFREIÐAVERKSTÆÐI FRÍÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.

Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi

Sími: 567 7360 · www.bfo.is



Þjónusta



HONDA

Þjónusta



NISSAN

Þjónusta



SMURSTÖÐIN Vogar

20 ára reynsla - Fíjót og örugg þjónusta

Knarrarvogi 2 · 104 Reykjavík · sími 553 2205

VÉLASTILLING S.F.

AUÐBREKKU 16 - 200 KÓPAVOGI
SÍMI 554 3140 - FAX 564 4460

Vélastillingar - Hjólastillingar
Tímareimar - Almennar viðgerðir

Framkvæmum véla og hjólastillingar
með fullkomnum stillitækjum

BH RÉTTINGAR ehf.

Bilaverkstæði Gísla Hermannssonar
Vagnhöfða 12 - 110 Reykjavík
Sími: 587-2330 - Faxi: 587-3444 - bhretingar@isli.is

Tjónaskoðun

Við réttum og
málum fyrir þig



Allt sem þú þarft
og meira til

allt

Allt um atvinnu
á sunnudögum í Fréttablaðinu.



Reynsluekið var Mantra MG43C sendibíll á 38" dekkjum.

Öflugur bíll til margvíslegrar notkunar á fjöllum

Mantra er bíll sem byggður er á Mercedes Sprinter og breytt af Achleitner-verksmiðjunum. Útkoman er öflugur fjallabíll sem einnig er með góða akstureiginleika á vegum.

Bílaumboðið Ræsir hefur hafið innflutning á Mantra 4x4 bifreiðum frá Þýskalandi. Mantra er í raun Mercedes-Benz Sprinter að grunninum. Hægt er að fá margar útgáfur af bílnum, til dæmis sendibíl, sendibíl með kassa og pallbíl með einföldu eða tvöföldu húsi. Bifreiðunum er breytt af Achleitner-verksmiðjunum. Mantra-bifreiðar eru notaðar víða um heim af herjum, slökkviliðum, björgunarsveitum og opinberum þjónustustofnunum.

Ljósmyndari Fréttablaðsins reynsluók og fræddist um Mantra-bíla hjá Ræsi. Prófaður var Mantra MG43C sendibíll á 38" dekkjum. Leyfður heildarþungi bílsins er 4.300 kíló og því um meiraprófsbíl

að ræða. Hægt er að fá hann í þremur lengdum og getur hann þá rúmað frá 8 til 18 farþega. Bíllinn sem var prófaður er af millilengd og því rúmgóður til dæmis sem húsbíll eða björgunarsveitarbíll þar sem hægt er að koma fyrir bæði farþegum og sjúkrabörum.

Að innan er bíllinn nokkuð hrár og fátt í hönnun hans kemur á óvart. Skiptingin er á góðum stað í mælaborðinu, og skiptingin milli háa og lága drifins er í gólfinu milli sæta. Mjög góð framsæti eru í bílnum og hægt að stilla þau á marga vegu, einnig eru þau fjáðrandi svo það fer vel um mann á íslenskum torleiðum. Speglar eru stórir með rafstýringu og hita. Einnig er toppluga á bílnum sem hægt er að opna á tvo vegu. Cruise control ásamt 5 kw olíumiðstöð með tímalíð er staðalbúnaður. Stórt rafkerfi er í bílnum með tveimur rafgeymum ásamt 200 ampera rafal.

Bíllinn er með 2,7 lítra 5 cylindra cdi dísilvél, 187 hestöfl. Hann er nokkuð kraftmikill og með

góða hraðaaukningu þrátt fyrir að vera á 38" dekkjum. Ekki skemmir fyrir að bíllinn er léttur, vegur tæp 2.900 kíló með tveimur sætum og



Mantran er sterkleg að framan.

100 lítrum af olíu sem er „standard“ olíutankur. Hann er því vel hæfur í snjókeyrslu.

Drif og fjöðrunarbúnaður er að mestu frá Mercedes-Benz. Milli-kassinn er þó úr Toyota, með hátt og lágt drif og læsing milli ása.

Hlutföllin í drifunum í bílnum sem var prófaður voru 5/29. Driflæsingar eru bæði í aftur- og framdrifi. Bíllinn er með sídrifi, og komu kostir þess vel í ljós þegar honum var ekið á malarvegi á miklum hraða. Einnig er ASR spólvörn. Skiptingin er fimm gíra og er hægt að velja milli beinskíptingar eða sjálfskíptingar.

Að framan er bíllinn á gormum en fjöðrum að aftan. Fjöðrunin er frekar stíf og slagstutt og var hann fljótur að lyfta hjólum í miklum torfærum sem er einn af fáum ókostum þessa bíls. Framhásingin er færð fram um 10 cm á 38" bílnum og er beygjuradíusinn mjög lítill.

Á heildina titið er Mantra góð viðbót við 4x4 flóru bifreiða á Íslandi, það er gott að aka honum hvort sem er á torleiðum eða vegum og ætti hann að nýtast til dæmis ferðaþjónustuaðilum, einkaðilum, björgunarsveitum og lögreglu mjög vel.

villi@365.is

Reynsluakstur

Mantra MG43

Verð:

Sendibíll með vsk. um 7.000.000

Fimm manna ferðabíll til einkanota um 9.000.000



Mantra hentar vel til dæmis í ferðaþjónustu.

Aðalbílasalan á afmæli

Elsta bílasala landsins er flutt á Eirhöfða í Reykjavík og heldur upp á það um helgina.


Elsta bílasala landsins, Aðalbílasalan, er flutt á Eirhöfða 11 í Reykjavík í hinn svokallaða Bílakjarna á Eirhöfða.

Áður var bílasalan í Skeifunni en með flutningunum skapast enn meira rými fyrir bílasöluna og möguleiki á að vera með um tvö hundruð bíla á staðnum. Aðstaðan í nýja húsnæðinu er glæsileg með stóru útsvæði sem og rúmgóðum innisál.

Um helgina verður haldið upp á flutninginn með miklu af tilboðum og góðu úrvali en Lýsing verður einnig á staðnum með sértílbod á fjármögnun. Í framtíðinni verður bílasalan einnig með sérstakt tilboðshorn.

Aðalbílasalan heldur upp á fimmtíu ára afmæli sitt í ár en hún var stofnuð árið 1955 af Halldóri Snorrasoni. Fyrst um sinn var hún í Aðalstræti en Halldór átti bílasöluna í 45 ár áður en Bernhard ehf. keypti reksturinn. ■

Betur fer um Aðalbílasöluna á Eirhöfða en í Skeifunni.



Ólafur Elíasson hannar fyrir BMW

Þýski bílaframleiðandinn BMW hefur valið íslenska myndlistarmanninn Ólaf Elíasson til að hanna fyrir sig bíl í listbílafnið sitt. Ólafur fetar þar með í fótspor Andy Warhol og fleiri merkra listamanna sem hafa hannað bíla í safnið.

Verkefni Ólafs er að breyta H2Rr bílnum frá BMW í listmun sem á erindi inn á helstu listasöfn heims. Sérstæða bílsins er að hann er knúinn með vetni og bíður Ólafur því það verkefni að tengja listhönnun-

unda áratuginn og hafa hinir fimmtán verið hannaðir af merktum listamönnum. Meðal þeirra eru Andy Warhol, Roy Lichtenstein og Frank Stella en safnið á að endurspeglja þróun listarinnar á hverjum tíma í samhljómi við iðnhönnun og tækninýjungar.

Bíllinn sem Ólafur Elíasson hannar keyrir ekki framur um götur bæjarins eftir að Ólafur hefur átt við hann. Hann á frekar heima á sýningum á listasöfnum um allan heim og hafa forverar hans staðið á söfnum í heimsklassa eins og Louvre í París og Guggenheim í New York. Ólafur var valinn af sex manna valnefnd hefur starfað síðan í apríl



Ólafur Elíasson er í umsögnum valnefndar BMW hampað sem einum fremsta nútímalistamanni í heimi.

sem einum fremsta nútímalistamanni heims.

Bíllinn verður á næstu dögum fluttur í stúdíó Ólafs í

Þýskalandi og verður hann upptekinn fram í marsmánuð á næsta ári við hönnunina. Hann verður síðan kynntur almenningi í sýningarferð á listasöfnum um allan heim. ■



Þessi bíll er hluti af listbílafni BMW og var hannaður af þýska listamanninum Penck.

ina við þennan framtíðarorkugjafa. Bíll Ólafs er sá sextándi í listbílafni BMW sem hefur verið til síðan um miðjan átt-

og er skipuð einvala liði úr listheiminum. Umsagnir valnefndarinnar eru mjög jákvæðar þar sem Ólafur er hampað

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

NÝI ÖKUSKÓLINN

Öll vinnuvélaréttindi
Öll ökuréttindi
Skapaðu þér þitt eigið góðæri

Nýi okuskólinn er þúsinu Klettagarðum 11
S: 588-4500 www.et.is

MEGAVIKA NOTAÐRA

Góðir bílar á stórlækkuðu verði

Opnum kl.10



STÓRLÆKKAD VERÐ
Kr. 390 þús. stgr.
Ásett verð kr.690 þús.

MMC LANCER GLXI 4WD WAGON, 06/1998, ek. 116 þús. 1600 vél, 5 dyra, 5 girra rafm. í rúðum og speglum, dráttarkrókur, cd, spoiler, ný timareim og fl.



STÓRLÆKKAD VERÐ
Kr. 380 þús. stgr.
Ásett verð kr.510 þús.

SUZUKI BALENO GLX 4X4, 10/1997, ek.115 þús. 1600 vél, 5 girra, 4 dyra, líknarbelgir, samlæsingar.



STÓRLÆKKAD VERÐ
Kr. 650 þús. stgr.
Ásett verð kr.800 þús.

RENAULT MEGANE 1600 WAGON, 03/2000,ek 92 þús. 5 dyra, 5 girra, rafm. í rúðum og speglum,fjarstýrðar samlæsingar, abs, dráttarkrókur,cd.Ný timareim.



STÓRLÆKKAD VERÐ
Kr. 350 þús. stgr.
Ásett verð kr.490 þús.

DAEWOO MATIZ S 07/ 2002, ek. 67 þús. 800 vél. 5 girra, 5 dyra. Láttu ekki eldsneytisverðið angra þig.



STÓRLÆKKAD VERÐ
Kr. 390 þús. stgr.
Ásett verð kr.500 þús.

DAEWOO NUBIRA SE H/B. 07 1999, ek 93 þús. 5 dyra, 5 girra, abs, rafm. í rúðum og speglum, líknarbelgir, þjónustubók.



STÓRLÆKKAD VERÐ
Kr. 490 þús. stgr.
Ásett verð kr.690 þús.

NISSAN ALMERA GX 1400, 06/2000, ek. 93 þús. 4 dyra, 5 girra, abs, rafm. í rúðum og speglum, cd, samlæsingar.



STÓRLÆKKAD VERÐ
Kr. 690 þús. stgr.
Ásett verð kr.850 þús.

MUSSO E-23, 04/1997, ek. 134 þús. álf. 31" 5 girra, rafm. í rúðum og speglum, cd, spoiler.



STÓRLÆKKAD VERÐ
Kr. 790 þús. stgr.
Ásett verð kr.1.090 þús.

MUSSO E-23, 06/1998, ek. 148 þús. álf. 31" 5 girra, rafm. í rúðum og speglum, cd, spoiler.

Aðeins brot af tilboðsbílum

BÍLDHÖFÐA 10 • Símar 577 2800 & 587 1000

Bílahúð Benna
NOTAÐIR BÍLAR

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Gabriel höggdeyfar, ASCO kúplingssett, Tridon spindilkúlur, stýrisendar, gormar. Drifliðir, drifliðshlífar, ballansstangir. Tímareimar, ökuljós, stefnuljós o.fl. Sætaáklæði, sætahlífar á stóla – vatnsheldar fyrir veiðimenn, hestamenn o.fl. Kerruljós, kerrubretti og nefhjól.

Gsvarahlutir

Sími 567 6744 • Bíldshöfða 14 • 110 Reykjavík

Það mæðir á mottunum

Mottur eru eitt af því sem er bráðnaðsynlegt í bíla. Tilsníðnar mottur eru til í flestar gerðir en sumir velja aðrar mottur eftir eigin smekk.

Bílaust er ein þeirra verslana sem selja bílamottur í miklu úrvali, bæði tau og gúmmímottur. Sumar þeirra eru sérsníðnar í hverja tegund fyrir sig og fást þá fjórar saman í setti, tvær til að hafa frammi í bílnum og tvær aftur í. Einnig fást þar tvær stærðir af bökkum til að hafa í skottinu. Sumum þykir hlýlegra að hafa taumottur enda eru þær miklu fallegri inni í bíl en yfir veturinn vill rakinn sitja svolítið í þeim. Taumotturnar í Bílausti

eru einlitar og fást í nokkrum litum, til dæmis dökkrauðum, ljósgráum og dökkgráum. „Síðan erum við með stakar mottur ferkantaðar sem fást í fjórum stærðum og fólk kaupir þær mikið ef það vantar eina og eina staka mottu,“ bendir afgreiðslukonan Hrefna á. Hún segir gúmmímotturnar henta enn betur fyrir íslenskt veðurfar. Þegar hún er spurð hvort engin hætta sé á að skórnir máist á hælum af þeim hristir hún höfuðið. „Nei, það er orðið svo mjúkt gúmmí í mottunum. Þetta var öðruvísi hér á árum áður þegar gúmmíið var harðara. Þessar eru rosalega mjúkar og ég held það sé ekki nokkur hætta á því að menn skemmi skóna á þeim.“



Mottur eru nauðsynlegar í alla bíla bæði til að auka á hlýleikann og taka við óhreindunum.



Mikil eftirspurn er eftir Kia Sorento jeppanum.

Sala á Kia sexfaldast á Íslandi

Kia selst vel úti um allan heim en þó sérstaklega á Íslandi.

Um 160.000 bílar frá Kia hafa selst í Evrópu á þessu ári en það er 61 prósentis aukning frá sama tíma í fyrra. Á Íslandi hefur salan aukist enn meir og næstum sexfaldast á milli ára.

Í ár hafa fjögur hundruð Kia bílar selst og er sérstaklega mikil eftirspurn eftir jeppunum Sorento og Sportage.

Kia Motors seldi næstum 24.000 bíla af gerðunum Picanto, Sorento, Sportage og Cerato í Evrópu í júlímánuði sem er 61 prósent meira en á sama tíma í fyrra. ■



Karl er að vonum ánægður með Priusinn og getur nú boðið eiginkonu sinni, Camillu Parker Bowles, á umhverfisvænan rúnt í Lundúnum.

Karl velur grænt

Karl Bretaprins hefur keypt sér umhverfisvæna tvinnbílinn Toyota Prius.

Karl Bretaprins er nýjasti meðlimur í stjörnuhópnum sem valið hefur umhverfisvernd og keypt sér tvinnbílinn Toyota Prius.

Rúmlega tólf breskir þingmenn fengu sér Prius fyrir stuttu og bíllinn er líka vinsæll meðal Hollywood-stjarna eins og Leonardo DiCaprio, Cameron Diaz og Will Ferrell.

Toyota býst við að sala á Prius þrefaldist á næstu árum. Bíllinn er framleiddur í Japan en Toyota hyggur á framleiðslu í Evrópu þegar markaðurinn er orðinn nógu sterkur. ■

STJÖRNUR SEM EIGA PRIUS:

Alicia Silverstone	Kevin Bacon
Billy Crystal	Kirk Douglas
Billy Joel	Kurt Russell
Brad Pitt	Leonardo DiCaprio
Cameron Diaz	Patricia Arquette
David Duchovny	Robin Williams
David Hyde Pierce	Salma Hayek
Donny Osmond	Susan Sarandon
Ed Begley	Tim Robbins
Ellen DeGeneres	Ted Danson
Harrison Ford	Tom Hanks
Jack Black	Woody Harrelson
Jack Nicholson	Will Ferrell

FIAT

Stilo Dynamic station 1.8L. árg 2005

til afhendingar strax
með miklum verksmiðjuafslætti

545.000. KR.
VERKSMIÐJUAFSLÁTTUR



Settu öryggið
á oddinn!
sex loftþúðar

Verð frá kr. 2.045.000,-
24 MÁN. VERKSMIÐJUÁBYRGÐ

*Aukahlutir á mynd, álfelgur



Fiat Dynamic 1.8 L. árg 2005

Eigum til afhendingar strax nokkra Fiat Dynamic 1.8 L. 5 dyra, frábæran fjölskyldubíl á ótrúlegu verði!

545.000. KR.
VERKSMIÐJUAFSLÁTTUR



Ítölsk gæði í Garðabæ

Studiobilar ehf. Sími: 5400 800 / 540 6700 Fax: 5400 801 Smiðsbúð 2
210 Garðabær - E-mail: studiobilar@studiobilar.is

Opið mánuð.-föst. kl.9-18 laugard. kl.12-16

Sími. 5 400 800 - www.studiobilar.is

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

Ingvar Helgason



Notaðir bílar

ATH!
NOTAÐIR BÍLAR ERU FLUTTIR
Í NORDURENDA HÚSSINS,
ÁÐUR OPEL/SAAB SÖLUDEILD



Daihatsu Charade nýskr. 04/99, bsk., ek. 80 þús. km. Verð 490.000. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Ingvar Helgason



Notaðir bílar

ATH!
NOTAÐIR BÍLAR ERU FLUTTIR
Í NORDURENDA HÚSSINS,
ÁÐUR OPEL/SAAB SÖLUDEILD



Mazda DoubleCab nýskr. 05/04, bsk., ek. 28 þús. km. Verð 2.490.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Ingvar Helgason



Notaðir bílar

ATH!
NOTAÐIR BÍLAR ERU FLUTTIR
Í NORDURENDA HÚSSINS,
ÁÐUR OPEL/SAAB SÖLUDEILD



Nissan Terrano Luxury 35" nýskr. 01/03, ssk., ek. 52 þús. km. Verð 3.450.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Ingvar Helgason



Notaðir bílar

ATH!
NOTAÐIR BÍLAR ERU FLUTTIR
Í NORDURENDA HÚSSINS,
ÁÐUR OPEL/SAAB SÖLUDEILD



Nissan Terrano II nýskr. 07/99, bsk., ek. 135 þús. km. Verð 1.150.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Ingvar Helgason



Notaðir bílar

ATH!
NOTAÐIR BÍLAR ERU FLUTTIR
Í NORDURENDA HÚSSINS,
ÁÐUR OPEL/SAAB SÖLUDEILD



Nissan Primera Elegance nýskr. 05/00, ssk., ek. 64 þús. km. Verð 1.030.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Ingvar Helgason



Notaðir bílar

ATH!
NOTAÐIR BÍLAR ERU FLUTTIR
Í NORDURENDA HÚSSINS,
ÁÐUR OPEL/SAAB SÖLUDEILD



Subaru Impreza WRX nýskr. 10/04, bsk., ek. 3 þús. km. Verð 2.880.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Astra 1.6GL nýskr. 09/03, bsk., ek. 23 þús. km. Verð 1.440.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.




Opel Corsa Comfort nýskr. 05/02, ssk., ek. 42 þús. km. Verð 960.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Chevrolet Silverado nýskr. 02/03, ssk., ek. 50 þús. km. Verð 3.990.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Nissan Micra nýskr. 04/05, ssk., ek. 7 þús. km. Verð 1.390.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Nissan Almera Visia nýskr. 03/03, bsk., ek. 74 þús. km. Verð 1.130.000. Tilboð 890.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Zafira Comfort nýskr. 04/00, bsk., ek. 102 þús. km. Verð 1.170.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.




Volkswagen Golf nýskr. 05/00, bsk., ek. 73 þús. km. Verð 850.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.




Nissan Almera SLX nýskr. 08/99, bsk., ek. 106 þús. km. Verð 650.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Ford Focus nýskr. 08/00, bsk., ek. 100 þús. km. Verð 940.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Vectra 1.6 GL nýskr. 04/01, bsk., ek. 99 þús. km. Verð 1.020.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Nissan Patrol Elegance 33" nýskr. 03/01, ssk., ek. 116 þús. km. Verð 2.820.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Toyota Carina E nýskr. 06/99, bsk., ek. 188 þús. km. Verð 390.000. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.




Hyundai H-1 nýskr. 07/99, bsk., ek. 90 þús. km. Verð 1.220.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.




Opel Vectra Comfort nýskr. 08/03, ssk., ek. 30 þús. km. Verð 2.050.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.




Subaru Legacy Outback nýskr. 10/99, bsk., ek. 123 þús. km. Verð 1.350.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Nissan Almera Acenta nýskr. 06/04, ssk., ek. 31 þús. km. Verð 1.590.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Mitsubishi Lancer nýskr. 06/99, bsk., ek. 127 þús. km. Verð 780.000. Tilboð 560.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Mitsubishi Lancer 4WD nýskr. 06/97, bsk., ek. 86 þús. km. Verð 780.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Nissan Double Cab E 35" nýskr. 05/04, bsk., ek. 30 þús. km. Verð 2.980.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Isuzu Trooper 3.0 nýskr. 07/99, bsk., ek. 177 þús. km. Verð 1.650.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Zafira Comfort nýskr. 11/03, ssk., ek. 29 þús. km. Verð 2.060.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Subaru Forester CS nýskr. 06/99, ssk., ek. 103 þús. km. Verð 1.060.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Alfa Romeo nýskr. 09/03, bsk., ek. 30 þús. km. Verð 2.720.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Vectra 1.6GL nýskr. 06/98, ssk., ek. 113 þús. km. Verð 780.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Toyota Corolla 1.6 G6 nýskr. 05/01, bsk., ek. 61 þús. km. Verð 930.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Toyota Avensis nýskr. 05/02, ssk., ek. 74 þús. km. Verð 1.390.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Renault Twingo nýskr. 05/99, ssk., ek. 68 þús. km. Verð 450.000. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Volkswagen Passat nýskr. 03/98, bsk., ek. 105 þús. km. Verð 730.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Chrysler Caravan nýskr. 04/05, ssk., ek. 1 þús. km. Verð 2.760.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Peugeot 406 nýskr. 06/01, bsk., ek. 72 þús. km. Verð 1.180.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Mitsubishi Galant nýskr. 07/97, ssk., ek. 110 þús. km. Verð 790.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



GMC Envoy nýskr. 03/02, ssk., ek. 58 þús. km. Verð 3.490.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Subaru Impreza GL nýskr. 01/97, ssk., ek. 121 þús. km. Verð 590.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Vectra 1.6 GL nýskr. 09/00, bsk., ek. 89 þús. km. Verð 1.050.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Mitsubishi Lancer nýskr. 01/97, bsk., ek. 111 þús. km. Verð 470.000. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Renault Megane Scenic nýskr. 07/99, bsk., ek. 88 þús. km. Verð 770.000. 100% Lánamöguleikar. Hafíð samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 525 8000
www.ih.is

Opið mánud til föstudaga 9-18
&
Laugardaga 12-16

Opið mánud til föstudaga 9-18
&
Laugardaga 12-16

Opið mánud til föstudaga 9-18
&
Laugardaga 12-16

Opið mánud til föstudaga 9-18
&
Laugardaga 12-16

Opið mánud til föstudaga 9-18
&
Laugardaga 12-16

Opið mánud til föstudaga 9-18
&
Laugardaga 12-16

HEIMSBÍLAF
www.heimsbilar.is



Glæsilegt eintak af Lincoln Navigator, árgærd 2000, ek. 55 þ. milur. Silfur, álfelgur, toppluga, leður, dráttarkúla, tvöföld miðstöð o.fl. Verð 3.500.000. 8 bílasölur geta verið á nýja, gríðastóra bílasöluvæðinu við Klettháls, hannað af E.S. Teiknistofu... en sniðugt!

Heimsbílur
Kletthálsi 11a, 110 Reykjavík
Sími: 567 4000
www.heimsbilar.is



Nissan almera slx árg 1999 ek 117þ.km sjálfskipt v.590þ áhv. 470þ.



Nissan sunny 11/1994 ek 172þ.km 4x4 station 5gira verð. 195.000 Bilabankinn 588 0700

Bilabankinn
Breiðhófa, 112 Reykjavík
Sími: 588 0700
www.bilabankinn.is

Bílar til sölu

Toyota Avensis Terra, árgærd 2000, ekinn 80 þús. Áhv. 450 þús. Sjálfskiptur. Mjög góður bíll, verð 1.050 þús. Skipti möguleg á nýrri Toyota. Uppl. í s. 696 9169 Kristinn.



Glæsilegur Volvo V70 árgærd 2001 til sölu. Ekinn aðeins 35.000 km, sumar og vetrardekk, 180 hó. Verð 2.700.000 kr. Uppl. gefur Ólafur í s. 825 3110.



Toyota Yaris, 1000cc. Bs. '99 árg ek. 101. CD. Áhv. lán ca. 420, verð aðeins 520. ath öll skipti. S. 848 0894, Ingi.



Leitaðu að draumabílinum með Bílalet þjónustu Islandus.com. Nýjir og nýlegir fólkabílar, jeppar og pallbílar. Gerðu reyfarakaup á Bilabúð eða kjara kaup í stærstu Bilabúð landsins. Allt að 5 ára ábyrgð og 100% bílalan. Þú finnur bestu og öruggustu bílakaupin á www.islandus.com



varahlutir.is
Boddyvarahlutir á netinu
Höfum optað vörslun að
Rejarbrauti & Hafnarfirði
Ei Maltesa er 50,
þú veit þá & veitum
S: 511 2222
www.varahlutir.is



MMC Montero LTD árg. 2002, 3,5 L sjálfskiptur. Leður og luga, 20" króm-felgur, ekinn 46.000 km. Ásett verð 2.950.000. Uppl. í síma 895 9787.



Mitsubishi Montero Endeavor árgærd 2004 - sparneytinn jeppi með sídrifi. Aðeins 10 lítrar á 100km. Sérframléidur lúxusjeppi fyrir USA markað. Bíllinn er kominn til landsins og til afgreiðslu strax. Gerðu reyfarakaup á Bilabúð eða kjara kaup í stærstu Bilabúð landsins. Allt að 5 ára ábyrgð og 100% bílalan. Þú finnur bestu bílakaupin á www.islandus.com



M. Benz CLK320 '99 ek. 120 þús. Hlaðinn búnaði, Tilboð 800 þús. út og yfir-taka á 1.600 þús. láni. Ásett í skiptum 2.890. Sveinn s. 856 7334.



Flottur Chevrol. Astro '99, 4WD, 8 manna, 4.3 l, 190 h, leður, cruise. Tilboð 1190 þ. S. 840 3425.



Subaru Legacy station árg. '97, ssk., álf., dráttarkr., CD spilari, fallegur bíll, ek. 150 þús. Uppl. í s. 487 5838 & 892 5837.



Til sölu Mercedes Bens 87 árg. 230E sjálfsk. með lúgu, ek. 240 þ. Í mjög góðu standi og vel útlitandi. Stgr. tilboð óskast. Uppl. í s. 860 6028.



Niung á Bilasölu Guðfinns, maþkað plan. Verið þar sem bíllinn selst og fær athygli! Vantar allar gerðir af bílum á skrá og á staðinn við Gullinbrú, Stórhófa 15. Frúin hlær í betri bíll! Oruggari staður til að vera á www.guffi.is Bilasala Guðfinns Stórhófa 15 Sími 562 1055



Vantar Jeppa í skiptum fyrir Audi allroad 06.01 ek: 90þ km, 2,7TT 4X4, ssk&bsk, Loftþ fjöðrun, spól & skriðvörn, ný dekk, leður... o.fl. o.fl. Uppl í síma 897 7571 og 897 8972



Subaru Legacy '96 sjálfsk., dráttarb. Ek. 115 þ. km. Gott eintak. S. 847 4728.



Ford F350 Lariat árg. '04, leður, rafmagn í öllu, góður bíll á góðu verði. Uppl. í s. 820 0019.



Til sölu Volvo 460 '94, 2.0L, ek. 145 þús. Ssk, sk. '06. Eyðir aðeins 9L á hundraði. V. 230 þús. S. 868 8565.

M. Benz 1983 selst ódyrt. Uppl. í s. 869 4452.

Rúta - Húsbíll - Skólabíll
15 manna rúta, M. Benz '84 ek. 347 þús. km. til sölu. Hæsta tilboði tekið. Upplýsingar í sínum 659 1893 & 567 2510.

Jeep Cherokee, túrbó Diesel árg. '95. Ek. 230 þ. og í ágætu standi. Ný hedd ofl. Sumar- og vetrardekk á felgum, upp-hækkaður og með dr.krók. Meðaleyðsla 11 L á hundraði. Verð 540 þ. S. 893 2826.

Opel Corsa árg. 2000 til sölu, sjálfskiptur, geislaspilari, þarfnast smá lagfæringar, selst ódyrt. Uppl. í s. 849 5983 e. kl 17.

Audi A6 1.8 Turbo, nýskr.8/03, ek.38 þús, sjálfsk, dökkblár, leður, luga, 17" álfelgur, rafmagn í öllu, ATH skipti. Uppl. 661 6000

Dökkblár VW Vento '95 til sölu. Keyrður 135.000. 1800 vél, bsk., cd. Þarfnast smávægilegra viðgerða m.a. á lakki. Tilboð óskast. S. 663 2282.

Til sölu Nissan Sunny 4x4 station, árg '94. Þarfnast smá viðhalds. Uppl. í s. 893 7518.

Toyota Corolla 1300 árg. '96, ek. 128 þús., rauð, álfelgur, CD. Sími 864 3465.

0-250 þús.



Ford F-150 árg. '83 sjálfskiptur, V8 bensín 302 33", álfelgur, geislaspilari. Einnig til sölu Paintball byssa með magasini, góðu sigti og 500 skot. Uppl. í s. 866 3576.



Hyundai Accent árg. '95, blár, ek. 140 þús. Nýsk. '06. Verð 150 þús. Uppl. í s. 691 1067.



Til sölu Volvo 740 árg. '88 skoðaður '06. Góður og vel með farinn bíll. S. 557 3605 & 896 6775.



Opel Astra '96, ssk., ek. 154.000. Tilboð óskast. S. 699 2940.



MMC Lancer 1600 GLX. Árg. 3/'93, ek. 126 þús., sjálfsk., dráttark., ný tímarim. Uppl. í s. 861 3313 & 896 6695.



Renault Express '91, ek. 149 þús. Sk. '06. Verð 125 þús. Uppl. í s. 845 1300.



Audi 80, '87, ek. 206 þús. álfelgur og aukadekk fylgja. Verð 150 þús. Uppl. í s. 695 3683.



Opel Corsa 1,4i '95 ekinn 103 þús. Ný sumar/vetrardekk, ný tímarim, sk. '06. Ásett verð 190 þús. Uppl. í s. 865 2377.



Toyota Corolla GTi '88 ekinn 208 þús. Mikió endurnýjaður, vél tekin upp í 190 þús. Þarfnast viðhalds. Mikió af varahlutum fylgir, ásamt álfelgum og góðum graejum. Verð 220 þús. Uppl. í s. 699 4037.



Toyota Landruiser GX80 TD intercooler 1995. Ekinn 190.000km 35" dekk. Toppeintak. Verð 2,5 millj. Áhv. 900.000. Uppl. í s. 664 0200.



Skoda Octavia Eleg. 2002, Sjálfskipt. Álfelgur, filmur, loftk., krókur. Ek. 43 þ. Ásett 1.370 þ. S. 822 6677.



Toyota Corolla Gli '92 bíll í toppstandi. Skoðaður '06, aukadekk á felgum. Sjálfskiptur. Verð 250 þús. Ath. skipti. Uppl. í síma 856 2794.



Toyota Corolla Sedan '95. Sk. '06, 1300 vél ek. 200 þús. Bsk. Staðgr. 175 þús. Ingví s. 861 0037 & 868 9982.



Honda '87 verð 50 þús. og Fiat Bravo '98 verð 150 þús. Báðir þarfnast lagfæringar. Uppl. í síma 690 4058.



Til sölu Toyota Corolla '92, ekin 178 þús. Litur vel út. Verð 95 þús. S. 821 5105.

Langar þig í alvöru vespu!



- Vento 50cc
- Fjarstart
- Þjófavörn
- ABS bremsur að framan
- Hjálmur fylgir
- Ábreiða fylgir

á aðeins 195.000.-



Járnháls 2 • Sími 557 4848 • nitro.is

A.T.H.

Skellinóðrupróf eða bílpróf nægir til að keyra vespu.

Öll verkstæðis og varahlutabjónusta á staðnum

BAUGSMÁLID

- Ákærur birtar

Fréttablaðið birtir í dag ákærur Ríkislög-reglustjóra á hendur Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, Jóhannesi Jónssyni, Kristínu Jóhannesdóttur, Tryggva Jónssyni, Stefáni Hilmarí Hilmarssyni og Önnu Þórðardóttur í Baugsmálinu svonefnda.

Ríkislögreglustjóri gaf ákærurnar út þann 1. júlí síðastliðinn. Þær flokkast í ellefu kafla eftir tegund brota og eru kaflarnir merktir með rómverskum tölustöfum. Alls eru ákærurnar í fjörutíu liðum.

Ákærur

I. FJÁRDRÁTTUR

Ákærðu Jóni Ásgeiri, Tryggva, Jóhannesi og Kristínu er gefinn að sök fjádráttur í eftirgreindum tilvikum:

1. Ákærðu Jóni Ásgeiri og Tryggva með því að hafa dregið sér og öðrum samtals kr. 40.073.196,54, á tímabilinu frá 30. apríl 1999 til 11. júní 2002, þegar þeir létu, með vitund og liðsinni meðákærðu Jóhannesar og Kristínar, Baug hf. greiða 34 reikninga sem voru gefnir út af félaginu Nordica Inc. á hendur Baugi hf., samkvæmt fyrirmælum ákærðu Jóns Ásgeirs og Tryggva, vegna afborgana af lánunum, rekstrarkostnaði og öðrum tilfallandi kostnaði sem tilheyrði skemmtibátinum „Thee Viking“ sem var Baugi hf. óviðkomandi. Bát þennan höfðu ákærðu Jón Ásgeir og Jóhannes keypt í félagi við Jón Gerald Sullenberger, eiganda Nordica Inc., í Miami í Flórída í Bandaríkjunum, þar sem báturinn var staðsettur og skráður sem eign félags í eigu Jóns Gerald Sullenberger, New Viking Inc., skrásettu í Delaware í Bandaríkjunum. Reikningarnir voru sem hér greinir: [tölur ekki tiltækar]

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:

Fyrirtæki Jóns Gerald Sullenbergers (JGS), Nordica, fékk mánaðarlegar greiðslur vegna ráðgjafar og annarrar þjónustu sem JGS veitti Baugi við innkaup og merkingar á vörum. Þá annaðist JGS flutning varanna til Íslands, líkt og kemur fram í texta reikninganna. Vegna taps á rekstri vöruhúss Nordica voru greiðslurnar nauðsynlegar til framfærslu JGS og fjölskyldu hans. Þetta kemur fram í gögnum sem aflað var í tengslum við málarekstur í Bandaríkjunum og afhent voru RLS. Meðal þeirra gagna voru bankareikningar hans og Nordica. Þar kemur fram að ráðstöfun hans á þessum fjárumunum virðist vera í samræmi við þá lýsingu sem Jón Ásgeir Jóhannesson (JÁJ) og Tryggvi Jónsson (TJ) hafa gefið. JGS átti umræddan bát einn eins og kemur fram í ákærinni. Hvorki JÁJ persónulega né Gaumur eignuð hlutdeild í honum heldur lánaði Gaumur umtalsverða fjármuni til JGS og Nordica vegna kaupa og reksturs á bátunum. Því er vandséð hvaða auðunarbrothafi átt sér stað. Athygli vekur að þar sem RLS telur að hér hafi verið um lögprot að ræða hefði embættinu skilyrðislaust borið að ákæra JGS fyrir hlutdeild í brotunum. Ítarlega er gerð grein fyrir þessu í bréfum JÁJ til RLS frá 5. mars 2004 og 30. júní 2005. Rétt er að tala fram að Kristínu og Jóhannesi er ekki gefinn að sök fjádráttur samkvæmt þessum lið heldur hlutdeild í fjádrætti, sbr. heimfærslu ákærvalds til refsíakvæða í ákæru.

2. Ákærðu Jóni Ásgeiri og Jóhannesi með því að hafa dregið sér samtals kr. 441.254,00 á tímabilinu frá 19. apríl 1999 til 17. desember 2002, þegar ákærðu létu Baug hf. greiða til SPRON í eftirtöldum 17 greiðslum þóknun vegna bankaábyrgðar sem ákærðu höfðu stofnað til og var Baugi hf. óviðkomandi, í tengslum við kaup ákærðu og Jóns Gerald Sullenberger á skemmtibát samkvæmt 7. tölulíð II. kafla ákæru hér á eftir, svo sem hér greinir: [tölur ekki tiltækar]

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:

Árið 1996 gaf Bónus út ábyrgð til handa Nordica vegna vöruviðskipta. Umrædd ábyrgð var notuð til tryggingar yfirdráttarláni sem Nordica tók vegna vöruviðskipta samkvæmt gögnum sem aflað var í Bandaríkjunum og RLS hefur í vörslum sínum. Haustið 2003 féll ábyrgðin á Baug en sakborningar telja fráleitt

Ákærurnar eru birtar í Fréttablaðinu með vitund og samþykki allra þeirra sem ákærðir eru í málinu enda eru þær frá þeim komnar. Ákærurnar eru birtar með athugasemdum sakborninga, sem allir neita sök í málinu. Athugasemdirnar eru birtar með öðru lettri til aðgreiningar frá texta Ríkislög-reglustjóra. Fréttablaðið hefur ekki undir höndum töflur í ákærunum um notkun greiðslukorta og eru þær því ekki birtar hér.

Í Fréttablaðinu í dag eru birt viðtöl við

tvö af sakborningunum, Jóhannes Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson. Var þeim og lögfræðingum þeirra gefinn kostur á að lesa viðtölin yfir. Er það frávík frá siðareglum Fréttablaðsins um að viðmælendur fái ekki viðtöl til yfirlstrar áður en þau birtast. Undantekning var gerð í þessu tilfelli vegna umfangs málsins og lögfræðilegra álitamála. Þessi undantekning leiddi ekki til efnislegra breytinga á viðtölunum.

að hún hafi staðið í tengslum við kaup á bát. Ef svo væri hefði einnig átt að ákæra JGS fyrir þessar sakir. Ítarlega er greint frá þessu í bréfi JÁJ 5. mars 2004, svo og í bréfi JÁJ til RLS, dags. 5. júlí 2004.

3. Ákærða Tryggva með því að hafa dregið sér samtals kr. 1.315.861,27 á tímabilinu frá 11. janúar 2000 til 12. febrúar 2002, þegar ákærði lét Baug hf. greiða í 13 skipti reikninga sem gefnir voru út í nafni félagsins Nordica Inc. í Bankaríkjunum á hendur Baugi hf., sem voru útgjöld Baugi hf. óviðkomandi. Til útgjaldanna hafði ákærði stofnað til í útlöndum með úttektum á American Express greiðslukorti í reikning hins bandaríska félags, Nordica Inc., sem hið bandaríska félag lagði út fyrir og innheimti síðan sem ferðakostnað hjá Baugi hf., samkvæmt fyrirmælum ákærða, sem hér greinir: [tölur ekki tiltækar]

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGS:

Um er að ræða kostnað sem fellur að stórum hluta undir risnu aðstoðarforstjóra. Hefur RLS verið benti á að rannsaka þennan lið betur og ræða m.a. við vitni sem hafa notið risunnar en því hefur ekki verið sinnt. Ekki getur verið um fjádrátt að ræða þar sem allan auðgunarásætning skorti.

4. Ákærða Tryggva með því að hafa dregið sé samtals kr. 99.605,00 hinn 17. maí 2001, þegar ákærði lét Baug hf. greiða Tollstjórnunum í Reykjavík eftirgreind aðflutningsgjöld; virðisaukaskatt kr. 72.479,00, vörugjald kr. 26.087,00 og toll kr. 1.039,00, samtals kr. 99.605,00, þegar hann lét Baug hf., flytja til landsins og tollafgreiða sláttuvélatraktor af gerðinni Craftsman, sem ákærði hafði keypt til eigin nota í Bandaríkjunum, ásamt fylgihlutum, fyrir samtals USD 2.702,97, samkvæmt vörureikningi útteknum af Nordica Inc., Miami, Flórída í Bandaríkjunum, dags. 4. apríl 2001 á Baug-Aðföng hf.

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGS:

Vegna mistaka starfsmanna Baugs láðist að innheimta aðflutningsgjöld hjá TJ. TJ hafði rætt við viðkomandi starfsmann um að þeir gerðu honum reikning vegna gjaldanna og var í þeirri trú að það hefði verið gert og málið væri þannig afgreitt. Ekki getur verið um fjádrátt að ræða þar sem allan auðgunarásætning skorti.

Brot ákærða Jóns Ásgeirs samkvæmt 1. og 2. tölulíð ákæru teljast varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940.

Brot ákærða Tryggva samkvæmt 1., 3. og 4. tölulíð ákæru teljast varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19,1940.

Brot ákærða Jóhannesar samkvæmt 2. tölulíð ákæru teljast varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og brot samkvæmt 1. tölulíð ákæru við 247. gr., sbr. 22. gr. sömu laga.

Brot ákærðu Kristínar samkvæmt 1. tölulíð ákæru teljast varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 22. gr. sömu laga.

II. UMBODSSVIK.

Ákærðu Jóni Ásgeiri, Tryggva og Jóhannesi, eru gefin að sök umboðssvik með því að hafa misnotað aðstöðu sína hjá Baugi hf. í eftirgreindum tilvikum:

5. Ákærðu Jóni Ásgeiri og Tryggva með því að hafa blekkt og misnotað aðstöðu sína sem forstjóri og aðstoðarforstjóri Baugs hf. þegar þeir fengu, með vitund ákærða Jóhannesar sem stjórnarmanns, stjórn þess á stjórnarfundum hinn 20. maí 1999 til þess að

Baugur bregst hart við húsléit

Lagt var hald á margvísleg gögn við húsléit í höfuðstöðvum Baugs hf. Eigandi bandarísks fyrirtækis sakar tvo stjórnendur Baugs um fjársvik. Illa fengið fé hafi verið notað til að kaupa lystisnekkju. Stjórn Baugs segir húsléitina ólöglega, hefur kært hana og krefst þess að fá gögnin aftur.

LÖGREGLUMÁL Tugir lögreglumanna gerðu húsléit í höfuðstöðvum fyrirtækisins Baugs á miðvikudagskvöld.

Húsléitin var gerð sem hluti rannsóknar efnahagsbrotaeildar ríkislögreglustjóra á meintum lögrotum Tryggva Jónssonar forstjóra og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, stjórnarformanns fyrirtækisins. Rannsóknin fer fram vegna kæru Jóns Gerald Sullenberger, eiganda bandaríska fyrirtækisins Nordica Inc. sem átt hefur í viðskiptum við Baug.

Viðskiptunum fyrirtækjanna mun hafa verið sagt upp af hálfu Baugs.

Auk vanefnda á viðskipta-samningi sakar eigandi Nordica Inc. Jón Ásgeir og Tryggva um að hafa augðast með sviksamlegum hætti. Það hafi þeir gert með því að skrifa upp á 33 ranga reikninga sem Nordica gaf út á tímabilinu frá janúar 2000 til loka maí á þessu ári. Féð hafi verið notaðir til kaupa á snekkjunni „Thee Viking“ sem þremmingarnir hafi átt í sameigningu í Flórída þar sem Jón er búsettur. Þá snýst málið um 589.980 dollara reikning sem Jón Gerald segir vera tilbúning. Hann hafi eiga greiðslu fengið. Baugur segir þennan reikning ósköp eðlilegan kreditreikning vegna afsláttar. Það hafi efnahagsbrotaeildinni yfirsést.

Baugur kærði í gær aðgerðir lögreglunnar til Héraðsdóms Reykjavíkur og krafðist þess að



HÖFUÐSTÖÐVAR BAUGS
Baugur hefur bregst hart við húsléit efnahagsbrotaeildar Ríkislögreglustjóra. Þess er krafist að öllum gögnum sé skilað tafarlaust.

úrskurðað yrði um lögmæti þess að lagt var hald á gögn og hvernig staðið var að húsléitinni. Fyrirtækið hefur einnig sagst munu visa til úrskurði héraðsdóms um veitingu heimildar til húsléitar til Hæstaréttar.

Fram kemur í kæru Hreins Loftssonar hrl., lögmans Baugs, að tugir lögreglumanna hafi tekið þátt í húsléitinni. Hún hafi staðið frá því klukkan 16.45 og til miðnætis. Hreinn segir aðgerðirnar hafa verið alltof umfangsmiklar og framgöngu lögreglu ámissverða. Upplýsingunum sem aflað var hefði mátt ná með vægari að-

gerðum.

Hreinn segir lögreglu hafa láðst að gefa Baugsmönnum viðhlýðandi skýringu á aðgerðunum eða upplýs þá um rétt til að bera haldlagningu einstakra muna undir lögreglu. Lögregla hafi notað tækifærið og lagt hald á viðkvæm gögn sem ekki tengdust málinu. Gróflega væri brotið gegn stjórnarskrárvörðum rétti manna.

Hreinn Pálsson vildi ekki tjá sig nánar um málið að svo stöddu. Hvorki Jón Ásgeir Jóhannesson né Tryggvi Jónsson svöruðu skila-boðum Fréttablaðsins í gær.

gar@frettabladid.is

Frétt Fréttablaðsins 30. ágúst 2002 af húsléit starfsmanna Skattrannsóknarstjóra ríkisins í húsakynnum Baugs.

heimila ákærða Jóni Ásgeiri að ganga til samninga og að kaupa 70% hlutfjár í Vöruveltunni hf. Á stjórnarfundinum leyndu ákærðu stjórn hlutfélagsins því að ákærði Jón Ásgeir var þá sjálfur umráðandi 70% hlutfjár og átti stærsta hluta þess og var raunverulegur stjórnandi Vöruveltunnar hf., frá því að hann gerði hinn 7. október 1998 bindandi samning um kaup á öllu hlutféi í Vöruveltunni hf., að nafnverði kr. 4.600.000,00 fyrir kr. 1.150.000.000,00 og með viðbótargreiðslu að fjárhæð kr. 100.000.000,00 samkvæmt viðbótarsamningi ákærða við seljendur sem dagsettur er hinn 5. júní 1999. Baugur hf. eignaðist með viðskiptunum á árinu 1999 70% hlutfjár í Vöruveltunni hf. sem ákærði Jón Ásgeir átti að meginhluta og réði yfir, fyrir kr. 1.037.000.000,00.

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA

JÁJ gerði samning við samning við seljendur Vöruveltunnar sem umboðsmaður kaupanda, sem skyldi tilgreindur innan 30 daga. Samningurinn fól þannig í sér sölutryggingu fyrir eigendur Vöruveltunnar sem JÁJ var ábyrgur fyrir. Íslandsbanki tók yfir sölufrelsið og aðrir

aðilar komu að málinu, sem voru eigendur 70% hlutfjárins en ekki JÁJ líkt og segir í ákæru. Voru viðskiptin gerð með vitund og samþykki hluthafa Baugs, sem var ekki skráð félag á hlutabréfamarkaði á þeim tíma. Enginn auðgunarásætningur var til staðar og fyrir liggur að JÁJ hagnaðist ekkert á þessum viðskiptum. Baugur (í dag Hagar hf.) hefur hins vegar hagnast um 3,5 til 4 milljarða á viðskiptunum að mati sakborninga. Þessu er nánar lýst í bréfi JÁJ 30. júní 2005.

6. Ákærðu Jóni Ásgeiri og Tryggva með því að hafa misnotað aðstöðu sína, Jón Ásgeir sem forstjóri Baugs hf. og Tryggvi sem aðstoðarforstjóri Baugs hf. og stjórnarformaður Fasteignafélagsins Stoda hf., dótturfélags Baugs hf., þegar Fasteignafélagið Stoðir hf. keyptu fasteignir á Suðurlandsbraut 48, Laugalæk 2, Sporbörmum 3, Langarima 21., 23 og Efstalandi 26 í Reykjavík, af Litla fasteignafélaginu ehf., fyrir kr. 354.000.000,00, en í árslok 1998 höfðu ákærðu selt Litla fasteignafélaginu ehf. eigninar frá Vöruveltunni hf. fyrir kr. 217.000.000,00 með því að einkahlutafélagið yfirtók skuldir Vöruveltunnar hf., auk greiðslu.

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:

Erfitt er að skilja hvað sakborningum er nákvæmlega gefið að sök í þessum ákærulið. Þessi viðskipti tengjast viðskiptum sem rætt er um í athugasemdum við ákærulið 5. Þetta er nánar skýrt í bréfi JÁJ 30. júní 2005. Vart getur það talist misnotkun á aðstöðu að hafa selt umræddar fasteignir á 354 milljónir króna, sem var markaðsvirði þeirra á þeim tíma sem viðskiptin áttu sér stað, þegar matsverðið í dag er 573 milljónir króna.

7. Ákærðu Jóni Ásgeiri og Jóhannesi með því að hafa hinn 30. nóvember 1998, við yfirtöku Baugs hf. á Bónus sf., kt. 670892-2479, misnotað aðstöðu sína hjá Baugi hf., til þess að binda það við erlenda bankaábyrgð í SPRON, að andvirði kr. 12.219.990,00, sem var óviðkomandi rekstri Bónus sf., en til ábyrgðarinnar höfðu ákærðu stofnað í nafni sameignarfélagins hinn 17. júlí 1996, vegna lántöku í nafni bandaríska félagsins Nordica Inc. hjá Ready State Bank, Hialeah í Flórída í Bandaríkjunum, að fjárhæð USD 135.000. Ábyrgðin var stofnuð vegna kaupa ákærðu, í félagi við eiganda hins bandaríska félags, Jón Gerald Sullenberger, samkvæmt sölu-reiðingni dagsettuð um hinn 16. ágúst 1996, á 37 feta skemmtibát af gerðinni Sea Ray Sundancer sem fékk nafnið „Icelandic Viking“, en með þessu varð Baugur hf., síðar Baugur Group hf., bundið við ábyrgðina sem gjaldféll á hlutafélagið hinn 17. október 2002.

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:

Um er að ræða ábyrgð sem Bónus gaf út til handa Nordica árið 1996 vegna vöruviðskipta en ekki vegna báts eins og sýnt hefur verið fram á með gögnum. Vísast til svars um lið 2.

Brot ákærða Jóns Ásgeirs samkvæmt 5., 6. og 7. tölulið ákæru, og Jóhannesar samkvæmt 7. tölulið ákæru teljast varða við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Brot ákærða Jóhannesar samkvæmt 5. tölulið telst varða við 249. gr. sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Brot ákærða Tryggva samkvæmt 5. og 6. tölulið telst varða við 249. gr. sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

III. FJÁRDÁTTUR OG UMBOÐSSVIK**Ákærðu Jóni Ásgeiri er gefinn að sök fjárdráttur og/eða umboðssvik í eftirgreindum tilvikum:**

8. Með því að hafa hinn 8. október 1998 látið millifæra af bankareikningi, númer 1151 26 000156, í eigu Baugs-Aðfangu ehf., dótturfélags Baugs hf., kr. 200.000.000,00 inn á bankareikning í eigu SPRON, nr. 1151 26 009999, þar sem ákærði fékk útgefna bankaávisun sömu fjárhæðar, á nafn Helgu Gísladóttur. Ákærði afhenti eða lét afhenda Eiríki Sigurðssyni, sambýlismanni Helgu, eiganda alls hlutfjár í Vöruveltunni hf., bankaávisun þessa til greiðslu samkvæmt kaupsamningi dagsettuð um hinn 7. október 1998, þar sem Helga Gísladóttir seldi ákærða fyrir hönd ótilgreindra kaupenda allt hlutfélagi í hlutafélaginu Vöruveltunni og var ávísunin innlestyð um hinn 9. október 1998 og andvirði hennar lagt inn á bankareikning Helgu númer 0327 26 001708.

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:

Um var að ræða lánveitingu í viðskiptalegum tilgangi fyrir Baug, sem rúmast innan stóðu-umboðs JÁJ sem forstjóra félagsins. Þessir fjármunir voru endurgreiddir fyrir lok reikningsársins 1998, án þess að það sé tiltekið í ákæru eins og eðlilegt væri. Eins og rakið er í athugasemdum sakborninga við 5. lið ákærunnar gerði JÁJ samning til að tryggja hagsmuni Baugs þegar það stefndi í að Vöruveltan yrði seld til KEA. Greiðslan tengist með órofa hætti samningi JÁJ við seljendur Vöruveltunnar frá deginum áður, þar sem JÁJ kom fram sem umboðsmaður vantanlegra kaupenda. Þessi ráðstöfun var gerð með hagsmuni Baugs að leiðarljósi, enda jókst velta vöruhúss fyrirtækisins um 18% án þess að kostnaður færi upp svo nokkru næmi. Þetta atriði var ítarlega skýrt í bréfi JÁJ, dags. 30. júní 2005.

9. Með því að hafa hinn 15. júní 2001 látið Baug hf. greiða kr. 95.000.000,00 inn á bankareikning Kaupþings á Íslandi, nr. 1100 26 454080, þaðan sem fjárhæðinni var ráðstafað, ásamt láni frá Kaupþing Bank Luxembourg, að fjárhæð kr. 30.000.000,00, til félagsins Cardi Holding, dótturfélags Gaums Holding, sem bæði voru skráð í Lúxemborg, sem hlutfjárframlag í félagið FBA-Holding. Það félag var í eigu Fjórðingafélagsins Gaums ehf. og þriggja annarra aðila. Færsla vegna greiðslunnar í bókhaldi Baugs hf. var með fylgiskjali, sem var útskrift tölvupósts með greiðslufyrirmælum ákærða til þáverandi fjármála-stjóra Baugs hf., með handskrifuðum athugasemdum um númer bankareiknings sem greiðslan var færð inn á svohljóðandi

skýringum: „eignfæra ráðgjöf v/A Holding. Viðskiptafæra á Baug Holding. Vantar reikning“.

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:

Um er að ræða þóknun sem Gaumur fékk fyrir að falla frá betri rétti sínum vegna þátttöku í A-Holding sem stofnað var utan um fjárfestingu í Arcadia. Hafa forsvarsmenn Íslandsbanka og KB-banka, sem voru stofnhlutahafar í A-Holding, ásamt Baugi og Gaumi, staðfest að þessir aðilar hafi einnig fengið sams konar þóknun fyrir að falla frá rétti sínum. Með þessari ráðstöfun sparaði Baugur um 650 milljónir króna frá þeim samningum sem þegar höfðu verið gerðir. Sýnt hefur verið fram á að þóknun Gaums var hlutfallslega lægri en bankanna. Hafði JÁJ umboð bæði stjórnar og hluthafafundar til að ganga frá slíkum samningum við hluthafa A-Holding. Þetta hefur ítarlega verið skýrt í bréfi JÁJ 30. júní 2005, álitserð Jónatans Þórmundssonar og með bréfi JÁJ til RLS 21. september 2004.

Brot ákærða Jóns Ásgeirs samkvæmt 8. tölulið ákæru telst varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en brot ákærða samkvæmt 9. tölulið telst varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr., 19, 1940 til vara við 249. gr. sömu laga.

IV. FJÁRDÁTTUR, UMBOÐSSVIK OG BROT GEGN LÖGUM UM HLUTFÉLAGIÐ. Ákærðu Jóni Ásgeiri, Tryggva og Kristínu er gefinn að sök fjárdráttur og/eða umboðssvik og brot gegn lögum um hlutfélagið í eftirgreindum tilvikum:**ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:**

Í heimfærslu til refsiaákvæða í lok IV. kafla er Kristínu Jóhannesdóttur ekki gefinn að sök fjárdráttur, umboðssvik né brot gegn lögum um hlutfélagið líkt og segir hér í upphafi kaflans. Uppsetning í ákæru er því bæði röng og ósæmami að þessu leyti.

10. Ákærðu Jóni Ásgeiri og Tryggva með því að hafa hinn 23. ágúst 1999 látið millifæra af bankareikningi Baugs hf., nr. 0527 26 000720, kr. 100.000.000,00 til Íslandsbanka hf., vegna innheimtu bankans á hlutfjárloforðum, sem greiðslu Fjórðingafélagsins Gaums ehf., þegar einkahlutfélagið eignaðist 10.000.000 hluti í hlutfjárútbóði í Baugi hf. í apríl 1999. Í bókhaldi Baugs hf. var greiðslan til Íslandsbanka hf., í þágu einkahlutfélagins, færð á viðskiptamannareikning þess hjá Baugi hf., sem krafa, þannig að eftir bókun millifærslunnar stóð viðskiptamannareikningurinn í kr. 182.782.689,00. Krafa hlutfélagins á einkahlutfélagið var síðar lækkuð með eftirtöldum greiðslum einkahlutfélagins NRP til Baugs hf.; kr. 15.000.000,00 hinn 28. október 1999, kr. 15.000.000,00 hinn 2. nóvember 1999 og kr. 60.000.000,00 hinn 28. júní 2000, þegar einkahlutfélagið NRP eignaðist umrædd hlutfélagið Fjórðingafélagsins Gaums ehf., en jafnframt var krafa á viðskiptamannareikningi einkahlutfélagins hjá Baugi hf. færð niður um kr. 10.000.000,00 hinn 31. desember 1999.

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:

Sú lánveiting sem hér er vísað til er viðskiptalegs eðlis og var heimil samkvæmt lögum. Umrætt viðskiptalán var að fullu endurgreitt eins og kemur fram í verknáðarlýsingu. Ekki getur verið um fjárdrátt eða umboðssvik að ræða þar sem allan auðgunarásætning skorti og engin leynd ríkti um lánveitinguna. Ítarlega er fjallað um óheimilar lánveitingar í álitserð Jónatans Þórmundssonar. Þar segir m.a. að undantekning í 3. málsl. 2. mgr. 104. gr. hlutfélagalaga heimili hlutfélagi að veita starfsmönnum félagsins eða tengds félags lán til kaupna á hlutum í félaginu.

11. Ákærðu Jóni Ásgeiri með því að hafa um mitt ár 1999 án greiðslu eða skuldaviðurkenninga afhent eða látið afhenda Fjórðingafélaginu Gaumi ehf. 10.695.295 hluti Baugs hf. í Flugleiðum hf., sem einkahlutfélagið seldi hinn 27. ágúst 1999 fyrir kr. 49.360.124,00. Framangreind ráðstöfun þrefanna var fyrst færð í bókhaldi Baugs hf. með lokafærslum frá endurskoðanda í árslok 1999 að fjárhæð kr. 44.800.000,00. Færslan var miðuð við 31. desember 1999 og þá færð sem krafa á viðskiptamannareikning Fjórðingafélagsins Gaums ehf., sem eftir bókunina stóð í kr. 143.068.986,00, en skuld einkahlutfélagins var gerð upp með víxli útgefnum um hinn 20. maí 2002 sem greiddur var 5. september sama ár.

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:

Hér er um að ræða hlutabréf í Flugleiðum sem Bónus hafði upphaflega keypt en við tilurð Baugs láðist hins vegar að yfirfæra þau til félagsins. Þetta uppgötvaðist eftir að hlutabréfin höfðu verið seld og var andvirði söluverðs þrefanna þá fært sem krafa á viðskiptamannareikning Gaums í bókhaldi Baugs. Krafan var lán viðskiptalegs eðlis sem eru heimil og var að fullu endurgreidd 20. maí 2002 áður en til húsleitar RLS kom. Ekki getur

verið um fjárdrátt eða umboðssvik að ræða þar sem allan auðgunarásætning skorti og engin leynd ríkti um viðskiptin.

12. Ákærðu Jóni Ásgeiri og Tryggva með því að hafa hinn 11. október 1999 látið millifæra kr. 4.500.000,00 af bankareikningi Baugs hf., nr. 1150 26 00077, á bankareikning Fjórðingafélagsins Gaums ehf., nr. 0527 26 001099, vegna kaupna einkahlutfélagins á hluta fasteignarinnar að Viðarhöfða 6, í Reykjavík. Í bókhaldi Baugs hf. var greiðslan til einkahlutfélagins færð sem viðskiptakrafa á viðskiptamannareikning einkahlutfélagins hjá Baugi hf., sem eftir bókun millifærslunnar stóð í kr. 187.665.005,00, en skuld einkahlutfélagins var gerð upp með víxlinum sem nefndur er í lok 11. tölulið ákæru. Ákærðu Kristínu framkvæmdastjóra einkahlutfélagins gat ekki dulist að millifærsla fjárhæðarinnar sem gerð var án skuldaviðurkenningar, sammings eða trygginga var ólögmæt og andstæð hagsmunum Baugs hf.

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:

Til stóð að Baugur keypti hluta af fasteigninni að Viðarhöfða 6 í félagi við Gaum þar sem m.a. voru geymd bókhaldsgögn frá félaginu. Hins vegar láðist að ganga frá endanlegum kaupsamningi þess efnis. Krafan var því lán viðskiptalegs eðlis sem eru heimil. Skuldin var að fullu endurgreidd 20. maí 2002 áður en til húsleitar RLS kom. Ekki getur verið um fjárdrátt eða umboðssvik að ræða þar sem allan auðgunarásætning skorti og engin leynd ríkti um viðskiptin.

13. Ákærðu Jóni Ásgeiri og Tryggva með því að hafa hinn 3. desember 1999 látið millifæra kr. 8.000.000,00 af bankareikningi Baugs hf., nr. 0527 26 000720, til SPRON sem greiðslu Fjórðingafélagsins Gaums ehf. fyrir helmingshluta hlutfjár í eigu SPRON í Viðskiptatrausti ehf. Í bókhaldi Baugs hf. var greiðslan færð sem krafa á viðskiptamannareikning einkahlutfélagins í samræmi við útgefnun reikning, en eftir bókun færslunnar stóð viðskiptamannareikningurinn í kr. 168.031.286,00, en skuld einkahlutfélagins var gerð upp með kaupum Baugs hf. á öllu hlutfélagi í Viðskiptatrausti ehf., sem fært var til lækkunar á viðskiptamannareikningi einkahlutfélagins um 30. júní 2000 fyrir kr. 16.000.000,00.

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:

Viðskiptatraust ehf. var sameiginlegt verkefni SPRON og Bónus um útgáfu greiðslukorta fyrir Bónus sf., sem á þeim tíma tók ekki við slíkum kortum. Ekkert varð af verkefni og að kröfu SPRON keypti Gaumur hlutfélagið SPRON í Viðskiptatrausti ehf. Samkomulag var um að Baugur keypti umrætt hlutfélag og greiddi kaupverðið til SPRON og tók yfir starfsemi Viðskiptatrausts. Staða á viðskiptamannareikningnum vegna þessa var gerð upp með kaupum Baugs á öllu hlutfélagi í Viðskiptatrausti hálfu ári síðar. Ekki getur verið um fjárdrátt eða umboðssvik að ræða, þar sem allan auðgunarásætning skorti og engin leynd hvíldi yfir viðskiptunum.

14. Ákærðu Jóni Ásgeiri og Tryggva með því að hafa hinn 14. desember 1999 látið millifæra kr. 35.000.000,00 af bankareikningi Baugs hf., nr. 0527 26 000720, á bankareikning Fjórðingafélagsins Gaums ehf., nr. 0527 26 001099, vegna kaupna einkahlutfélagins á 186.500 hlutum í Debenhams PLC í Bretlandi. Í bókhaldi Baugs hf. var greiðslan til einkahlutfélagins færð sem viðskiptakrafa á viðskiptamannareikning einkahlutfélagins, sem eftir bókun millifærslunnar stóð í kr. 201.001.430,00 en framangreind skuld einkahlutfélagins, kr. 35.000.000,00, var gerð upp með greiðslu um hinn 22. desember 1999 til hlutfélagins.

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:

Framangreint viðskiptalán var að fullu endurgreitt eins og fram kemur í verknáðarlýsingu. Í bréfum JÁJ 5. mars 2004 og 30. júní 2005 er m.a. greint frá margháttuðu samstarfi Baugs og Gaums þar sem Gaumur fór oft á undan í leit að fjárfestingum og tók áhættuna af þeim. Fjórðingarnar voru síðan færðar yfir til Baugs sem hagnaðist verulega á viðskiptunum. Þessi viðskipti sem stóðu í tengslum við einkaleyfi fyrir Debenhams á Íslandi og síðar á Norðurlöndunum eru skýrt dæmi um slíkt samstarf. Ekki getur verið um fjárdrátt eða umboðssvik að ræða þar sem skuldin var greidd upp og allan auðgunarásætning skorti og engin leynd ríkti um lánveitinguna.

15. Ákærðu Jóni Ásgeiri og Tryggva með því að hafa hinn 13. febrúar 2001 látið færa kröfu á viðskiptamannareikning Fjórðingafélagsins Gaums ehf. hjá Baugi hf. að fjárhæð kr. 50.529.987,00 vegna kaupna einkahlutfélagins á hlutabréfum í Baugi hf. í hlutfjárútbóði í félaginu í desember árið 2000 þegar einkahlutfélagið eignaðist bréfin. Ákærðu Kristín sem framkvæmdastjóra einkahlutfélagins gat ekki dulist að lánveitingin, sem var án skuldaviðurkenningar, trygginga og sammings um end-

urgreiðslu og lánakjör, var ólögmæt og andstæð hagsmunum Baugs hf. Í bókhaldi Baugs hf. var krafan færð á viðskiptamannareikning einkahlutfélagins. Eftir bókun kröfunnar stóð viðskiptamannareikningurinn í kr. 145.871.863,00 en skuld einkahlutfélagins var síðar gerð upp með víxlinum sem nefndur er í lok 11. tölulið ákæru.

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:

Hér er um að ræða lán viðskiptalegs eðlis sem eru heimil. Viðskiptalánið var að fullu endurgreitt 20. maí 2002 áður en til húsleitar RLS kom. Ekki getur verið um fjárdrátt eða umboðssvik að ræða þar sem allan auðgunarásætning skorti og engin leynd ríkti um lánveitinguna. Ítarlega er fjallað um óheimilar lánveitingar í álitserð Jónatans Þórmundssonar. Þar segir m.a. að undantekning í 3. málsl. 2. mgr. 104. gr. hlutfélagalaga heimili hlutfélagi að veita starfsmönnum félagsins eða tengds félags lán til kaupna á hlutum í félaginu.

16. Ákærðu Jóni Ásgeiri og Tryggva með því að hafa hinn 13. febrúar 2001 látið færa kröfu á viðskiptamannareikning ákærðu Kristínu í bókhaldi Baugs hf. að fjárhæð kr. 3.786.727,00 vegna kaupna ákærðu Kristínar á hlutabréfum í Baugi hf. í hlutfjárútbóði í félaginu í desember 2000 þegar ákærða eignaðist hlutabréfin. Ákærðu Kristínu gat ekki dulist að lánveitingin, sem var án skuldaviðurkenningar, trygginga og sammings um endurgreiðslu og lánakjör, var ólögmæt. Arðgreiðsla af hlutabréfum fyrir árið 2001, kr. 397.894,00, var færð til lækkunar á skuldinni um 5. júlí 2001 en skuld ákærðu var gerð upp með víxlinum sem nefndur er í lok 11. tölulið ákæru.

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:

Hér er um að ræða lán viðskiptalegs eðlis sem eru heimil. Viðskiptalánið var að fullu endurgreitt 20. maí 2002 áður en til húsleitar RLS kom. Ekki getur verið um fjárdrátt eða umboðssvik að ræða þar sem allan auðgunarásætning skorti og engin leynd ríkti um lánveitinguna. Ítarlega er fjallað um óheimilar lánveitingar í álitserð Jónatans Þórmundssonar. Þar segir m.a. að undantekning í 3. málsl. 2. mgr. 104. gr. hlutfélagalaga heimili hlutfélagi að veita starfsmönnum félagsins eða tengds félags lán til kaupna á hlutum í félaginu.

17. Ákærðu Jóni Ásgeiri með því að hafa hinn 18. maí 2001 látið millifæra kr. 100.000.000,00 af bankareikningi Baugs hf., nr. 0527 26 000720, inn á bankareikning nr. 0527 26 001099 í eigu Fjórðingafélagsins Gaums ehf., sem ákærðu Kristínu, sem var framkvæmdastjóri einkahlutfélagins, gat ekki dulist að var ólögmæt og andstætt hagsmunum Baugs hf., enda lánveitingin án þess að einkahlutfélagið legði fram skuldaviðurkenningu, tryggingu eða samning um endurgreiðslu eða lánakjör, fyrir fénu, sem ráðstafað var samþægis af bankareikningi einkahlutfélagins til Nordica Restaurant Group AB, sem hlutfjárframlag einkahlutfélagins í því félagi. Í bókhaldi Baugs hf. var millifærslan til einkahlutfélagins færð sem krafa á viðskiptamannareikning einkahlutfélagins, sem eftir bókun millifærslunnar stóð í kr. 262.836.989,00 en skuld einkahlutfélagins var síðar gerð upp með víxlinum sem nefndur er í lok 11. tölulið ákæru.

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:

Hér er um að ræða lán viðskiptalegs eðlis sem eru heimil. Lánið var að fullu endurgreitt 20. maí 2002 áður en til húsleitar RLS kom. Umræddu félagi, Nordic Restaurant Group AB, sem var handhafi rekstrarleyfis fyrir Pizza Hut í Svíþjóð og á Íslandi, var m.a. ætlað að kaupa veitingarekstur af norska félaginu Reitan Gruppen, sem var þá einn af stærstu hluthöfum Baugs. Gaumur hefur í gegnum tíðina oft tekið upphafsáhættu í fjárfestingarverkefnum sem Baugur hefur svo tekið yfir, sbr. athugasemdir sakborninga við ákærulið 14. Svo var í þessu tilvikum. Eignarhluturinn í Nordic Restaurant Group er nú í eigu Baugs. Ekki getur verið um fjárdrátt eða umboðssvik að ræða þar sem allan auðgunarásætning skorti og engin leynd ríkti um lánveitinguna. Ítarlega er fjallað um óheimilar lánveitingar í álitserð Jónatans Þórmundssonar.

18. Ákærðu Jóni Ásgeiri og Tryggva með því að hafa hinn 16. maí 2000 misnotað aðstöðu sína þegar þeir lánuðu, án lánasammings, trygginga eða ábyrgða, kr. 64.500.000,00, fyrir hönd Baugs hf. til einkahlutfélagins Fjáfars, kt. 521198-2149, sem ákærði Jón Ásgeir stjórnaði og rak, vegna kaupna einkahlutfélagins á hlutabréfum í Baugi hf., að nafnverði kr. 5.000.000,00. Skuld Fjáfars ehf. við Baug hf., var gerð upp eftir húsleiti löglegu hjá Baugi hf., hinn 28. ágúst 2002.

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:

Viðskiptalánið var að fullu endurgreitt. Ekki getur verið um fjárdrátt eða umboðssvik að ræða þar sem allan auðgunarásætning skorti,

engin leynd ríkti um lánveitinguna auk þess sem viðskiptalánið var að fullu endurgreitt og fól því ekki í sér áhættu fyrir Baug. Þá var Fjárfar hluthafi í Baugi á þessum tíma. Ítarlega er fjallað um óheimilar lánveitingar í álitserð Jónatans Þórmundssonar.

19. Ákærðu Jóni Ásgeiri og Tryggva með því að hafa hinn 30. júní 2000 misnotað aðstöðu sína þegar þeir lánuðu, án lánasamnings, trygginga eða ábyrgða, kr. 50.000.000 fyrir hönd Baugs hf., til einkahlutafélagsins Fjárfars, sem ákærði Jón Ásgeir stjórnari og rak, vegna kaupkaupa einkahlutafélagsins á 5% hluta í Baugi.net ehf., kt. 570300-2960, af Baugi hf. að nafnverði kr. 2.500.000,00. Viðskipti félaganna með hlutabréf í Baugi.net ehf. gengu til baka hinn 21. febrúar 2002.

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:
Hér er um að ræða viðskiptalán sem eru heimil og var að fullu endurgreitt. Ekki getur verið um fjárdrátt eða umboðssvik að ræða þar sem allan auðgunarásætning skorti, engin leynd ríkti um lánveitinguna auk þess sem lánið var að fullu endurgreitt og fól því ekki í sér áhættu fyrir Baug. Þá var Fjárfar hluthafi í Baugi á þessum tíma. Ítarlega er fjallað um óheimilar lánveitingar í álitserð Jónatans Þórmundssonar.

20. Ákærðu Jóni Ásgeiri og Tryggva með því að hafa hinn 13. febrúar 2001 misnotað aðstöðu sína þegar þeir lánuðu, án lánasamnings, trygginga eða ábyrgða, kr. 85.758.591,00 fyrir hönd Baugs hf. til einkahlutafélagsins Fjárfars, sem Jón Ásgeir stjórnari og rak, vegna kaupkaupa einkahlutafélagsins á hlutabréfum í Baugi hf., í tengslum við hlutafjárukningu þess, að nafnverði kr. 7.392.982,00. Skuld Fjárfars ehf. við Baug hf., var gerð upp eftir húsleit lögreglu hjá Baugi hf., hinn 28. ágúst 2002.

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:
Viðskiptalánið var að fullu endurgreitt. Ekki getur verið um fjárdrátt eða umboðssvik að ræða þar sem allan auðgunarásætning skorti, engin leynd ríkti um lánveitinguna auk þess sem viðskiptalánið var að fullu endurgreitt og fól því ekki í sér áhættu fyrir Baug. Þá var Fjárfar hluthafi í Baugi á þessum tíma. Ítarlega er fjallað um óheimilar lánveitingar í álitserð Jónatans Þórmundssonar.

21. Ákærðu Jóni Ásgeiri með því að láta Baug hf., greiða á tímabilinu frá 5. október 1998 til 2. maí 2002, samkvæmt reikningum, kostnað sem ákærði hafði stofnað til með úttektum á Visa og Mastercard greiðslukortum í reikning Baugs hf. vegna persónulegra úttekta ákærða óviðkomandi Baugi hf., samtals að fjárhæð kr. 12.553.358,60 svo sem hér á eftir greinir. Voru greiðslurnar í bókhaldi Baugs hf. færðar til eignar á viðskiptamannareikningi ákærða hjá Baugi hf. Skuld ákærða samkvæmt viðskiptamannareikningnum var gerð upp með víxlinum sem nefndur er í lok 11. töluliðs ákæru: [...]

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:
Hér er um að ræða lán viðskiptalegs eðlis sem eru heimil sem var að fullu endurgreitt 20. maí 2002 áður en til húsleitar RLS kom. Ekki getur verið um fjárdrátt eða umboðssvik að ræða þar sem allan auðgunarásætning skorti og engin leynd ríkti um lánveitinguna. Fram kemur í bréfi JAJ 30. júní 2005 að greiðslum fyrir persónulegum útgjöld hafi ávallt verið haldið aðgreindum frá öðrum kostnaði og að hann hafi á öllum stundum átt inni hjá félaginu en ekki öfugt. Þá hefur RLS verið sýnt fram á að á umræddum tíma stóð Baugur ávallt í skuld við JAJ, þar sem kaupréttir, dagpeningar o.fl. höfðu ekki verið gerðir upp við JAJ.

22. Ákærðu Jóni Ásgeiri með því að láta Baug hf., greiða sér, á tímabilinu frá 2. júní 1999 til 12. júní 2002, í alls átta skipti, samtals kr. 9.536.452,00 úr sjóðum Baugs hf., í fimm skipti með millifærslum af bankareikningum hlutafélagsins nr. 1150 26 77 og 0527 26 720, inn á eigin bankareikning ákærða, í eitt skipti með millifærslu inn á bankareikning nafngreinds manns og í tvö skipti látið afhenda sér í reidufé. Voru greiðslurnar í bókhaldi Baugs hf. færðar til eignar á viðskiptamannareikningi ákærða hjá Baugi hf., svo sem hér á eftir greinir. Skuld ákærða samkvæmt viðskiptamannareikningnum var gerð upp með víxlinum sem nefndur er í lok 11. töluliðs ákæru: [...]

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:
Hér er um að ræða lán viðskiptalegs eðlis sem eru heimil og var að fullu endurgreitt 20. maí 2002 áður en til húsleitar RLS kom. Ekki getur verið um fjárdrátt eða umboðssvik að ræða þar sem allan auðgunarásætning skorti og engin leynd ríkti um lánveitinguna. Fram kemur í bréfi JAJ 30. júní 2005 að greiðslum fyrir persónulegum útgjöld hafi ávallt verið haldið aðgreindum frá öðrum kostnaði og að hann hafi á öllum stundum átt inni hjá félaginu en ekki öfugt. Þá hefur RLS verið sýnt fram á að á umræddum tíma stóð Baugur ávallt í skuld við

JAJ, þar sem kaupréttir, dagpeningar o.fl. höfðu ekki verið gerðir upp við JAJ.

23. Ákærðu Jóni Ásgeiri með því að láta Baug hf. greiða, á tímabilinu frá 26. janúar 1999 til 16. júlí 2002, samtals kr. 5.551.474,91, samkvæmt eftirgreindum reikningum, sem voru vegna kostnaðar sem ákærði hafði stofnað til og voru einka-kostnaður ákærða, óviðkomandi Baugi hf. Greiðslurnar voru færðar til eignar á viðskiptamannareikningi ákærða hjá Baugi hf. Skuld ákærða samkvæmt viðskiptamannareikningnum var gerð upp með víxlinum sem nefndur er í lok 11. töluliðs ákæru: [...]

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:
Hér er um að ræða lán viðskiptalegs eðlis sem eru heimil sem var að fullu endurgreiddur áður en til húsleitar RLS kom. Ekki getur verið um fjárdrátt eða umboðssvik að ræða þar sem allan auðgunarásætning skorti og engin leynd ríkti um lánveitinguna. Fram kemur í bréfi JAJ 30. júní 2005 að greiðslum fyrir persónulegum útgjöld hafi ávallt verið haldið aðgreindum frá öðrum kostnaði og að hann hafi á öllum stundum átt inni hjá félaginu en ekki öfugt. Þá hefur RLS verið sýnt fram á að á umræddum tíma stóð Baugur ávallt í skuld við JAJ, þar sem kaupréttir, dagpeningar o.fl. höfðu ekki verið gerðir upp við JAJ.

Brot ákærða Jóns Ásgeirs samkvæmt 10. til og með 23. töluliðs ákæru teljast varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, til var við 249. gr. sömu laga og jafnframt teljast brot samkvæmt töluliðum 10, 15, 16, 18 og 20 varða við 2. mgr. 104. gr., og brot samkvæmt töluliðum 11, 12, 13, 14, 17, 19, 21, 22 og 23 varða við 1. mgr. 104. gr., sbr. 2. tl. 153. gr., laga um hlutafélög nr. 2 1995.

Brot ákærða Tryggva samkvæmt 10., 12., 13. til og með 16. og 18. til og með 20. töluliðs ákæru teljast varða við 247. gr., sbr. 22. gr., almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, til vara við 249. gr. sbr. 22. gr., sömu laga og jafnframt teljast brot samkvæmt töluliðum 10, 15, 16, 18 og 20 varða við 2. mgr. 104. gr., og brot samkvæmt töluliðum 12, 13, 14 og 19 varða við 1. mgr. 104. gr., sbr. 2. tl. 153. gr., laga um hlutafélög nr. 2, 1995.

Brot ákærða Kristínar samkvæmt 12., 15. til og með 17. töluliðs ákæru teljast varða við 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

V. BROT GEGN LÖGUM UM HLUTAFÉLÖG ÁKÆRÐU JÓNÍ ÁSGEIRI OG TRYGGVA ER GEFIÐ AÐ SÖK AÐ HAFI BROTIÐ GEGN LÖGUM UM HLUTAFÉLÖG Í EFTIRGREINDUM TÍLVIKUM:

24. Ákærðu Jóni Ásgeiri og Tryggva með því að hafa veitt Fjárfestingafélaginu Gaumi ehf., sem var í eigu ákærða Jóns Ásgeirs og fjölkskyldu hans, lán vegna tveggja eftirtaldrar reikninga frá Baugi hf. vegna útlags kostnaðar fyrir einkahlutafélagið, en kröfurnar voru eignfærðar á árinu 1998 á viðskiptamannareikning einkahlutafélagsins hjá Baugi hf., samtals að fjárhæð kr. 401.430,00, svo sem hér greinir: [töflur ekki tiltækar]

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:
Hér er aðallega um að ræða útlagðan kostnað vegna tölvu JAJ, sem Baugur átti réttilega að greiða. Hefur greiðslukvittun þess efnis verið lögð fram í málinu. Greint hefur verið frá því í bréfum JAJ 5. mars 2004 og 30. júní 2005 að mikil viðskipti áttu sér stað milli Baugs og Gaums og að ávallt hafi verið reynt að tryggja að hallaði ekki á Baug í þeim viðskiptum. Að mati sakborninga er þessi ákæruliður dæmi um það hvernig leitast hefur verið við að hafa öll samskipti Baugs og Gaums gegnsæ.

25. Ákærðu Jóni Ásgeiri og Tryggva með því að hafa veitt Fjárfestingafélaginu Gaumi ehf., sem var í eigu ákærða Jóns Ásgeirs og fjölkskyldu hans, lán vegna þriggja eftirtaldrar reikninga frá Baugi hf. vegna hlutdeildar einkahlutafélagsins í kostnaði Baugs hf., en kröfurnar voru eignfærðar á árinu 1999 á viðskiptamannareikning einkahlutafélagsins hjá Baugi hf., samtals að fjárhæð kr. 13.010.411,00, svo sem hér greinir: [töflur ekki tiltækar]

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:
Reikningarnir voru greiddir 20. maí 2002 áður en til húsleitar RLS kom. Hér er um að ræða reikninga sem Baugur gerði Gaumi vegna þátttöku í rekstrarkostnaði Baugs og er m.a. rakið í bréfi JAJ 30. júní 2005. Reikningarnir voru færðir á viðskiptareikning Gaums hjá Baugi. Útgáfa þessara reikninga undirstríkar að mati sakborninga hversu fráleitt það er að telja að hluthafar Gaums hafi gengið í sjóði Baugs, þegar fyrir liggur að Gaumur var rukkaður um háar fjárhæðir vegna starfa JAJ fyrir Gaum.

26. Ákærðu Jóni Ásgeiri og Tryggva með því að hafa veitt Fjárfestingafélaginu

Gaumi ehf., sem var í eigu ákærða Jóns Ásgeirs og fjölkskyldu hans, lán vegna sautján eftirtaldrar reikninga frá Baugi hf. vegna útlags kostnaðar fyrir einkahlutafélagið, en kröfurnar voru eignfærðar á árinu 2000 á viðskiptamannareikning einkahlutafélagsins hjá Baugi hf., samtals að fjárhæð kr. 6.224.951,00, sem hér greinir: [töflur ekki tiltækar]

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:
Reikningarnir voru greiddir 20. maí 2002 áður en til húsleitar RLS kom. Hér er um að ræða kostnað sem skipt var milli Baugs og Gaums. Kostnaður sem féll í hlut Gaums var færður á viðskiptareikning Gaums hjá Baugi. Útgáfa þessara reikninga undirstríkar að mati sakborninga hversu stjórnendur Baugs voru þess meðvitaðir að ekki mætti halla á Baug í samskiptum Baugs við Gaum.

27. Ákærðu Jóni Ásgeiri og Tryggva með því að hafa veitt Fjárfestingafélaginu Gaumi ehf., sem var í eigu ákærða Jóns Ásgeirs og fjölkskyldu hans, lán vegna eftirtaldrar fjögurra reikninga Baugs hf., vegna hlutdeildar einkahlutafélagsins í kostnaði Baugs hf., en kröfurnar voru eignfærðar á árinu 2000 á viðskiptamannareikning einkahlutafélagsins hjá Baugi hf., samtals að fjárhæð kr. 70.000.000,00, svo sem hér greinir: [töflur ekki tiltækar]

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:
Reikningarnir voru greiddir 20. maí 2002 áður en til húsleitar RLS kom. Hér er um að ræða reikninga sem Baugur gerði Gaumi vegna þátttöku í rekstrarkostnaði Baugs og er m.a. rakið í bréfi JAJ 30. júní 2005. Reikningarnir voru færðir á viðskiptareikning Gaums hjá Baugi. Útgáfa þessara reikninga undirstríkar að mati sakborninga hversu fráleitt það er að telja að hluthafar Gaums hafi gengið í sjóði Baugs, þegar fyrir liggur að Gaumur var rukkaður um háar fjárhæðir vegna starfa JAJ fyrir Gaum.

28. Ákærðu Jóni Ásgeiri og Tryggva með því að hafa veitt Fjárfestingafélaginu Gaumi ehf., sem var í eigu ákærða Jóns Ásgeirs og fjölkskyldu hans, lán vegna eftirtaldrar fjögurra reikninga Baugs hf. vegna útlags kostnaðar fyrir einkahlutafélagið, en kröfurnar voru eignfærðar á árinu 2001 á viðskiptamannareikning einkahlutafélagsins hjá Baugi hf., samtals að fjárhæð kr. 1.293.376,00, svo sem hér greinir: [töflur ekki tiltækar]

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:
Reikningarnir voru greiddir 20. maí 2002 áður en til húsleitar RLS kom. Hér er um að ræða kostnað sem skipt var milli Baugs og Gaums. Kostnaður sem féll í hlut Gaums var færður á viðskiptareikning Gaums hjá Baugi. Útgáfa þessara reikninga undirstríkar að mati sakborninga hversu stjórnendur Baugs voru þess meðvitaðir að ekki hallaði á Baug í samskiptum Baugs við Gaum.

Framangreindar lánveitingar samkvæmt töluliðum 24 til og með 28 voru að fullu gerðar upp með víxli útgefnum af einkahlutafélaginu Gaumi til hlutafélagsins Baugs, hinn 20. maí 2002 sem greiddur var 5. september sama ár.

Brot ákærðu Jóns Ásgeirs og Tryggva samkvæmt 24. til og með 28. töluliðs ákæru teljast varða við 1. mgr., 104. gr., sbr. 2. tl. 153. gr., laga um hlutafélög nr. 2, 1995.

VI. BROT GEGN ALMENNUM HEGNINGARLÖGUM, LÖGUM UM BÓKHOLD, LÖGUM UM ÁRSREIKNINGA OG LÖGUM UM HLUTAFÉLÖG.

Ákærðu Jóni Ásgeiri og Tryggva eru gefin að sök brot á almennum hegningarlögum, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga og lögum um hlutafélög í eftirgreindum tívikum:

29. Ákærðu Jóni Ásgeiri og Tryggva með því að hafa í sameiningu fært og eða látið færa til tekna í bókhaldi Baugs hf. hinn 30. júní 2001, samkvæmt lokafærsluskjali endurskoðanda dags. 27. september 2001, tvo tilhæfulausa reikninga, sem ekki áttu stóð í viðskiptum félagsins, annars vegar frá P/F SMS, Þórshöfn, Færeyjum, dags. 30. júní 2001, að fjárhæð DKK 3.900.000, sem jafngildir ISK 46.679.000,00 og hins vegar frá Nordica Inc., Miami í Flórída í Bandaríkjunum, dags. 30. ágúst 2001, að fjárhæð USD 589.890, sem jafngildir ISK 61.915.000,00, eða samtals ISK 108.594.000,00 og hafa með því rangfært bókhald og oftalið tekjur Baugs hf. sem þessu nam í rekstrarreikningi árshlutareiknings hinn 30. júní 2001, sem birtur var á Verðbréfaþingi Íslands og gaf til kynna að EBITDA hagnaður fyrstu sex mánuði ársins væri 15,6% hærri og hagnaður tímabilsins 24,6% hærri en var í raun.

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:
Kreditreikningurinn frá Nordica, sem raunar var hluti upphaflegra ásákana RLS um fjár-

drátt við húsleit 28. ágúst 2002, var gefinn út í kjölfar samningaviðræðna milli JAJ og JGS um afslátt vegna viðskipta milli Baugs og Nordica á tímabilinu 1992-2002, sem námu samtals nálæg 700 milljónum króna, og ónægju vegna mikils lagers af óseldum vörum. Hér má t.a.m. vísa til tölvupósts sem RLS hefur í gögnum sínum þar sem fram komna um-mæli stjórnenda Baugs um „60 milljóna króna vandræðalager“ af vörum frá Nordica. Kreditreikningurinn frá SMS var gefinn út vegna fyrirfram greidds afsláttar í tengslum við fyrirhuguð kaffiviðskipti sem varð síðan ekkert úr. Þess skal getið að kreditreikningurinn frá SMS var bakfærður innan reikningsársins og hafði því ekki nokkur áhrif á ársreikning félagsins. Hafi sakborningar ætlað að hafa áhrif á hagnað félagsins í uppgjöri Baugs vegna fyrstu sex mánaða ársins 2001 hefði þeim verið í löfa lagið að gera það með öðrum hætti, t.a.m. með því að færa aukna hlutdeild í gæishagnaði vegna hlutabréfa félagsins í Arcadia, sbr. tilkynningu félagsins til Kauphallar um sex mánaða uppgjör, dags. 3. september 2001, og draga úr gjaldfærslum vegna niðurfærslu birgða. Að öðru leyti var gerð ítarleg grein fyrir efni þessara reikninga og útgáfu þeirra í bréfum JAJ 5. mars 2004 og 30. júní 2005 og vísast til þess sem þar segir.

30. Ákærðu Jóni Ásgeiri og Tryggva með því að hafa fært og eða látið færa rangar og tilhæfulausar færslur um viðskipti og notkun fjármuna í bókhald Baugs hf., þegar þeir létu færa eigin hlutabréf í hlutafélaginu, að nafnverði kr. 40.000.000,00 en bókfærðu verði kr. 330.764.000,00, til vörslu hjá Kaupthing Bank Luxembourg, eins og um sölu hlutabréfanna væri að ræða til Kaupthing Bank Luxembourg, á sama tíma og bréfin voru enn í eigu Baugs hf. og ráðstafað í nafni Baugs hf. í Lúxemborg. Bréfunum var meðal annars ráðstafað til greiðslna til nokkurra af æðstu stjórnendum hlutafélagsins. Ráðstafanir ofangreindra fjármuna voru rangfærðar í bókhaldi og duldar með eftirgreindum færslum og fylgigögnum:

Færsla nr. 9281 dags. 30.06.1999 með texta: „Hlutabréf í Baugi seld Kaupþingi“

Lykill	Heiti lykils	Debet	Kredit
V560882-0419	Kaupþing	330.764.000	
F 73112	Biðreikningur		330.764.000

Færslan, til eignar á viðskiptamannareikningi Kaupþings hf., byggir á rangri skýringu í fylgiskjali sem er handskrifað bréf, ódagsett og óundirritað, þar sem segir um færsluna „Kaup á eigin bréfum (gamall samningur)“ „Baugur kaupir 5% í Baugi og fær lán hjá FBA“ „413.455.006 - Biðreikningur“ „Selur Kaupþingi 4/5 hlut 330.764.000 út af biðreikn. D/viðskm. KP“. Ytri frumgögn vantar í bókhaldi. Viðskiptamannareikningur Kaupþings V560882-0419 er færður til eignar meðal annarra skammtfakrafna í árshluta- og ársreikningi félagsins.

Færsla nr. S005114 dags. 07.07.1999 með texta: „Kaupþing“

Lykill	Heiti lykils	Debet	Kredit
V560882-0419	Kaupþing		165.382.000
B 77	SPRON	165.382.000	

Færslan er byggð á fyrirmælum, án skýringa, um færslur á bókhaldslykla samkvæmt fylgiskjali sem er handskrifað bréf, ódagsett og óundirritað en með áprentuðu nafni Tryggva Jónssonar. Ytri frumgögn til staðfestingar vantar í bókhaldi. Greiðslan er framkvæmt með millifærslu af bankareikningi hlutafélagsins í Lúxemborg, sem ekki er skráður í bókhaldi þess, inn á tékkareikning félagsins hjá SPRON.

Færsla nr. S005128 dags. 08.07.1999 með texta: „Kaupþing“

Lykill	Heiti lykils	Debet	Kredit
F 73112	Biðreikningur	21.582.000	
B 77	SPRON		21.582.000

Færslan, til eignar á biðreikningi, er byggð á fyrirmælum, án skýringa, um færslur á bókhaldslykla í fylgiskjali sem er handskrifað bréf, ódagsett og óundirritað en með áprentuðu nafni Tryggva Jónssonar. Ytri frumgögn til staðfestingar vantar í bókhaldi. Um er að ræða millifærslu af tékkareikningi hlutafélagsins hjá SPRON á bankareikning þess í Lúxemborg sem ekki er skráður í bókhaldi hlutafélagsins.

Færsla nr. I00725 dags. 30.06.2001 með texta: „Kaupþing fært á fyrirframgreiddan kostnað“

Lykill	Heiti lykils	Debet	Kredit
F 73112	Biðreikningur		21.582.000
B 74592	Annar fyrirframgreiddur kostnaður án vsk	21.582.000	

Færslan, sem er millifærsla af „Biðreikningur“ og til eignar á „Annar fyrirframgreiddur kostnaður án vsk“, er byggð á fyrirmælum um færslur samkvæmt bókunarbliði sem er handskrifað, ódagsett og óundirritað. Hvorki fylgir skýring millifærslunnar né tilvísun í hina upprunalegu færslu nr. S005128 dags. 08.07.1999.

Hluti ofangreindrar eignfærslu að fjárhæð kr. 21.582.000,00 var færður til gjalda á bókhaldslykla með heitunum „Ymislegt án vsk“ og „Ymislegt ófrádráttarbært“ í bókhaldi Baugs hf. með 16 mánaðarlegum færslum hver að fjárhæð kr. 900.000,00, á tímabilinu mars 2001 til júní 2002, samtals að fjárhæð kr. 14.400.000,00.

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:

Samkvæmt lögum í Lúxemborg kom bankinn fram sem eigandi gagnvart þriðja aðila, svonefndur „nominee“ eigandi, en Baugur var svokallaður „beneficiary“ eigandi. Hafði Baugur ekki formlegt eignarhald á þeim verðmætum sem stóðu inni á umræddum vörslureikningi, enda stóðu þau til fullnustu á kröfum bankans gagnvart lánunum til Baugs sem fóru gegnum reikninginn. Staða á vörslureikningnum var ávallt skráð í bókhaldi Baugs en vegna sérstaks eðlis slíkra reikninga var ekki talin þörf á að færa þar sérhverja færslu. Sérstaka athygli vekur að skattrannsóknarstjóri sá ekki ástæðu til að gera athugasemdir við umræddar færslur. Ítarlega er gerð grein fyrir umræddum vörslureikningi í bréfi JÁJ 30. júní 2005.

31. Ákærðu Jóni Ásgeiri og Tryggva með því að hafa fært og eða látið færa rangar og tilhæfulausar færslur í bókhald Baugs hf., þegar þeir létu færa til eignar á viðskiptamannareikning Kaupþings hf., kt. 560882-0419, og til tekna hjá Baugi hf. kr. 38.045.954,00 með eftirgreindum færslum og fylgigögnum:

Færsla nr. L0565 dags. 30.04.2000 með texta: „Tekjur v.ábyrgð á hlutabréfum“

Lykill	Heiti lykils	Debet	Kredit
V560882-0419	Kaupþing	25.000.000	
F 51990	Aðrar fjármunatekjur		25.000.000

Færslan, til eignar á viðskiptamannareikningi Kaupþings hf., er byggð á fyrirmælum um færslur á bókhaldslykla, í fylgiskjali sem er handskrifað og óundirritað bréf (innra frumgagn), dags. 30.04.2000, þar sem eftirfarandi skýring kemur fram: „Tekjur Baugs v/ábyrgðar á hlutabréfum í UVS. Heildartekjur 50 mill. 25 tekjufært í apríl samkv. TJ.“. Ytri frumgagn til staðfestingar vantar í bókhaldið.

Færsla nr. L0619 dags. 30.06.2000 með texta: „Þóknun vegna hlutabréfakaupa“

Lykill	Heiti lykils	Debet	Kredit
V560882-0419	Kaupþing	13.045.954	
F19922	Tekjur utan samstæðu án vsk		13.045.954

Færslan, til eignar á viðskiptamannareikningi Kaupþings hf., er gerð án þess að viðeigandi frumgagn, ytri sem innri, liggi að baki í bókhaldi Baugs hf.

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:

Það mun almennt talið að eignfærsla á vörslu-

reikningum í bókhaldi félags sýni rétta stöðu og að ekki þurfi að bóka allar færslur. Ítarlega er gerð grein fyrir umræddum vörslureikningi í bréfi JÁJ 30. júní 2005.

32. Ákærðu Jóni Ásgeiri og Tryggva með því að hafa fært og eða látið færa rangar og tilhæfulausar færslur í bókhald Baugs hf., um viðskipti og notkun fjármuna þegar þeir létu færa sölu á 3,1 milljón hluta í Arcadia Plc. til Kaupþing Bank Luxembourg fyrir kr. 332.010.000,00 og tilhæfulausa endurkaup sömu hluta fyrir kr. 544.050.000,00. Ráðstafanir ofangreindra hlutabréfa voru færðar í bókhald Baugs hf. með eftirgreindum færslum og fylgigögnum:

Færsla nr. 100296 dags. 31.12.2000 með texta: „Lokaf. Sala hlbr. Arcadia til Kaupp. Lux“

Lykill	Heiti lykils	Debet	Kredit
V560882-0419	Kaupþing	332.010.000	
F65595	Erlend hlutabréf		167.399.464
F55505	Hagnaður af sölu hlutabréfa		164.610.536

Færslan byggir á óundirrituðu færslublaði frá endurskoðunarskrifstofu Baugs hf., dags. 23.03.2001. Engin ytri frumgagn fylgja með færslunni í bókhaldi Baugs hf. Afrit af undirrituðum en tilhæfulausum kaupsamningi lá fyrir utan bókhaldið.

Færsla nr. T000630 dags. 02.02.2001 með texta: „Sala á Arcadia hlutabréfum“

Lykill	Heiti lykils	Debet	Kredit
B 720	Íslandsbanki hf.	332.010	
B 720	Íslandsbanki hf.	331.677.990	
V560882-0419	Kaupþing		332.010.000

Færslan byggir á handskrifuðu blaði, ódagsettum og óundirrituðu, með skýringunni „Sala á Arcadia hlutabréfum“, auk afrits af bankayfirliti Baugs hf. sem sýnir innborgun á reikning Baugs hf., hinn 01.02.2001, að sömu fjárhæð. Engin ytri frumgagn fylgja með færslunni í bókhaldi Baugs hf. Greiðslan var framkvæmd með millifærslu af bankareikningi Baugs hf. í Lúxemborg sem ekki var skráður í bókhaldi Baugs hf., inn á tékkareikning hlutafélagsins hjá Íslandsbanka.

Færsla nr. L1073 dags. 11.05.2001 með texta: „Stofnhlutafé í A-Holding“

Lykill	Heiti lykils	Debet	Kredit
F 65193	Hlutafé, A-Holding	544.050.000	
V560882-0419	Kaupþing		544.050.000

Færslan byggir á handskrifuðu blaði, dags. 27.06.2001, merkt „Jóhanna“, með skýringunni:

1. Baugur selur K. Lúx. 3,1 m x 0,85 x 126 = 332 millis.
 2. Baugur kaupir aftur 3,1 m bréf x 135 x 130 = 544 millis. K. Lúx lánar.
- 27/6 TJ og Magnús útvega skuldabréf til 5 ára með 4 afb. útg.dagur 30/6 með áföllnum

vöxtum. Bókast sem stofnframlag Baugs hf. í A-Holding (Hlutafé).“ Engin ytri frumgagn fylgja með færslunni í bókhaldi Baugs hf. til staðfestingar á að viðskiptin eða lánveitingin hafi átt sér stað. Afrit af undirrituðum en tilhæfulausum kaupsamningi lá fyrir utan bókhaldið.

Færsla nr. 100743 dags. 30.06.2001 með texta: „Lokaf. Bakf. skuld við Kaupþing“

Lykill	Heiti lykils	Debet	Kredit
V Holding	Baugur Holding S.A.		544.000.000
V560882-0419	Kaupþing	544.000.000	

Færslan byggir á óundirrituðu lokafærsluskjali frá endurskoðunarskrifstofu Baugs hf., dags. 27.09.2001, með skýringartextanum „Bakfærð skuld við Kaupþing (skuldfærð í bókhaldi B-Holding)“.

Með framangreindum færslum sem tilgreindar eru í þessum 32. ákæru-liði hefur verið búin til skuld í bókhaldi Baugs hf., að fjárhæð kr. 212.040.000, sem ekki á við rök að styðjast.

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:

JÁJ og TJ er gefið að sök að hafa látið færa 3,1 milljón hluta í Arcadia Plc. til Kaupþing Bank í Lúxemborg fyrir kr. 332.010.000 og endurkaup sömu hluta fyrir kr. 544.050.000. Þannig hafi verið búin til skuld í bókhaldi Baugs, að fjárhæð kr. 212.040.000, sem ekki ætti við rök að styðjast. Hér er um að ræða viðskipti með hluti í Arcadia sem síðar gengu til baka þegar áætlanir breyttust og ákveðið var að stofna félagið A-Holding utan um fjárfestingu í Arcadia. Þetta mál var endanlega frágengið í kjölfar sölu Baugs á hlutabréfum í Arcadia. Ítarlega er gerð grein fyrir umræddum viðskiptum í bréfi JÁJ 30. júní 2005. Rétt er að vekja sérstaka athygli á því að á sama tíma og sakborningum er gefið að sök í ákæru-liði 29, að hafa látið færa til tekna tilhæfulausa reikningu, og oftalið tekjur Baugs, eru sakborningar sakaðir um að hafa fært inn tilefnislausla skuld í bókhaldinu samkvæmt liði 32.

Brot ákærðu Jóns Ásgeirs samkvæmt 29. til og með 32. töluliði ákæru teljast varða við 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39, 1995, sbr. 3. og 5. tl. 1. mgr. 37. gr., sbr. 8. gr., sbr. 36. gr. laga nr. 145, 1994, um bókhald, 2. tl. 1. mgr. 83. gr., sbr. 3. og 9. gr., sbr. 82. gr. laga nr. 144, 1994, um ársreikninga, sbr. 1. og 3. gr. laga nr. 37, 1995 og samkvæmt 29. töluliði ákæru telst brot ákærðu jafnframt varða við 1. tl. 1. mgr. 153. gr. hlutafélagalaga nr. 2, 1995.

Brot ákærðu Tryggva samkvæmt 29. til og með 32. töluliði ákæru teljast varða við 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39, 1995, sbr. 3. og 5. tl. 1. mgr. 37. gr., sbr. 8. gr., sbr. 36. gr. laga nr. 145, 1994 um bókhald, til vara sbr. 2. mgr. 37. gr. sbr. og 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, 2. tl. 1. mgr. 83. gr., sbr. 3. og 9. gr., sbr. 82. gr., laga nr. 144, 1994

um ársreikninga, sbr. 1. og 3. gr. laga nr. 37, 1995 sbr. til vara sbr. 2. mgr. 83. gr. og 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og samkvæmt 29. töluliði ákæru telst brot ákærðu jafnframt varða við 1. tl. 1. mgr. 153. gr. laga um hlutafélög nr. 2, 1995.

ATHUGASEMD SAKBORNINGA:

Enginn kaflí með númerið VII. er í ákæru.

VIII. BROT GEGN ALMENNUM HEGNINGARLÖGUM OG LÖGUM UM ÁRSREIKNINGA.

Ákærðu Jóni Ásgeiri, Tryggva, Stefáni Hilmari og Önnu eru gefin að sök brot gegn almennum hegningarlögum og lögum um ársreikninga í eftirgreindum tilvikum.

33. Ákærðu Jón Ásgeir, sem framkvæmdastjóri Baugs hf., með því að hafa, við undirbúning, gerð og framsetningu ársreiknings vegna ársins 1998, með tilstuðlan og aðstoð meðákerðu Tryggva sem aðstoðarframkvæmdastjóra og yfirmanns fjármála hlutafélagsins, sett fram rangar og villandi sérgreiningar á liðum skammtímakrafna í efnahagsreikningi þar sem fjárhæð lána, sundurliðað ásamt upplýsingum um vexti, greiðslukjör og aðra helstu skilmála, til hluthafa, stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og aðila þeim nátengdum, var ekki sérstaklega getið, heldur felldar undir liðinn aðrar skammtímakröfur í efnahagsreikningi, auk þess sem þeirra var ekki getið í skýrslu stjórnar eða í skýringum ársreikningsins eins og bar að gera. Ársreikninginn með þessum röngu og villandi sérgreiningum og án víðeigandi skýringa, áritaði ákærðu Stefáni Hilmari, endurskoðandi hlutafélagsins, án fyrirvara.

Lán til hluthafa, stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og aðila þeim nátengdum námu í lok reikningsárs 1998 fjárhæðum sem hér greinir: [ekki aðgangur að töflum.]

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:

Hér vísast til þess sem segir í köflum IV. og V. um meintar ólögmar lánveitingar. Var það mat aðila að þessar ráðstafanir væru heimil, m.a. samkvæmt 104. gr. hlutafélagalaga, og þeirra því ekki getið í ársreikningi. Vísast ennfremur til bréfs JÁJ 30. júní 2005 um meintar ólögmar lánveitingar.

34. Ákærðu Jón Ásgeir, sem framkvæmdastjóri Baugs hf., með því að hafa, við undirbúning, gerð og framsetningu ársreiknings vegna ársins 1999, með tilstuðlan og aðstoð meðákerðu Tryggva sem aðstoðarframkvæmdastjóra og yfirmanns fjármála hlutafélagsins, sett fram rangar og villandi sérgreiningar á liðum skammtímakrafna í efnahagsreikningi þar sem fjárhæð lána, sundurliðað ásamt upplýsingum um vexti, greiðslukjör og aðra helstu skilmála, til hluthafa, stjórnarmanna, framkvæmda-

TÍMARÖÐ ATBURÐA

■ Frá Súðarvogi til Lundúna

28. ágúst 2002 – Reykjavík

Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra gerir húsleit í höfuðstöðvum Baugs Group við Súðarvog í Reykjavík. Leitin á rætur í ásökunum Jóns Gerald Sullenberger, forsvarsmanns bandaríska heilidsölufyrirtækisins Nordica, um auðgunarbrot Tryggva Jónssonar forstjóra og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, stjórnarformanns

Baugss. Rannsóknin nær einnig til Jóhannesar Jónssonar.

Rannsóknin beinist að því að Jón Ásgeir og Tryggvi, stjórnendur Baugs Group, hafi látið Baug greiða tilbúna og ranga reikninga vegna kaupa á skemmtibáti í Bandaríkjunum, sem þeir töldust eiga með Jóni Gerald. Sakargiftir lúta einnig að því að gefinn hafi verið út tilhæfulaus reikningur í nafni Nordica að undirlagi stjórnenda Baugs og hann síðan gjaldfærður hjá Baugi. Samanlagt er um að ræða um 90 milljónir króna á þáverandi gengi.

28. ágúst 2002 – London

Sama dag vinnur Philip Green og félag hans Taveta Investments Ltd að yfirtökuhlutabóði í fataverslanakeðjuna Arcadia ásamt Jóni Ásgeiri og Baugi. Þrígga missera tilraunir Jóns Ásgeirs til kaupa á Arcadia virðast ætla að bera árangur í samstarfi við Green, sem Jón Ásgeir hafði sjálfur talið á að vera með í kaupunum. Jón Ásgeir og fleiri eiga þegar á þessum tímabili um fimmung í félaginu. Tilboðið nemur 90 til 100 milljörðum íslenskra króna. Jón Ásgeir bregður sér frá samningagerðinni og fær fregnir af húsleit í höfuðstöðvum Baugs í Reykjavík. Jón Ásgeir segir Green, Stuart Rose, forstjóra Arcadia og

öðrum viðstöddum að um smávægilegan vanda sé að ræða heima fyrir.

29. ágúst 2002 – London – Reykjavík

Philip Green og Taveta leggja fyrir stjórn Arcadia lokatilboð um yfirtöku á félaginu og tilkynning þar um er send Kauphöllinni í London. Fjölmíðlar í Bretlandi birta þá um morguninn frétt um húsleit lögreglunnar í höfuðstöðvum Baugs á Íslandi. Philip Green, Stuart Rose og öðrum viðskiptafélögum Jóns Ásgeirs er brugðið og gremst að Jón Ásgeir skyldi ekki upplýsa þá um málið. Green aftekur að Jón Ásgeir og Baugur geti leitt viðskiptin og kaupin til enda í þessu nýja ljósi. Áreiðanleiki hafi verið dreginn í efa og skaðinn sé skeður. Lögreglurannsókn sé afar alvarlegt mál í heimi viðskiptanna, að minnsta kosti í Englandi. Green óttast að vandræði Jóns Ásgeirs og Baugs skaði hans eigin veldi og orðstír og litlu máli skipti að Baugur hafi stöðu brotþola. Málið vekur umtalsverða athygli í breskum fjölmiðlum. Jón Ásgeir, Tryggvi, forstjóri Baugs Group og fleiri eru yfirheyrðir hjá efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra.

4. september 2002 – London

Philip Green vill kaupa hlut Jóns Ásgeirs og tengdra aðila í Arcadia, enda samþykki breski fjármálamarkaðurinn ekki þátttöku Jóns Ásgeirs í viðskiptunum í ljósi lögregluáðgerðanna hjá Baugi. Jón Ásgeir vill ekki ganga að afarkostum og reynir enn samningaleið.

6. september 2002 – London – Reykjavík

Stjórn Arcadia ákveður að mæla með tilboði Philips Green, sem hann gerði opinberlega degi áður. Tilboðið nemur alls um 105 milljörðum króna. Í tilkynningu

til Kauphallar Íslands kemur fram að Green kaupi liðlega 20 prósent hlut Baugs Group á 408 pens hlutinn eða fyrir um 21 milljarð króna. Jón keypti sína fyrstu hluti í félaginu á innan við 40 pens hlutinn. Green og Taveta Investments gengur vel að fjármagna kaupin. „Ég gerði Jón Ásgeir að ríkkum manni. Getur hann beðið um meira?“ er haft eftir Philip Green. Þótt upphafleg áform Jóns Ásgeirs og félaga hafi ekki gengið eftir er hagnaðurinn af viðskiptunum mikill, nærri átta milljarðar króna.

1. mars 2003 – Reykjavík

Fréttablaðið birtir gögn sem sögð eru benda til þess að Davíð Oddsson forsætisráðherra hafi vitað um Jón Gerald Sullenberger átta mánuðum fyrir húsleitina í höfuðstöðvum Baugs. Davíð hafi að visu talað um Jón „Gerhard“ Sullenberger í samtali við Hrein Loftsson á fundi í London í ársbyrjun 2002. Hreinn varaði stjórn Baugs við einhvers konar yfirvofandi aðgerðum samkeppnisyfirvalda gegn félaginu eftir fundinn með Davíð í London. Fram kom meðal annars í minnisblaði af stjórnarfundum að Þorgeir Baldursson, þáverandi stjórnarmaður í Baugi og formaður fjárfundunarnefndar Sjálfstæðisflokksins, hefði talað um að „valdamiklir aðilar í viðskiptalífinu hefðu miklar áhyggur“ vegna forsætisráðherra.

3. mars 2003 – Reykjavík

Davíð Oddsson forsætisráðherra er gestur í fyrsta þætti Morgunvaktar Ríkisútvarpsins. Þar segir Davíð meðal annars: „Ég get sagt frá því, að á þessum fundi okkar Hreins Loftssonar, fyrst þú nefnir hann, þá sagði hann mér frá því, að Jón Ásgeir í Baugi hefði sagt sér, að það þyrfti að bjóða mér 300 milljónir



stjóra og aðila þeim nátengdum, var ekki sérstaklega getið, heldur felldar undir liðinn aðrar skammtímakröfur í efnahagsreikningi, auk þess sem þeirra var ekki getið í skýrslu stjórnar eða í skýringum ársreikningsins eins og bar að gera. Ársreikningurinn með þessum röngu og villandi sérgreiningum og án videigandi skýringa, áritaði ákærði Stefán Hilmar, endurskoðandi hlutafélagsins, án fyrirvara.

Lán til hluthafa, stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og aðila þeim nátengdum námu í lok reikningsárs 1999 fjárhæðum sem hér greinir: [ekki aðgangur að töflum.]

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:

Vísast til athugasemda sakborninga við lið 33.

35. Ákærði Jón Ásgeir, sem framkvæmdastjóri Baugs hf., með því að hafa við undirbúning, gerð og framsetningu ársreiknings vegna ársins 2000, með tilstuðlan og aðstoð meðákærða Tryggva sem aðstoðarframkvæmdastjóra og yfirmanns fjármála hlutafélagsins, sett fram rangar og villandi sérgreiningar á liðum skammtímakrafna í efnahagsreikningi þar sem fjárhæð lána, sundurliðað ásamt upplýsingum um vexti greiðslukjör og aðra helstu skilmála, til hluthafa, stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og aðila þeim nátengdum, var ekki sérstaklega getið, heldur felldar undir liðinn aðrar skammtímakröfur í efnahagsreikningi, auk þess sem þeirra var ekki getið í skýrslu stjórnar eða í skýringum ársreikningsins eins og bar að gera. Ársreikningurinn með þessum röngu og villandi sérgreiningum og án videigandi skýringa árituðu ákærðu Stefán Hilmar og Anna, endurskoðendur hlutafélagsins, án fyrirvara.

Lán til hluthafa, stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og aðila þeim nátengdum námu í lok reikningsárs 2000 fjárhæðum sem hér greinir: [ekki aðgangur að töflum]

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:

Vísast til athugasemda sakborninga við lið 33.

36. Ákærði Jón Ásgeir, sem framkvæmdastjóri Baugs hf., með því að hafa, við undirbúning, gerð og framsetningu ársreiknings vegna ársins 2001, með tilstuðlan og aðstoð meðákærða Tryggva sem aðstoðarframkvæmdastjóra og yfirmanns fjármála hlutafélagsins, sett fram rangar og villandi sérgreiningar á liðum skammtímakrafna í efnahagsreikningi þar sem fjárhæð lána, sundurliðað ásamt upplýsingum um vexti greiðslukjör og aðra helstu skilmála, til hluthafa, stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og aðila þeim nátengdum, var ekki sérstaklega getið, heldur felldar undir liðinn aðrar skammtímakröfur í efnahagsreikningi, auk þess sem þeirra var ekki getið í skýrslu stjórnar eða í skýringum ársreikningsins eins og bar að gera. Ársreikningurinn með þessum röngu og villandi sérgreiningum og án videigandi skýringa árituðu ákærðu Stefán Hilmarssonar samkvæmt 33. til og með 36. tölulíðs ákæru teljast varða við 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39, 1995, sbr. 2. t. l. 1. mgr. 83. gr., sbr. 82. gr., sbr. 43. gr., sbr. 36. gr. laga nr. 144, 1994, um ársreikninga.

uðu ákærðu Stefán Hilmar og Anna, endurskoðendur hlutafélagsins, án fyrirvara.

Lán til hluthafa, stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og aðila þeim nátengdum námu í lok 14 mánaða reikningsárs 2001, 28. febrúar 2002, fjárhæðum sem hér greinir: [ekki aðgangur að töflum.]

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:

Vísast til athugasemda sakborninga við lið 33. Þá er rétt að vekja athygli á yfirlýsingu KPMG Endurskoðun hf., dags. 4. júlí 2005, sem er svohljóðandi: „Vegna ákæru Ríkislögreglustjóra í svonefndu Baugsmáli á hendur starfsmanni KPMG Endurskoðunar hf. vill félagið koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri. Það sem starfsmanni KPMG er gefið að sök er að hafa áritað ársreikninga Baugs hf. fyrir árin 2000 og 2001 án fyrirvara en Ríkislögreglustjóri telur að tiltekna upplýsingar í ársreikningunum hafi ekki verið settar fram í samræmi við lög. Hlutverk endurskoðenda er að láta í ljós álit á því hvort reikningsskil gefi glögga mynd af afkomu og efnahag. Það er mat KPMG að endurskoðendur Baugs hf. hafi sinnt starfsskyldum sínum í samræmi við lög. Álit KPMG er að áritun á framangreinda ársreikninga Baugs hf. hafi verið með eðlilegum hætti. [...]“

Brot ákærða Jóns Ásgeirs samkvæmt 33. til og með 36. tölulíðs ákæru teljast varða við 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39, 1995, sbr. 2. t. l. 1. mgr. 83. gr., sbr. 82. gr., sbr. 43. gr., sbr. 36. gr. laga nr. 144, 1994, um ársreikninga.

Brot ákærða Tryggva samkvæmt 33. til og með 36. tölulíðs ákæru teljast varða við 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39, 1995, sbr. 2. t. l. 1. mgr. 83. gr., sbr. 82. gr., sbr. 43. gr., sbr. 36. gr. laga nr. 144, 1994, um ársreikninga. Til vara teljast brot ákærða Tryggva varða við 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39, 1995, sbr. 2. t. l. 1. mgr. 83. gr., sbr. 82. gr., sbr. 43. gr., sbr. 36. gr. laga nr. 144, 1994, um ársreikninga.

Brot ákærða Stefáns Hilmarssonar samkvæmt 33. til og með 36. tölulíðs ákæru teljast varða við 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39, 1995, sbr. 2. t. l. 1. mgr. 83. gr., sbr. 82. gr., sbr. 43. gr., sbr. 36. gr. laga nr. 144, 1994, um ársreikninga.

Brot ákærðu Önnu samkvæmt 35. og 36. tölulíðs ákæru teljast varða við 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39, 1995, sbr. 2. og 3. t. l. 85. gr., sbr. 82. gr., sbr. 43. gr., sbr. 36. gr. laga nr. 144, 1994, um ársreikninga.

IX. TOLLSVIK OG RANGFÆRSLA SKJALA. Ákærðu Jón Ásgeiri, Jóhannesi og Krist-

ínu fyrir tollsvik og rangfærslu skjala í eftirgreindum tilvikum:

37. Ákærði Jón Ásgeir með því að hafa við innflutning í nafni Bónus sf. á bifreiðinni PX 256, með sendingarnr. D 779 01 11 8 US NYC 0884, gefið rangar upplýsingar á aðflutningsskýrslu dags. 6. nóvember 1998, innlagðri sama dag hjá Tollstjóranum í Reykjavík, ásamt tilhæfalausum vörureikningi dags. 20. október 1998, útgefnum af Nordica Inc., Miami, Flórída í Bandaríkjunum, sem tilgreindi kaupverð bifreiðarinnar ranglega USD 29.875,00 í stað USD 37.000,00 samkvæmt kaupsamningi dags. 13. október 1998 frá Colonial, Miami, Flórída í Bandaríkjunum, en reikningurinn hafði viðskiptafélagi ákærða, Jón Gerald Sullenberger, gefið út að ósk ákærða í þessu skyni, og með því að aðflutningsskjöld voru reiknuð á grundvelli aðflutningsskýrslunnar kom ákærði sér undan því að standa skil á virðisaukaskatti að fjárhæð kr. 202.510,00 og vörugjaldi að fjárhæð kr. 325.618,00 eða samtals kr. 528.128,00.

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:

Ásökun um brot er alfarið hafnað. Lögregla hefur ekki gert reka að því að rannsaka nánar sakargiftirnar sem byggjast alfarið á framburði JGS sjálfs. Ættu ásakanirnar við rök að styðjast væri JGS augljóslega sekur um hlutdeild í meintum brotum. Engin ákæra hefur verið gefin út á hendur JGS. Gerð er grein fyrir þessum innflutningi í bréfi JAJ 5. mars 2004.

38. Ákærði Jón Ásgeir með því að hafa við innflutning á bifreiðinni OD 090, með sendingarnúmer S HEG 10 11 9 CA MTR W004, í nafni hlutafélagsins Baugs, gefið rangar upplýsingar á aðflutningsskýrslu dags. 3. desember 1999, innlagðri 7. desember 1999 hjá Tollstjóranum í Reykjavík, ásamt tilhæfalausum vörureikningi dags. 23. september 1999, útgefnum af Nordica Inc., Miami, Flórída í Bandaríkjunum, sem tilgreindi kaupverð bifreiðarinnar ranglega USD 27.600,00 í stað USD 34.400,00 samkvæmt vörureikningi dags. 29. október 1999 frá Automotores Zona Franca, Miami, Flórída í Bandaríkjunum, en fyrnefnda reikningurinn hafði viðskiptafélagi ákærða, Jón Gerald Sullenberger, gefið út að ósk ákærða í þessu skyni, og með því að aðflutningsskjöld voru reiknuð á grundvelli aðflutningsskýrslunnar kom ákærði sér undan því að standa skil á virðisaukaskatti að fjárhæð kr. 225.900,00 og vörugjaldi að fjárhæð kr. 363.229,00 eða samtals kr. 589.129,00.

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:

Vísast til athugasemdar við ákæruhlíð 37.

39. Ákærði Jóhannes með því að hafa við innflutning á bifreiðinni KY 293, með sendingarnr. D 779 28 05 0 US NYC 0160, gefið rangar upplýsingar á aðflutningsskýrslu

dags. 30. maí 2000, innlagðri sama dag hjá Tollstjóranum í Reykjavík, ásamt tilhæfalausum vörureikningi dags. 11. apríl 2000, útgefnum af Nordica Inc., Miami, Flórída í Bandaríkjunum, sem tilgreindi kaupverð bifreiðarinnar ranglega USD 34.850,00 í stað USD 43.400,00 samkvæmt vörureikningi dags. 17. maí 2000 frá Automotores Zona Franca, Miami, Flórída í Bandaríkjunum, en fyrnefnda reikningurinn hafði viðskiptafélagi ákærða, Jón Gerald Sullenberger, gefið út að ósk ákærða í þessu skyni, og með því að aðflutningsskjöld voru reiknuð á grundvelli aðflutningsskýrslunnar kom ákærði sér undan því að standa skil á virðisaukaskatti að fjárhæð kr. 231.691,00 og vörugjaldi að fjárhæð kr. 293.487,00 eða samtals kr. 525.178,00.

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:

Vísast til athugasemdar við ákæruhlíð 37.

40. Ákærða Kristín með því að hafa við innflutning á bifreiðinni KY 835, með sendingarnr. D 779 28 05 0 US NYC 0159, gefið rangar upplýsingar á aðflutningsskýrslu dags. 30. maí 2000, innlagðri sama dag hjá Tollstjóranum í Reykjavík, ásamt tilhæfalausum vörureikningi dags. 11. apríl 2000, útgefnum af Nordica Inc., Miami, Flórída í Bandaríkjunum, sem tilgreindi kaupverð bifreiðarinnar ranglega USD 46.780,00 í stað USD 58.200,00 samkvæmt vörureikningi dags. 17. maí 2000 frá Automotores Zona Franca, Miami, Flórída í Bandaríkjunum, en fyrnefnda reikningurinn hafði viðskiptafélagi ákærða, Jón Gerald Sullenberger, gefið út að ósk ákærða í þessu skyni, og með því að aðflutningsskjöld voru reiknuð á grundvelli aðflutningsskýrslunnar kom ákærða sér undan því að standa skil á virðisaukaskatti að fjárhæð kr. 307.598,00 og vörugjaldi að fjárhæð kr. 389.639,00 eða samtals kr. 697.237,00.

ATHUGASEMDIR SAKBORNINGA:

Vísast til athugasemdar við ákæruhlíð 37.

Brot ákærða Jóns Ásgeirs samkvæmt 37. og 38. tölulíð ákæru teljast varða við 2. mgr., sbr. 1. mgr. 126. gr. tollalaga nr. 55, 1987, og 2. mgr. 158. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Brot ákærða Jóhannesar samkvæmt 39. tölulíð ákæru teljast varða við 2. mgr., sbr. 1. mgr. 126. gr. tollalaga nr. 55, 1987, og 2. mgr. 158. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Brot ákærðu Kristínar samkvæmt 40. tölulíð ákæru teljast varða við 2. mgr., sbr. 1. mgr. 126. gr. tollalaga nr. 55, 1987, og 2. mgr. 158. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar fyrir framangreind brot.

Skrifstofa Ríkislögreglustjórans, Reykjavík 1. júlí 2005.

króna gegn því að ég léti af ímyndaðri andstöðu gegn fyrirtækinu. Ég lét nú Hrein segja mér þetta tvisvar og hann sagði mér það tvisvar, að Jón forstjóri hefði nefnt við sig, að það þyrfti að bjóða mér 300 milljónir króna. Ég var nú svo þrumulostinn og Hreinn sjálfsagt sá það nú og sagðist hafa sagt við forstjóran: Þú þekkir ekki forsætisráðherrann. Það þýðir ekkert að bera á hann fé. Þá hafði Jón þessi að sögn Hreins Loftssonar sagt: Það er enginn maður, sem stenst það að fá 300 milljónir, sem hvergi koma fram, hvergi er greiddur skattur af og greiddar eru inn á reikning hvar sem er í heiminum.“

4. mars 2003 – Reykjavík

Hreinn Loftsson, stjórnarformaður Baugs, segir meðal annars í samtali við Morgunblaðið: „Þá gat ég þess, að Jón Ásgeir hefði sagt í hálfkæringi, að það væri kannski rétt að borga honum (Davíð) 300 milljónir inn á reikning í útlöndum... Þetta ítrekaði ég við hann í morgun, þegar Davíð hringdi í mig áður en hann fór í útvarpið. Þá ítrekaði ég að þetta hefði verið sagt undir þessum kringumstæðum í hálfkæringi og engin alvara hefði verið á bak við.“

Jón Ásgeir segir sama dag í viðtali við Morgunblaðið: „Það má hugleiða hvers vegna forsætisráðherra kemur fram með slíkar ásakanir núna, snemma á mánudagsmorgni. Mér sýnist að forsætisráðherra hafi kannski lent í hverjum vandræðum með það hvernig hann ætti að svara því sem fram kom í Fréttablaðinu á laugardaginn, um að hann hafi á þessum fundi með Hreini í fyrria rætt um Jón Gerald Sullenberger og Nordica. Því tel ég að forsætisráðherra hafi samið þessa sögu um helgina og mætt með hana í morgunútvarpið.“

30. september 2003 – London

Meint innherjasvik hjá bresku verslanakeðjunni Iceland, hlutdeildarfélagi Baugs Group, rannsökuð hjá opinberri stofnun í Englandi sem fæst við efnahagsbrot.

17. nóvember 2003 – Reykjavík

Fulltrúar embættis skatranssóknarstjóra ríkisins og lögreglunnar, 15 til 20 manns, gera húsléit hjá Baugi Group og Gaumi. Krafist er að afhent verði bókhald og fylgiskjöl

þess og önnur gögn er varða reksturinn 1998-2002. Bréf, tilboð, samningar og fleira einnig tekið af lög-reglunni.

29. apríl 2004 – Lúxemborg

Lögreglan í Lúxemborg leggur hald á gögn um Baug og Gaum í Kaupthing Bank í Lúxemborg. Liður í rannsókn efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra.

7. janúar 2005 – Reykjavík

Baugi Group gert að greiða um 465 milljónir króna við endurálagningu ríkisskattstjóra fyrir árin 1998 til 2002. Forsvarsmenn Baugs segja að megnið af þeirri fjárhæð sem félaginu sé gert að greiða sé vegna vantalins söluhagnaðar við samruna Hagkaupa, Bónuss og fleiri félaga þegar Baugur var stofnaður 1998.

1. júlí. 2005 – Reykjavík

Sex manns ákærðir í Baugsmálinu, þeirra á meðal Jóhannes Jónsson og börn hans Jón Ásgeir og Kristín. Að auki Tryggvi Jónsson, fyrverandi forstjóri Baugs, og endurskoðendurnir Stefán Hilmarsson og Anna Þórðardóttir. Tæplega þriggja ára rannsókn efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra er þar með lokið. Ákæran er í 40 liðum en ekki birt.

8. júlí 2005 – Reykjavík – London

Eftir mikla umfjöllun í breskum fjölmiðlum um ákærunnar á hendur einstaklingunum sem tengjast Baugi Group er samstarfi félagsins við aðra fjárfesta um kaup á Somerfield-keðjunni slitið.

14. júlí 2005 – Reykjavík – London

Baugur selur 5,5 prósentu hlut sinn í Somerfield til Tchenguiz-fjölskyldunnar. Baugur er talinn hafa hagnast um þrjú milljarða á eign sinni í Somerfield.

12. ágúst 2005 – London

Breska dagblaðið Guardian birtir fyrst fjölmiðla umfjöllun sem er byggð á ákærum Ríkislögreglustjóra í Baugsmálinu.



Einn svakalegasti dagur lífs míns

– JÓHANNES JÓNSSON

Jóhannes Jónsson kenndur við Bónus situr nú á sakamannabekk og á jafnvel yfir höfði sér fangelsisdóm verði hann fundinn sekur um fjárdrátt. Jóhannes sver af sér sakir og kallar málatilbúnaðinn apaspil. Hann kveðst bjartsýnn og finnur ómældan stuðning við málstað sinn og fjölskyldu sinnar.

Jóhannes Jónsson í Bónus er óþarft að kynna, enda hefur hann áður verið í eldlínunni.

Fréttablaðið birtir í dag ákærur ríkislög-reglustjóra í svonefndu Baugsmáli á hendur Jóhannesi og tveggja barna hans, auk þriggja annarra.

Atriði sem snúa beint að Jóhannesi í ákærunum snerta viðskipti með skemmtisnekkju í Flórída og reikninga og nótur sem tengjast Nordica og Jóni Gerald Sullenberger. Í ákærunum eru brot Jóhannesar flokkuð sem fjárdráttur og einkum talin varða við 247. grein hegningarlaga. Teljist brot alvarleg, sem undir þessa grein falla, geta viðurlögin verið allt að sex ára fangelsi. Í viðtali við Jóhann Hauksson ber Jóhannes Jónsson embættismenn ríkislögreglustjóra þungum sökum og talar um skipulega aðför stjórnvalda að fjölskyldu sinni og Baugi.

Jóhannes hefur orðið:

Afraksturinn rýr eftir þrjú ár

„Mér finnst það langsótt og ekki sérlega djúpt að geta ekki eftir þriggja ára rannsóknarstarf bent á einhvern þátt innan Baugs þar sem verðmæti hafa misfarist. Þegar við erum búnir að fá skýringar á öllum þáttum frá okkar lögmonnum virðist það ekki vera,“ segir Jóhannes. „Ég veit um marga hluti sem ég og mitt samstarfsfólk hefur veitt greið svör við. En það hefur verið stuðst við þá kurteisvenju hjá embætti Ríkislögreglustjóra að taka ekkert tillit til þess, sama hvort lagðar hafa verið fram skjalfestar upplýsingar eða munnlegar. Það er eins og þessi rannsókn og málatilbúnaður hafi allur miðað að því að ná sér niður á okkur sem fyrirtæki og sem fjölskyldu og að svarta mannorð okkar út í eitt. Mér virðist þetta hafa verið tilgangurinn. Enda þegar húsleit var gerð í fyrirtækinu í upphafi þessa máls kemur lögmaður, sem nú er hæstaréttardómari, að máli við ríkislög-reglustjóra með pappír ásamt heildsala frá Bandaríkjunum sem við höfum átt viðskipti við. Frásögn þessa manns var lögð til grundvallar öllum þessum aðgerðum.“

Ertu þarna að tala um Jón Steinar Gunnlaugsson og Jón Gerald Sullenberger?

„Já. Þessi ágæti lögmaður villti um fyrir ríkislögreglustjóra og fékk hann til þess að æskja húsleitarmeildar hjá héraðsdómi. Þar villti ríkislögreglustjóri einnig um fyrir héraðsdómara. Héraðsdómur veitti síðan húsleitarmeildina að lítt athuguðu máli. Það var einhver svakalegasti dagur lífs míns þegar efnahagsbrotadeild ríkislög-reglustjóra gerði innrás í fyrirtækið. Á dauða mínum átti ég frekar von en innrás á þessum tíma. Ég man að ég var í golfi norður á Akureyri þegar Jón Ásgeir hringdi í mig frá London og sagði við mig að ég yrði að fara í bæinn því efnahagsbrotadeildin hefði handtekið Tryggva Jónsson og ætlaði jafnframt að handtaka sig við komuna til landsins. Jón Ásgeir hafði ekki hugmynd um hvað var í gangi og sagðist ekki skilja neitt í þessari atburðarás. Hann sagði mér jafnframt að innrás lögregluvalda væri litin mjög alvarlegum augum í Bretlandi því svona atburðir ættu sér ekki stað þar nema um væri að ræða morð eða milljarða þjófnaði og þetta væri eitthvað sem myndi örugglega leysast. Í Bretlandi og öðrum löndum sem við berum okkur gjarnan saman við þá yrði svona innrás aldrei gerð nema að undangenginni nokkurra mánaða rannsókn lögreglu. Svona framkoma líóst ekki nema í bananalýðveldum.“

Fréttum af innrásinni var illa tekið í Bretlandi þar sem Jón Ásgeir var að leggja lokahönd á tilboð í Arcadia. Þau viðskipti urðu að engu eftir þessa aðför enda skilja Bretar ekki að svona inngrip lögregluvalda í starfsemi fyrirtækja eigi ekki sterkari grundvöll en hér var um að ræða. Það er kunnara en frá þurfi að segja að innrásin og það að við neyddumst til þess að segja okkur frá kaupnum á Arcadia urðu til þess að Baugur – fyrirtækið sem yfirvöld töldu sig

þurfa að verja – og hluthafar þess urðu fyrir tjóni sem metið er á milljarða króna.“

Markmið að brjóta okkur á bak aftur

„Við vorum vitanlega svekktir og niðurbrotinir á þeirri stundu en þegar frá leið sáum við að tilgangurinn var einmitt sá að brjóta okkur niður. Ég sá fljótlega að málatilbúnaðurinn var á svo veikum grunni að það gat ekki verið annað en ætlunarverk að brjóta okkur á bak aftur, brjóta okkur niður. Það átti að eyðileggja okkur sem fyrirtæki. Stjórnvöld beittu sér til þess að brjóta á bak aftur fyrirtæki sem af einhverjum ástæðum var þeim ekki þóknarlegt.“

Hreinn Loftsson, stjórnarformaður

Baugur, var raunar búinn að lýsa áhyggjum og vara okkur við því að eitthvað væri í aðsigi af hálfu stjórnvalda áður en innrásin var gerð. Það yrðu aðgerðir af hálfu skattayfirvalda, lögreglunnar eða samkeppnisyf-irvalda. Þessu lýsti hann eftir að hafa verið á fundi í London með Davíð Oddssyni þáverandi forsætisráðherra. Sá fundur var eins og menn vita átta mánuðum fyrir húsleitina í lok ágúst 2002.

Ég er nú kominn yfir sextugt en ég hélt að svona viðbjóður væri ekki til hér í þessu landi. Ég hélt að þetta væri eitthvað sem tíðkaðist undir stjórnaritari Mugabes í Simbabve eða viðlíka stjórnarherra. En við vitum að valdið spillir og þegar menn sitja of lengi að kjótkötunum, eins og við höfum upplifað undanfarin ár, er sem stjórnarherrarir fari full frjállega með vald sitt.“

Getur þú fært efnisleg rök fyrir því eða sýnt fram á með öðrum hætti að tengsl séu á milli embættis ríkislögreglustjóra og annarra stjórnvalda sem þú telur að togi í spotta og vinni gegn ykkur á kerfisbundinn hátt?

„Ég tel að embættismaður eins og ríkislög-reglustjóri hefði aldrei lagt í svona aðgerðir nema hafa til þess stuðning. Án stuðnings eða bakhjarls hefði hann ekki farið í hús-rannsókn hjá fyrirtæki eftir að hafa skoðað eina nótu frá Bandaríkjunum í 48 klukkustundir.“

Þið hafðið gagnrýnt tímasetningar, meðal annars á birtingu ákærunna nú. Hvers vegna?

„Það er mjög einkennileg tilviljun að þær skuli hafa verið birtar okkur tveimur dögum eftir að gaumgæfiskönnun lauk vegna tilboðsins í bresku verslunarkæðjuna Somerfield. En mönnum ríkislög-reglustjóra lá á að komast í sumarfrí og það getur vel verið að ég sé þarna á rangri braut. En þetta var einnig ótrúlega snögg aðgerð varðandi Arcadia-viðskiptin og húsleitina fyrir þremur árum. Það voru margir bankamenn hér á landi sem vissu hve mikið var í húfi.“

Hefur einhver orðið fyrir tjóni?

Brotin sem þú ert ákærður fyrir snerta 247. grein hegningarlaga og varða meðal annars fjárdrátt. Hörðustu viðurlög eru allt að sex ára fangelsi. Ertu saklaus?

„Ég hef ekki tekið neitt frá neinum sem ég tel mig vera sekan um og ég veit að börnin mín hafa ekki gert það heldur. Ef hægt er að snúa þessum lagabókstaf á þennan hátt þá hljóta dómarráðgjafar að skera úr um það þegar þar að kemur. En mér finnst þetta afskaplega lítilmótlegt. Það hefur enginn kært okkur. Enginn hefur orðið fyrir tjóni. Hluthafar fyrirtækisins, þegar það var almenningshlutafélag, högnuðust ágætlega á því. Til dæmis keypti norskur starfsbróðir minn hlut í Baugi fyrir um það bil tvo milljarða króna þegar félagið var stofnað. Hann treysti mér það vel að hann gerði það nánast í gegnum síma. Hann var alsæll þegar hann seldi og mjög sáttur við sína ávöxtun. Ég veit ekki til þess að nokkur hafi orðið fyrir tjóni í viðskiptum við okkur. Við erum nú stærstu hluthafar Baugs í dag þegar félagið hefur stöðu



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

brotapóla. Ég veit ekki hvar eða hvernig tjónið mælist. Baugur hefur vaxið og dafnað með ótrúlegum hraða fyrir atbeina þeirra einstaklinga sem nú eru ákærðir fyrir brot gegn þessu sama fyrirtæki. Það hefur hvergi – og ég endurtek hvergi – verið tekið tillit til réttlættinga okkar og útskýringa á hlutum sem nú eru orðin að ákæru-atriðum hjá starfsmönnum ríkislög-reglustjóra. Þeir virðast vera í vinnu hjá einhverju afli sem er ekki til fyrir okkur öll.

Raunar er merki-legt að ákæran snúist um fjárdrátt. Gaumur greiddi til dæmis laun Jóns Ásgeirs og ýmsan annan kostnað sem Baugur átti með réttu að greiða. Það var allt gert til þess að létta undir með nýstofnuðu almenningshlutafélagi á meðan félagið var að komast á legg. Það voru tugir milljóna sem fjölskyldufyrirtækið okkar, Gaumur, greiddi almenningshlutafélaginu Baugi. Þetta skiptir mjög miklu máli fyrir afstöðuna og nálgunina í þessu máli. Líklega voru þetta um 110 milljónir króna. Og svo kemur Baugur fyrir sem brotapolí í ákærunum.“

Það eru mjög harðar greinar í refsilögum um auðgunarbrot og fleira. Í ákærunum er tíundað að Jón Ásgeir hafi með ólögætum hætti valseð fram og aftur með mikla fjármuni. Út úr Baugi, inn í Gaum og til baka

og svo framvegis. Fylgdist þú með þessu? „Þú veist að framtíðin í viðskiptum er alltaf á morgun. Í sífellu þarf að taka rökréttar skyndiákvæðanir. Jón Ásgeir hefur rætt þetta við mig frá degi til dags. Ég kannast vel við það. Ég treysti honum hundrað prósent. Hann hefur sýnt það og sannað frá unga aldri að það er hægt að treysta honum. Hann hefur nef fyrir viðskiptum og það hefur enginn orðið fyrir tjóni. Einn þeirra sem yfirheyrði okkur tók svo til orða að það hefði getað orðið tjón. Þetta er undarlegt úr munni opinbers starfsmanns. Er réttarkerfið bara apaspil? Ég skammast mín ekki fyrir neitt. Fyrirtækið óx hratt og stundum áttum við fullt í fangi með að hnýta alla enda. Það hefur engu verið stolið.“

Hver var eiginlega tjónshættan? Hvernig er unnt að stunda viðskipti án áhættu? Án áhættu eru engin viðskipti. Hvaða tjónshætta var umfram slíka áhættu? Hluthafarnir hafa ekki kvartað. Við fengum engan Davíð Oddsson eða Halldór Ásgrímsson til þess að setjast til borðs með okkur til að laða fólk og fé að okkur með pólitískum töfrum líkt og ákveðinn maður gerði“

Áhættu eru engin viðskipti. Hvaða tjónshætta var umfram slíka áhættu? Hluthafarnir hafa ekki kvartað. Við fengum engan Davíð Oddsson eða Halldór Ásgrímsson til þess að setjast til borðs með okkur til að laða fólk og fé að okkur með pólitískum töfrum líkt og ákveðinn maður gerði. Fólk- ið sem tekið hefur þátt í þessu hefur ekki gert athugasemdir við okkur.“

Fé safnað okkur til höfuðs

Þú ert frumkvöðull í smásöluverslun og

hefur náð góðum árangri. Nú stendur þú og bæði börnin þín frammi fyrir fjörutíu ákæruatriðum. Þau snerta þig og Kristínu dóttur þína að nokkru leyti og Jón Ásgeir son þinn að verulegu leyti. Segja má að fjölskylda þín sitji á sakamannabekk. Hvaða áhrif hefur þetta á þig og þín störf?

„Þetta hafa verið djöfulleg ár að eiga þetta yfir höfði sér. Það getur verið að ég sé beiskur og bitur. Hvaða foreldri væri það ekki ef einhverjir menn út í bæ, sem eiga ekki mikilla hagsmuna að gæta, láta það út úr sér að þessi börn mín eigi að fara í fangelsi og þetta sé allt óverjandi af okkar hálfu. Ég kann ekki að meta þetta réttlæti. Ég er búinn að lesa þessi ákæruatriði. Ég er búinn að lesa greinargerð prófessors Jónatans Þórmundssonar, sem ég tel að njóti almenns trausts. Ég er búinn að lesa skýringar lögfræðinga okkar og eftir að hafa farið í gegnum þetta allt saman er ég tiltululega rólegur. Ég treysti því að réttlætið sigri og að við getum haldið áfram að bera höfuðið hátt.“

Þetta mál verður sótt af okkar hálfu allt til enda eða þar til niðurstaða fæst. Það verður sótt á þeim dómstigum sem völ er á hér á landi. Við ætlum að höfða skaðabótamál til þess að freista þess að fá bætt það tjón sem Baugur hefur orðið að þola að ósekju. Menn hafa borið ótrúlegustu sakir á okkur án þess að geta bent á tjón eða skaða sem fyrirtækið hefur orðið fyrir. Í skaðabótamáli munum við ekki undanskilja þá embættismenn sem við teljum að framið hafi afglöp.“

Erta að tala um ríkislögreglustjóra?

„Ég ætla að láta lögmennina um að sækja á þau mið. Mér finnst að íslenska þjóðin eigi ekki skilið að hafa þá embættismenn í sinni þjónustu sem gæta ekki hagsmuna þegnanna betur en til hefur tekist hér.“

Við gefum hvergi eftir og ætlum meðal annars að athuga þann möguleika að leita réttar okkar fyrir Mannréttindadómstólnum varðandi tilurð og upphaf þessa máls. Það var safnað fé okkur til höfuðs í upphafi málsins. Jafnvel hæstaréttardómari hringdi í fyrirtæki til þess að safna fé í sjóð til þess að fjármagna aðför að fyrirtækinu okkar.

Annað sem þarf að skoða sérstaklega eru tengslin milli rannsóknarvaldsins og ákæruvaldsins. Jónatan Þórmundsson prófessor hefur vakið athygli á þessu. Það var einn og sami maðurinn – eða sama embættið skulum við segja – sem hitti fyrst Jón Gerald Sullenberger. Sá hinn sami tók ákvörðun um að skoða gögnin. Sá sami lagði einnig beiðni um húsleit fyrir héraðsdóm. Hann hélt síðan áfram rannsókn málsins. Sami aðili færði síðan rannsóknina í tiltekinn farveg. Sá hinn sami tók saman rannsóknarniðurstöður og gaf út ákæru. Sjálfstætt ákæruvald heyrir sögunni til eins og Jónatan Þórmundsson orðar það.

Ofan á þetta bætist að gögn sem við höfum lagt fram hafa ekki verið skoðuð sem skyldi eða mark tekið á þeim. Lagalega ber embættinu að rannsaka hvort tveggja atriði sem horfa til sektar og sýknu. Þetta kemur fram í lögum um meðferð opinberra mála. Brot á þessum réttindum einstaklinga og fyrirtækja eru hrein og klár mannréttindabrot.“

Mikill stuðningur almennings

Hefur rekstur Baugs innanlands beðið skaða vegna þessa máls?

„Svo undarlega sem það kann að virðast þá hefur ímynd okkar ekki skaðast hér innanlands, en Baugur hefur tapað gríðarlegum fjármunum erlendis vegna þessa málatilbúnaðar og þar með þjóðin sem þetta fyrirtæki tilheyrir. Þetta er íslenskt fyrirtæki. En það er svo dásamlegt fyrir bæði okkur fjölskylduna og fyrirtækin okkar að íslenska þjóðin, fyrir utan eina 20 til 30 einstaklinga, stendur heils hugar með okkur. Við höfum aldrei haft önnur eins viðskipti. Við höfum aldrei haft annan eins fjölda viðskiptavina hvar sem við höfum drepjið niður fæti. Ég hefði ekki trúð því að öreyndu að við ættum svona marga formælendur. Þeir sem hringja, stöðva mann úti á götu eða hafa samband með öðrum hætti. Allir segja: Standið ykkur! Þjóðin er með ykkur! Og málsmetandi menn hafa einnig haft samband við mig og sagt að allir standi með okkur.“

Óttast þú keðjuverkandi áhrif í íslensku viðskiptalífi af Baugsmálinu?

„Nei, ég hef ekki heyrt það og hugsá þetta ekki þannig. Mér finnst þetta vera apaspil og vona að því verði hætt hið bráðasta. Um þetta mál verður gerð bæði bók og kvikmynd. Þetta er lýjandi mál. Við erum með 2.500 manns í vinnu á Íslandi. Við berum ábyrgð gagnvart þessu fólki og okkur þykir vænt um starfsfólkið okkar. Þetta fólk hefur sýnt okkur traust og veitt okkur styrk – það hefur staðið heils hugar með okkur og við fáum ótrúlegan stuðning að öllu leyti. Fyrir þetta er ég þakklátur og þess vegna er ég bjartsýnn.“

johannh@frettabladid.is

Trúi að dómstólar meti gögnin

– JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSEN

Óvild fyrrverandi forsætisráðherra skapaði það andrúm sem drifið hefur áfram rannsókn og ákæru í Baugsmálinu, að mati Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, forstjóra Baugs. Hann segist alltaf hafa borið hag fyrirtækisins fyrir brjósti og að Baugur hafi alltaf haft betur í viðskiptum við sig og Gaum, sem er félag í eigu fjölskyldunnar.

Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, neitar algjörlega öllum ásökunum sem fram koma í ákærunni og segir að ekkert hafi verið hlustað á skýringar Baugs á viðskiptunum sem liggi að baki. Hann telur engu líkara en rannsóknaraðilar hafi allan tímann verið ákveðnir í að finna upp sakir á starfsmenn félagsins.

Hæstu upphæðirnar í ákærunni varða umboðssvik í stórum viðskiptum, en auk þess er Jón Ásgeir sakaður um fjárdrátt frá Baugi. Um 19 ákæruliðir fjalla um viðskipti Baugs og félaga tengdra ykkur eigendum. Var eitthvað óeðlilegt þar á ferðinni?

„Nei, alls ekki. Við höfum sýnt fram á að viðskiptareikningar milli félaganna voru vegna viðskipta allir uppreiddir, til dæmis þegar innrás átti sér stað. Ekki hefur ein króna verið afskrifuð vegna viðskipta milli félaganna. Maður hefur það á tilfinningunni að gögn sem við höfum sett fram og allt sem Baugur hefur lagt fram hafi ekki verið skoðað. Ekki hefur verið rætt við vitni sem við höfum bent á. Ég held að alveg hefði mátt sleppa yfirheyrslunum. Það hefur ekkert verið hlustað á okkar skýringar. Umboðssvik snúast um það að maður svíki einhvern sem maður er í forsvari fyrir og sá tapi á því. Aðalatriðið er að Baugur fékk alltaf það sem menn töldu sig vera að kaupa og alltaf hafa kaupin reynst félaginu til góðs fyrir Baug.“

„Ráðherrann hótaði Hreini Loftssyni því að opinberir aðilar myndu herja á félagið.“

Jón Steinar tekur að sér málið fyrir Jón Gerald. Jón Steinar hringir í ríkislögreglustjóra. Hversu augljóst getur þetta verið?“

Lá á að tryggja viðskiptin

Hæstu upphæðirnar í umboðssvikaákerum varða kaup á Vöruveltunni sem átti verðslanir 10-11 og viðskipti í tengslum við kaupin á Arcadia. Í viðskiptum með Vöruveltuna er Jón Ásgeir sakaður um að hafa leynt stjórn Baugs að hann væri eigandi 70 prósent hlutar í Vöruveltunni, sem átti 10-11 búðirnar.

Af hverju keypti Baugur ekki beint?

„Ég fékk símtal og mér var sagt að Vöruveltan væri að fara yfir til KEA og þar með yrði ekkert af viðskiptum hennar við Aðföng. Við í Baugi vorum þá nýbúin að opna þetta stóra vöruhús og höfðum séð fram á að ná Eiríki í viðskipti. Ég hringdi í Eirík Sigurðsson, eiganda 10-11, og það hann að gefa mér tvær vikur til þess að ganga frá þessu. Hugmyndin var sú að fá nýja aðila að þessu. Íslandsbanki tók málið að sér með nýjum kaupsamningi við fyrrum eigengur. Við komum með aðila að þessu, sem voru Sævar Jónsson og Sigfús í Heklu, til að eiga Fjárfar og sem áttu að verða kjölfestufjórðing þegar félagið færi á markað. Hugmyndin var að tvö félög færu á markað, Baugur og Vöruveltan, sem væru í viðskiptum við Aðföng. Íslandsbanki seldi Eignarhaldsfélagi Alþýðubankans (EFA) 35 prósent, bankinn tók eitthvað og Fjárfar 35 prósent. Síðan fór þetta ferli í gang. Við

vildum hafa það á hreinu að viðskiptin yrðu við Aðföng. Svo fór EFA að ókyrrast í þessu samstarfi þá ég tek það fram að ég sá ekki um þau samskipti – en þá sagði ég: „Eiríkur, ég held að það sé eina leiðin að freista þess að tala við Samkeppnisstofnun og Baugur kaupi félagið.“ EFA hafði sagst vera tilbúin að kaupa allt félagið miðað við heildarverðmat kr 1.608 milljónir og þeir sögðu annað hvort kaupum við á þessu verði eða hinir hluthafanir keyptu þá út. Það varð úr að Íslandsbanki, Kaupþing og Fjárfar keyptu EFA út með það að leiðarljósi að selja Baugi. Baugur keypti félagið. Félagið millilenti ekki hjá mér og ég hef margoft lagt fram gögn fyrir lögregluna sem sýna það svart á hvítu að við græddum ekki krónu á þessu. Ég skal fúslega vörðkenna að ég lagði mikið á mig til þess að koma þessu inn í Baug og meira að segja lagði Gaumur fram peninga til þess að það gæti gengið eftir. Það eina sem vakti fyrir okkur var að tryggja viðskipti fyrir Aðföng. Meirihluti stjórnar Baugs vissi af þessu. Stjórnarformaðurinn vissi af þessu.“

Viðskiptin vendipunktur fyrir Baug

„Ég kom góðri eign inn í Baug og hagnaðist ekki á því sjálfur. Reyndar held ég að þessi viðskipti hafi verið ákveðinn vendipunktur fyrir Baug, því það var alveg ljóst að menn höfðu borgað ríflegt verð fyrir Hagkaup og ég held að það hafi verið mikil björg í því að fá 10-11 inn. Það munar um að ná hagstæðara innkaupsverði upp á kannski eitt prósent og nýta þessa fjárfestingu í Aðföngum betur. En 10-11 jók innkaupaafli Aðfanga um 18 prósent.“

Jón Ásgeir er einnig sakaður um umboðssvik vegna kaupa á hlutabréfum í Arcadia í gegnum eignarhaldsfélagið A-Holding. „5. apríl 2001 gerði stjórn Baugs samning við alla hluthafa A-Holding um að fá að kaupa bréfin eftir ákveðinni formúlu, sem fól í sér greiðslu með hlutabréfum Baugs plús álag á innkaupsverð bréfa. Síðan er ég í viðræðum við Stuart Rose á þessum tíma um að fá að kaupa Top Shop og til þess að ná því fram þurfti ég að eiga öll bréfin í Arcadia, en ekki í þessu félagi með öðrum. Ég fékk heimild stjórnar til að kaupa bréf annarra hluthafa í A-Holding, innan þeirra marka sem stjórnin hafði samþykkt samkvæmt samningunum 5. apríl. Með því að eignast A-Holding að fullu hafði Baugur betri samningsstöðu gagnvart Arcadia í Top Shop-málinu. Ég fer í það að hamast í mönnum við litla kæti hluthafa í A-Holding.“

Besta fjárfesting Íslandssögunnar

„Niðurstaðan varð sú að Baugur keypti alla út úr félaginu. Þann 10. maí var gengið frá samningum um að kaupa öll bréf í A-Holding. Ég hafði knúið fram lækkuð upp á rúm- ar 600 milljónir frá þeim samningi sem gerður var 5. apríl. Gaumur fékk 95 milljónir í þóknun en gaf eftir 320 milljónir frá þeim samningi sem félagið hafði áður gert. Aðrir stofnahluthafar fengu hlutfallslega meira. Þannig fékk Kaupþing rúmlega 300 milljónir. Málið var kynnt fyrir stjórn Baugs og sérstök skýring er í ársreikningi félagsins vegna ársins 2001 þar sem þóknunir vegna Arcadia-kaupa koma fram. Ég margspurði lögregluna: „Ef ég hefði verið að reyna að ná peningum út úr Baugi, af hverju tók ég þá ekki þessar 3-400 milljónir sem rúmuðust innan heimildarinnar? Af hverju var ég þá að semja um lækkuð fyrir Baug? Þetta gerði ég auðvitað vegna þess að það voru hagsmunir Baugs sem skiptu mig mestu máli vegna þess að ég var að byggja félagið upp af krafti. Maður situr fyrir framan menn Ríkislögreglustjóra, sýnir þeim öll gögn og þeir segja bara: „Nei, þetta er ekkert svona.“ Ég veit hvernig þetta var, ég var á öllum þessum fundum. Svo vita allir hvað varð úr þessari fjárfestingu í Arcadia. Þetta var einhver besta fjárfesting Íslandssögunnar og hefði orðið ennþá betri ef lögreglan hefði ekki komið og eyðilagt yfirtökuna á Arcadia.“

En er það ekki það sem vekur tortryggina að Gaumur er ekki bara eignarhaldsfélag um eignina í Baugi, heldur líka virkt félag í viðskiptum við Baug? Ef þú horfir til baka, myndirðu gera hlutina öðruvísi?



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Kannski má segja að fyrst fyrirtækin voru að eiga í viðskiptum svona saman, þá hefði kannski verið betra að þau hefðu verið eitt og sama félagið. Við hefðum kannski átt að eiga beint í Baugi og Baugur svo átt að eiga fjárfestingarfélag til hlíðar. En í raun hefðu hlutir verið gerðir með sama hætti. Við notuðum Gaum, eins og í Arcadia-málinu, sem undanfara í viðskiptum. Gaumur tók áhættuna fyrir skráða félagið. Gaumur keypti fyrir 900 milljónir í Arcadia af því að stjórn Baugs vildi ekki taka það mikla áhættu á þeim tímamarki. Stjórnin heimilaði kaup fyrir 200 milljónir. Ég, sem eigandi Gaums, var sannfærður um að þetta væri góð fjárfesting og var tilbúinn að taka áhættu sjálfur. Þegar síðar kom í ljós að Arcadia væri að sigla lyngan sjó færðust bréfin inn í Baug og Baugur fékk langmesta hagnaðinn af þessu. Ef Gaumur hefði haldið sínum hlut, þá hefði Gaumur grætt fimm til sex milljarða.“

En hefur þú Baugur alltaf unnið í samskiptunum við Gaum?

„Já, Baugur hefur alltaf hagnast! Öll viðskipti milli félaganna hafa verið hagfelld fyrir Baug. Við erum ekki að tala um hundruð milljóna, við erum að tala um milljarða. Enda hefur hvorki stjórn Baugs, endurskoðendur né hluthafar kvartað eða gert athugasemdir við viðskiptin. Við eigum mikla hagsmuni í Baugi. Þegar maður á fyrirtæki er maður ekki að hugsa um að hagnast eitthvað persónulega á stundarviðskiptum. Ég hef alltaf kosið að horfa

á heildarmyndina og það sem knýr mig áfram er að hlúa að fyrirtækinu og byggja það upp og fá arðinn síðar. Okkar félög eru vel rekin, eru byggð á traustum stöðum og skara fram úr hvert á sínu sviði. Þetta virðast þeir ekki skilja sem rannsókuðu málið. Þegar ég er að byggja upp fyrirtæki reyni ég ekki að svindla á því í leiðinni. Baugur er fjöregg Gaums og Baugur er andlit okkar. Félagið sem á Bónus. Mér finnst það ótrúlegt hvernig lögreglan horfir framhjá því að Baugur hefur haft ávinning af öllum þessum viðskiptum við Gaum. Það hlýtur þó að vera kjarni málsins.

Átti alltaf inni hjá félaginu

Jón segir óbilgirni gæta hjá efnahagsbrota-deildinni gagnvart færslum á viðskiptareikningi og vegna viðskiptalána. „Við erum búnir að svara þessu margoft. Það er ótrúlega ósmekklegt hvernig þetta er sett fram. Hvergi getið að allt hefur alltaf verið greitt til baka með reglulegum hætti. Ekki er einu sinni tekið tillit til þess að innri endurskoðendur Baugs hafa sýnt öll gögn um það. Á þá er ekkert hlustað. Það hafa engir peningar horfið frá Baugi í gegnum þessa reikninga: Félagið tapaði ekki einni krónu á þessu tímabili vegna viðskiptalána, hvað þá ríkti einhver leynd yfir þeim. Öll þess viðskipti stóðu líð fyrir líð í fjölmörgum félögum. Það er ekki á skjön við nein lög að veita viðskiptalan eða lána starfsmönnum eða félögum í þeirra eigu fyrir hlutabréfum. Svona viðskiptareikningar eru í fjölmörgum fyrirtækjum, meðal annars fyrirtækjum sem ég hef keypt, og hafa þeir þá verið gerðir upp í tengslum við kaupin. Mér skilst að svona viðskiptareikningar hafi aldrei áður orðið tilefni lögreglunnar eða ákæru. Deloitte, endurskoðunarfyrirtækið sem vann með lögreglunni í rannsókn málsins, varð svo hissa á því að þetta gæti verið

ákæruefni að það sendi bréf til sinna viðskiptavina og varaði við þessu atriði sérstaklega. Formið á viðskiptum mínum og Baugs var með sama hætti og tódkast í öðrum fyrirtækjum. Reyndar var staðan milli mín og fyrirtækisins alltaf þannig að fyrirtækið skuldaði mér en ekki öfugt. Ég átti frá 108 þúsund og upp í 86 milljónir inni hjá félaginu. Við sýndum lögreglunni gögn um þetta. Það skiptir bara ekki máli. Það er ekki hlustað á það. Endurskoðendur úti um allan bæ árita reikninga með vitneskju um sömu hluti, og KPMG gaf út yfirlýsingu um að fyrirtækið teldi að endurskoðendur þeirra sem ákærðir eru hefðu verið að gera rétt.“

Hvað með viðskiptin við Jón Gerald Sullenberger og Nordica og meint tollsvik vegna bílaimflutnings á einkabílum?

„Mér finnst með ólíkindum að mönnum detti í hug að ég hafi verið að reyna að svindla einhverja 500 þúsundkalla út úr tollinum. Í samhengi má benda á að ég er persónulega ár eftir ár einn stærsti skattgreiðandi hér á landi. Til dæmis greiddi ég á síðasta ári 99 milljónir í ríkissjóð, sem ég tel ekki eftir mér. Við erum stærsti innflytjandi landsins og höfum alltaf átt góð samskipti við tollinn og höfum alltaf staðið í skilum. Þessi ásökun er drullukaka sem þeir henda í okkur með von um að eitthvað tolli við okkur. Ef öll þessi samskipti við Jón Gerald eru svona glæpsamleg, af hverju er hann þá ekki ákærður í málinu?

Hann hlýtur þá að hafa verið að falska pappír á ef eitthvað er hæft í þessu. Af hverju hefðum við átt að hætta viðskiptum við fyrirtæki Jóns Gerald's ef allt var svona gruggugt? Hefðum við þá ekki átt að halda þeim áfram í lengstu lög til að halda honum góðum ef hann hafði svona mikið á okkur? Það hefur verið sýnt fram á það að þessar greiðslur sem fóru til Nordica voru vegna vöruhússins og vinnu sem hann var að vinna fyrir okkur. Þessar greiðslur hættu samtímis og við hættum viðskiptum við Jón Gerald. Ef við hefðum viljað senda reikninga á Baug vegna þess að við hefðum notað bátinn The Viking í viðskiptalegum tilgangi fyrir Baug, þá hefðum við alveg getað gert það og fengið þann kostnað samþykkan athugasemdalest. Á tímablinu 1999-2001 greiddi Gaumur 110 milljónir sem styrk til félagsins og hlutdeild í kostnaði mínum sem forstjóra. Félaginu bar engin skylda að gera það en við gerðum það samt. Á sama tíma eru menn að segja að við höfum verið að taka 40 milljónir út af einhverjum bát. Þetta stenst ekki skoðun.“

Ákæran líka á versta tíma

Jón Ásgeir segir að félagið hefði ekki lifað af upphaf rannsóknarinnar nema vegna þess að sterkir aðilar stóðu að félaginu og stóðu með því. Gaumur, Reitan í Noregi og Kaupþing banki áttu saman meirihluta í félaginu frá skráningu til afskráningar. „Við sáum þann kost vænstan að afskrá félagið. Það var óvinnandi vegur að þurfa að tilkynna í Kauphöllina í hvert skiptið sem lögreglan bað um einhver gögn. Ég hitti Jón H. Snorrason í júní 2003 og kvartaði við hann að það væri óbærilegt fyrir mig og fjölskyldu mína að hafa þetta hangandi yfir mér og þá taldi hann að það væru ekki nema einhverjar vikur í að rannsókninni lyki. Það var hvorki í fyrsta né síðasta

skiptið sem þessir menn sögðu okkur ekki satt í málinu.“

Jón segir upphaf rannsóknarinnar hafa komið á skelfilegum tíma fyrir fyrirtækið. „Það eru allt of margar tilviljanir í þessu máli til þess að þær fái staðist. Í mínum huga er alveg klárt að þessu er stjórnað. Í hvert skipti sem við vorum í fréttum vegna þess sem við vorum að fást við, þá bást fréttir af rannsókninni. Fyrst þeir ætluðu ekki að þingfesta málið fyrr en 17. ágúst, af hverju lá þeim þá svona mikið á að birta ákæruna? Það hafði verið í fréttum að áreiðanleikakönnun vegna Somerfield var að ljúka. Þeir vissu vel um það.“

Ef þessu er stjórnað, hver stjórnar þá?

„Andrúmið stjórnar dálítið. Það skapaðist 2001-2002 með gegndarlausum árásum þáverandi forsætisráðherra á fyrirtækið og hótunum hans um að brjóta upp félagið. Ráðherrann hótaði Hreini Loftssyni því að opinberir aðilar myndu herja á félagið. Jón Steinar tekur að sér málið fyrir Jón Gerald. Jón Steinar hringir í ríkislögreglustjóra. Hversu augljóst getur þetta verið? Jón Steinar fær flýtimeðferð án þess að skoða gögn málsins eins og frægt er. Menn þekkja hvernig það er að kæra til efnahagsbrota-deildar. Það er ekki eins og þar sé venjulega brugðist hratt við. Í þetta skiptið fengu þeir húsléitarheimild án þess að kanna einu sinni hvort reikningurinn sem var tilefni innrásarinnar væri debet eða kredit. Næði Baugur Arcadia var ljóst að félagið yrði orðið langstærsta fyrirtæki á Íslandi. Fyrirtæki sem hefði hagnast meira en allur íslenskur sjávarútvegur. Það er ljóst að mörgum stóð stuggur af því og einnig stóð mörgum stuggur af því að við vorum orðaðir við nýja útgáfu Fréttablaðsins. Jú, það var pólitísk í þessu máli, það er klárt.“

Ráðamenn skapa andrúm

Jón Ásgeir segir óvild Davíðs Oddssonar sennilega eiga margvíslegar rætur. „Þetta byrjaði í verðbólguumræðu og svo varð einhver núningur á milli hans og Hreins Loftssonar. Þetta vindur upp á sig og síðan erum við orðnir ótíndir glæpamenn í hans huga. Við fórum ekki eftir því sem okkur var sagt. Við höldum áfram að byggja upp félagið þótt menn væru farnir að spyrja hvort ekki væri komið nóg. Ég held þetta sé svona. Helstu ráðamenn landsins hafa staðfest hvað Davíð var að bera út um okkur á síðasta ári þegar fjölmiðlafurvarpið var til umræðu. Þá gekk hann um bæinn og sagði við alla sem heyrta vildu að við værum stærstu skattsvikarar Íslandssögunnar og svo framvegis. Ég hef fengið þetta staðfest frá tveimur ráðherrum í núverandi ríkisstjórn. Hvað stendur eftir af skattamáli Baugs? 131 milljón króna sem er ágreiningur um fyrir Yfirskattnefnd. Það skiptir máli hvað ráðamenn segja, þeir skapa andrúm. Í slíku andrúmi gerast þessir hlutir.“

Þú segir að menn hafi talið völd ykkar verða mikil með kaupum á Arcadia. Er það völdin í krafti peninga sem drífa þig áfram?

„Ég heyrði haft eftir einum háttsettum manni í Sjálfstæðisflokknum að meginmarkmið mitt væri að verða valdameiri en Davíð Oddsson. Það hefur aldrei verið í mínum huga og þeir sem þekkja mig myndu hlæja að slíkum hugmyndum. Menn hafa greinilega talið að þeim stæði ógn af Baugi. Baugur væri ekki réttu megin,

Baugur væri að styðja Samfylkinguna, Ingibjörgu Sólrúnu, forsetann og ég veit ekki hvað og hvað. Þetta hefur tekið á sig einkennilegustu myndir. Það sem drífur mig áfram er að ég hef ástríðu til að byggja upp góð fyrirtæki sem skara fram úr og skila árangri fyrir neytendur og hagnaði fyrir hluthafa. Peningar einir og sér drífa mig ekki áfram, hvað þá löngun í pólitík. Ég hef eytt síðustu sjö árum í þetta og ég held að það hafi tekist. Baugur hefur vakið gríðarlega eftirtekt erlendis. Um 80 prósent af erlendri umfjöllun um íslenskt viðskiptalíf hafa verið um þetta fyrirtæki.“

Fyrir fram skilgreindir sem glæpamenn

„Það er alveg skelfilegt að sjá afleiðingarnar af svona hryðjuverki sem Ríkislögreglustjóri hefur unnið. Hvers á fyrirtækið að gjalda? Það það ekki um þetta. Endurskoðendur okkar, lögfræðingar og innri endurskoðendur hafa lagt fram gögn og skýringar sem sýna að það er ekki neitt í þessu. Það er bara ekki hlustað á það. Það er mjög sérstakt en ég upplifi þetta eins og lögreglan bankaði upp á heima hjá mér og segi: „Það var brotist inn til þín.“ Þótt ég mótmæli og segi að allt sé í lagi þá segir lögreglan „víst“ og ryðst svo inn og rústar heimilinu og segir síðan „séru ekki maður, heimilið er í rúst“. Þetta er náttúrlega stórfurðulegt. Ég hef það á tilfinningunni að við höfum þegar í upphafi verið skilgreindir sem glæpamenn og svo hafi menn farið af stað að leita að glæpnum.“

Það er augljóst að þú treystir ekki rannsóknaraðilum málsins. Hvað með dómstólana?

„Ég trúir því að dómstólarnir muni horfa á gögnin sem við leggjum fram sem lögreglan hefur haft að engu. Ef það verður gert þarf ég engu að kvíða.“

Hvaða áhrif hefur málið í Bretlandi, stærsta viðskiptalandi Baugs í dag?

„Það er ótrúlega erfitt að útskýra þetta mál í Bretlandi. „Baugur er fórnarlambið“, segja þeir „og þú ert forstjóri Baugs. Hvernig stendur á því að þú ert ennþá forstjóri? Af hverju er ekki búið að reka þig?“ Ég bý við það að vera ákærður án þess að nokkur aðili tengdur fyrirtækinu hafi kært mig fyrir að stela neinu. Þeir skilja það ekki, hvað þá að sami maður stjórn rannsókn og ákæri. Markmið okkar er að halda sjó í Bretlandi næstu mánuði og halda áfram að byggja félögin upp sem eru okkar í dag.“

Það er ljóst að þetta mál hefur hvílt þungt á þér, en hver er upplifun þín af rannsókninni?

„Það er furðulegt að hægt sé að ráðast inn á fólk án þess að nokkur haldi því fram að hafa orðið fyrir tjóni, og halda því í raun í varðhaldi í þrjú ár. Í þessi þrjú ár hefur linnulaust verið barið á okkur út af þessari rannsókn og um hana hefur verið fjallað svo til daglega í fjölmiðlum hér í Bretlandi eða á Norðurlöndum. Slíkt er gríðarlegt álag á fólk sem í þessu stendur og einhver mesta refsing sem nokkur maður getur fengið. Það gengur ekki að mannréttindi fólks séu fótum troðin með þessum hætti. Við erum líka manneskjur þó við eigum eitthvað af peningum og fjölmiðla.“

Jón Ásgeir segir fjölskylduna einnig hafa fundið fyrir miklum stuðningi úr ýmsum áttum að undanförmu. „Ég vil þakka þann mikla stuðning sem mér og fjölskyldu minni hefur verið sýndur síðustu vikur.“

hafliði@frettabladid.is

LAGAGREINARNAR

■ Brot sakborninga í Baugsmálinu eru mismunandi. Þær lagagreinar sem tíðast eru nefndar í ákærunni eru eftirfarandi:

Fjárdráttur – hegningarlög gr. 247 / 19, 1940:

Dragi maður sér fjármuni eða önnur verðmæti, sem hann hefur í vörslum sínum, en annar maður er eigandi að, án þess þó að verknaðurinn varði við 246. gr., þá skal hann sæta fangelsi allt að 6 árum.

Hafi maður notað peninga annars manns heimildarlaust í sjálfs sín þarfir, þá skal honum refsað fyrir það samkvæmt 1. mgr. hvort sem honum hefur verið skylt að halda peningunum aðgreindum frá sínu fé eða ekki.

Umboðssvik – hegningarlög gr. 249 / 19, 1940:

Ef maður, sem fengið hefur aðstöðu til þess að gera eitthvað, sem annar maður verður bundinn við, eða hefur fjárreiður fyrir aðra á hendi, misnotar þessa aðstöðu sína, þá varðar það fangelsi allt að 2 árum, og má þyngra refsinguna, ef

mjög miklar sakir eru, allt að 6 ára fangelsi. (Ef maður á ólöglegan hátt breytir, bætur við eða eyðileggur tölvuvélbúnað, eða gögn eða forrit sem geymd eru á tölvutæku formi, eða hefur með öðrum hætti gert ráðstafanir sem eru til þess fallnar að hafa áhrif á niðurstöðu tölvuvinnslu, varðar það fangelsi allt að 6 árum.)

Opinber gjöld o.fl. – hegningarlög gr. 262 / 19, 1940 (ekki birt í heild): Hver sem af ásetningu eða stórfelldu gáleysi gerist sekur um meiri háttar brot gegn 1., 2. eða 5. mgr. 107. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, (... nánari tilvísanir) skal sæta (...) fangelsi allt að 6 árum. Heimilt er að dæma fésekt að auki samkvæmt þeim ákvæðum skattalaga er fyrr greinir.

Hlutafélagalög grein 104 / 2, 1995 (ekki birt í heild):

Hlutafélagi er hvorki heimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins eða móðurfélags þess lán né setja tryggingu fyrir þá. Félagi er einnig óheimilt að veita þeim lán eða setja fyrir þann tryggingu sem giftur er eða í óvígðri sambúð með aðila skv. 1. máls. eða er skyldur honum að feðgatali eða niðja ellegar stendur hlutadeigandi að öðru leyti sérstaklega nærri. Ákvæði þessarar málsgreinar taka þó ekki til venjulegra viðskiptalána. Hlutafélag má ekki veita lán til að fjármagna kaup á hlutum í félaginu eða móðurfélagi þess hvort heldur móðurfélagið er hlutafélag eða einkahlutafélag. Hlutafélag má heldur ekki leggja fram fé né setja tryggingu í tengslum við slík kaup. (Ákvæði 1. n. 2. máls. eiga þó ekki við um kaup starfsmanna félagsins eða tengds félags á hlutum eða kaup á hlutum fyrir þá.)

Hlutafélagalög grein 153 / 2, 1995 (ekki birt í heild): Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum:

1. Að skýra visvitandi rangt eða villandi frá högum hlutafélags eða öðru er það varðar í opinberri auglýsingu eða tilkynningu, í opinberu boði í þátttöku í stofnum félags eða í útboði hluta, í skýrslum, ársreikningi eða yfirlýsingum til hluthafafundar eða forráðamanna félags eða í tilkynningum til hlutafélagaskrár.

2. Að brjóta visvitandi ákvæði laga þessara um öflun vissra fjárhagsverðmæta (...), greiðslu hlutafjár, útgáfu hlutabréfa eða bráðabirgðaskírteina, hlutaskrá, eigin hluti (...), skyldu formanns varðandi boðun til stjórnarfundar (...), boðun til hluthafafundar ef eigið fé samkvæmt bókum félagsins er orðið minna en helmingur af skráðu hlutafé þess (...), tillög í varasjóð, úthlutun arðs,

endurgreiðslu á hlutafjárframlögum, lán eða tryggingu til handa hluthöfum o.fl. (104. gr.) og tilkynningu um stofnun útibús og starfsemi þess (141. gr.).

Tollsvik og rangfærsla skjala: grein 126 / 55, 1987 (ekki birt í heild) Hver sem af ásetningu, stórfelldu gáleysi eða ítrekað veitir rangar eða villandi upplýsingar um tegund, magn eða verðmæti farms eða vöru eða leggur ekki fram til tollmeðferðar gögn sem lög þessi taka til skal sæta sektum sem nema skulu að lágmarki tvöfaldrni en að hámarki tífaldri þeirri fjárhæð sem undan var dregin af aðflutningsgjöldum.

Til birtingar með ákærunum í sjálfstæðum ramma eða með öðrum hætti ...



Nissan Sunny árg. '94 ekinn 116 þús. Verð 100 þús. Uppl. í síma 551 1429.



Mjög snyrtilegur, vel með farinn Mitsubishi Galant árg. '92 ek. 216 þús. sjáskiptur. Verð 125 þús. Uppl. í s. 824 3934.



VW Golf '95 ek. 150 þús. Bill í góðu standi. Skoðaður '06 Ásett verð 230 þús. Uppl. í síma 847 6201.

Renault Clio '91 1400 ssk. Ekinn 91 þús. Þarfnast viðgerðar fyrir skoðun. Verð 50 þús. Uppl. í síma 898 8829.

Pathfinder '91 í varahluti. Ný upptekin túrbína og girksassi. Tilboð, Davíð s. 699 5005.

Til sölu Mazda 626 árg. '88. sk. '06. Einnig Audi 80 árg. '88 sem þarfnast smá lagfæringa. Uppl. í s. 892 0040.

Til sölu Hyundai H1 árg. 1998 m/bilaðri vél, ek. 118 þús. km. Til viðg. eða niðurrifs. Er á góðum dekkjum. Uppl. í s. 894 4646 Ólafur.

GMC Jimmy árg. 1994, keyrður 83 þús. mílur, 4.3 l. vortex. Verð 170 þús. Uppl. í s. 863 1476.

Til sölu Nissan Sunny '95, 4x4, sk. '06. Verð 250 þús. Uppl. í s. 557 5795 & 899 5459.

Hyundai Sonata árg. '95, ekinn 151 þús. Sjálfskiptur, nýskoðaður '06. 4 sumadekk og 4 vetrardekk. Verð 150 þús. stgr. Sími 695 5135.

Nissan Sunny árg. '93. Ssk. Ekinn 160 þús. Vetrardekk á felgum fylgja. Selst á 120 þús. Upplýsingar í síma 893 3733.

Ford Bronco II árg. '89. Þarfnast lagfæringar, gott verð. Uppl. í s. 690 3861 & 551 5940.

Mitsub Lancer GLXI, árg. '93. Nýskoðaður, ný timareim, ek. 207 þ. km, ssk, verð 90 þ. kr. S. 891 6444.

Volvo 240 árg. '82, 4ra dyra. Tilboð. Uppl. í síma 860 6901.

Skólabíll! VW Golf '94. Toppbill á góðu verði. Fæst á 120 þ. stgr. Uppl. í s. 669 9213.

Til sölu Suzuki Swift sjálfskiptur, árg. '91. Verð 65 þús. Sími 845 6778.

Til sölu Renault 19 árg. '95 ek. 115 þús., sk'06 á aths. Verð 150 þús. Uppl. í s. 863 3813 & 456 4599.

Swift '91, ek. 133 þ. Verðh. 50-60 þ. Á sama stað óskast fólksbíla. S. 860 4166.

Til sölu vegna brottflutnings, nýskoðuð Honda Accord '95 ekin 112 þús. Vetrardekk á felgum. Pioneer graejur, traustur bíll. Verð 250 þús. stgr. Sími 893 5866.

Til sölu Toyota Corolla '93 bíluð vél. MMC Lancer '93 þarfnast smá lagfæringar og Toyota Carina E '93. Uppl. í síma 868 3069.

Lancer '89 sjálfskiptur, þarfnast lítill lagfæringa. Verð 50 þús. Nýlegir afturdemparar, rafgeymir, kveikjúluk, kertapræðir og kveikjuhamar. Uppl. í s. 586 1984 & 847 9593, Sandra.

Lancer '89 sjálfskiptur, þarfnast lítill lagfæringa. Verð 50 þús. Nýlegir afturdemparar, rafgeymir, kveikjúluk, kertapræðir og kveikjuhamar. Uppl. í s. 586 1984 & 847 9593, Sandra.

Opel Astra 1400 '94, ek. 116 þ. Ssk., sk. '06. V. 125 þ. S. 554 6172 & 892 0565.

Nissan Primera '93. Er gangfær en þarfnast viðgerða. Verð 25 þús. Uppl. í s. 696 2694.

Audi 200, árg. '84, ek. 225 þús., bsk., vél 2,2. 136 hs., sk. '06, ný timareim, álfelgur, topplúga, bremsur og púst. Verð 100 þús. S. 897 9809.

Vantar lítinn tjaldvagn ca 100 þús. Upplýsingar í síma 849 4044.

MMC Eclipse '91 og Nissan Primera '97, báðir vélarvana til sölu á 100 þús. eða 50 þús hvor. Einnig varahlutir í Sonata '94. Uppl. í s. 847 9727.

Volvo 460 '95, ssk., ek. 150 þús. Verð 190 þús. stgr. Uppl. í s. 869 4335.

Opel Astra station '97, hvítur, ek. 102 þús. Þarfnast smá lagfæringar. Verð 150 þús. Uppl. í s. 867 5066.

Ford Ka '99, ek. 80 þús. Í toppstandi en óskoðaður. Verð 200 þús. Uppl. í s. 822 9969.

Hyundai Accent árg. '95, ek. aðeins 75 þús. km, nýskoðaður bíll í toppstandi. Verð 180 þús. stgr. Uppl. í s. 862 3345.

Til sölu MMC Colt GLXI 1600, 10'/93, ek. 155 þús. Mikil endurnýjaður, álfelgur, geislaspilari, nýsk. Verð 190 þús. Uppl. í s. 896 6171.

Opel Corsa 1.4 árg. '97, 3 dyra, cd. Tibóð 160 þúsund. Uppl. í s. 691 9374.

Tilboð Tilboð

Opel Astra station 6/98 ek. 160 þús. Topp bill. L.verð 360 þús. en fæst á 200 stgr. S. 899 3939.

Til sölu Suzuki Vítara '94, breyttur 32". Tilboð 220 þús. Uppl. í s. 867 3789 & 867 6637.

250-499 þús.



Corolla 1,6 5g. Góð smurból, ekinn 133 þús. V. 480 þús. stgr. Bílalan 280 þús. afb. 11 þús. S. 898 8829.



Til sölu Daihatsu Terios, ekinn 125 þ. km, næsta skoðun sept. '06. Upplýsingar í síma 846 2601. Ásett verð 270 þús.



Toyota Camry '95 sumar og vetrardekk á felgum. Verð 400.000. Uppl. í síma 893 2455.



Ford Fiesta árg. 99 ek. 95 þús. Ný skoðaður. Verð 380.000. Uppl. í s. 660 8412



Golf GTI '94. topplúga, CD, álfelgur, spoiler, kraftmikill. Upplýsingar í síma 867 7788.



MMC Spacewagon, 7 manna, 1997, 4x4, krókur, sjálfsk., heilsársdekk, ek. 163 þús. Tilboð 440 þús. S. 825 1264.



Opel Omega árg. '95 ekinn 118 þús. Sjálfsk. Verð 450 þús. Uppl. í síma 659 0716.



Frúrabíll! Mjög fallegur, vel með farinn VW Polo '97, 1,4, 5 dyra, ek. 107 þ. 2 eigendur. Verð 360 þ. S. 691 2572.



Toyota Corolla árg. '94 ekinn 161 þús. Nýskoðaður. Verð 350 þús. S. 866 5604.



Til sölu nýuppgerður Range Rover 1987. Sjálfskiptur með 6.2 lítra dísel vél. Verð 350 þúsund. Uppl. í síma 660-0330.



Til sölu Daihatsu Terios, ekinn 125 þ. km, næsta skoðun sept. '06. Upplýsingar í síma 846 2601. Ásett verð 270 þús.



Toyota Corolla Special Series '96, ekinn 120 þús. Ný vetrar dekk fylgja. Verð 390 þús. Uppl. í s. 845 7685.



Lancer 1300 '97, mikil endurnýjaður. Verð 300 þ. Uppl. í s. 696 1002.



Toy. Corolla Touring '96 ek. 209 þ. Nýskoðuð. Verð 390 þ. Vantar landcr. 90. árg. '97-'99. Uppl. í s. 897 5976.



Suzuki Baleno skrd. 05/01 ek. 43 þús. km. 1600cc beinskptur, mjög vel með farinn. Verð 900 þús. Sími 692 6030.



Gullmóli. Toyota Carina E '96 ssk. sílfur ek. 143 þ. 2 eig. V. 650 þ. S. 899 8899 & 899 2264.




Daewoo Lanos 1500 SE árg. 12/02, ek. 51 þ. Verð 700 þ. Ákv. 550 þ. S. 894 3228.



Til sölu Honda Civic 1,6 vti '00 ekinn 75 þús. Filmur, cd, topplúga, álfelgur. Flottur bíll, verð 899 þús. stgr. Upplýsingar í síma 899 4275.



VW Golf, árg. '99, ekinn 78.000 km, 1,6 vél, sjálfskiptur, sumar- og vetrardekk. Kr. 900.000. Sími 696 0138.



Til sölu Daiwo Lanos árg. 2001, ek. 132 þús. km, nýskoðaður, ný timareim ofl. S. 894 1181.



BMW 318 IS árg. '93, beinskptur, leður, topplúga og fl. Verð 450 þús. Uppl. í síma 698 5246. Tilboðsverð 400 þús

Fiat Punto '98 ek. 73 þús. Blár, sk. '06 án ath. aðeins 290 þús. stgr. S. 690 0838.

Til sölu Nissan Micra árg. 2001 ekinn 141.380 km. Hvítur, 2ja dyra. Verð 350 þús. Uppl. í síma 663 4678.

Til sölu Toyota Hiace '91. Uppl. í s. 895 6007, Samúel.

Hyundai Accent árg. '99 skoðaður '06 til sölu. Upplýsingar í síma 565 8464.

Corolla '94, sk. '06, 2 d., ek. 160 þ. Nýl. timareim og demparar, v+s dekk á felgum. Mjög góður bíll. V. 300 þ. stgr. S. 894 3088.

Góð Skoda Felicia '98 módel ek. 54 þús. Verð 350 þús. Vetrardekk á felgum fylgja. Uppl. í s. 699 7127.

Daih. Terios '98. Ek. 96 þús. Sk. '06, ný dekk, ný timareim. V. 400 þús. S. 868 8306.

VW Golf árg. '95 5 dyra, ekinn aðeins 104 þús. Nýfirfarinn, skoðaður '06, vetrardekk á felgum fylgja. Verð 330 þús. Sími 698 7018.

Toyota Corolla Special Series '96, ekinn 120 þús. Ný vetrar dekk fylgja. Verð 390 þús. Uppl. í s. 845 7685.

Toy. Corolla Touring '96 ek. 209 þ. Nýskoðuð. Verð 390 þ. Vantar landcr. 90. árg. '97-'99. Uppl. í s. 897 5976.

Lancer 1300 '97, mikil endurnýjaður. Verð 300 þ. Uppl. í s. 696 1002.

Toyota Corolla Touring 4x4 '97, bíll í góðu ástandi. Skoðaður '06. Verð 450 þús. Uppl. í síma 664 5007.

500-999 þús.



Toyota Avensis árg. '99 fallegur bíll ekinn 149 þús. Verð 830 þús. Uppl. í síma 696 3836.



Suzuki Baleno skrd. 05/01 ek. 43 þús. km. 1600cc beinskptur, mjög vel með farinn. Verð 900 þús. Sími 692 6030.



Gullmóli. Toyota Carina E '96 ssk. sílfur ek. 143 þ. 2 eig. V. 650 þ. S. 899 8899 & 899 2264.



Daewoo Lanos 1500 SE árg. 12/02, ek. 51 þ. Verð 700 þ. Ákv. 550 þ. S. 894 3228.



Til sölu Honda Civic 1,6 vti '00 ekinn 75 þús. Filmur, cd, topplúga, álfelgur. Flottur bíll, verð 899 þús. stgr. Upplýsingar í síma 899 4275.



VW Golf, árg. '99, ekinn 78.000 km, 1,6 vél, sjálfskiptur, sumar- og vetrardekk. Kr. 900.000. Sími 696 0138.



Grjóthálsi 1
bílland.is



BMW 120i
Nýskr: 12/2004, 2000cc 4 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár, Ekinn 1 p. Verð: 3.200.000 KP-717 B & L. S. 575 1230.



FORD FOCUS
Nýskr: 04/2001, 5 dyra, Sjálfskiptur, Grár, Ekinn 53 þ. Verð: 1.090.000 KM-753 B & L. S. 575 1230.



HYUNDAI SANTA FE
Nýskr: 05/2002, 2700cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Rauður / Grár, Ekinn 72 þ. Verð: 2.150.000 VH-609 B & L. S. 575 1230.



HYUNDAI TRAJET
Nýskr: 01/2005, 2000cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár, Ekinn 8 þ. Verð: 2.150.000 KH-192 B & L. S. 575 1230.



LAND ROVER RANGE ROVER
Nýskr: 01/2003, 4400cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Svartur, Ekinn 49 þ. Verð: 7.300.000 DS-238 B & L. S. 575 1230.



RENAULT KANGOO FÓLKSBIÐL
Nýskr: 07/2002, 1400cc 6 dyra, Beinskptur, Rauður, Ekinn 76 þ. Verð: 1.020.000 PP-426 B & L. S. 575 1230.



RENAULT MEGANE CLASSIC
Nýskr: 09/2002, 1600cc 4 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár, Ekinn 51 þ. Verð: 1.290.000 DI-500 B & L. S. 575 1230.



RENAULT MEGANE II
Nýskr: 07/2004, 1600cc 5 dyra, Fimmgráa, Ljósgráa, Ekinn 29 þ. Verð: 1.690.000 AP-964 B & L. S. 575 1230.



SUBARU LEGACY
Nýskr: 01/1999, 2000cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Dökkgráa, Ekinn 127 þ. Verð: 950.000 PU-524 B & L. S. 575 1230.



BMW 320i
Nýskr: 05/2005, 2000cc 4 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár, Ekinn 5 þ. Verð: 3.950.000 YA-951 B & L. S. 575 1230.



HYUNDAI GETZ
Nýskr: 05/2003, 1300cc 2 dyra, Beinskptur, Blár, Ekinn 22 þ. Verð: 980.000 SG-051 B & L. S. 575 1230.



HYUNDAI STAREX
Nýskr: 04/1999, 2500cc 5 dyra, Fimmgráa, Gráa / Grár, Ekinn 143 þ. Verð: 1.230.000 TP-813 B & L. S. 575 1230.



LAND ROVER DISCOVERY
Nýskr: 03/2001, 2500cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósblár, Ekinn 108 þ. Verð: 2.490.000 VV-879 B & L. S. 575 1230.



MITSUBISHI PAJERO PININ
Nýskr: 12/2001, 1800cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Gráa / Grár, Ekinn 56 þ. Verð: 1.590.000 MI-268 B & L. S. 575 1230.



RENAULT LAGUNA II
Nýskr: 08/2002, 5 dyra, Fimmgráa, Rauður, Ekinn 63 þ. Verð: 1.570.000 MY-166 B & L. S. 575 1230.



RENAULT MEGANE II
Nýskr: 01/2004, 1600cc 3 dyra, Fimmgráa, Svartur, Ekinn 23 þ. Verð: 1.680.000 OK-601 B & L. S. 575 1230.



RENAULT SCENIC
Nýskr: 06/2002, 1600cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgráa, Ekinn 69 þ. Verð: 1.490.000 RJ-874 B & L. S. 575 1230.



VOLKSWAGEN GOLF
Nýskr: 03/2000, 1600cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Dökkgráa, Ekinn 87 þ. Verð: 980.000 UD-173 B & L. S. 575 1230.



Toyota Yaris 1300, skr. 12,99. Sjálfskiptur, 5 dyra, ekinn aðeins 62 þ. km. Grænn. Verð a.m.k. 700 þús. stgr. S. 893 5201.



Toyota Yaris Luna Sol '99 Ek. 119 þús. Góð dekk. Nýskoðaður, verð 550 þús. Uppl. í s. 868 1813.



Subaru Forrester skrd. 06/'98, ek. 147 þús. Sjálfsk., heilsársdekk, CD, rafm. í rúðum/speglum, dráttarkrókur. Verð 750 þús. Uppl. í s. 895 7540.



Isuzu Crew Cap 3,1 Turbo Diesel '96 ekinn 166 þús. í góðu standi, skoðaður '06. Upphækkadur fyrir 33". Verð 850 þús. Góður stgr.afsl. Hægt að skoða raðgr. Uppl. í síma 898 9599.



Toyota Rav4 2000 árg. '96 ekinn 128 þús. 5 dyra. Verð 650 þús. Ath. skipti á nýrri. Uppl. í síma 897 5758.



Konubíll

MMC Lancer GLS árg. '97, sjálfskiptur, tveir eigendur - konur, smurbók frá upphafi, ek. aðeins 105 þ. Ný tímareim, ný sumardekk, ný vetrardekk, algjör gullmoli. Bilalán 345 þ. Afb 16 þ. á mánn. Verð aðeins 570 þ. Uppl. í s. 487 5838 & 892 5837.



Toyota Rav 4x4 1997 ekinn aðeins 114 þús. Ný heilsársdekk, krókur, 2 eig. Mjög gott eintak. Verð 850.000. Uppl. í síma 821 5649.



Frábært Verð

Til sölu Toyota Avensis '98, ek. 150 þús. nýskoðaður, filmur og dráttarkúla. Mjög Góður bíll. Verð 650 þús. Engin skipti Uppl. í s. 894 2009.



Toyota Avensis 1600 beinskiptur '98, keyrður 139 þús. Vel með farinn og mjög góður bíll. Reyklauss bíll. ATH aðeins einn eigandi. Góð nagladekk fylgja með. Verð 780 þús. Tilboð 650 þús. Sími 664 3234, sverrir@ejs.is.



Toyota Avensis 1600 árg. '99 ek. 124 þús. beinsk., dráttarkúla o.fl. Verð 800 þ., tilboð óskast. Uppl. í s. 822 2811.




Toyota Avensis '98, ekinn 131.000. Reyklauss, sprautaður. Engin skipti. Verð 650.000. Sími 660 1682.




Fiat punto sporting '98, ek. 87 þús. km. Eyðir mjög litlu! Góður fyrir skólafólk Mikid breyttur. Ný tímareim. Nýlega sprautaður. Ekki tjóna bíll! Samband við Guðna s. 869 9974




Nissan Almera árg. 2001, ek. 170 þús. Sk. '06. Listaverð 590 þús. Til sölu vegna flutnings, góður afsl. í boði gegn stgr. Uppl. í s. 868 7172.




Golf 1.6 comfortline '99 módel. Keyrður 90 þús. Í mjög góðu standi. Verð 850 þús. S. 891 8749.




Til sölu Honda Accord '95 ekinn 110 þús. Verð 590 þús. Uppl. í síma 868 3069.




Gæðingurinn, Subaru Impreza 1600 árg. 1999, skráður í des. '98, beinskiptur, bensín. Ekinn 120 þús. Nýskoðaður án athugasemda. Verð 550 þús. Bein sala engin skipti. Uppl. hjá Helga í s. 849 7386.



Subaru Legacy station árg. 1999 ek. 128 þ. Sjálfsk. V. 890 þ. S. 892 5157.



VW Polo árg. '99, silfurgrár, ek. 107 þús. Verð 530 þús. Uppl. í s. 867 5066.



Honda Civic '97 1500 sjálfskiptur, skoðaður '06, ekinn 69 þús. Verð 550 þús. Uppl. í síma 865 1268.

1-2 milljónir



Toyota Corolla 1,6 ssk. Ek. 700 km. Á götuna 29.06.05. Kostar nýr 1.950 þ. V. 1.890 þ. Bilalán 1.560 þ. Afb. 34 þ. S. 898 8829.



Mazda3 '04 ekin 56.000 km 1600cc. bsk. Ásett v. 1.450 þ. Filmur. S. 897 2482, Hjörtur.



Til sölu Audi A6 station 4x4 árg. '96. Einn með öllu, 18" krómfelgur. Verð 1.300 þús. Uppl. í síma 862 1976.



M. Benz C240 Sport '89, ek. 128 þ. km, sjálfsk., cruise, álfelgur, CD magasin ofl. Uppl. í s. 892 0685.



Til sölu Subaru Forrester árg. 2000, ekinn 90 þús. Uppl. í s. 846 4721 & 436 1508.




BMW 316i compact sport, árg. '99, ek. 128 þús. 17" álfelgur, fullbúinn græjum, sjónvarp, playstation. Verð 1.300 þús. Tilboð 1.100 þús. S. 867 3669.



Landcruiser 80 '94 ekinn 220 þ. km. 36" leður, rafmagn í öllu, staðgrafsli. S. 862 8306.



Einn Góður! VW Golf Highline nýskr. '06/'02 sjálfsk. Ek. 54 þús. Verð 1490 þús. Uppl. í s. 867 1870.



Trans AM 1996 18" low profile, Eibach lækunargorm. 1 1/2", T-top, LT1 með LT4 hedd, LT4 millihedd, LT4 HOT CAM KIT, 58 M/M BBK EDELBROCK, throttle body, Granatelli MAF, BBK Flækjur, Flowmaster Pústkerfi, Dynotesterd 450 Hestöfl. Clarion Bilgræjur með power amp og bassboxi. Dekurbíll. V. 1.750 þús. S. 893 6861 & 421 3333.




Chevrolet Camaro Z28 '98 skoðaður '06. Ekinn 50 þ. 6 girá 5.7l. Topp eintak. Verð 1.890.000, skipti á ódýrari möguleg. Til sýnis hjá Bilabúð Benna Notaðir Bílar.



Dodge Durango árg. '99. Ekinn ca 145 þús. Leðursæti, 7 manna. Flott eintak. Verð 1.290 þús. stgr. Sími 821 0041.



Honda Civic 1,6 VTI, ásett verð 1.550 þús. eða tilboð. Upplýsingar í síma 846 0388.



Grand Cherokee Límédit árg. '98, ek. 103 þús. km, innfl. nýr af umboði. Dekurbíll, einn eigandi, nýsk., ný dekk, smurbók og þjónustubók frá upphafi. Bein sala engin skipti. Verð 1.550 þús. Uppl. í s. 896 5757.

2 milljónir +



Mercedes-Benz með fjór hjóladrifi á ótrúlega hagstæðu verði. Frá kr. 4.390.000! Þjóðum einnig ML jeppann frá Benz frá kr. 5.490.000. Gerðu reyfarakaup á Bilabúð landsins. Allt að 5 ára ábyrgð og 100% bilalán. Þú finnur bestu bílakaupin á www.islandus.com



Ford Mustang GT Premium V8 2005 Ekinn 3500 km. Svartur, rautt leður, sportinnrétting o.fl. Áhvilandi 3 mill. Afborg. 43 þús. Verð 3850 þús. Engin skipti. Uppl. í s. 861 6171.



BMW M5 11/'99 ek. 90 þ. km. Mjög gott eintak. Verð 4.490 þús. Uppl. í síma 821 6368.



MMC Eclipse GT árg. 2003 5 girá, ek. 15 þús. m., 18" álfelgur, spoiler, 3.0 V6 210 hö. Verð 2690 lán getur fylgt. ATH skipti dýrari/ódyrari. S. 899 3939.



Einn með öllu. Jeep Liberty Ltd. árg. '02, ek. 72 þús. Topp bíll með lágu/háu drifi og dráttarkúlu. Verð 2.650 þús. Ekkert áhvil. Uppl. í síma 820 6351.



Ford Mercury Mountaineer 7 manna fjór hjóladrifi lúxusjeppi. Góður fyrir fjaldvagninn eða fellihýsið. Árg. '02, 6 cyl, ekinn 62 þús. km. Skipti möguleg. Áhvilandi 2280 þús. Verð 2690 þús. Uppl. í s. 663 7017



Audi A6 1,8 T til sölu. Ek. 72 þús. Verð 3.150 þús. Uppl. í síma 897 9110.



Range Rover 4,6 HSE árg. '00 ek. 67 þús. Verð 3,1 M.kr. Uppl. í s. 897 9110.



Caravan SXT 2004 til sölu. 7 manna lúxusbílfreið. Kapteinstólar fyrir farþega, álfelgur ofl. Ekinn aðeins 16.000km. Verð 2,5 millj. Upplýsingar í s. 664 0200.



Chrysler Town and Country Limited '01. Ekinn 95 þús. Sk. '06. Einn með öllu. Skipti á ódýrari. Upplýsingar í síma 897 5650.



Pontiac GTO til sölu, innluttur nýr, árg. 2004, ekinn aðeins 4.300 km. Sjálfskiptur, rautt leður, 350 hö, álfelgur o.m.fl. Sjón er sögu ríkari. Uppl. í síma 820 8215. Verð 4.690 þús.

Bílar óskast

Óska eftir CJ5, C7 eða C8 breyttum eða óbreyttum, í lagi eða bíluðum. Uppl. í s. 822 6703.

Óska eftir bíl á 0 til 40 þús. Sko '06. Uppl. í s. 616 8716.

Bíll óskast ekki dýrari en 300 þúsund, helst sjálfskiptur, ekki smábíll. Upplýsingar í s. 869 8586.

Stgr. 50-150 þ. fyrir bíl t.d. Peugeot Parf ekki að vera sk. '06 en í lagi. S. 661 6800.

Jeppar

JEEP GRAND CHEROKEE
KJÖRINN
JEPPI ÁRSINS!



VERÐ FRA
KR. 3.390.000
BESTU BÍLAKAUPIN
islandus.com
WWW.ISLANDUS.COM · Sími 552 2000

10-11 óskar eftir duglegu starfsfólki í verslanir sínar á höfuðborgarsvæðinu. Um almenn verslunarstörf er að ræða. Umsækjendur verða að vera fæddir '87 eða fyrr. Umsækjendur verða að vera þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir. Bæði er leitast eftir starfsfólki í fullt starf en einnig hlutastar. Nú er rétti tíminn að tryggja sér vinnu með skóla í vetur.
Umsóknnum skal skila á vefnum www.10-11.is



Select og Shell

Starfsfólk óskast á stöðvarnar okkar á höfuðborgarsvæðinu. Um fullt starf er að ræða sem og hlutastörf. Umsækjendur verða að vera fæddir '87 eða fyrr og vera þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir. Unnið er á vöktum. Nú er rétti tíminn til að tryggja sér vinnu með skóla eða aðra aukavinnu fyrir veturinn.
Umsóknnum skal skila á vefnum www.10-11.is

Ert þú ekki að fara í skóla?

Okkur vantar fleiri gott fólk í fullt starf í vaktavinnu. Ef þú ert 17 ára og eldri, ert með góða ástundun í vinnu, vilt vinna í skemmtilegu vinnuumhverfi og dugleg/ur þá ert þú á réttum stað hjá okkur. Borgum góð laun fyrir gott vinnuframlag í skemmtilegu vinnuumhverfi.
**Umsóknir á www.aktutaktu.is.
Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568-6836.**

Bakaríð Austurveri

Bakaríð Austurvervi óskar eftir starfsfólki, í útíbú í Rangárseli.
Upplýsingar í síma 898 5277 Lovisa.



Pizza Hut leitar að starfsfólki í fullt starf í veitingasal og í eldhúsi. Hæfiskröfur. Starfsreynsla, þjónustulund, samviskusemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum. Aldurstakmark er 20 ár. Um er að ræða framtíðarstarf. Áhugasamir sendi inn umsókn á loa.pizzahut.is sem fyrst. Nánari uppl. í síma 533 2010 eða loa@pizzahut.is.

Vantar þig vinnu?

Vegna aukinna umsóknir óskum við eftir duglegum einstaklingum til starfa í matvælavinnslu í Mosfellsbæ. Hlutastörf og full vinnu í boði.
Uppl. í s. 897 3236, Ragnar eða 566 6614, Ragnar eða Sigurður.

Starfsmaður óskast í fiskbúð.

Óska eftir starfsmanni í fiskbúð í Reykjavík. Þarf að kunna að flaka.
Upplýsingar í síma 661 2579 eftir kl. 18.00

Texture hárstofa

Texture hárstofa í Mosfellsbæ óskar eftir nema til starfa sem fyrst.
Upplýsingar í síma 696 8505 í dag eftir kl. 16:30.

Texture hárstofa

Texture hárstofa í Mosfellsbæ óskar eftir nema til starfa sem fyrst.
Upplýsingar í síma 696 8505 í dag eftir kl. 10.

Starfsmaður í Söluturn!!

Starfsmaður óskast í söluturn í miðbæ Reykjavíkur.
Upplýsingar í síma 664 7408.

Leikskólinn Vesturborg, Hagamel 55, 107 Rvk.

Óskum eftir ábyrgu og hressu starfsfólki til starfa sem fyrst í 100% starf.
Áhugasamir geta haft samband við Elínu Árnadóttir í síma 552 2438 eða 693 9834 eða á vesturborg@leikskolar.rvk.is

UPPGÖTNUM REYKJAVÍK UPP Á NÝTT!

VEITINGASTADIR NÆTURLÍF HÓTEL TÍSKA
KVIKMYNDIR TÓNLEIKAR LEIKHÚS BÆKUR
PLÖTUR LIST TÍMARIT KOKKTEILAR
& FULLT, FULLT AF NÝJUM ANDLITUM

**KEMUR ÚT ALLA-FÖSTUDAGA
VERÐ KR. 300
FÆST Á ÖLLUM HELSTU
BLADSÖLUSTÖÐUM LANDSINS**

SIRKUS

NÝTT TÍMARIT. NÝR TÓN.



Pizza Hut leitar að starfsfólki í fullt starf í veitingasal og í eldhúsi. Hæfniskröfur. Starfsreynsla, þjónustulund, samvisku-semi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum. Aldurstakmark er 20 ár. Um er að ræða framtíðarstarf. Áhugasamir sendi inn umsókn á loa@pizzahut.is sem fyrst. Nánari uppl. í síma 533 2010 eða loa@pizzahut.is.

Leikskólinn Leikgarður

Starfsmaður óskast sem fyrst á leikskólann Leikgarð, Eggertsgötu 14, 101 Reykjavík.

Upplýsingar gefur leikskólustjóri í síma 551 9619 frá kl. 8.00-16.00 virka daga.

Hótelstarf - Morgunverður

Óskum eftir starfskrafti til framreiðslu og tiltektar á morgunverði. Við leitum að glaðlegum og stundvísam einstaklingi með áhuga og/eða þekkingu á matargerð. Góð enskukunnátta er skilyrði. Vinnutími er frá kl. 07.00-15.00, jafnt virka daga og helgar, ca 80% starf. Unnið er á vöktum, frí aðra hverja helgi.

Umsóknir skulu sendar á linda@hotelodinsve.is

Dyravörður, vélamaður og afgreiðslufólk.

Óskum eftir að ræða fólk í afgreiðslu, dyravörslu og vélamann. Ekki yngri enn 18 ára.

Umsóknareyðublöð eru á www.keiluhollin.is Uppl. eru ekki gefnar upp í síma.

Loftorka Reykjavík

Óskar eftir verkamönnum til malbikunarframkvæmda og jarðvinnuframkvæmda.

Upplýsingar í síma 565 0877.



Óskum eftir að ræða starfsmann með stúdentspróf til vinnu á Helligsheiði. Starfssvið: aðstoð við mælingar, umsýsla teikninga, dagsskýrslur og fl. Uppl. í síma 664 5075

Tapas

Tapas barinn óskar eftir matreiðslufólki,þjónum og eldhúsi.

Upplýsingar í síma 551-2344

Nelly's Café

Óskar eftir barþjónum, dyravörðum, fólk í sal.

Upplýsingar í síma 551 2477

Ræsting í Hafnarfirði

Eftir kl 16:00 mán til föstud. S. 897 1012 raestir@raestir.is

Ræsting í Smárahverfi

Fyrir hádegi alla virka daga S. 897 1012 raestir@raestir.is

Ræsting í Smárahverfi

Kl 07:00 til 12:00 mán til föstud. S. 897 1012 raestir@raestir.is

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Rúmatalagerinn Skeifunni óskum eftir að ráða duglegan starfskrafti til að starf og hafa umsjón með lager í verslunum okkar Skeifunni 13. Viðkomandi þarf að vera eldri en 20 ára. Skipulagður, vanalegur í viðmóti og verður einnig að geta unnið sjálfstætt. Umsóknir berist fyrir 15.ágúst til verslunarstjóra á staðnum. Uppl. í s. 568 7499.

Bakaríð Korníð óskar eftir hressu og jákvæðu fólki í afgreiðslu. Um er að ræða störf í Hrírsarteyg og Hjallabrekku í Kóp. Umsóknir liggja frammi í búðunum og einnig á www.komid.is

Smurstöð

Vanir menn á smurstöð hjá Bílko. Óskum eftir umsjónarmanni og vönum mönnum á smurstöð okkar Bílko. Frekari upplýsingar um stöðunar gefur Guðni í s. 660 0560.

Vélavörð vantar á Þórsnes II sem rær með línuveitningavél. Uppl. í s. 892 1757 & 438 1248.

DUA ehf, byggingaverktakar óska eftir trésmiðum eða vönum verkamönnum í vinnu við flekamót og aðra hefðbundna smíðavinnu. Mikil vinna framundan. Góð laun í boði fyrir rétta menn. Svavarur s. 696 3720 dua@tv.is

Hagkaup Smáralind

Óskar eftir að ráða fólk til afgreiðslu- starfa í matvörueld, um er að ræða störf í goslandi, gæmmeiseld, þurr- vöru og heitum mat. Einnig vantar okkur fólk í sérvörueldina, um er að ræða störf í dömuneld, skódeild, leikföng og swing. Í boði eru hlutastörf og heilsdagstörf með margvíslegan vinnutíma. Áhugasömum er bent á að hafa samband við Margræti sölustjóra matvöru í síma 530-1000, auk þess sem hægt er að sækja um á www.hagkaup.is eða á staðnum.

Handflakari

Óska eftir að ráða vana handflakara konu eða mann, íslending eða útlending. Aðeins vanur handflakari kemur til greina sem kann að flaka. Upplýsingar á staðnum Fiskbúðin Vör Höfðabakka 1 eða Kristján 896 0602.

Oddur Bakari

Oddur bakari óskar eftir afgreiðslufólki í framtíðarstörf ekki yngri en 18 ára. Upplýsingar gefur Oddur í síma 699 3677.

Rennismiðir óskast - framtíðarstörf

Vélvirk ehf óskar að ráða rennismiði með sveinspróf. Í boði eru góð laun á afar velbúnu verkstaði þar sem verkfæri eru fjölbreytileg. Tækifæri fyrir vandvirkum mennum með metnað. Vélvirk ehf, Höfðabakka 1, 110 Reykjavík Sími 587 9960, netfang: velvik@velvik.is

Leðuríðjan ehf.

Leðuríðjan ehf. óskar eftir framtíðar- starfsfólki til starfa við framleiðslu á ATSON leðurvörum. Áhugasamir skili umsóknir til Fréttablaðsins merkt ATSON, eða sendi tölvupóst á smaar@frettabladid.is, til og með 22. ágúst. Öllum umsóknum verður svarað.

Ræstingabjónustan sf óskar eftir starfs- fólk til starfa víðsvegar á höfuðborgar- svæðinu. Nánari upplýsingar í síma 587 3111, virka daga milli kl. 9-12.

Veitingahús í miðbænum óskar eftir vönu fólki í sal. Vinsamll. sendið umsóknir/upplýsingar á netfangið indianmango-is@hotmail.com

Innlit. Tek að mér innlit til aldaraðra og fatlaðra í heimahúsum ásamt smá að- hlynningu eða lyfjagjöf. Er vön. Uppl. í s. 690 0412.

Flugterian óskar eftir starfskrafti til afgreiðslu og veitingastarfa. Vaktavinna. Nánari upplýsingar á staðnum og í síma 892 8313 (Rúnar). Flugterian Reykja- vikurflugvelli.

Starfsfólk óskast í sölutum, Video/grill, bæði í Hafnarfirði og Grafarvogi, dag-, kvöld- og helgarvaktir. Fullt starf eða hlutastar. Upplýsingar í síma 899 4194.

Afgreiðslustarf

Leita af fólki til afgreiðslustarfa í stóru skólamáttuneyti. Áhugasamir hafi sam- band í síma 691 5976.

Sjómenn athugið!

2. Stýrimaður eða bátsmaður, Mat- sveinn og háseti óskast á 207 rúmlesta bát sem gerður er út á snuuvöðaveiðar frá Þorlákshöfn. Nánari upplýsingar gefur Kristján í síma 868 9976.

Sólargluggatjöld óska eftir fólki til framleiðslustarfa. Sími 660 4948, Grímur.

Noátún Austurveir

Okkur vantar starfsfólk til afgreiðslu í kjötböð okkar. Um er að ræða heilds dags starf. Uppl. gefur verslunarstjóri á stað- num eða í s. 822 7061.

Lystadún-Marco óskar eftir bílstjóra og lagermanni. Sími 660 4948, Grímur.

Melabúðin Þín Verslun, Hagamel 39, óskar eftir rösku fólki til heilsdagstarfa. Um er að ræða almenn afgreiðslustörf, afgreiðslu á kössum, afgreiðslu í kjöt- deild, vinnu við áfyllingu og þökkun og umsjón með brauðdeild. Einnig vantar fólk til hlutastarfa kvöld (17-20) og helgar (aðra hverja helgi). Yngri en 18 ára koma ekki til greina. Vinsamlegast endurnýið eldri umsóknir. Umsóknar- eyðublöð og uppl. í versluninni og hjá verslunarstjóra í s. 551 0224.

Hlutastörf í boði, eftirmiðdaga og um helgar í Sock Shop. 20 ára og eldri. Vin- samlega sendið umsóknir og upplýs- ingar um nám og fyrri störf á ari@leist-ar.is.

Grófumaður og vörubils

Vanur grófumaður óskast á nýja hjóla- gröfu, einnig vantar trailerbílastjóra við vinnu á höfuðborgarsvæðinu. Sími 892 8626.

Ræsting, hentar vel fyrir heimavinnandi!

Viljum bæta við okkur fólki við ræsting- ar fyrir vetrinum. 40-50% vinna. Uppl. og umsóknir á staðnum milli kl. 10-16. Krínglukráin.

Veitingahúsavinna.

Viljum bæta við okkur hressum og skemmtilegum starfsmönnum fyrir vet- urinn. Þjónustustörf, vakta-, eða helga- vinna. Hjálpa kokki í eldhúsi-pítsabakari. Uppl. og umsóknir á staðnum milli kl. 10-16. Krínglukráin.

Óskum eftir starfskrafti í móttöku og af- greiðslu. Vinnutími frá 10-16 virka daga. Umsóknir sendist Fréttablaðinu merkt "Lífsind"

Björnsbakari

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa. Uppl. á staðnum fyrir hádegi eða í s. 551 1531 Ingunn, Björnsbakari Skúla- götu.

Næturvinnu - Subway Ártúnshöfða

Vantar fólk á næturvaktir, 100% starf. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Hægt er að sækja um á www.subway.is. Góð laun í boði.

Dagvinna - Subway

Vantar fólk í fullt starf á nokkrum stöð- um, vaktavinna, sveiganlegur vinnutími. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Hægt er að sækja um á www.subway.is

Sjómenn!

Háseta vantar á 140 tonna dragnótar- bát. Uppl. í s. 894 3026.

Bakari

Starfsmaður óskast á vakt frá kl. 13- 19.00 í Bakararíð Austurveiri. Uppl. í s. 845 0572.

Ræstingarvinna

Hörkudugleg manneskja óskast í dag- ræstingar frá 12 til 17 alla virka daga. Fyrirtækið er í Faxafeni. Verður að kunna Íslensku og vera vant ræsting- um. Guðfína S. 895 5709 & 861 7271.

Óska eftir röskum manni á hjólarbða- verkstaði Nýbarða Garðabæ. Uppl. í s. 565 8600.

Starfsmaður á kassa

Óskast til starfa í byggingarvöru verslun á höfuðborgarsvæðinu. Unnið er á vöktum. Uppl. í s. 660 3193

Vaktstjóri

Óskast til starfa í byggingarvöru verslun á höfuðborgarsvæðinu. Unnið er á vöktum. Uppl. s.660 3193

Bakarí Kaffihús

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í Bakarí í Skippholti. Ekki yngri en 20 ára, hálfan daginn og aðra hvora helgi. Uppl. s. 820 7370.

Bakari

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí í Breiðholti hálfan daginn og aðra hvora helgi, ekki yngri 20 ára, helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

Bakari

Aðstoðarmaður óskast í bakstur í Breið- holti. Uppl. í s. 893 7370.

Nonnabiti

Starfskraft vantar í fullt starf og hluta- starf, reyklaus. Uppl. í s. 586 1840 & 899 1670

Atvinna óskast

Góður sölumaður óskar eftir vinnu, toppmeðmæli og reglusemi. Vinsam- legast hafið samband í síma 869 5324 eða olibgood4u@hotmail.com

21 árs maður með stúdentspróf óskar eftir fullri vinnu í vetur. Uppl. í s. 824 0219 Magnús.

Viðskiptataækifæri

Sjálfvirkur djúpsteikingarpottur, pylsu- pottur og pizza ofn á tveimur hæðum. Allar græjurnar eru lítið notaðar. Uppl. í s. 848 1954.

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið



Lubbi kominn heim Lubbi er kominn í faðm fjölskyldunnar. Hann fannst svangur og þreyttur í Óskjuhlíð í gærkvöldi eftir 15 daga að heiman. Við þökkum öllum sem lögðu okkur lið við leitina.

Einkamál

TANTRA
ERÓTISK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIÐFÖNGUM FYRIR FULLORDNA OPIÐ MAN - FOS 12.00 - 20.00 OG LAUGARD. 12.00 - 18.00
KOMIÐ Í VERSLUN OKKAR AÐ FAXAFENI!
EÐA SKOÐIÐ HEIMASÍÐU OKKAR
WWW.TANTRA.IS
SÍMI 588 6969.

XXX DVD

BESTA VERÐIÐ
DVD frá kr. 1990 nýjar myndir frá USA 2950, allar VHS á 1498.
grensasvideo.is
Grensásveggi 24 s. 568 6635
Opíð 15.00 - 23.30

Erótiska línan
Allar þjónustur í síma númen
905 2580
Bókakaafnið
905-2333
515-8888
515-8800
Stefnumót
905-2323
Topp 10 kvöldsbögar
905-2266
Gay línan
905-5656



Nú færðu löksins hinar skemmtilegu merkjamyndir á DVD, frábær danskur húmor og erótík.undirtexar á norður- landamálum verð. 2.950. Gott úrval af erótískum myndum til leigu og sölu Grensasvideo.is Grensásveg 24 pant- anasími 568 6635 opíð alla daga 15.00 - 23.00

Ertu einmanni?

Til hvers, margir með svipuð áhugamál og skoðanir eru núna innskrúðir á einkamal.is og bíða eftir að kynnast þér. einkamal.is fyrir fólk eins og þig.

Kona á besta aldri óskar eftir góðri vin- konu með nán kynni í huga. Hverjum vantar ekki góðan félagskapp. Svör sendis FBL merkt "Vinkona"

Óska eftir ferðafélaga til Kanaríeyja 8. febrúar '06. Svör berist til Fréttablaðsins merkt "Jóna27".

NÆR TIL



HEIMILA DAG HVERN

NOTAÐU ÖFLUGASTA FJÖLMÍÐIL LANDSINS TIL AÐ DREIFA SKILA- BODUM TIL ÞINNA VIÐSKIPTAVINA

Með því að dreifa innskotsblöðum og efni með Fréttablaðinu nærðu til 86% heimila um allt land og tryggir hámarksnýtingu á markaðsfé þínu.

Hafðu samband við auglýsingadeild Fréttablaðsins í síma 550 5010 eða augl@frettabladid.is og kynntu ér verð og dreifimöguleika.

FRÉTTABLAÐIÐ


Ölduselsskóli

Laus er til umsóknar staða umsjónarkennara á yngsta stigi. Heil staða.

Einnig er laus til umsóknar staða skólaliða í mótuneyti starfsmanna.

Upplýsingar veita skólastjórar Ölduselsskóla í síma 557-5522 og í sínum 664-8360, 664-8361 og 664-8362

Umsóknunum skal skila á skrifstofu Ölduselsskóla Ölduseli 17 Reykjavík.



HAGKAUP SKEIFUNNI

Hagkaup er smásölu-fyrirtæki, sem b.ður íslenskum heimilum breitt úrval af vörum til daglegra þarfa, jafnt í matvöru, sem fatnaði, húsbúnaði og vörum til tómstundaiðkunar.

Yfirtækið skuldbindur sig til að stunda starfsemi sína á það hagkvæman hátt að viðskiptavinir okkar geri ávallt betri kaup í Hagkaupum.

Hagkaup hefur á að skipa kraftmiklum og öguðum hópi starfsmanna. Hjá okkur fær einstaklingurinn að njóta sín og starfsþróunarmöguleikar eru miklir fyrir þá sem sýna dug og áhuga.

Lausar stöður í:

- Herradeild
- Kassadeild
- Leikfangadeild
- Barnadeild
- Mátun

Í boði eru störf með margvíslegan vinnutíma, bæði hlutastörf og heildagsstörf.

Hafir þú áhuga á að starfa fyrir skemmtilegt, öflugt og framsækið fyrirtæki er Hagkaup staðurinn fyrir þig. Við leitum að stundvísam, áreiðanlegum og dugmiklum einstaklingum til þess að koma til starfa með okkur. Umsækjendur yngri en 18 ára koma ekki til greina.

Umsóknunum skal skilað í verslun Hagkaupa í Skeifunni eða í tölvupósti (fjola@hagkaup.is) fyrir 19. ágúst nk. Einnig er hægt að sækja um á www.hagkaup.is. Nánari upplýsingar um störfin veitir Fjola Bjarnadóttir deildarstjóri sérvöru í síma 563-5000.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

SÖLUFÓLK

Við leitum eftir nýjum liðsmönnum í eina öflugustu söludeild landsins. Fjölbreytt úthringiverkefni og góðir tekjumöguleikar fyrir rétta fólkið. Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bönusum. Verkefni frá morgni til kvölds, alla daga vikunnar.

Nánari upplýsingar veitir Ólafía B. Rafnsdóttir í síma 696 6020. Umsóknir með ferilskrá má einnig senda á olafia.b.rafnisdottir@365.is

Ert þú sá besti?

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

FASTEIGNIR



Tákn um traust

5959000

Franz Jezorski, hdl. og lögg. fasteignasali

OPIÐ HÚS AÐ ÁLFHOLTI 44 HAFNARFIRÐI



Í dag milli kl 13 og kl 15 og á morgun sunnudag, milli kl 14 og kl 17 verður opið hús að Álfholti 44. Gullfalleg 90,3 fm., 3ja herbergja íbúð á 2. hæð til hægri, í góðu fjölbýlishúsi. Björt og falleg íbúð. Parket og flísar á gólfum. Stórfenglegt útsýni. Íbúðin er laus við kaupsamning. Verð 17,9 millj.

Kristín og Birkir verða á staðnum.



Tákn um traust

5959000

Franz Jezorski, hdl. og lögg. fasteignasali

OPIÐ HÚS að Vesturberg 1 frá 17 til 19 í dag



Endaraðhús 189,3 fm þar af 32 fm bílskúr. 40 fm verönd í suður. Flísar á borðstofu og eldhúsi, Kirsuberjaparket á stofu. Að utan er húsið klætt með Stoneflex klæðningu á austurhlíð og bílskúrgaflí. Ræktaður garður og stórt bílastæði.

Verð: 36,9 millj. Sími 6934490
Sölumaður: Margrét

Húsin í Bænum kynna: Þverbrekka - útsýnisíbúð




Til sölu. Glæsileg 2ja herb. útsýnisíbúð á 6. h. í lyftublokk í Þverbrekku, Kópavogi.

Flísalagða forstofu og stofu. Eldhúskrók m. fallegri innréttingu. Gengið er út á vestursvalir úr stofunni. Svefnherbergi er rúmgott m. parketi á gólfi og rúmgóðum skápum. Flísalagt baðherb. m. hvítri innréttingu. Tengi fyrir þvottavél. Snýrtileg sameign og mikil endurnýjað hús.

Falleg eign. Íbúðin er 45fm og mjög vel skipulögð. **Tilboð óskast.**

Húsin í bænum. Hamraborg 5. Sölum: 8652214. Lögg. Fasteignasali: Valgeir Kristinsson hrl.



Húsin í bænum, Hamraborg 5, 200 Kópavogur
S: 535 0600, husin@husin.is
Valgeir Kristinsson, lögg. fasteignasali og Hrl.

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI 550 5000



Við viljum fá þig í skemmtilegan hóp!



Íslandspóstur leitar að dugmiklu og hressu fólki í spennandi störf í póstmíðstöð fyrirtækisins. Hér er tækifæri fyrir fólk á öllum aldri sem sækist eftir skemmtilegum vinnustað. Hjá Póstinum ríkir góður liðsandi og félagslíf er í hávegum haft. Um er að ræða eftirtalin störf:

■ Framtíðarstarf í bögglaeild

Starfið felst í vinnslu pakkasendinga, skráningu og flokkun þeirra. Vaktavinna.

■ Framtíðarstarf gjaldkera í tollmiðlun

Um er að ræða almennt gjaldkerastarf og afgreiðslu sendinga. Unnið er frá kl. 8.00 til 17.00 alla virka daga.

■ Framtíðarstarf í fyrirtækjapósthúsi

Um er að ræða vinnu við vinnslu bréfasendinga, stimplun, flokkun og annað sem til fellur. Unnið er frá kl. 12.00 til 20.00 alla virka daga.

■ Framtíðarstarf í mötuneyti

Skemmtilegt starf í mötuneyti fyrirtækisins er laust til umsóknar. Unnið er frá kl. 15.00 til 20.00 alla virka daga.

■ Aukavinna á kvöldin og um helgar

Starfsfólk óskast í tímavinnu í póstmíðstöð í kvöld- og helgarvinnu. Vinnutíminn er frá kl. 13.00, 15.00 eða 17.00 til kl. 21.00 tvo til þrjú daga í viku. Tilvalin vinna t.d. fyrir skólafólk.

Umsóknareyðublöð fást í afgreiðslu póstmíðstöðvarinnar, Stórhöfða 32. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu fyrirtækisins, www.postur.is.

Nánari upplýsingar í síma 580 1000. Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband.



Frá Félagi eldri borgara í Reykjavík

Dansleikirnir hefjast á ný sunnudaginn

14. ágúst kl. 20.00, Caprí Tríó leikur fyrir dansi.

21. ágúst kl. 20.00, Klassik leikur fyrir dansi.

Ásgarður, Stangarhyl 4
(ath. breytt heimilisfang)



Sóknarnefnd Bústaðakirkju leitar eftir sjálfboðaliða til að sinna starfi eldri borgara á miðvikudögum í vetur.

Þeir sem hafa áhuga eru vinsamlegast beðnir að hafa samband við Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson, umsjónarmann safnaðarstarf í síma 553 8500 eða í gegnum netpóst: hreidar@kirkja.is

GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR

Hæfniskröfur:
Starfsreynsla er skilyrði.
Þekking á prenti.
Ríkt hugmyndaflug.
Metnaður og frumkvæði.

Umsóknir sendist á
spennandi@365.is
fyrir 31. ágúst 2005.
Fullum trúnaði heitið.

spennandi

Vegna aukinna umsvifa þarf markaðsdeild 365 að ráða til sín grafískan hönnuð með reynslu úr auglýsingaheiminum.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

FRÉTTAMENN ÓSKAST

Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu sendar til Þórs Jónssonar varafréttastjóra, Lynghálsi 5, 110 Reykjavík eða á netfangið thor.jonsson@365.is fyrir 20. ágúst 2005.

Sigmundur Ernir Rúnarsson
Fréttastjóri/Editor in Chief

365 ljósvakamiðlar óska eftir að ráða fréttamenn til starfa. Umsækjendur þurfa að hafa gott vald á íslensku máli og vera vel að sér í þjóðmálum. Kunnátta í erlendum tungumálum er einnig mikilvæg.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

SJÓNARHORN



Skinnalón á Melrakkaslétu - Ljósmynd: Vilhelm Gunnarsson

DRAUMASTAÐURINN



Ragnhildur Magnúsdóttir

Við Römluna með kirsuber

„Draumastaðurinn minn er í Barcelona í góðu veðri að borða kirsuber við Römluna eða við Gaudi-garðinn, Picasso- eða Textíl-safnið að borða góðan spænskan mat,“ segir Ragnhildur Magnúsdóttir, útvarpskona á Kiss FM. Ragnhildur bindur sig ekki aðeins við raunveruleikann og á líka ímyndaðan draumastað. „Reyndar á ég líka svona draumastað sem ég hef aldrei komið á, til dæmis uppi á fjalli í Nepal – helst nálægt einhverju fallegu klaustri. Strendur, klettur og fjöll virka vel undir öllum kringumstæðum og ekki sist hér á Íslandi, til dæmis á Snæfellsnesi,“ segir Ragnhildur sem er mikið fyrir það að ganga um holt og hæðir.

Vissir þú ...

...að sumir vísindamenn telja að planta sem nærast á kjöti lifi niðri í jörðinni án nokkurs sólarljóss?

...að ákveðin tegund fiðrildislifra ver svæði sitt með því að gefa frá sér djúp hljóð?

...að rjúpur hjálpa ungum sínum að komast af úti í hinum stóra heimi með því að kenna þeim hvaða plöntur eru næringarríkar?

...að geispi er sérstakur samskiptamáti hjá öllum dýrategundum. Hann gefur ekki til kynna að þú sért þreytt/ur heldur að nú sé kominn tími til að gera eitthvað annað?

...að krákur hafa lært að nota beittar spýtur til að ná í skordýr sem eru á stöðum sem erfitt er að ná til?

KOLAPORTIÐ

Bókamarkaðurinn Fínasundi
Ein bók 100 kr 10 bækur á 500 kr.

Leikfangabásinn við Kaffi Port
Ný sending af leikföngum. Fullt af fínun leikföngum á frábæru verði. Einnig gott úrval ódýrra verkfæra.

opið laugardag og
sunnudag frá kl. 11-17

Tilboð
Granit garðborð
þvermál 1,60 mtr. / Beige
Kr. 59.900,-

Nuddpottar:	Softub og Marquis spas
Lok á potta:	SunStar
Garðhús:	UnoSider og IPC
Granit:	Hellur, garðkúlur og garðborð
Bjálkahús:	Kenomee

Jón Bergsson ehf
Kletthálsi 15 - Sími: 588 8886



OLÍU dælt upp í Texas í Bandaríkjunum.

Olía og tómarúm

Vísindavefurinn hefur fengið nokkrar spurningar um olíu, svo sem um það hvernig hún verður til, hvað verður um tómarúmið sem myndast þegar olíu er dælt upp og hvort hún hafi einhvern tilgang neðanjarðar. Nú þegar er að finna nokkur svör á vefnum um olíu.

Hvernig myndast olía?

Bæði jarðgas og jarðolía eru kolvetnasambönd. Jarðgas er að mestum hluta metan, CH₄, en jarðolía er mynduð úr flóknari keðjum og hringjum af C og H. Þessi efni eru af lífrænum toga, einkum mynduð úr leifum smásærra svifþörunga og annarra plantna sem eitt sinn lifðu í höfum og stórum stöðuvötnum. Þegar lífverurnar deyja falla þær til botns og grafast undir seti, blandaðar leir sem þangað berst.

Til að olíulindir myndist þarf ýmsum skilyrðum að vera fullnægt. Í fyrsta lagi þarf að vera mikið af lífrænu efni í upprunalega setinu og það þarf auk þess að vera súrefnissnautt því að annars oxast lífræna efnið í CO₂ og tapast. Í öðru lagi þarf setið að grafast nægilega djúpt, oftast meira en hálfan kílómetra, þannig að nauðsynlegur hiti og þrýstingur náist til að þau efna-hvörf verði sem mynda olíu og jarðgas. Olía fer að myndast við 50-60°C en jarðgas úr olíunni við 100°C. Í þriðja lagi þarf olían, sem myndaðist dreift í setinu, að safnast saman á einn stað í vinnanlegu magni – oftast er þar þá gropinn (e. porous) sandsteinn eða kalksteinn sem verður þó að vera „lokaður að ofan“ til þess að olían og gasið tapist ekki.

Hvað verður um tómarúmið?

Olían, að ekki sé talað um gasið, er eðlisléttari en vatn og berg og seytlar því um gropin jarðlögin í átt til yfirborðsins. Á þeirri leið getur hún komið að hafti eða „gildru“ – þéttu jarðlagi – sem hún kemst ekki gegnum þannig að hún safnast fyrir og myndar olíulindir.

Fyrstu olíuborholurnar voru sannkallaðar lindir eða „gosbrunnar“ (e. gusher) því olían var undir þrýstingi og sprautaðist í loft upp þegar stungið var á haftinu. Nú orðið eru slíkar lindir sennilega allar uppnar og olíunni er dælt upp til yfirborðsins. Ekki myndast þó tómarúm – gömul speki segir að náttúran forðist tómarúm (lat. horror vacui) – heldur sigur yfirborðið eða þá að vatni er dælt niður til að lyfta olíunni og koma í stað hennar í berginu.

Hefur olía einhvern tilgang neðanjarðar?

Varðandi það hvort olía hafi tilgang neðanjarðar er því til að svara að ekkert í náttúrunni hefur tilgang. Í sögu sinni Birtingi hæðist Voltaire að „mannhverfi heimspeki“ Leibniz – að menn séu með nef til að geta borið gleraugu og fætur til að geta gengið í buxum. Lífið varð til á jörðinni vegna þess að eðlis- og efnafræðilegar forsendur voru fyrir því og það sama á við um olíu og olíulindir. Kúnt lífsins, og mannkynsins, er að notfæra sér þær aðstæður sem bjóðast hverju sinni – í þessu tilfelli að olía myndast úr lífrænum leifum og getur safnast saman vegna jarðfræðilegra aðstæðna. Olían hefur þannig ekki neinn sérstakan tilgang eða hlutverki að gegna þar sem hún er neðanjarðar.

Loks má geta þess að þótt fyrsta olíulindin hafi ekki uppgötvast fyrr en árið 1859 hafði olía og annað eldsneyti af svipuðu tagi, til dæmis mör og kol, verið notað frá öröfi alda sem varma-gjafi.

Sigurður Steinþórsson, prófessor í jarðfræði við HÍ.

Eru til menningarheimar þar sem fólk er nafnlaust?

Í þúsundir ára hefur tíðkast að mönnum séu gefin nöfn og mannanöfn koma fyrir í elstu rituðum heimildum. Þótt meginhlutverk nafna sé að greina persónur hverja frá annarri liggja oft aðrar ástæður að baki nafngiftum. Gyðingar gáfu oft alvarlega veikum sjúklingi nýtt nafn í þeirri von að hann styrktist og gæti orðið að nýjum manni. Í Biblíunni eru dæmi um að nöfnum sé breytt til þess að merkingin hæfi nafnbera betur. Sumir þjóðflokkar trú á því að einstaklingur geti orðið nýr maður með því einu að breyta um nafn. Indíanaþjóðflokkur einn í Suður-Ameríku trúir því til dæmis að hver sá sem deyr af ættflokknum hafi undir höndum skrá með nöfnum ættingja sinna til þess að hann geti komið og sótt þá yfir í dauðaríkið. Til þess að koma í veg fyrir það taka ættingjarnir upp ný nöfn. Með því telja þeir sig hafa leikið á hinn látna og hann þekki þá ekki aftur.

Af því sem vitað er um nafngjafir og mikilvægi þeirra verður að teljast ólíklegt að til séu menningarheimar þar sem engin nöfn eru gefin. Þrátt fyrir leit hefur höfundur ekki tekist að finna heimildir um slíkt.

Guðrún Kvaran, prófessor, forstöðumaður Orðabókar Háskólans.

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem þar hefur verið glímt við að undanfögnu eru: Hvernig er veðurfarið á Hawaii, hvað þýðir „að höstla“, hvað er tilvistarstefna, hvað olli Challenger-slysinu árið 1986, hvað er átt við þegar fólk segir 'frá blautu barnsbeini' og hvað eru til mörg litbrigði af jaspis? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni www.visindavefur.hi.is.

Átta þáttum bætt við

Sjötta þáttaröð af The Sopranos fer í loftið í Bandaríkjunum í mars á næsta ári. Upphaflega áttu þættirnir að vera tólf talsins en nú hefur verið ákveðið að bæta átta við. Verða þeir frumsýndir í janúar árið 2007.

„Þegar eins merkilegur þáttur og The Sopranos er í gangi vilja áhorfendur að hann haldi áfram eins lengi og mögulegt er. Þess vegna erum við himinlifandi með það að David Chase (höfundur þáttanna) hafi langað að segja fleiri sögur,“ sagði formaður HBO-sjónvarpsstöðvarinnar.

Orðrómur var uppi um að sjötta þáttaröðin yrði sú síðasta en framleiðendur þáttarins hafa



THE SOPRANOS Mafiþættirnir The Sopranos hafa notið gífurlegra vinsælda undanfarin ár.

ekki vilja staðfesta það. Svo getur því farið að The Sopranos haldi áfram í einhver ár til við-

bótar, sem eru frábær tíðindi fyrir hina fjölmörgu aðdáendur þáttarins. ■



SKÓLADAGAR



STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN

SMÁRALIND (551 8519) - KRINGLAN (568 9212)



Dropar af regni

Amnesty International á Íslandi í 30 ár

Sýning í Blöndustöð

Ágrip af sögum nokkurra einstaklinga sem félagar Íslandsdeildar Amnesty International hafa átt þátt í að frelsa síðustu 30 árin.

Þetta fólk var fangelsað fyrir þær sakir einar að tjá trú sína eða skoðanir, eða vegna kyns síns og uppruna. Þetta fólk kallar Amnesty International **samviskufanga**.

„Á dimmustu tímum fangavistar minnar komu orð ykkar og bréf sem **dropar af regni**, sem lengi hefur verið beðið eftir í endalauri eyðimörk. Frelsi mitt í dag er ávöxtur þöls ykkar og þreks, vinnu og hugrekklis.“ Mohamed El Boukili frá Marokkó.

Áhugaverð sýning í Blöndustöð á Norðvesturlandi – 200 m ofan í jörðinni.

Opið alla daga frá kl. 13 til 17.

Amnesty International
www.amnesty.is



Landsvirkjun

Góðir straumar í 40 ár

Sex kíló á viku

Allt er gott í hófi, segir máltakið, og megrun er árangursríkust þegar um langtímamarkmið er að ræða. Það er vel hægt að koma sér í betra form á nokkrum dögum ef eitthvert sparitilefni er fram undan. Fréttablaðið lagðist í megrunarfræðin.

Einn daginn eru kolvetnissnauðir megrunarkúrar aðaltískan, þann næsta eru kolvetnin meinlaus. Sumir þamba diet kók í megruninni en aðrir halda því fram að smásykurkók skaði engan og bráðhollt sé að setja sykurlausu í kaffið. Sitt sýnist hverjum um hvað sé besta leiðin til megrunar þegar til lengri tíma er litið, en ef viljinn er fyrir hendi er hægt að losna við sex kíló á einni viku. Þetta segir Sif Garðarsdóttir einkaþjálfari í World Class en hún hefur keppt í Fitness frá 1999. „Þú sérð mikinn mun á þér á viku. Þú getur losnað við alveg fimm, sex kíló á vikunni, það fer mikið af vatni. Þegar þú ert komin í svona hreint matarræði fer mikið af úrgangi úr líkamanum líka,“ segir Sif.

Þyngdartap fer eftir því hvað viðkomandi er í góðri þjálfun, en oft eiga þeir sem eru nálægt kjörþyngd erfiðara með að greina sig á styttri tíma en þeir sem eru í yfirvigt. „Þeir sem eru búnir að vera í þjálfun og æfa þrisvar í viku geta bætt inn æfingum, tekið sex til níu æfingar í viku, t.d.



SIF GARÐARSDÓTTIR EINKAÞJÁLFARI

brennslu á morgnana og lyftingar á kvöldin. Það er betra að æfa oft og í styttri tíma heldur en að mæta sjaldnar og vera lengur. Fyrir fólk sem er að byrja að æfa er gott að æfa í þrjá daga og taka svo einn dag í hvíld,“ segir Sif.

Brennslan skiptir höfuðmáli ef um vikulangt ofurátak er að ræða, en til lengri tíma litið er mikilvægara að lyfta líka. Brennsla getur verið létt skokk eða hröð ganga á hlaupabretti eða úti í náttúrunni en einnig er gott að nota stigvélar og hjól í líkamsræktarstöðvum. „Líkaminn byrjar ekki að nýta æfinguna sem brennslu fyrr en eftir tuttugu mínútur, en best er að taka 45 mínútur til klukkutíma á meðalháum pól. Margar líkamsræktarstöðvar eru komnar með púlsmæla á tækin, maður þarf að passa sig að vera með brennslupól í kringum 150 og hlaupa ekki á fullu,“ segir Sif.

Fólk sem keppir í Fitness fer í tólf vikna átak en planið fyrir síðustu vikuna er öðruvísi enda er farinn að sjást dagamunur á keppendum á þeim tíma. „Þá drekkum við mikið vatn en tröppum það niður rétt fyrir keppni. Það sama er hægt að gera ef við viljum redda einhverjum í árs hátíðarkjólinn, þá förum við á vatnslosandi kúr. Allt salt er bannað, eins og síðustu vikuna fyrir fitnessið þegar ekkert salt er leyft í matarræðinu. Svo er mikilvægt að borða bara hreina matvöru, það er að segja óunna, til dæmis hafra mjöl, grænmeti, hrísgrjón og kjöt. Enginn skyndibitamatur. Svo verður maður að passa að borða reglulega til þess að halda blóðsykrinum í jafnvægi,“ segir Sif.

rosag@frettabladid.is



MATARPLANIÐ FRÁ SIF

Morgunmat:
50 g hafra mjöl
1 skeið hreint prótín

Miðmorgun:
Brauðbolla* með grænmeti, eggjahvítu og kjúklingi. Smá dijon sinnep ef vill.

Hádegismatur:
120 g soðin hýðisgrjón og ein kjúklingabringa og 200-300 g grænmeti. Allt í lagi að nota þínu ólífuolíu á salatið og sweet chili-sósu á hitt.

Miðdegisverður:
Brauðbolla með grænmeti, eggjahvítu og kjúklingi. Sinnep ef vill.

Kvöldmat:
100 g kjúklingabringa / hreinn nauta eða svínaveiði / 150 g lax / 200 g magur fiskur (ýsa, þorskur, rækjur, rauðspretta)
4-6 eggjahvítur

300 g blandað grænmeti (ávextir í salat ef vill).
Má nota 1 msk. tómatósú, súrsæta sósu eða sweet chili-sósu.

*Brauðbolla er bökuð úr súrdeigi og má ekki innihalda salt, sykurlausu né hvítt hveiti og mjög lítið af geri.

Þennan matseðil nota fitnesskappar síðustu vikuna fyrir mót. Áhersla er lögð á að drekka mikið vatn og forðast alla unna matvöru (nema brauðið). Engar mjólkurvörur, ekkert hvítt hveiti, enginn sykurlausu, engin sætuefni og ekkert ger er leyft.

Hljómar leiðinlega, en hver vill ekki losna við sex kíló á viku?

ÞEGAR TIL LENGRI TÍMA ER LITIÐ ER GOTT AÐ HAGA Í HUGA AÐ...

KOLVETNI eru ekki óholl – þau eru bara fitandi í óhófi. Þar sem sykurlausu og hveiti er í mörgum vörum er mikilvægt að huga að neyslu kolvetna. Ef þeim er algjörlega sleppt úr matarræðinu er líklegt að löngunin í sætindi og brauð ýkist upp og allt kolfalli eftir nokkra daga. Því er gott að leyfa sér einhver kolvetni á hverjum degi. Best er að forðast sykurlausu, halda sig við gróft kolvetni og dreifa neyslunni yfir aðalmáltíðirnar. Dagsskammtur af kolvetnum gæti til dæmis verið ein ristud brauðsneið með álegg, eitt orkustykki (sem er ekki meira en 120 kalóríur) og 3/4 bolli af hrísgrjónum.



PRÓTÍN Mikið hefur verið rætt um Atkins og aðra prótínkúra og margir hafa rannsakað hvað er svona megrunarfremt við prótín. Lykillinn virðist fyrst og fremst vera fölginn í því að prótín slær á hungur. Ef við fáum góðan prótínskammt í aðalmáltíðum dagsins borðum við minna almennt og innbirðum færri kalóríur. Besta leiðin til að fitna er einmitt að sleppa prótíni, því þá hægir líkaminn á brennslunni og brennir færri kalóríur. Próttinstangir og -drykkir eru góður kostur fyrir þá sem eru orðnir leiðir á skyrinu en að öðru leyti eru slíkir fæðubótarefni ekkert betri.

GRÆNMETI OG ÁVEXTIR eru meðhöllir og því nauðsynlegur partur af heilbrigðu matarræði. Í megrunarátaki er gott að miða við að fá tvo bolli af grænmeti (en engar kartöflur) í hverri aðalmáltíð, einfaldlega vegna þess að það gerir máltíðina stærra og meira mettandi. Einnig er gott að snarla gulrætur og sellerí milli mála. Ávextir eru aftur á móti kalóríumeiri svo ágætt er að miða við tvo meðalstóra ávexti á dag.



KALK er ekki bara gott fyrir bein. Nýjar rannsóknir benda til þess að kalk sé hjálplegt til að greinast. Svo virðist sem að því meiri kalkbirgðir séu í fitufrumum líkamans, þeim mun meira brenni þær af fitu. Lítil neysla kalks veldur því að ákveðin hormón í líkamanum myndast sem hvetja fitufrumum til að framleiða meiri fitu og hægja á fitubrennslu. Hins vegar hefur mikil kalkneysla þveröfug áhrif sem leiða til þyngdartaps. Sömu rannsóknir benda til þess að kalk úr mjólkurvörum virki tvisvar sinnum betur til grenningar en kalk úr öðrum matvörum og því er um að gera að borða sem mest af fitu- og sykurlausu jógúrti, skyrri og mjólk, svo framarlega sem viðkomandi er viss um að hann sé ekki með mjólkurþol. Mælt er með að minnsta kosti þremur skömmtum á dag. Ef fólk borðar ekki mjólkurvörur er nauðsynlegt að taka bæti efni með kalki og D vítamín með til að líkaminn nýti kalkið betur.



Húsbréf

Innlausn húsbréfa

Frá og með 15. ágúst 2005 hefst innlausn á útdregnum húsbréfum í eftirtöldum flokkum:

1. flokki 1989 – 59. útdráttur
1. flokki 1990 – 56. útdráttur
2. flokki 1990 – 55. útdráttur
2. flokki 1991 – 53. útdráttur
3. flokki 1992 – 48. útdráttur
2. flokki 1993 – 44. útdráttur
2. flokki 1994 – 41. útdráttur
3. flokki 1994 – 40. útdráttur

Innlausnarverðið er að finna í Morgunblaðinu laugardaginn 13. ágúst.

Innlausn húsbréfa fer fram hjá Íbúðalánasjóði, í bönkum, sparisjóðum og verðbréfafyrirtækjum og liggja þar einnig frammi upplýsingar um útdregin húsbréf.




Íbúðalánasjóður

Tilboðin gilda laugardaginn 13. ágúst

ALLTAF
ÓDÝRARI



Við veitum 50%
afslátt af öllum
skólatöskum

 **H**já okkur eru næg bílastæði og gott aðgengi

Skeifunni 11d
Sími 533 1010

Opið virka daga 10-18
Laugardaga 10-18
Sunnudaga 13-17

**GRIFFILL**

Persónuleikaraskanir í Njálu

Nú stendur yfir Norrænt þing um sögu læknisfræðinnar á vegum FÁSL. Einn fyrirlesaranna á þinginu er Jon Geir Høyersten en hann hefur rannsakað geðheilsu Íslendinga fyrir á tímum. **Sóley Kaldal** forvitnaðist um þær rannsóknir.

Jon Geir Høyersten er norskur geðlæknir sem rannsakað hefur persónuleikaraskanir í Íslendingasögum og þá sérstaklega Njálssögu. „Eg las Njálssögu fyrst sem unglingur og hafði gaman að. Þrjátíu árum síðar, þegar ég hafði lært geðlækningar las ég söguna aftur og þá sá ég hversu merkileg hún var út frá því sjónarhorni. Það er framúrskarandi hvernig sögumaðurinn lýsir persónunum og hverjar afleiðingar mismunandi persónuleika eru í sögunni. Þar fer ekki fram einföld barátta milli góðs og ills heldur mjög flókin flétta,“ segir Jon Geir sem er einn fyrirlesara á Norrænu þingi um sögu læknisfræðinnar sem haldið er í Háskóla Íslands þessa dagana.

Jon Geir segist ekki halda að geðheilsa Íslendinga hafi almennt verið verri en annarra en segir að vissulega séu til margar sögur af mjög alvarlegu þunglyndi Norðurlandabúa á þessum tíma. Það vill hann rekja til samfélagsástandans því ekki aðeins geisuðu almennir sjúkdómar heldur voru mannvíg algeng. „Fólk getur misst vitið við mikinn missi og margir höfðu horft upp á nánustu ættingja vegna sem getur að sjálfsgöðu leitt til þunglyndis.“

Jon Geir telur nokkuð góðar sannanir fyrir því að persónur Njálu séu sögulegar en ekki aðeins skáldskapur og bendir á að þeirra sé getið í öðrum ritum.

„Njála er mjög raunveruleg og alls ekki ýkt hvað persónusköpunin varðar. Það sérstaka við bókina er að sögumaðurinn er alveg hlutlaus og skrifar hana án þess að fella dóma um gjörðir persónanna. Hann lætur geðlækna um sálgreininguna,“ segir Jon Geir og hlær.

Rannveig móðir Gunnars er uppáhalds persóna Jons Geirs. „Hún hvatti menn til þess að stoppa og hugsa. Hennes skilaboð voru að blóttakan og hefndin leiddu til einskis góðs.“

Jon Geir segir mannfólkið ekki hafa breyst mikið frá þessum tíma. „Menn voru dæmdir eftir verkum sínum en konur eftir samskiptahæfileikum. Þannig er þetta enn nú til dags. Konur, bæði þá og nú, eru mun framar mönnum í mannlegum samskiptum og í sögunni nýta þær sér það sínum málum til framdráttar. Þær vissu nákvæmlega hvar mennirnir voru viðkvæmir fyrir og hvað þær þyrftu að segja til að fá sínu framgengt. Algengur undirtónn þeirra var: „Ef þú gerir þetta ekki, þá ertu sá litli karl sem ég hélt þú værir.“

Hallgerður

„Hallgerður var einstaklega afbrýðisöm kona og lét stjórnast af þeim kenndum. Hún var einnig gráðug og bæði vildi og reyndi að komast yfir það sem aðrir áttu og mátu,“ segir Jon Geir. „Hún var mjög sjálfhverf og hugsaði fyrst og fremst um eigin hagsmuni en það eru lýsandi einkenni siðblindu (e. sociopathy) eða Narkissisma,

sem eru náskilin fyrirbæri.“

Í sögunni fá lesendur að skyggast örlítið inn í barnæsku Hallgerðar sem Jon Geir segir vera mjög sérstakt. „Hún fann fyrir höfnun sem barn og fannst hún ekki örugg,“ segir hann, en eins og flestir vita vilja margir geðlæknar rekja ýmis geðvandamál til erfiðrar æsku. „Höfundurinn reynir ekki að skýra hegðun



hennar með fortíðinni en það er áhugavert að honum finnst atburðir hennar samt sem áður í frásögur færandi.“

Njáll

Njáll var mjög eðlileg manneskja og jákvæð. Hann sýndi öðru fólki mikið umburðarlyndi og var diplómatur,“ segir Jon Geir. „Í sögunni verður hann stundum eins og guðleg vera og jafnvel talað um að hann sjái óorðna hluti en það er erfitt fyrir fræðimenn nútímans að skilja hvað þýðir bókstaflega.“

Þrátt fyrir þrúðmennskuna fóru hlutirnir sjaldnast eins og Njáll hafði ætlað. „Mér finnst það sýna glæsileika sögunnar að þó verk Njáls séu framkvæmd með góðum ásetningu þá reynast þau oftar leiða til hörmunga.“

Jon Geir telur mögulegt að Njáll hafi öfundað Gunnar af hreystimennskunni en segir konur sögunnar aðallega sjá um öfundina og afbrýðisemina. „Hallgerður var



JON GEIR HØYERSTEN Jon er sérfræðingur í geðlækningum og doktor í heimspeki. Hann hefur rannsakað Íslendingasögurnar og finnst Njála vera höfuðdjásn þeirra.

hvernig í pottinn var búið og spurðu sig þá „Hvað gerðist?“ Það ber gáfum hans ótvírætt vitni.“

Gunnar

Gunnar var mjög dæmigerð og blátt áfram miðaldahetja,“ segir Jon Geir. „Hann er eina persóna sögunnar sem er svoltíð klisjukennd og það verður nokkuð áberandi innan um allar hinar frumlegu persónurnar.“

Eins og flestir vita var Gunnar gífurlegt hreystimenni að líkamlegum burðum en hæfileikar hans voru eitthvað minni þegar kom að vitsmunum. „Hann var ekki mjög vel gefinn og á tímum örlítið barnalegur. Aðrar persónur sögunnar, og þá sérstaklega Hallgerður, spiluðu með hann og örlög hans voru ídullega í höndum annarra.“

Skarphéðinn Njálsson

„Skarphéðinn var mjög fálátur og



til dæmis sjúklega afbrýðisöm út í hina góðu vináttu Njáls og Gunnars.“

Mörður

„Mörður var svona Machiavelli-persóna að því leyti að honum fannst tilgangurinn helga meðalið. Hann var afar gáfaður en beitti kænsku sinni til vondra hluta.“

Jon Geir segir hann hafa þjáðist af geðröskun (e. psychopathy) sem lýsir sér meðal annars í því að hann bar litla sem enga virðingu fyrir samfélagslegum viðmiðum og rétti annarra. Það er ekki óalgengt að svona mikilmennskubrjálæði greinist í gáfuðu eða hæfileikaríku fólki.

„Hann var snillingur í því að spila með fólk og nota það til eigin hagsmuna. Hann fékk aldrei blóð á eigin hendur, heldur var hann leikstjóri atburðarásanna. Það er mjög heillandi að leiksoppar hans áttuðu sig oft ekki á því fyrir en eftir á



kuldalegur. Hann sýnir einkenni geðklofa (e. schizoid) með áhugalessi á félagslegum samskiptum, tilhneiging til einlífis og tilfinningakuldi,“ segir Jon Geir. „Hann var alla jafna yfirvegaður en fékk útrás fyrir tilfinningarnar á viðvöllum því hann var góður bardagamaður. Hann missti þó aldrei stjórn á sér og vó aðeins innan lagamma þess tíma.“

Jon Geir segir Skarphéðinn hafa átt erfitt með að bregðast við öðru fólki og forðaðist að sýna nokkrar tilfinningar. „Sögumaðurinn segir hins vegar töluvert frá neikvæðum viðbrögðum fólks við Skarphéðni en hann var frekar ófrýnilegur útlits sem hefur ekki minnkað feimnina.“

Hliðstæðu með persónu Skarphéðins, segir Jon Geir að megi sjá í bandarískum kúrekamyndum síðustu aldar, þar sem hinn þögli einfari ríður inn í sólarlagið. „Konur láðast oft að þessum mönnum, en það bakar vandræði í alvarlegri samböndum vegna sinnuleysisins af þeirra hálfu.“

Mér finnst æðislegt að vinna á KFC!
Guðbjörg Sæunn vaktstjóri.

Við leitum að skemmtilegu fólki.
Tökum daglega við umsóknum.
Vilt þú vinna á KFC?

Vandaðir lúxus-hægindasófar og stólar með stillanlegu baki og skemli. Frábærir sjónvarps-sófar og stólar.



Sófi með leðri aðeins
149.000.-

Vandaður lúxus-hægindahornsófi

2H2 **259.000.-**
2H3 **279.000.-**



Vandaður lúxus-hægindstóll með stillanlegu baki og skemli. Frábær sjónvarpsstóll.



Stóll með leðri
54.000.-



Glæsileg borðstofuhúsgögn úr gegnheilli eik

Skenkur **99.000.-**
Glerskápur **135.000.-**
Borðstofuborð 90x180 **69.000.-**
(2x45 cm stækkun)
Stólar m/leðuráklæði stk. **17.900.-**

ÚTSALA

10-40%

afsláttur

glæsileg vara - gerið góð kaup!



179.000.-
Verð áður kr. 228.000.-

Vandað ítalskt leðursófasett 3+1+1
Litir: Ljós beige, koníaksbrúnt og dökkbrúnt



~~169.000.-~~
139.000.-

Sófasett með slitsterku áklæði sem auðvelt er að þrifa.
Litir:ljósbrúnt og grábrúnt



~~239.000.-~~
119.000.-

leðuráklæði
Litir: Ljóst og svart



~~205.000.-~~
159.000.-

leðursófasett 3+1+1
litir:ljóst , svart og brúnt



~~59.000.-~~
49.000.-

leðuráklæði



~~99.000.-~~
49.000.-

leðuráklæði

Mikið úrval af hornsófum, sófasettum og hvíldarstólum

Opið

Virka daga kl.10-18
Laugard. kl.11-16
Sunnud. kl.13-16

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375



800 5555

Alla daga frá 10 til 22



Linde Gas | AGA



D-BRIDGE Plötusnúðurinn kunnir heldur uppi stemningunni á Gauknum.

D-Bridge þeytir skífum

Heljarinnar drum & bass-veisla verður haldin á Gauki á Stöng á laugardag þar sem aðalnumerið verður plötusnúðurinn D-Bridge.

D-Bridge, sem heitir réttu nafni Darren White, hefur allt frá upphafi 10. áratugarins verið viðriðinn danstónlistarsenu Bretlands en það var þó undir lok aldarinnar sem frægðarsól hans tók að rísa og enn sér ekki fyrir endann á ferli hans. „Hann er einn af þeim stærri í þessari senu og var meðal annars í Bad Company. Hann er eins stór og hægt er að verða án þess að komast úr neðanjarðarsenu,“ segir Karl Tryggvason hjá breakbeat.is. Tónleikarnir á Gauknum hefjast á miðnætti og kostar 1000 krónur inn. ■



NICK OG JESSICA Nick segir að parið eigi ekki við hjónabandsferðleika að stríða.

Nick Lachey slær á sögusagnir

Nick Lachey, eiginmaður Jessica Simpson, er orðinn leiður á því að þurfa að fullvissa ættingja sína um að parið sé enn saman. Þrálátur orðrómur hefur verið um erfiðleika í hjónabandinu í og þeim hefur ekki tekist að hrekja sögusagnir um að skilnaður sé í vændum. „Við erum steinhissa á því að fólk sé enn að tala um sama orðróminn,“ sagði Nick. „Það er allt í lagi með sambandið. Ég vil koma þessu á hreint í eitt skipti fyrir öll: Hjónabandið og lífið og ástin gengur allt frábærlega vel,“ sagði hann á dögum. ■



JAKOB SVEISTRUP Söng sig inn í hjórtu Íslendinga í Eurovision-keppninni. Ætlar að troða upp á dönskum dögum í Stykkishólmi og tekur væntanlega slagarann sinn, Talking To You.

Kennarinn sem varð að poppstjörnu

Danskir dagar í Stykkishólmi fá heldur betur stórstjörnu í heimssókn til sín í dag þegar Eurovision-stjarnan Jakob Sveistrup heidrar þá með nærveru sinni ásamt tveimur dönsurum. Jakob var að keyra eftir hraðbrautinni til Norðurlands til þess að syngja á tónleikum. „Verð í 45 mínútur á sviðinu og dríf mig síðan heim. Á að leggja snemma af stað til Íslands,“ sagði hann þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Hann var viðkunnalegur og hlakkaði mikið til ferðarinnar. „Ég hef aldrei komið áður til Íslands og hlakka mikið til,“ sagði hann hæverskur en viðurkendi þó að einhverjir af vinum hans hefðu komið hingað. „Miðað við það sem þeir segja á ég von á því að sjá mikið af stórfenglegri náttúru,“ sagði hann.

Jakob er menntaður kennari og starfaði sem slíkur í Óðinsvéum. Hann hafði alltaf gaman af því að syngja og hafði gert þó nokkuð af því þótt það hefði aldrei verið lífsviðurværi hans. Jakob segist enda vera ákaflega þakklátur fyrir þetta tækifæri. „Þetta er eins og að vinna í lottói,“ bætir hann við.

Jakob sló óvænt í gegn í heimalandi sínu þegar hann bar sigurorð af sjálfum Olsen-bræðrunum í undankeppni Eurovision með laginu Talking to you. Hann fór síðan til Kiev í Úkraínu og lenti öllum á övörum í tíunda sætinu. Íslendingar voru greinilega mjög hrifnir af laginu því hann fékk tíu stig frá okkur. Jakob sagði þá upplifun að vera í Eurovision engri lík. „Þar gerist allt mjög hratt og ekki fyrr en þú kemur heim að þú áttar þig á því sem hefur gerst,“ sagði hann.

„Ekkert getur undirbúið þig undir Eurovision.“

Plata Jakobs hefur verið að gera það gott í heimalandinu og hann haft nóg að gera. Hann segir þó íbúa Óðinsvéa taka öllu með ró, þeir séu vanir því að stórstjörnur komi frá borginni. H.C Andersen hafi búið þar og Kim Larsen sé heimamaður. Jakob segist því geta gengið óáreittr um göturnar þótt einhverjir komi alltaf og klappi honum á bakið. „Ef Kim Larsen getur fengið sér bjór hérna, þá hlýtt ég að geta það líka,“ segir hann og hlær.

Jakob segist gjarnan vilja halda áfram að hafa atvinnu af því að syngja en það velti allt á því hvort fólk vilji hlusta á hann. „Ef ekki þá fer ég bara aftur í gömlu kennslustofuna mína.“

freyrgigja@frettabladid.is

Umsóknir um ferðastyrki Vildarborna

Ferðasjóður Vildarborna Ícelandair er sameiginlegt átak félagsins og viðskiptavina þess til að gera langveikum börnum og fjölskyldum þeirra, og börnum sem búa við sérstakar aðstæður vegna veikinda, kleift að ferðast. Ferðasjóður Vildarborna hefur gert 30 fjölskyldum kleift að fara í ógleymanlega og uppbyggjandi fjölskylduferð.

Styrkir verða í þetta skipti veittir til barna á aldrinum 6-14 ára.

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð eru á heimasíðu Vildarborna:

www.vildarborn.is



Alva Lena og systir hennar í Florida.


vildarborn

Umsóknarfrestur er til 15. september 2005.

Úthlutað verður úr sjóðnum 22. október 2005.

Verndari Vildarborna er Vigdís Finnbogadóttir. Landsbanki Íslands sér um fjárhald sjóðsins.



KATE OG ORLANDO Kate og Orlando eru flott par.

Orlando og Kate aftur saman

Hjartaknúsarinn Orlando Bloom heimsótti fyrrverandi kærustu sína Kate Winslet í Sydney í Ástralíu á dögum. Kate er í Ástralíu vegna takna á Superman Returns en hún setur upp dökka hárkollu og leikur hlutverk Lois Lane. Hún sótti Orlando á flugvöllinn, ljósmyndurum til mikillar ánægju, og sást til þeirra knúsast og kyssast á veitingastað í borginni. Ekki er annað hægt að sjá en að parið, sem hætti saman í janúar eftir tveggja ára samband, sé byrjað saman aftur. Orlando heimsótti Kate til Ástralíu í júní og fyrir nokkrum vikum sást til þeirra saman í LA, og þá hafa þau sjálfsgagt rætt um að taka upp þráðinn aftur. ■

ICELANDAIR 

VERÐSTRÍÐ

á málningarvörumarkaðinum

Hjá okkur eru ALLAR málningarvörur á sanngjörnu verði!



Málning í öllum regnbogans litum



DekaCryl 7
Innimálning, 10 lítrar
2.680,-



AlfaCryl
Útimálning, 10 lítrar, allir ljósir litir
2.690,-



Scala
Þakmálning, 10 lítrar, allir litir
5.260,-



Scala
Þekjandi viðurvörn
5 lítrar
3.495,-



Málningarbakki
og -rúlla
529,-

Gerðu
samanburð
á verði og
gæðum!




DalaPro
Spartl, medium, 3 lítrar
790,-



Málningarfata
199,-

Mako
Pensill 3"
99,-



MÚRBÚÐIN

Byggingavöruverslunin í Árbænum

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

Harry Potter nýtur ásta með Draco Malfoy

Internetið hefur að geyma þúsundir af sögum sem fjalla um ástarsambönd milli karlpersónanna í Harry Potter og Lord of the Rings. Fyrirbærið, sem heitir slash, blómstrar um þessar mundir bæði hérlendis og erlendis. *Rósa Signý Gísladóttir* hitti íslenskan „slash“-höfund og forvitnaðist um hvers vegna gagnkynhneigðar konur skrifa um ástarsambönd karla.

Beiðasta skilgreiningin á „slashi“ er að það fjallar um tvo einstaklinga af sama kyni í rómantísku samhengi, oft með grafískum kynlíflýsingum en ekkert endilega alltaf. Tökum sem dæmi Hringadróttins sögu. Áður en myndirnar komu út var Legolas / Gimle stærsta slash-paraíð sem skrifað var um. Svo komu myndirnar út. Allir þessir menn eru svo ofsalega fallegir og myndarlegir og konur eru ofsalega hrifnar af þeim og þá varð Legolas / Aragorn miklu vinsælla af því að þeir eru svo flottir saman,“ segir Nína (nafni hefur verið breytt).

Nína vinnur á skrifstofu úti á landi í sumar en heldur áfram háskólanámi í haust. Hún kynntist Harry Potter-heiminum á netinu sumarið 2001 þegar samstarfskona hennar á bókasafni benti henni á stóra Harry Potter-síðu. Síðan þá hefur hún komið sér vel fyrir í „fandominu“, aðdáendaheiminum. „Fandom“ er í rauninni bara samfélag í kringum sameiginlegt áhugamál á þessu efni sem er gefið út af einhverjum öðrum. Maður talar um að maður sé í fandominu. Til dæmis er til Lord of the Rings fandom og Harry Potter fandom. Allir sem hafa áhuga á Harry Potter, setja upp heimasíður um Harry Potter, gera sögur um hann eða teikna myndir, þeir eru í fandominu,“ segir Nína, en engin hefð er fyrir því að nota íslenskt orð fyrir hugtakið.

Slash um Jesús og Jóhannes

„Ég reyndi alltaf að búa til sögur í höfðinu á mér þegar ég var búin að horfa á eitthvað eða lesa eitthvað sem mér fannst alveg rosa-lega gott. Þjó til minnar eigin sögur og minn eigin endi. Ég hélt alltaf að ég væri bara klikkuð en svo komst ég að því að það er hellingur af fólk sem gerir þetta,“ segir hún. Fyrst í stað sókkti Nína sér í sögur á netinu. „Mér fannst slashið alveg fánlegt til að byrja með! Alveg út í hött,“ segir Nína. Svo las hún góða sögu eftir vinkonu sína og komst á bragðið, tók sér höfundarnafnið Miss Pince, eftir bókaverðinum Madame Pince í Hogwarts, og fór að setja eigin sögur á spjallbráðum

netsins. Aðaláhugamálið hennar er Harry Potter en hún er einnig í RPS-fandominu, sem stendur fyrir „real people slash“ og fjallar um leikarana í þekktu bíómyndum, bókmenntum eða hljómsveitum. „Real people slash byrjaði í kringum boy-böndin, sérstaklega Nsync. Það var rosalega stór hópur af stelpum sem skrifuðu vænnar ástarsögur af JC og Justin,“ segir Nína. Í dag eiga leikararnir í Lord of the Rings og Pirates of the Caribbean miklu fylgi að fagna.

Aðdáendur ýmissa bóka og bíómynda gátu nú rottað sig saman á netinu og deilt hugmyndum sínum um framhaldslif aðalpersónanna eða ástarsögur aukapersóna sem aldrei birtust í bókunum sjálfum. „Það er til fanfiction fyrir nokkurn veginn allt. Bara nefndu það, það er til. Ég hef lesið bibliúfanfiction. Ég hef lesið bibliú-slash. Sambandið á milli Jesúsar og Jóhannesar... Það er mjög vinalegt! Það er líka til alveg hellingur af Shakespeare slashi. Lord of the



VIGGO MORTENSEN OG ORLANDO BLOOM Kapparnir úr Lord of the Rings eru eitt vinsælasta Real people slash-paraíð, enda bráðmyndarlegir.



HARRY POTTER VINSÆLASTA „FANDOMIÐ“ „Ég fór til London alveg sérstaklega til þess að kaupa bókina þar þegar hún kom út og hitta vinkonu mína úr fandominu. Ég var í stóru bíðröðinni á Oxford Street og hitti þar stelpu sem heitir Melissa. Hún tók aðalviðtalíð við Rowling þegar bókinni kom út. Ég hitti líka vinkonu mína frá Portugal sem er einn þekktasti myndskreytir í Harry Potter-fandominu og sennilega einn þekktasti persónuleiki í því. Hún teiknar myndir út frá bókunum, það er kallað fanart. Ég er alveg viss um það að ef ég hefði ljóstrað því upp í röðinni í London hver stæði þarna við hlíðina á mér hefði orðið smá uppbot,“ segir Nína.



SÖLVI, TINY OG ÓMAR Í QUARASHI Ómar og Tiny eiga í eldheitu ástarsambandi í einni af sögum Nínu, sem hún skrifaði að beiðni Péturs í Nexus og lesin var í þritugsafmæli Ómars. Ómar og Tiny segjast með naumindum hafa komist í gegnum söguna sem er fimm blaðsíður og inniheldur nokkuð grófar kynlíflýsingar.

ORÐAFORÐI Í ÁHUGASPUNA

FANDOM Samfélag fólks í kringum sameiginlegt áhugamál. Til dæmis tilheyra þeir sem skrifa og lesa Harry Potter-sögur á netinu Harry Potter fandominu.

HET Stytting á heterosexual. Fanfiction-sögur um sambönd gagnkynhneigðra.

GEN Stytting á general. Sögur sem innihalda ekki ástarsögur.

SLASH Sögur um ástarsambönd milli karls og karls eða konu og konu.

FEM Slash-sögur um ástarsambönd milli tveggja kvenna.

SMUT Kynlífsesna eða saga sem er lítið annað en kynlífsesna/senur.

REC/RECCARI/AD RECCA Stytting á recommendation. Reccarar eru mikið metnir í fandomum því búa til lista yfir sögur sem þeir mæla með.

WORKSAFE/NOT WORKSAFE Not worksafe þýðir að ekki sé hægt að skoða síðuna í vinnunni, því augljóst er að efnið er ekki vinnutengt (til dæmis vegna klámfengra mynda).

AD SHIPPA Dreigið af orðinu relationship. Að shippa er að styðja eða vera hlyntur einhverju ákveðnu sambandi eða pari. Harry Potter fandomið skiptist til dæmis í tvo hópa: Einn hópurinn skippar Ron og Hermione en hinn Harry og Hermione.

RPS Real people slash-sögur fjalla um raunverulegt fólk, oft fræga leikarara eða tónlistarmenn. Alltaf er tekið fram í byrjun RPS-sögu að höfundurinn þekki ekki viðkomandi og að sagan sé uppspuni.

LOTRPS Lord of the Rings real people slash fjallar um leikarana í Lord of the Rings. Þetta er mjög vinsælt fandom.

BNF Big name fan. BNF er einhver sem mjög stór hluti af fandominu þekkir og hefur annað hvort skrifað sögur sem eru mjög vinsælar eða teiknað myndir. Stærsta BNFíð í Harry Potter fandominu heitir Cassandra Claire en hún skrifaði sögur sem heita The Draco Trilogy.

Skilgreiningin á slashi er eitthvað á reiki því sumir vilja meina að hugtakið nái bara yfir tvo karlmenn og nota þá hugtakið „fem slash“ til að lýsa sögum um tvær stelpur. „Het“ (heterosexual) kallast sögur um gagnkynhneigt fólk og „gen“ (general) eru sögur sem innihalda engin ástarsambönd. Allt er þetta hluti af „fanfiction“, skáldskap sem er skrifaður um persónur eða leikara í bókum eða bíómyndum. Á Íslandi hefur orðið áhugasvuni stundum verið notað fyrir fanfiction. „Áhugasvuni er eldgamalt fyrirbæri sem held ég að hafi fyrst komið fram í kringum 1930. Þá var þetta gefið út í tímaritum. Áhugasvuni varð ekki svona stórt fyrirbæri, svona stórt batterí, fyrr en í kringum 1970 þegar Star Trek kom til sögunnar,“ segir Nína.

Fyrsta slashið var skrifað í kjölfar útgáfu Star Trek-myndanna og með tilkomu internetsins varð sprenging í slash-skrifum.

NÍNA, AKA MISS PINCE „Ég er ekkert þekkt í fandominu en ég er með slatta af BNFum á friends-listanum mínum á blogg-inu. Þannig séð er ég komin í innsta hringinn. Ég er oldbie svokallaður, er búin að vera lengi í fandominu, frá því árið 2001. Ég hef „moderatað“ á síðunni Sugarquill, það er að segja stýrt spjallborði. Þá þarf einhver sem er ábyrgur að lesa spjallið, passa upp á að enginn móðgast og eyða svoleiðis póstum. Þetta gerir mig sjálfkrafa að oldbie og tengir mig stóra fólkinu í fandominu,“ segir Nína.

Rings fandomið er það stærsta og elsta.“

Gagnkynhneigðar konur skrifa um ástarsambönd karla

Slash-lesndur og höfundar eru í miklum meirihluta konur. „Þetta eru 95 prósent konur, flestar gagnkynhneigðar eða tvíkynhneigðar,“ segir Nína. „Hefurðu einhvern tímann þælt í því að karlmönnum finnst rosalega æsandi að sjá tvær konur saman? Af hverju er þetta tabú? Ef ein kona er „hot“ þá hljóta tvær konur að vera tvisvar sinnum meira „hot“. Af hverju má þetta ekki eiga við um tvo karlmenn líka? Þetta er mín skoðun á þessu. Mér finnst þetta alltaf liggja beint við; ef einn er „hot“ eru tveir betri og síðan kannski þrír, fjórir, fimm. Ég held líka að þetta sé svolítið feminískt mál. Konur eru ekkert öðruvísi en karlmenn. Það er bara einhver víðtekin skoðun í þjóðfélaginu að konur séu eitthvað öðruvísi. Mikið af ungum konum í dag finnst bara ekkert nóg að horfa á rómantískar gamanmyndir. Konur eru að verða miklu meðvitaðri um klám, þær sækja meira í það að vita eitthvað um klám, að horfa á klám. Svo er ekkert óeðlilegt að sumt af slashinu sé gróft. Þetta er bara sami skali og í bíómyndum; það eru til drama-myndir, það eru til rómantískar gamanmyndir,“ segir hún.

Nína hefur skrifað sögur á öllum skalanum, bæði het, gen og slash-sögur. Sú hefð hefur skapast í áhugasvunaheiminum að taka fram í byrjun hvern sögu hversu gróf hún er. Til þess er

notað bandaríska bíómyndakerfið. „Ef það eru tveir karlar að kyssast þá er það alltaf hærra heldur en PG 13. Allt slash er PG13, af því að í bandaríska kerfinu er það tabú. Það þykir kurteisi að nota frekar hátt frekar en lágt,“ segir Nína. Einnig er tekið fram hvaða þar sagan er um, t.d. Remus / Sirius, en slash er einmitt enska orðið fyrir greinarmerkið / sem notað er í þessum. „Eftir þessu koma yfirleitt aðvaranir. Það eru til alls konar kinks-sögur, bondage, BDSM, non-consensual, sem er eiginlega nauðgun, þetta er allt merkt þannig að þú þarft ekki að lesa söguna ef þú vilt það ekki. Í Harry Potter til dæmis er kennari stundum látinn sofa hjá einhverjum af nemendum. Nemendurnir eru yfirleitt hafðir frekar gamlir, en þetta truflar rosalega mikið af fólk svo almennt er mikið varð við þessu,“ segir Nína.

Af hverju að nota persónur úr verkum annarra?

„Þú ert að halda áfram með ævintýrin. Það eru virkilega áhuga-verðir aukakaraktarar í mikið af þessum bókum, sem fólk er í rauninni að gefa nýtt líf,“ segir Nína um það hvers vegna áhugasvuni er svona vinsæll. „Margir spyrja mig af hverju ég skrifi ekki eitthvað „original“. Og ég segi alltaf; ég skrifa eigin smásögur en þær eru velfaldar, ég hef aldrei póstað þær. Ég er bara að bíða eftir hugmynd. Þangað til mun allt sem ég skrifa hjálpa mér þegar ég fer að skrifa eigin verk. Málið við fanfiction er að þú færð svo mikið „instant feedback“. Ef

MERKINGAR Á SÖGUM

G Hentar öllum aldursþópum.

PG Koss milli konu og karls í sögunni.

PG13 Sagan er aðeins grófari, eða hún inniheldur kossi milli karla.

Allt slash er PG13 eða hærra.

R Frekar gróf saga.

NC-17 Bönnuð innan 16 á Íslandi.

þú ert að skrifa sögu fyrir sjálfan þig, sögu sem þú hefur hugsað þér að gefa út í bók, þá skrifaðu söguna og sendir hana svo til ritstjóra. Svo er líka bara ánægja af því að búa eitthvað til. Það er örgrun í því að skrifa sögu og nota persónur sem kannski ekki allir sjá fyrir sér saman,“ segir hún.

Nína segir að ævintýrasögur á borð við Harry Potter og Lord of the Rings séu vinsælasta viðfangsefnið í áhugasvuna því að ævintýraheimurinn er óraunverulegur og býður upp á fleiri möguleika. „Heimurinn er tilbúinn. Fólk er að búa til sína eigin karaktera og stinga þeim inn í heiminn. Það er mikið skrifað um fólk sem er ekki á sama tíma og Harry í skólanum, um kynslóðina sem foreldrarir hans voru í. Það er mjög auðvelt að skrifa um pabba hans og vini hans. Það eru skrifaðar sögur um kynslóð Voldemort og framtíðarsögur sem eru algjörlega uppspunnar. Um börn sem gætu komið í heiminn.“

Quarashi slash bannað börnum Nína lenti í óvenjulegru stöðu í ársbyrjun þegar hún var beðin



um að skrifa slash-sögu um hljómsveitina Quarashi. „Pétur Yamagata í Nexus fékk þá snilld-arhugmynd að biðja mig um að skrifa real people slash um Quarashi, setja það í prentun og láta gera á það cover art og gefa honum það í afmælisgjöf, af því að einhvern tímann hafði Ómar gert honum einhvern hrikalegan grikk á afmælinu hans. Af einhverjum ástæðum sagði ég já, og ég skrifaði fyrir Pétur sögu um Ómar og Tiny, vitandi það að tíu dögum seinna ættu þeir eftir að lesa hana. Ég held að ég hafi aldrei á ævinni skrifað nokkuð sem var jafn erfitt að skrifa. Ég þurfti bara að aftengja ákveðinn part af heilanum mínum sem segir; maður gerir ekki svona! Sagan vakti mikla kátínu í afmælinu og mér skilst að þetta hafi verið ein besta afmælisgjöfin sem honum var gefin. Það tók hann tvær eða þrjár vikur að komast í gegnum hana en hún var samt ekki nema fimm síður,“ segir Nína. Ómar og Tiny höfðu ekki hugmynd um uppátæki Péturs fyrr en sagan var lesin í afmælinu og vakti hún mikla lukku í boðinu, enda var sagan merkt R- frekar gróf. „Það er örugglega ekki mikið af RPS slash-höfundum sem hafa upplifað það að kærasta persónu sem þú varst að skrifa um komi upp að þér og segi; þetta var frábær saga, rosalega skrifarðu vel,“ segir Nína, en Quarashi-menn og Pétur í Nexus vildu ólmir fá hana í afmælið og þakka henni fyrir söguna.

Fanfiction á Íslandi

„Það er rosalega erfitt að segja til um það hversu margir eru í þessu á Íslandi,“ segir Nína. Umræðan um áhugasþuna fer að mestu fram á netinu á erlendum síðum þar sem fólk notar ensk höfundarnöfn. Á Hugi.is má þó finna umræður og áhugasþuna eftir íslenska höfunda, aðallega í Harry Potter fandominu en einnig í kringum manga sem eru japanskar teiknimyndasögur. „En það er örugglega stór hópur fólks sem hefur áhuga á fanfiction og „fan-art“ af einhverju tagi. Pétur í Nexus seldi til dæmis um 300 eintök af fyrstu bókinni af Eerie Queerie sem er Shounen-ai manga, en Shounen-ai er japanska orðið fyrir tvö karlmenn,“ segir Nína. Hún vonast til þess að hafa uppi á fleirum sem skrifa slash og aðrar gerðir áhugasþuna á Íslandi og bendir fólki á að skoða bloggjið hennar: <http://www.livejournal.com/users/misspince/>

LINKAR:

<http://www.fanfiction.net/> Stór almenn síða flokkuð eftir fandumum.
<http://sugarquill.net/> Stór HP-síða
<http://www.fictionalley.org/> Stór almenn HP-síða.
<http://www.livejournal.com/users/misspince/> Bloggið hennar Nínu.



+ AFSLÁTTUR Á SONIC YOUTH

„MÉR FINNST HÓTEL SKEMTILEGRI EN SKÓGAR. ÞÓTT ÞAÐ SÉ AUÐVITAÐ AUÐVELDARA AÐ FARA Á KLÓSETTIÐ Í SKÓGINUM. ÞANNIG SÉÐ. ÉG ER SAMT MIKILL NÁTTÚRUVERNDARSINNI. MÉR LÍKAR VEL VIÐ GÖMUL TRÉ.“



KARLHÓRAN KEMUR

EINKAVIDTAL VIÐ ROB SCHNEIDER

VAKNAÐ MEÐ GARDARI GUNNLAUGSSYNI OG NÝJA SYNINUM ER SONIC YOUTH BESTA HLJÓMSVEIT Í HEIMI? TRABANT - EKKI ENDILEGA HOMMAR AF HVERJU ERU ÞEIR AÐ DREPA HVER ANNAN?

SIRKUS^{RVK}
NÝTT TÍMARIT. NÝR TÓN.

KEMUR ÚT ALLA FÖSTUDAGA VERÐ KR. 300 FÆST Á ÖLLUM HELSTU BLAÐSÖLUSTÖÐUM LANDSINS

Útsala 10-50% afsláttur opið í dag



Opið: Virka daga kl. 10 - 18, laugardaga kl. 11 - 16.





Maruniak fótbotinn

Slóvenski sóknarmaðurinn Josef Maruniak, sem leikið hefur með Prótti í Landsbankadeildinni í sumar, ristarbrotnaði í leik með U-23 ára liði félagsins gegn Haukum í fyrradag. Talið er að Maruniak verði um sex vikur að jafna sig og spilar hann því ekki meira með Prótti í sumar.

sport

sport@frettabladid.is

Ólafur Ingi Skúlason: Meiddist illa í sínum öðrum leik fyrir Brentford

Tímabilinu lokið hjá Ólafi Inga Skúlasyni

Ólafur Ingi Skúlason, leikmaður Brentford City og íslenska U-21 landsliðsins í knattspyrnu, meiddist illa í sínum öðrum leik með félagi sínu og mun líklega ekki leika meira með liði sínu á tímabilinu. Eftir að hafa komið til Brentford frá Arsenal, hefur Ólafur Ingi æft vel með nýja félagi sínu og hafði fundið sig vel sem varnarsinnaður miðjumaður. Ólafur sleit krossbönd og skaddaði liðþófa og liðbönd að auki. „Þetta eru skelfilegar fréttir fyrir mig. Ég er nýbúinn að skrifa undir samning og var að hefja nýtt tímabil. Ég vonaðist til þess að standa mig vel herna og ég veit að knattspyrnustjórninni hefði trú á mér.“

Þrátt fyrir þessar leiðindaréttir er Ólafur ekki á því að gefast upp, heldur ætlar að koma sterkari til baka. „Ég og

kæra mín fórum á fund með knattspyrnustjóranum þar sem við ræddum málin. Hann var auðvitað vonsvikinn eins ég, en hann sagði mér að sýna styrk minn og nota þetta áfall til þess að byggja mig upp andlega og líkamlega, og koma að krafti til baka. Mér þótti vænt um að heyra þetta og ætla mér að fara að ráðum hans.“

Martin Allen sagði í vikulegum pistli sínum á heimasíðu Brentford að áfall eins og þetta, myndi styrkja leikmann eins og Ólaf í framtíðinni. „Það var hrikalegt að fá niðurstöðuna úr rannsókn læknana. Ólafur styrkti lið okkar mikið og hefði klárlega gert það til framtíðar lítið. En ég sagði honum að þetta væri ekkert meira en bara hnémeiðsi. Hann er enn þá ungur og hraustur strákur. Góðir

leikmenn geta sigrast á hindrunum eins og þessum og Ólafur á örugglega eftir að gera það. Það er alveg ljóst að það kemur ekkert annað til greina heldur en mikil vinna og þolinmæði og ég veit eftir að hafa rætt við Ólaf, að hann er tilbúinn til þess að leggja mikið á sig.“



> Við finnum til með ...

... Hafþóri Egi Vilhjálmssyni, vintri vængmanni ÍA í Landsbankadeild karla, en hann spilar ekki meira með í sumar vegna handlegsbrots sem hann hlaut í leiknum gegn Val í fyrradag. Hafþór Egi hafði spilað frábærlega fyrir ÍA í sumar, var valinn í úrvalslíð 7-12 umferðar og var til reynslu hjá danska úrvalsdeildarliðinu FC Midjylland.

> Við óskum ...

... liði Blika í 1. deild karla í knattspyrnu til hamingju með að vera svo gott sem búið að tryggja sér sæti í Landsbankadeildinni í sumar. Breiðablik hefur 11 stig ystu á lið KA í þriðja sæti egar 12 stig eru eftir í pöttinum og í raun aðeins stórslys sem gæti komið í veg fyrir sigur Blika í deildinni.



LEIKIR GÆRDAGSINS

1. deild karla:

KS-KA	0-5
Pálmi Rafn Pálmason 3, Jóhann Þórhallsson, Hreinn Hringsson.	
ÞÓR-HAUKAR	2-0
Þórður Halldórsson, Hlynur Birgisson, Víti HK-VÍKINGUR	0-0

Leikinn í gærkvöldi dæmði norskri dómari Ken Henry Johnson en það gerði hann vegna samstarfs norrænna knattspyrnusambanda um dómgæslu sem er nýhafði og stendur yfir í eitt ár.

STADAN:

BREIÐABLIK	14	12	2	0	26-8	38
VÍKINGUR	14	8	5	1	31-7	29
KA	14	8	3	3	31-12	27
HK	14	3	7	4	12-13	16
HAUKAR	14	4	3	7	16-19	15
ÞÓR	14	4	3	7	18-29	15
VÍKINGUR Ó. 14	4	3	7	11-27	15	
VÖLSUNGUR	13	3	3	7	12-18	12
FJÖLNIR	13	4	0	9	19-28	12
KS	14	2	5	7	11-26	11



Ég er alveg að fíla það að vinna á KFC! Valdi kokkur.

Við leitum að skemmtilegu fólki. Tökum daglega við umsóknum. Vilt þú vinna á KFC?



Frábært staff og rosagóður andi! Katrín vaktstjóri.

Við leitum að skemmtilegu fólki. Tökum daglega við umsóknum. Vilt þú vinna á KFC?



Allir vegir eru færir fyrir Ísland

Heimsmeistarakeppni U21-landslíða karla hefst í Ungverjalandi á þriðjudaginn. Íslenska liðið er talið líklegt til afreka á mótinu en það er skipað sama kjarna og varð Evrópumeistari U18 fyrir tveimur árum síðan.

HANDBOLTI „Það má ekki reisa of háar skýjborgir en þetta ræðst á því hvernig okkur gengur gegn Spáni og Þýskalandi í riðlinum okkar. Við þurfum helst að ná að taka með okkur tvö stig úr þeim leikjum til að eiga raunhæfa möguleika í milliriðlinum,“ segir Bergsveinn Bergsveinsson, aðstoðarþjálfari íslenska U21 landsliðsins, sem heldur um helgina til Ungverjalands þar sem það tekur þátt í heimsmeistarakeppninni í þessum aldursflokki.

„Þetta er góður og vel samstilltur hópur, strákar sem hafa verið lengi saman og þekkja hvern annan vel. Það eru allir vegir færir fyrir okkur. Fyrstu leikirnir okkar, gegn Kongó og Chile, eru svokölluð skylduverkefni og að öllu eðlilegu ættum við ekki að lenda í neinum vandræðum í þeim leikjum. Það væri algjört stórslys ef þeir leikir færu í vaskinn. Fyrsta skrefið er að koma okkur vel fyrir í milliriðlinum og svo setjum við okkur næsta markmið eftir að það

hefur tekist,“ sagði Bergsveinn.

Miklar væntingar eru gerðar til íslenska liðsins sem samanstendur af mörgum stórefnilegum leikmönnum og er þetta nánast sama lið og varð Evrópumeistari U18 fyrir tveimur árum síðan. Ísland hlýtur því að teljast meðal sigurstranglegustu liða mótsins. Tveir leikmenn hópsins eru á mála hjá þýskum liðum, Arnór Atlason hjá Magdeburg og Ásgeir Örn Hallgrímsson hjá Lemgo.

„Þetta lítur allt saman vel út. Hugarinn leitar alla leið, væntingarnar til okkar eru miklar en við getum alveg tekið því. Við vitum það alveg sjálfir hvað við getum,“ sagði Björgvin Páll Gústavsson markvörður landsliðsins en hann er nýngenginn til liðs við ÍBV.

Landsliðsþjálfarinn Viggó Sigurðsson hefur verið mikið í fréttum að undanfögnu vegna neikvæðra hluta en Björgvin segir það ekki hafa nein áhrif á hópinn. „Hann er einn af betri þjálfurum sem ég hef haft, ef ekki sá besti.

GRÍÐARSTERKUR HÓPUR U-21 árs liðið er mjög öflugt og byggt á sama kjarna leikmanna og varð Evrópumeistari fyrir tveimur árum.



Hann er frábær og svo er ekki slæmt að hafa Begga með honum, hann hefur kennt mér ansi mikið,“ sagði Björgvin.

„Ásgeir Örn tekur í sama streng. „Við blöndum okkur ekkert inn í

það sem hann gerir og okkur kemur þetta ekkert við. Við eigum að einbeita okkur að því að spila handbolta og það ætlum við að gera,“ sagði Ásgeir Örn.

elvar@frettabladid.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MÁÍ

10 11 12 13 14 15 16

Sunnudagur

LEIKIR

14.00 Fjölirnir og Völsungur mætast í Grafarvogsvelli í 1. deild karla.

SJÓNVARP

10.45 Strandblak á Sýn.

11.45 US PGA meistaramótið í golfi á Sýn.

14.45 Toyota mótaröðin í golfi á Sýn.

14.55 Mótorkross á Sýn.

15.30 HM í frjálsum íþróttum á RÚV.

15.45 Mótorsport 2005 á Sýn.

16.15 Motorworld á Sýn.

16.45 World Supercross á Sýn.

18.05 US PGA Mótaröðin í golfi á Sýn.

18.30 US PGA Championship á Sýn.

23.00 Real Betis - Barcelona á Sýn.

00.40 Hnefaleikar á Sýn.

Heimsmeistaramótið í frjálsum íþróttum:

Isinbayeva með heimsmet

FRJÁLSTAR Yelena Isinbayeva frá Rússlandi varð heimsmeistari í stangarstökki og setti enn og aftur heimsmet þegar hún vippaði sér yfir fimm metra og einn sentímetra á HM í frjálsum íþróttum sem fram fer í Helsinki. Þetta er í 18. sinn sem Isinbayeva setur heimsmet, en hún sigraði með miklum yfirburðum í greininni að þessu sinni. Önnur varð Monika Pyrek frá Póllandi sem stökk 4,60 metra en Þórey Edda Elísóttir komst

sem kunnugt er ekki í gegnum niðurskurðinn.

Annars var árangurinn sem náðist á HM í gær líklega sá besti síðan að mótið hófst í byrjun vikunnar. Jeremy Warner frá Bandaríkjunum sigraði í 400 metra hlaupi karla á 7. besta tíma frá upphafi, 43,93 sekúndum og þá náði Olga Kuzenkova frá Rússlandi að tryggja sér sigur í sleggjukasti kvenna með lengsta kasti ársins, 75,10 metra.

- vig

Boltinn er byrjaður – en þú?

Tippaðu á enska boltann og þú getur unnið milljónir í hverri viku.

1X2
WWW.1X2.IS

Tippaðu á næsta sölustað eða á 1x2.is fyrir kl 13 í dag – aðeins 10 kónur röðin!

Við tippum!



AFSLÁTTUR
40%
AFSLÁTTUR

BORÐSTOFUSETT

DEÐÐ BORÐ (180X90) OG 6 STÓLAR
M/LAUSU ÁKLÆÐI
89.400 KR.
ÁÐUR 149.000 KR.



AFSLÁTTUR
40%
AFSLÁTTUR

ORKA

LEÐURSÓFAR OG STÓLL

3JA SÆTA 87.600 KR. ÁÐUR 146.000 KR.
2JA SÆTA 79.800 KR. ÁÐUR 133.000 KR.
STÓLL 57.600 KR. ÁÐUR 96.000 KR.



AFSLÁTTUR
30%
AFSLÁTTUR

SPEGLAR - 4 STÆRÐIR
(70X70 - 80X200)
ÚTSÖLUVERÐ FRÁ
8.750 KR.

AFSLÁTTUR
30%
AFSLÁTTUR

LEÐURKISTUR - 4 STÆRÐIR
ÚTSÖLUVERÐ FRÁ
3.150 KR.



AFSLÁTTUR
30%
AFSLÁTTUR

QUATRO

LEÐURSÓFAR OG STÓLL
LITIR: SVART OG CREME

3JA SÆTA 86.800 KR.
ÁÐUR 124.000 KR.

2JA SÆTA 79.600 KR.
ÁÐUR 108.000 KR.

STÓLL 51.800 KR.
ÁÐUR 74.000 KR.



AFSLÁTTUR
40%
AFSLÁTTUR

COSMO

LEÐURSTÓLL
27.000 KR.
ÁÐUR 45.000 KR.



AFSLÁTTUR
40%
AFSLÁTTUR

BORÐSTOFUSETT

PRINCESS-BORÐ OG
6 BARON-LEÐURSTÓLAR
68.400 KR.
ÁÐUR 114.000 KR.

ÚTSALA! ÚTSALA!

10-70% AFSLÁTTUR

FABRIKAN

TEKK

COMPANY


OPÍÐ LAUGARDAG 10-16 OG SUNNUDAG 13-16

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

KARLHÓRAN KEMUR

EINKAVIDTAL VIÐ ROB SCHNEIDIER

SIRKUS RVK ER HLUTI AF SIRKUSHEIMINUM

KEMUR ÚT ALLA FÖSTUDAGA
VERÐ KR. 300
FÆST Á ÖLLUM HELSTU
BLAÐSÖLUSTÖÐUM LANDSINS

SIRKUS

NÝTT TÍMARIT. NÝR TÓN.

STUÐ MILLI STRÍÐA : Læknuð af áætlunarsýki

ROSA SIGNÝ GÍSLADÓTTIR ER MEÐ NÝTT MOTTÓ



Lífið er eins og ávaxtakarfa, skrifaði ég hérna fyrir tveimur vikum. Fleiri spekinglegar þælingar fengu að fljóta með, meðal annars vangaveltur um úldna ávexti, djúsi jarðarber nokkurt og valkvölinu sem hrjád hefur undirritaða um nokkurt skeið (varðandi nám og svoleiðis dótari). Sjálfsagt hafa einhverjir efast um geðheilsu mína eftir þessi skrif en nú getið þið andað léttar. Á tveimur vikum, takk fyrir, tókst senjorítunni nefnilega að greiða úr öllum sínum hugarflækjum og gera

voðalega hreint og fínt í sálinni. Þannig er mál með vexti að ég er mjög mikið fyrir að plana allt. Það er í sjálfu sér mikill kostur að vera skipulögð og ákveðin en ef planið er gallað kann það ekki góðri lukku að stýra, sérstaklega þegar stoltið og þrjóska banna manni að breyta.

Fyrir tveimur vikum var ég einmitt að átta mig á því að planið mitt fyrir lífið var að sumu leyti gallað. Þær áætlanir sem ég gerði fyrir nokkrum árum stóðust einfaldlega ekki tímans tönn. Nema hvað, hún Rósa var nú aldeilis ekki tilbúin til þess að breyta planinu; fara út af sporinu. Eftir nokkurra daga umhugsun fór að rofa til. Mikið er mannskepnan vitlaus ef

hún vill frekar lifa bitru lífi áætlunarsýkinnar en að gleyma stoltinu um stund og skipta um skoðun. Undur og stórmerki gerast enn, því nú er ég himinlifandi yfir því að hafa hlaupið frá gömlu áætluninni og gæti ekki verið hamingjusamari yfir nýja planinu, sem er einfaldlega að plana ekki of mikið.

Þetta er óttalega falleg og væmin saga og hún er meira að segja með boðskap. Það vinnst ekkert með því plana hlutina of mikið því tímarir breytast og fólkið með. Nýja mottóið mitt er sem sagt að tjilla aðeins á áætlunargerðinni og taka öllum góðum hlutum (sérstaklega djúsi jarðarberjum) með opnum huga, hvort sem þeir eru á planinu eða ekki. ■

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli



GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



PÚ OG PA

Eftir SÖB



KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



SVARTI DREKINN með DVD skrifara



Ódýrasta skólavélin með DVD skrifara!



MEDION

MD95333-DVD
MEDION X2 BLACK DRAGON DVD

- Intel® Celeron® M 360 örgjörvi
- 512MB DDR minni
- 40GB harður diskur
- DVD±R brennari - Útvær USB
- S3 UniChrome skjástýring
- 802.11G 54Mbps þráðlaust net
- VGA tengi, 4x USB 2.0
- Lithium-Ion rafhlaða
- Nett og Létt!
- Mál: 33 x 27.7 x 2.3/3.4 cm
- Þyngd aðeins 2.2 kg.

Örgjörvi Intel Celeron Mobile 1.4 Öflugur en jafnframt hagkvæmur örgjörvi byggður á orkusparandi Centrino tækninni.

DVD skrifari
Auðvelt er að afrita DVD. Skrifanlegir DVD diskur rúma allt að 7 falt gagnamagn miðað við eldri

Þráðlaust net
Innbyggt 54Mbps netkort, vélin dettur beint inn á þráðlausa netið - ekkert snúruvesen.



***2.549**

FYRSTA GREIÐSLA 1.0KT

BT Bestu kaupin

6.999**
Vaxtalaust 12 mán.

2.549*
Tölvukaupalán 48 mán.

83.988
Staðgreitt



Tveir bíómóir á Fantastic 4 fylgja á meðan birgðir endast



MEDION Akoya EX
GEARED TO GO

- Centrino™ tækni
- Intel® Pentium M 735A
- 14.1" TFT Há-Skerpu breiðtjaldsskjár
- 1280 x 768 pixla upplausn
- 512 MB DDR Minni
- 80 GB Harður diskur
- Dual Layer DVD±R/super drif
- kortalesari
- VGA tengi, DVI tengi, innfrarautt tengi
- IEEE 1394 (Firewire)
- Li-Ion rafhlaða
- Létt og nett!
- Mál: 32.5 cm x 24.7 cm x 3.2 cm
- Þyngd: Aðeins 2.3 kg !

Intel Centrino
Ný útgáfa af Centrino örgjörvanum sem afkastar allt að 22% meira



14.1" TFT Há-skerpu breiðtjaldsskjár Bjartur og skýr breiðtjaldsskjár sýnir þér alla myndina.



Kortalesari og Firewire
Les allar helstu gerðir minnskorta í dag án vandraða. Með firewire tengi tengirðu DV myndbandstökuvélina og klippir heimavídeóin leikandi.



FYRSTA GREIÐSLA 1.0KT

***4.153**

4.153*
Tölvukaupalán 48 mán.

11.999**
Vaxtalaust 12 mán.

143.988
Staðgreitt

Ekki láta hugbúnaðinn vanta!



799**
12 mán. vaxtal. m. fartölvu

Verð kr. 9.588 með fartölvu

BT



FYLGIR



**Miðað við 12 jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldbréf. 0.5% stimpilgjald bætt við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.



*Meðalmánaþargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni V.I.S. Umsóknin er afgreidd á staðnum á innan við mínútu.



Í Nýlistasafninu um helgina verða tvær áhugaverðar sýningar. Lorna, félag áhugafólks um rafræna list, opnar sýningu klukkan 16.00 í dag. Listahátíðin Krútt sem fæk niður af Snæfellsnesi síðustu helgi er komin til borgarinnar og gefst gestum Nýlistasafnsins kostur á að taka þátt í hátíðinni klukkan 20.00 í kvöld.



Á söguslóðir Ljósvefningasögu og Reykdælu

Sagnaþing um Íslendingasögur úr Þingeyjarþingi verður haldið í Framhaldsskólanum Laugum í Reykjadal um helgina. Farið verður á sögustaði Ljósvefningasögu og Reykdælu í fylgd staðkunnugra og fornleifastaðir skoðaðir undir leiðsögn fræðimanna. Erindi á þinginu flytja: Adolf Friðriksson, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Árni Einarsson, Gísli Sigurðsson, Gudrun Lange, Guðvarður Már Gunnlaugsson, Jón Hnefill Aðalsteinnsson, Jónas Kristjánsson og Svavar

Sigmundsson. Dagskrá þingsins hefst klukkan 10.30 í dag og lýkur um klukkan 15.00 á sunnudaginn. Stofnun Sigurðar Nordals og Þingeyingar standa fyrir sagnaþinginu og frekari upplýsingar er að finna á vef stofnunarinnar www.nordals.hi.is. Þingeyjarsveit, Sparisjóður Suður-Þingeyinga, Menningar- og viðurkenningasjóður KEA svf. og menntamálaráðuneytið styðja ráðstefnuna.

> Ekki missa af ...

... **Jasstríóinu Kind** á kaffihúsi Jómfrúarinnar við Lækjargötu milli 16 og 18 í dag. Tríoíð skipa þeir Óskar Guðjónsson á saxófón, Þórður Högnason á kontrabassa og Einar Valur Scheving á trommur.

...Leiksýningu leikfélagsins Guma í Hjálleiðinni í Kópavogi. Gumar flytja verkið **Skemmtiferð á vígvöllinn** eftir Arrabal en fritt er á sýninguna.

...**Alice Cooper** í **Kaplakrika** en hljómsveitirnar **Dimma, Sign, Dr. Spock** og **Brain Police** hita upp.



menning

menning@frettabladid.is

Sýning um Jón úr Grunnavík

Þriðjudaginn 16. ágúst verður opnuð í Þjóðminjasafni Íslands sýningin Eldur í Kaupinhöfn, í tilefni af því að 300 ár eru frá fæðingu Jóns Ólafssonar úr Grunnavík.

Sýningin er samvinnuverkefni Þjóðminjasafnsins og Góðvina Grunnavíkur-Jóns og fjallar um fræðimanninn Jón Ólafsson (1705-1779), ævi hans og störf.

Sýningunni er ætlað að vekja athygli á eldhuganum Jóni Ólafssyni, ótrúlega fjölbreyttu og víðamiklu ævistarfi hans og mikilvægu framlagi hans til menningarsögu Íslands.

Jón Ólafsson samdi fjölda ritsmíða um allt milli himins og jarðar, svo sem málfræði, orðskýringar, fornkvæðaskýringar, kennslukver í íslensku, rúnafræði, náttúrufræði, fiskafræði, steinafræði, skáldskaparfræði og margt fleira.

Þegar bruninn varð í Kaupmannahöfn árið 1728 tók Jón þátt

í því að forða hinu mikla handritasafni Árna Magnússonar frá eldinum. Jón samdi síðar lýsingu á þessum orlagaríka atburði og er hún ein merkasta samtímaheimild sem um brunann er varðveitt. Í tengslum við opnun sýningarinnar kemur lýsing Jóns út á bók í umsjón Sigurgeirs Steingrímssonar/ Relatio af Kaupinhafnarbrunnum sem var í október 1728.

Fluttur verður útvarpsþáttur um Jón Ólafsson á Rás 1 sunnudaginn 14. ágúst í umsjón Péturs Gunnarssonar sem nefnist Fjarri hundagelti heimsins og Laugar daginn 20. ágúst verður dagskrá á Menningarnótt í Þjóðminjasafni Íslands þar sem lesið verður úr verkum Jóns Ólafssonar úr Grunnavík.

Á degi íslenskrar tungu 16. nóvember verður haldið svo málþing um Jón í Þjóðminjasafni Íslands. ■



ÞJÓÐMINJASAFNIÐ Næstkomandi þriðjudag opnar sýning um Jón Ólafsson úr Grunnavík í Þjóðminjasafni Íslands.

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

KALLI Á ÞAKINU

e. Astrid Lindgren • í samstarfi við Á þakinu

Lau 13/8 kl 14, Su 14/8 kl 14, Lau 20/8 kl 14, Su 21/8 kl 14

Míðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is

Míðasala á netinu www.borgarleikhus.is

Míðasalan í Borgarleikhúsinu er opin alla daga frá kl. 12-18

KRINGLUKRÁIN

Rokksveit Rúnars Júlíussonar í kvöld

Léttir sumarréttir pizzur, salöt, súpur og bökur

Borðapantanir í síma 568 0878 www.kringlukrain.is

Annie

í Austurbæ

8. sýn. í dag kl. 14 nokkur sæti laus
9. sýn. sun. 21/8 kl. 14 nokkur sæti laus
10. sýn. sun. 28/8 kl. 16 sæti laus

midl.is
551 4700 & 551 0200

Íslenskar konur sjálfstæðar og sterkar

Breska leikkonan Caroline Dalton segist hafa fílefst með því að bregða sér í hlutverk íslensku valkyrjunnar Guðríðar Þorbjarnardóttur. Hún sýnir „Ferðir Guðríðar“ í Skemmtihúsinu við Laufásveg í sumar.

„Ég er mjög hrifinn af sögunni og held að margir Íslendingar hefðu líka gott af því að kynna Guðríði betur,“ segir breska leikkonan Caroline Dalton en hún fer nú með hlutverk Guðríðar Þorbjarnardóttur í „Ferðum Guðríðar“ eftir Brynju Benediktsdóttur.

„Ferðir Guðríðar“ hefur verið sýnt á ensku síðastliðin sumur í Skemmtihúsinu við Laufásveg og er aðallega stílað inn á erlenda ferðamenn en átta leikkonur hafa nú spreitt sig á hlutverki Guðríðar Þorbjarnardóttur og verk Brynju verið sýnt á leiklistarháttum víða um heim. „Guðríður giftist þrisvar og var meðal annars mágkona Leifs heppna. Hún ferðaðist til Grænlands og Vínlands og fór í pílagrímsferð til Rómur en endaði sem nunna í Glaumbæ,“ segir Caroline en Guðríður er talin ein víðförlasta kona miðalda og verkið er meðal annars unnið upp úr Eiríks sögu Rauða og Grænlendingasögu.

„Það hefur góð áhrif á mig að leika svona sterka kvenpersónu og þótt tímín sé annar finnst mér Guðríður vera mjög lík þeim íslensku konum sem ég hef komist í kynni við,“ segir Caroline. „Sérstaklega finnst mér áberandi hvað konurnar hér eru sterkar, sjálfstæðar og ákveðnar í að láta drauma sína rætast,“ en Caroline Dalton hefur verið búsett hérlandis í rúmt ár. „Ég kom til landsins því ég er gift íslenskum leikara.



CAROLINE DALTON Caroline er áttunda leikkonan sem bregður sér í gervi Guðríðar Þorbjarnardóttur í „Ferðum Guðríðar“ sem sýnt er í Skemmtihúsinu við Laufásveg.

Við kynntumst við nám í leiklist í Guilford College og höfum búið saman í Bretlandi í sjö ár,“ en Caroline er gift leikaranum Páli Sigþóri Pálssyni sem meðal annars hefur farið með hlutverk í Meistararum og Margaríta í Hafnarfjarðarleikhúsinu. „Draumurinn er að geta unnið bæði hér á landi og í London og núna er ég að reyna að skipu-

leggja sýningar á „Ferðum Guðríðar“ í leikhúsi sem kallast 503 og er að finna í Battersea í London.“

Sýningar á „Ferðum Guðríðar“ verða í Skemmtihúsinu við Laufásveg á sunnudagskvöldum klukkan 18.00 og fimmtudagskvöldum klukkan 20.00 út sumaríð. Miða er hægt að nálgast á Upplýsingamiðstöð ferðamála Aðalstræti 2. ■

Styttist í Menningarnótt

Menningarnótt verður haldin hátíðleg í tíunda skiptið í Reykjavík næstkomandi laugardag.

Dagskráin í ár er afar fjölbreytt og glæsileg og líkur Sif Gunnarsdóttir, skipuleggjandi hátíðarinnar, undirbúningnum við amöbu sem hlykkist í allar áttir og breiðir sífellt meira úr sér og verður veigameiri eftir því sem nær dregur að Menningarnótt.

Af hápunktum Menningarnætur í ár má nefna Kirkjulistahátíð sem sett verður klukkan 16:00 í Hallgrímskirkju á laugardaginn og svo stendur yfir dagskrá í kirkjunni fram eftir kvöldi. Umfjöllun um galdra og dulmagn verður í Þjóðminjasafni og í Þjóðarbókhöllu lungann úr deginum þar sem lögd verður áhersla á að skemmta börnum og fullorðnum.



MENNINGARNÆTURNAUTIÐ Þetta glæsilega naut var heilgrillað ofan í gesti og gangandi á Menningarnótt í fyrra. Á Menningarnótt í ár verður aftur grillað naut ofan í gesti Menningarnætur.

Reykjavíkumaraþonið verður á sínum stað sem og dagskrá á sviði á Lækjartorgi.

Uppákomur, myndlist, sýningar, tónlist, kvæði, fræði, flugsýningar og alls kyns aðrir dagskrárlíðir munu einkenna miðborgina allan daginn. Hin ýmsu fyrirtæki og stofnanir verða opin gestum og munu bjóða upp á ýmislegt áhugavert yfir daginn. Það er skemmt frá því að segja að borgin verður stúf full af menningu við allra hæfi.

Deginum lýkur svo með stórtónleikum Rásar 2 á Miðbakka Reykjavíkurhafnar klukkan 21.00 þar sem meðal annars koma fram Todmobile, Hjálmar, Í svörtum fötum, KK og Maggi Eiríks svo einhverjir séu nefndir. Tónleikunum lýkur svo klukkan 23:00 og í kjölfar þeirra verður flugeldasýning í boði Orkuveitu Reykjavíkur. ■



ÁSGEIR ÓSKARSSON Ásgeir er að gefa út sína þriðju sólóplötu.

Þriðja sólóplata Ásgeirs

Þriðja sólóplata Ásgeirs Óskarssonar, sem er eflaust þekktastur sem trommuleikari Stuðmanna, er komin út. Gripurinn nefnist Sól og hefur að geyma tíu ósungen lög. Síðustu tvær plötur Ásgeirs komu út 1995 og 2003 og voru þær báðar með sunginni tónlist.

Ásgeir segist hafa unnið plötuna undanfarnin tvö ár en lögin hafi hann átt á lager. „Ég á fullt af músík og þessi plata er samin á löngum tíma. Ég held ég hafi náð að gefa þessari plötu ágætis heildarsvip,“ segir Ásgeir, sem segir

það tölvvert öðruvísi að vinna einn en með stórrí hljómsveit. „Það hefur bæði sínar góðu og slæmu hliðar. Maður er lengur að melta hlutina og taka ákvarðanir. Ef maður er með efasemdir tekur lengri tíma að sannfærast,“ segir hann en bætir því að hann sé mjög ánægður með nýju plötuna.

Ásgeir segist ungur að aldri hafa orðið fyrir áhrifum frá Bítunum og eftir það hafi ekki verið aftur snúið. Síðan þá hafi hann orðið fyrir áhrifum frá hinum ýmsu tónlistarmönnum. ■



MILLASTUÐ Diddú og Páll Óskar eru meðal þeirra sem syngja á Millaballinu í kvöld.

Millarnir og Diddú á Broadway í kvöld

„Það er náttúrulega ekkert vit í þessu dæmi, þetta er bara flipp og gaman,“ segir Bogomil Font, söngvari Milljónamæringanna, en árlegt ball gleðisveitarinnar verður á Broadway í kvöld og óperusöngkonan Sigrún Hjálmtýsdóttir er sérstakur gestasöngvari. „Við erum alltaf að fá til liðs við okkur fólk sem er flinkara en við þannig að við sjálfir lítum náttúrulega bara út eins og kjánar,“ segir Bogomil, „Það er skemmtilegast,“ en áralöng hefð hefur nú skapast fyrir gestasöngvurum á balli Milljónamæringanna. „Diddú ætlar bara að syngja Alice Cooper-lög í kvöld,“ segir Bogomil Font en dregur svo eitthvað í land með yfirlýsingu. „Nei annars, hún ætlar að taka uppáhaldslögin sín, bæði gömul og ný. Ætli það verði ekki

þarna einhver lög frá Spilverkinu og svo jafnvel lög með Ellý Vilhjálm,“ en auk Bogomils eru Páll Óskar og Bjarni Arason aðal-söngvarar Milljónamæringanna. „Ætli þau systkinin Páll Óskar og Diddú komi ekki til með að klæðast skóm þeirra Ellýjar og Vilhjálm og svo er aldrei að vita nema óvæntir leynigestir stígi með okkur á svið,“ segir Bogomil, en vitað mál er að Raggi Bjarna verður einn af gestasöngvurum kvöldsins.

Bogomil Font var fyrsti söngvari Millanna er hljómsveitin var stofnuð fyrir þrettán árum. Auk allra söngvaranna eru núverandi meðlimir hljómsveitarinnar Einar Jónsson á trompet, Birgir Bragason á bassa, Steingrímur Guðmundsson á trommur og Jóel Pálsson á saxófón. ■



FRIENDS VIRKA DAGA KL. 20:30

FYLGSTU MEÐ!



ÁÚ &

Anna & Útlitið &

The Academy of Colour and Style

ALÞJÓÐLEGT NÁM Í ÚTLITSRÁÐGJÖF

ÚTLITS- OG FÖRÐUNARSKÓLI

The Academy of Colour and Style er alþjóðlegur skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreiningu, fatastill og textill. Eftir nám fá nemendur alþjóðlegt diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant).

Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum.

Hver önn tekur þrjá mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu. Kennsla fer fram í lönskólanum í Reykjavík einu sinni í viku frá 18-21.



Anna F. Gunnarsdóttir

Stundaskrá

1. Önn

Litgreining
Förðun út frá litgreiningu
Litasamsetning

2. Önn

Fatastill
Fatasamsetning
Textill

Starfsmöguleikar:

Innkaupastjóri
Útlitsráðgjafi
Stilisti
Verslunarstjóri

Kristín, ráðgjafi



Ég hef mikinn áhuga á að starfa með fólki, veita ráðgjöf varðandi fatnað, líti og förðun sem hentar hverjum og einum. Mér finnst námið bæði lífandi og skemmtilegt sem einnig hefur opnað margar dyr til frekari náms á þessu sviði.

Birna, verslunareigandi - Stilistinn



Það hefur alltaf verið draumur hjá mér að stofna verslun með fatnað. Námið gaf mér það sjálfstraust sem ég þurfti til að fara út í rektorinn. Einnig nýti ég námið til þess að ráðleggja viðskiptavinum mínum hvaða snið og litir hentar þeim í val á fatnaði.

Ragnheiður, ráðgjafi



Ég hef alltaf haft áhuga á tísku og útliti. Námið opnaði mér nýja sýn á þetta áhugamál mitt. Auk þess er það mér mikils virði í tengslum við starf mitt.

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533-5101

INNTRITUN ER HAFIN FYRIR HAUSTÖNN

MILLJÓNAMÆRINGARNIR HINN ÁRLEGI STÓRDANSLEIKUR



SÉRSTAKIR GESTIR KVÖLDSINS:

DIDDÚ OG RAGGI BJARNA
LAUGARDAGSKVÖLDIÐ 13. ÁGÚST

Miðaverð kr. 2000.
Miðasala hefst kl. 15 á laugardag.
Húsið opnað klukkan 23:00

BROADWAY Sími 533-1100 - www.broadway.is



MÓÐUR VIKUNNAR
 > MARTA SMARTA FER YFIR MÁLIN

Brasilísk tíska við frostmark

